ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI
Fjármálaeftirlitið · Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sími 520 3700

2017

Í þessu skjali er að finna samantekt úrskurða 2017. Allir úrskurðir eru í einu skjali, til að auðvelda leit í þeim að einstaka efnisorðum en hægt er að fá þá staka senda í tölvupósti. Vinsamlegast hafið samband við sigrun@fme.is

Mál sem hefur verið samið í eða þau dregin til baka:
Mál nr. 10, 19, 21, 24, 32, 39, 44, 46, 47, 49, 50, 52 og 53.

Síðast uppfært 28. september 2018

Athugið - nefndin er flutt og nýtt tölvupóstfang er fjarmal@nefndir.is

Ár 2017, föstudaginn 8. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2017:**

M og M sóknaraðilar
gegn
L lífeyrissjóði

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og L, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. janúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 6. janúar 2017 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 31. janúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 2. febrúar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 15. febrúar 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. júní, 18. ágúst, 1. og 8. september 2017.

II.
Málsatvik.

Sóknaraðilar samþykktu veðsetningu fasteignar sinnar, til tryggingar skuldar dóttur sinnar, við varnaraðila samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, útgefnum þann 25. janúar 2007, upphaflega að fjárhæð 7.200.000 kr. og þann 11. ágúst 2008, upphaflega að fjárhæð 6.120.000 kr. Undirrituðu sóknaraðilar veðskuldabréfin til samþykkis um veðsetninguna.

Ekkert greiðslumat var framkvæmt á lántaka en sóknaraðilar undirrituðu við báðar lánveitingarnar yfirlýsingar með yfirskriftinni „Ábending“ þar sem þeim var bent á að hvað fælist í því að veðsetja eign sína til tryggingar láni samkvæmt ofangreindum veðskuldabréfum og hvaða afleiðingar það gæti haft kæmi til vanskila á lánunum. Einnig var þar brýnt fyrir þeim að huga að því hvort treysta megi þeim er fær veðið lánað og mikilvægi þess að þau kynntu sér greiðslubyrði lánsins og greiðslugetu lántaka.

Með undirritun sinni samþykktu sóknaraðilar þann 24. ágúst 2009, 22. október 2010 og 15. maí 2013 breytingar á greiðsluskilmálum veðskuldabréfanna án fyrirvara.

Á þeim tíma sem lánin voru veitt var varnaraðili, sem er lífeyrissjóður, með rekstrarsamning við fjármálafyrirtækið F (hér eftir nefnt F), en lífeyrissjóðurinn hóf ekki sjálfstæðan rekstur fyrr en 1. maí 2009. Samkvæmt úttekt á varnaraðila sem unnin var af nefnd sem ríkissáttarsemjari skipaði að ósk Landsamtaka lífeyrissjóða vegna bankahrunsins 2008, sá F alfarið um framkvæmdarstjórn og daglegan rekstur varnaraðila.

Sóknaraðilar hafa farið fram á það við varnaraðila að lífeyrissjóðurinn aflétti umræddum veðskuldabréfum af heimili þeirra. Kröfum sóknaraðila var hafnað með bréfi varnaraðila frá 1. nóvember 2016, m.a. með þeim rökum að varnaraðili telji sig ekki bundinn af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili aflétti tveimur veðskuldabréfum af fasteign þeirra. Um er að ræða annarsvegar veðskuldabréf útgefið þann 25. janúar 2007, upphaflega að fjárhæð 7.200.000 kr. og hinsvegar veðskuldabréf útgefið þann 11. ágúst 2008, upphaflega að fjárhæð 6.120.000 kr. Útgefandi beggja veðskuldabréfanna er dóttir sóknaraðila.

Þá krefjast sóknaraðilar hæfilegs málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Sóknaraðilar benda á að á þeim tíma sem lánin hafi verið veitt hafi sóknaraðili verið með rekstrarsamning við F, en lífeyrissjóðurinn hafi ekki hafið sjálfstæðan rekstur fyrr en 1. maí 2009. Samkvæmt úttekt á varnaraðila sem hafi verið unnin af nefnd sem ríkissáttarsemjari hafi skipað að ósk Landsamtaka lífeyrissjóða vegna bankahrunsins 2008, F hafi séð alfarið um framkvæmdarstjórn og daglegan rekstur varnaraðila á meðan rekstrarsamningurinn hafi verið í gildi. Á umræddum tíma hafi allir sem störfuðu við lífeyrissjóðinn, þ.m.t. framkvæmdarstjóri, verið starfsmenn F en ekki sjóðsins sjálfs. Lántaki hafi því verið í samskiptum við starfsmenn F vegna lánanna og hafi skilað inn umsóknum og gögnum til útibús F í samræmi við lánareglur sjóðsins.

Sóknaraðilar telja að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 hafi gilt um lánveitingarnar, enda hafi varnaraðili óumdeilanlega verið starfandi undir hatti F á þeim tíma sem umræddar lánveitingar hafi átt sér stað. Í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins og þrátt fyrir að í lánsumsókn sé sérstaklega gert ráð fyrir því að greiðslumat sé framkvæmt þegar um lánsveð sé að ræða. Hefði greiðslumat farið fram hefði legið ljóst fyrir að lántaki gæti að öllum líkindum ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar og þar með gríðarleg og óeðlileg áhætta falin í veðsetningunni. Sóknaraðilar byggja á því að þau hefðu þar að leiðandi ekki samþykkt veðsetninguna.

Sóknaraðilar fari því fram á að varnaraðili aflétti umræddum veðskuldabréfum af heimili þeirra þar sem ranglega hafi verið staðið að veðsetningunni og vegna þess að ósanngjarnt sé af varnaraðila og andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig veðsetningu fasteignarinnar.

Sóknaraðilar telja að í því tilfelli sem um ræðir hér hljóti varnaraðila að hafa borið að virða samkomulag um notkun ábyrgðar á skuldbindingum einstaklinga við lánveitinguna, enda hafi lánið verið veitt á þeim tíma er varnaraðili hafi verið starfandi undir F, sem sannanlega hafi verið bundinn af samkomulaginu. Sóknaraðilar benda á að séu sjálf veðskuldabréfin skoðuð þá segi í haus þeirra beggja: „*Skjal þetta hefur samið: F.*“ Þá stafi greiðsluseðlar vegna lánsins frá F. Aðkoma hafi jafnframt öll farið fram undir stjórn F. Þannig hafi sóknaraðilar samþykkt veðsetninguna í höfuðstöðvum F og undir leiðsögn starfsmanna F eingöngu. Ekki fáist séð að það geti talist eðlilegt niðurstaða ef litið yrði svo á að sama daginn, á sama stað, með aðkomu og samkvæmt ráðleggingum sömu starfsmanna sé hægt að veita eitt lán þar sem það beri að taka tillit til ákvæða samkomulagsins en svo annað lán stuttu síðar þar sem ákvæði samkomulagsins skipti engu. Það geti að a.m.k. varla talist sanngjarnt að réttarstaða sóknaraðila í málinu sé lakari vegna þessa. Að mati sóknaraðila séu slíkir starfshættir bæði óeðlilegir og ámælisverðir. Þá sé ekki hægt að gera þær kröfur til lántaka eða sóknaraðila að þau hafi getað áttað sig á að varnaraðila bæri ekki að hlíta sömu reglum

og viðmiðum og F þegar kröfusamband aðila hafi komist á með þeim hætti sem lýst hafi verið.

Sóknaraðilar byggja á því að ef þeim hefði réttilega verið kynntar niðurstöður greiðslumats á lántaka, hefðu þau ekki veðsett heimili sitt vegna skuldbindinganna. Hinsvegar, þar sem greiðslumat á lántaka hafi ekki farið fram, hafi sóknaraðila skort upplýsingar til að geta metið greiðslugetu lántaka með fullnægjandi hætti. Engar áætlanir um greiðslur lántaka af lánum hafi legið fyrir við veðsetninguna, né hafi legið fyrir upplýsingar um væntanlega greiðslubyrði af lánunum líkt og til að mynda skylt hafi verið samkvæmt þágildandi lögum um neytendalán nr. 121/1994.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína á því að mat á greiðslugetu lántaka sé grundvöllur mats á hættu á greiðslufalli. Þótt lán sé tryggt með veði í fasteign þriðja manns, leysi það ekki lánveitanda undan skyldu til að leggja mat á greiðsluhæfi lána og eftir atvikum hafna lánveitingum ef sýnt sé fram á þá þegar við lántökuna að skuldari ráði ekki við afborganir af láninu. Í þessu tilfelli telja sóknaraðilar að ef reglum eða viðteknum venjum á fjármálamarkaði hefði verið fylgt af hálfu varnaraðila hefði það blasað við að lántaki hafi ekki verið fær til að standa við skuldbindingar sínar. Þegar fyrra lánið hafi verið veitt þann 25. janúar 2007 hafi lántaki verið 24 ára að aldri. Seinna lánið hafi verið veitt ári síðar. Lántaki hafi ekki átt neinar eignir, búið í foreldrahúsum og verið með verulega takmarkaðar tekjur. Hér beri einnig að líta til þess að um verulega háa lánsfjárhæð hafi verið að ræða í ljósi þess að um tekjulágan og síðar tekjulausan einstakling hafi verið að ræða, eða samtals 13.320.000 kr. að höfuðstól.

Ástæða lántöku hafi verið fyrirhugað þyrluflugnám lántaka. Þar sem lánið hafi ekki verið lánshæft nema að verulega takmörkuðu leyti hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna hafi hann tekið lánið hjá varnaraðila. Fljótt hafi komið í ljós að lántaki hafi ekki með nokkru móti getað staðið undir fjárskuldbindingum sínum. Fór svo að lántaka tókst ekki að ljúka náminu vegna fjárskorts. Vegna þess hve þungar fjárskuldbindingar lántaka reyndust vera sótti lántaki um samning um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010. Samningur hafi komist á þann 16. janúar 2013 og hafi þegar kæra þessi hafi verið rituð verið að fullu efndur. Hinsvegar hafi varnaraðili haldið áfram að senda lántaka greiðsluseðla sem taki ekki tillit til efni greiðsluaðlögunarsamnings. Gerð hafi verið athugasemd við það.

Sóknaraðilar telja ennfremur að ef varnaraðili hefði gætt að starfsháttum sínum og framkvæmt greiðslumat á lántaka áður en lánið hafi verið veitt, hefði það legið ljóst fyrir að rétt hefði verið að hafna lántökunni. Vegna þess sem hafi verið rakið, þ.e. hve ungur lántaki hafi verið og um hve hátt lán fyrir tekjulausan einstakling hafi verið að ræða, hefði varnaraðila átt að vera ljóst að lántaki myndi ekki geta staðið straum af afborgunum lánsins. Varnaraðili hafi hinsvegar látið sér það í léttu rúmi liggja hvort lántaki hefði tök á að greiða afborganir lánanna og látið við það sitja að kanna veðhæfi þeirra eigna sem lántaki hafi boðið fram til tryggingar lánunum.

Hér beri einnig að líta til aðstöðumunar aðila við samningsgerðina. Varnaraðili og F hafi verið sérfróðir aðilar á fjármálamarkaði. Þá stafi lánssamningurinn sjálfur, sem og lánsumsókn, þar sem sérstaklega sé tilgreint að framkvæma beri greiðslumat, alfarið frá varnaraðila. Varnaraðili hafi því látið undir höfuð leggjast að framfylgja eigin reglum sem og skuldbindingum á grundvelli ákvæða laga um neytendalán og samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Verði að telja að starfshættir þessi samræmist ekki viðteknum og viðurkenndum venjum á fjármálamarkaði. Sóknaraðilar telja því bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af varnaraðila að bera ofangreindar veðsetningar fyrir sig.

Þess beri einnig að geta að jafnvel þó svo ólíklega vilji til að komist verði að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hafi í engu verið skuldbundinn af ákvæðum nefnds

samkomulags þá geti það eitt og sér varla hafa leyst varnaraðila, sem fjármálastofnun, undan þeirri áhættu sem fylgt hafi getað því að láta hjá líða að kanna greiðslugetu lántaka áður en lán hafi verið veitt og gera sóknaraðilum grein fyrir því ef niðurstaða þeirrar könnunar benti til þess að lántaki gæti ekki staðið í skilum. Um þetta vísist til forsendna í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, nr. 10/2016 en í umræddu máli hafi varnaraðili ekki verið talinn bundinn af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga en samt sem áður hafi verið talið að honum bæri að greiðslumeta viðkomandi lántaka.

Sóknaraðilar bendir jafnframt á að varnaraðili hafi í verulegu brotið gegn upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila. Varnaraðila hafi þannig verið skylt á grundvelli a.-d. liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, að tilkynna þeim svo fljótt sem kostur hafi verið um vanefndir lántaka, svo sem vegna vanskila. Að auki hafi varnaraðila borið að tilkynna sóknaraðila um stöðu lána sem þau séu í ábyrgð fyrir um hver áramót, þ.m.t. um vanskil og hversu mikil þau séu. Sóknaraðili hafi engar slíkar tilkynningar fengið. Meginsjónarmið að baki ákvæðinu séu að lánveitandi tilkynni ábyrgðarmanni um öll þau atvik sem áhrif geti haft á forsendur ábyrgðarmanni í óhag. Beri að geta að í bréfi varnaraðila frá 1. nóvember sl. sé því haldið fram að tilkynningar hafi verið sendar en því sé hafnað og bent á að sönnunarbyrði í þeim efnum hvíli á varnaraðila.

Sóknaraðilar telja að ef litið sé á atvik málsins heildstætt og í ljósi þess með hvaða hætti kröfusamband aðila hafi komist á, og með vísan til atvika er síðar hafi komið til, sé rétt að gera varnaraðila að létta veði á heimili þeirra.

Um aðild varnaraðila að nefndinni vísa sóknaraðilar til fyrri úrskurða nefndarinnar þar sem aðild sé með sambærilegum hætti. Vísað sé til að mynda til úrskurða í málum nr. 34/2014, 10/2016, og 12/2016. Með vísan til úrskurðanna byggja sóknaraðilar á því að þar sem varnaraðili veiti neytendalán líkt og um fjármálafyrirtæki sé að ræða og þar sem lög um neytendalán eigi við, beri að taka kröfur þeirra á hendur varnaraðila til efnislegrar meðferðar fyrir nefndinni.

Sóknaraðilar telja að ekkert hafi komið fram í máli þessu sem hafi getað leyst varnaraðila alfarið undan þeirri áhættu sem tekin hafi verið með að láta líða hjá að kanna greiðslugetu lántaka áður en lán hafi verið veitt og gera sóknaraðilum grein fyrir niðurstöðunni. Það sé skýr afstaða sóknaraðila að ef greiðslugetan hafi verið metin hefði niðurstaðan bent til þess að lántaki myndi ekki geta staðið í skilum líkt og síðar hafi orðið raunin. Sóknaraðilar hefðu ekki veitt samþykki sitt fyrir veðsetningunni ef þær upplýsingar hefði legið fyrir. Sóknaraðilar byggja á því að varnaraðili verði að bera hallann af þeirri ákvörðun sinni að veita lánið án neinnar undangenginnar könnunnar á greiðslugetu lántaka.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hamri á því í athugasemdum sínum að sóknaraðila málsins hafi verið kynnt áhættan sem af veðsetningunni hafi hlotist. Sóknaraðilar mótmæla þessu alfarið. Staðreyndin sé sú að enginn starfsmaður varnaraðila hafi haft samband við sóknaraðila til að kynna fyrir þeim hvað þau væru að undirgangast með að samþykkja veðsetninguna. Þannig hafi þau aldrei verið boðuð á fund vegna málsins eða upplýst um áhættuna á nokkurn hátt annan en þann að lántaka hafi verið fenginn einblöðungur sem ber yfirskriftina „Ábending-yfirlýsing“ sem lántaki skyldi samkvæmt fyrirmælum starfsmanna F banka láta sóknaraðila undirrita, sem og þau hafi gert. Sóknaraðilar hafi því aldrei verið boðaðir á starfstöð lífeyrissjóðsins vegna málsins og aldrei hafi verið gengið úr skugga um að þau gerðu sér grein fyrir áhættunni sem þau hafi verið að taka.

Þá fjalli varnaraðili í athugasemdum sínum um að sóknaraðilar hafi samþykkt breytingar á greiðsluskilmálum án fyrirvara og að þau hafi engar athugasemdir gert við

veðsetninguna fyrr en með bréfi lögmanns þann 20. október 2016. Sóknaraðilar rifja upp að á árinu 2012 hafi verið orðið ljóst að greiðslubyrðin vegna lánanna hafi verið lántaka algjörleg ofviða. Hafi hún því leitað til umboðsmanns skuldara en samningur um greiðsluaðlögun hafi komist á þann 16. janúar 2013 líkt og getið sé um í kæru. Líkt og sjá megi á greiðsluaðlögunarsamningi hafi lán varnaraðila þá staðið í 19.649.220 kr. Heildarskuldir lántaka hafi staðið í tæpum 23 milljónum og hafi lán varnaraðila því myndað verulegan hluta skuldar hennar. Líkt og segi í grein 6.4 í greiðsluaðlögunar-samningi skyldi við lok greiðsluaðlögunartímabils verða 70% eftirgjöf samningskrafna, en undir það fellur umrædd skuld. Til að unnt væri að lækka greiðslubyrði lánanna hafi sóknaraðilar undirritað skilmálabreytingar þann 15. maí 2013 þar sem þau hafi samþykkt fjölgun gjalddaga lánanna úr 267 í 480. Skyldu afborganirnar hefjast aftur þann 5. janúar 2016. Á þessum tíma hafi sóknaraðilar hinsvegar staðið í þeirri trú að sú eftirgjöf sem samið væri um í greiðsluaðlögunar-samningi tæki jafnframt til veðskuldbindinganna. Hafi þau því ekki séð neina ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við efni skuldbindinganna enda hafi þau talið sig vera bundinn af umræddum samningi um greiðsluaðlögun, auk þess sem þau hafi talið veðsetninguna mun áhættuminni þar sem hún tæki eftirleiðis einungis til 30% af skuldbindingum lántaka sem hafi verið niðurstaða sem þau hafi talið sig geta unað við. Sóknaraðilar benda á að staðan hafi aldrei verið útskýrð fyrir þeim af starfsmönnum varnaraðila frekar en við undirritun veðskuldabréfanna í upphafi. Í kjölfar þess að greiðslu-aðlögunarsamningurinn hafi komist á hafi tekið við þriggja ára frysting á afborgunum lánanna, eða allt fram til ársins 2016. Það hafi því ekki verið fyrr en á árinu 2016 sem sóknaraðila hafi verið ljóst að þrátt fyrir að 70% eftirgjafar á skuldbindingum lántaka væri heimili þeirra enn veðsett miðað við upprunalegar skuldbindingar. Hafi sú uppgötvun komið algjörlega flatt uppá sóknaraðila. Hafi þau í kjölfarið leitað sér lögmannsþjónustu og þá fyrst orðið ljóst að draga mætti gildi veðsetningarinnar í efa.

Sóknaraðilar byggja á því að ef litið sé til efnis veðsamninganna, atvika við samningsgerð og ekki síst atvika sem síðar hafi komið til þá sé ósanngjarnt og andstætt eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu varnaraðila að bera veðsetninguna fyrir sig. Beri því að víkja henni til hliðar, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Hvað efni veðsamninganna varði þá sé ítrekað að um háa fjárhæð hafi verið að ræða, samtals 13.320.000 kr. að höfuðstól vegna aðila sem hafi verið ungur að árum, afar tekjulágur og eignalaus með öllu. Eins og til hafi háttað hafi varnaraðili hlotið, sem kröfueiganda og sérfræðings á sviðinu, að hafa borið að sinna frekari upplýsingaskyldu en svo að fá sóknaraðila til að undirrita einblöðung án þess að svo mikið sem nokkur orðaskipti ættu sér stað þeirra á milli. Þá hefði varnaraðila mátt vera fyllilega ljóst að lántaki myndi eiga í verulegum vandræðum með að standa við skuldbindingar sínar.

Hvað atvik við samningsgerðina varði þá sé umfjöllun í kvörtun ítrekuð. Sé hér átt við umfjöllun um að ekki sé unnt að gera þá kröfu til lántaka eða sóknaraðila að þau hafi mátt vita að talsvert vægari kröfur væru gerðar til aðgæslu varnaraðila fyrir og við lánveitingu og veðsetningu heldur en til F banka, er öll samskipti lántaka og sóknaraðila hafi verið við F og á starfstöð bankans. Ítrekuð sé sú afstaða sóknaraðila að það hljóti að teljast varhugavert að sömu starfsmenn leiðbeini einum viðskiptavini sínum sama daginn að honum beri að fara í greiðslumat áður en ákvörðun um lánveitingu sé tekin, en svo síðar sama dag þegar annar viðskiptavinur biður lán að þá skipti þeir verkferlar engu máli. Hér skuli einnig ítrekað að það hafi verið samkvæmt ráðleggingum starfsmanna F sem lántaki ákveði að taka lánið hjá varnaraðila en ekki viðskiptabanka sínum. Lántaki hafi enga þekkingu haft á muni á lánastarfsemi F eða varnaraðila og það sama megi segja um sóknaraðila. Þá er því alfarið hafnað að menntun annars

sóknaraðila komi lántökunni nokkuð við, enda hafi hann aldrei tekið þátt í starfsemi lífeyrissjóða eða annarra lánastofnana.

Hvað atvik eftir samningagerðina varði þá sé ítrekuð umfjöllun er varði greiðslufall lántaka, sem hafi að lokum leitt til þess að hann hafi leitað á náðir Umboðsmanns skuldara. Sóknaraðilar hafna einnig alfarið þeim rökum að þar sem að lántaki hafi getað greitt af láninu í upphafi gefi það í skyn að hún hefði ekki komið neikvætt út úr greiðslumati. Ummælin séu einnig særandi í garð lántaka sem hafi þurft að bera þungan kross í kjölfar lántökunnar. Eftir lántökuna hafi lántaki einungis greitt af láninu með sjálfu lánsfénu og tekið á sig allan kostnað vegna þessa. Staða lántaka sé þannig í dag að skuldbindingar hans við varnaraðila séu einu fjárhagslegu skuldbindingarnar sem hann ráði við. Hann geti til að mynda ekki búið í eigin húsnæði og ekki verið á leigumarkaði og búi enn í foreldrahúsum. Þá eigi hann ekki bifreið né heldur eigi hann þess kost að taka lán í annarskonar tilgangi. Staðreyndin sé sú að öll fjárhagsleg staða lántaka sé því marki brennd að hann hafi undirgengist lánsskuldbindingar gagnvart varnaraðila 24 ára að aldri sem hann hafi ekki ráðið við.

Með vísan til alls ofangreind byggja sóknaraðilar á því að öll skilyrði beitingar 36. gr. samningalaga séu fyrir hendi.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að málinu verði vísað frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur mikilvægt að hafa í huga að varnaraðili sé lífeyrissjóður og að lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um starfsemi hans. Varnaraðili sé ekki fjármálafyrirtæki og gildi hvorki lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 um starfsemi hans né önnur lög eða reglur sem sérstaklega eigi við um þau. Þá sé varnaraðili ekki skuldbundinn af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001, enda ekki aðili að því. Eins skipti hér máli að sóknaraðilar séu ekki neytendur gagnvart varnaraðila í skilningi laga og hafi ekki átt lánaviðskipti við varnaraðila. Eigi framangreint að leiða til þess m.a. að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá. Fallist úrskurðarnefndin ekki á frávísun málsins sé þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Rökstuðningur frávísunarkröfu

Varnaraðili vísar til þess að í samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki komi fram í 3. gr. að þeir sem geti leitað til nefndarinnar séu „viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eigi að nefndinni“. Varnaraðili sé ekki fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og eigi lögin ekki við um hann skv. 3. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna. Ákvæði 19. gr. a um skylduaðild fjármálafyrirtækja að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki gildi því ekki um varnaraðila. Varnaraðili hafi auk þess ekki sótt um eða samþykkt aðild að nefndinni. Sóknaraðilar geti því ekki á grundvelli laga nr. 161/2002 og samþykkta úrskurðarnefndarinnar leitað til hennar.

Í 1. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán segi að lögin taki til lánasamninga sem lánveitandi geri í atvinnuskyni fyrir neytendur. Í 1. lið 1. mgr. 5. gr. laganna segi að neytandi sé einstaklingur sem eigi lánaviðskipti sem lög þessi nái til. Í 2. mgr. 33. gr. laganna segi að neytendur geti skotið ágreiningi er varði fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hafi ekki átt lánaviðskipti við varnaraðila og séu því ekki neytendur í skilningi laganna. Sóknaraðilar geti því ekki á grundvelli 2. mgr. 33. gr.

laganna leitað til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Úrskurðarvald nefndarinnar nái því ekki til ágreinings sóknaraðila og varnaraðila, því beri að vísa kvörtun sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Rökstuðningur um höfnun kröfu sóknaraðila

Verði ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun gerir hann þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili er lífeyrissjóður sem starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lýtur starfsemi hans ströngu eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Varnaraðili starfar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu sem skilað sé til FME ár hvert og sé fjárfestingum varnaraðila markaður skýr rammi skv. lögum. Skv. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 sé varnaraðila heimilt að ávaxta fé sitt til hagsbóta fyrir sjóðsfélaga sína með kaupum á skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign. Í samræmi við framangreint og ákvæði samþykkta varnaraðila hefur varnaraðili sett sér reglur um lánveitingar til sjóðfélaga.

Á þeim tíma sem ofangreind lán hafi verið veitt hafi stjórn varnaraðila gert rekstrarsamning við F svo sem stjórn varnaraðila hafi verið heimilt og hafi tíðkast hjá mörgum lífeyrissjóðum. Hafi slíkur rekstrarsamningur verið í gildi í um 20 ár. Skyldur F samkvæmt rekstrarsamningnum hafi m.a. verið að sjá um framkvæmdastjórn og daglegan rekstur varnaraðila undir eftirliti og á ábyrgð stjórnar sjóðsins sem sem lög nr. 129/1997 geri ráð fyrir. Stjórn varnaraðila og sjóðsfélagar hafi mátt treysta því að daglegur rekstur varnaraðila eins og hann hafi verið framkvæmdur af F á grundvelli rekstrarsamningsins væri í samræmi við lög nr. 129/1997, samþykktir og fjárfestingarstefnu varnaraðila og reglur varnaraðila um lánveitingar til sjóðsfélaga s.s. raunin hafi verið. Geti þetta fyrirkomulag hvorki talist óeðlilegt né ámælisvert enda hafi aldrei verið gerð athugasemd við það af hálfu eftirlitsaðila. Þá geti tilvist rekstrarsamnings ekki haft þau áhrif á að skyldur varnaraðila yrðu víðtækari en þær sem hafi hvílt á lífeyrissjóðum almennt á grundvelli þeirra laga og reglna sem um starfsemi þeirra gildi. Varnaraðili hafi ekki orðið fjármálafyrirtæki í skilningi laganna við það.

Varnaraðili hafi ekki verið skuldbundinn af hinu fyrra samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1998, né heldur því síðara frá 2001 enda hafi varnaraðili ekki skuldbundið sig til að hlíta þeim reglum. Slíku samkomulagi og þeim meginreglum sem þar sé að finna og fyrst hafi komið þar fram, verði ekki einhliða beitt gagnvart varnaraðila gegn meginreglum samninga-, kröfu- og veðréttar um skuldbindingargildi samninga/loforða, til ógildingar verðtryggingarinnar að hluta eða öllu leyti. Þá sé því hafnað að það hafi verið venja á fjármálamarkaði á þessum tíma að meta greiðslugetu lántakanda. Því sé einnig hafnað að lög nr. 161/2002 eigi við um varnaraðila enda sé varnaraðili lífeyrissjóður í skilningi laganna. Vísist um það til tveggja dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 492/2015 og 221/2016.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt þeim lánareglum varnaraðila sem í gildi hafi verið þegar ofangreind lán hafi verið veitt hafi það ekki verið skilyrði að lántaki legði fram greiðslumat né heldur áskilið að varnaraðili myndi framkvæma slíkt mat á lánsumsækjanda. Á lánsóknareyðublaði varnaraðila hafi hinsvegar gert ráð fyrir að greiðslumat gæti verið eitt af þeim gögnum sem umsækjandi hafi látið fylgja með umsókn sinni um lán hjá varnaraðila, það hafi hinsvegar ekki verið skylt.

Varnaraðila hafi því ekki borið að framkvæma greiðslumat á lántaka eða kanna fjárhagstöðu hans samkvæmt þeim reglum og venjum sem varnaraðila hafi borið að fylgja á þessum tíma og almennt hafi gilt um lántökur af þessu tagi, sbr. m.a. framangreinda dóma Hæstaréttar Íslands. Geti úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti

við fjármálafyrirtæki nr. 10/2016, sem sóknaraðili vísi til, ekki haft fordæmisgildi í máli þessu.

Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu sem fram komi í kvörtun sóknaraðila að „hefði greiðslumat farið fram hefði legið ljóst fyrir að lántaki gæti að öllum líkindum ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar“. Ekkert liggi fyrir í málinu um það. Þvert á móti bendi greiðsluyfirlit lánanna til hins gagnstæða enda hafi verið greitt af lánunum reglulega í upphafi auk þess sem lánin séu í skilum í dag. Varnaraðili mótmælir einnig þeirri fullyrðingu sóknaraðila að vegna ráðleggingar starfsmanna F hafi lánveitandi verið hafður varnaraðili. Þá mótmælir varnaraðili því sérstaklega sem fram komi í kvörtun sóknaraðila að varnaraðili hafi látið sér það í léttu rúmi liggja hvort lántaki hefði tök á að greiða afborganir lánanna. Þvert á móti hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila sérstaklega um þá áhættu sem í veðsetningu fasteignar þeirra hafi falist í.

Varnaraðili telur að hafa verði í huga að sóknaraðilar og lántaki séu tengd fjölskylduböndum og því hafi ekki verið óeðlilegt að sóknaraðilar kæmu að lántökunni með þeim hætti sem þau hafi gert líkt og tíðkast hafi í áratugi við lánveitingar lífeyrissjóða. Aðgangur sjóðfélaga að sjóðfélagalánum varnaraðila sé og hafi verið mikilvægur hluti af félagslegum rétti sjóðfélaga og hafi varnaraðili kappkostað að mismuna ekki sjóðfélögum í þeim efnum. Lánveitingar varnaraðila til sjóðfélaga sinna, sem byggi á á skýrum og málefnalegum lánreglum, hafi í áranna rás gefið foreldrum og öðrum, sem nákomnir séu ungum sjóðfélögum, tækifæri til þess að veita liðsinni, m.a. við íbúðakaup, nám o.fl., með veitingu veðleyfis í stað beinna fjárframlaga. Hlutverk og tilgangur sjóðfélagalána hafi því almennt verið annað en lán bankastofnanna sem veitt séu í viðskiptalegum tilgangi. Endurspegli kjör lánanna það einnig.

Líkur séu fyrir því að sóknaraðilum hafi verið kunnugt um að fjölskyldu- og fjárhagsmálefni lántaka og tilgang lántökunnar þegar þau hafi samþykkt veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar framangreindum lánum. Í því sambandi megi benda á að annar sóknaraðilinn sé viðskiptafræðingur að mennt og hafi undirritað veðskuldabréf það sem hafi verið gefið út þann 11. ágúst 2008 fyrir hönd dóttur sinnar. Hafi sóknaraðilar tekið virkan þátt í lántöku dóttur sinnar. Sóknaraðilar hafi einnig undirritað yfirlýsingu með yfirskriftinni „Ábending“ þar sem þeim hafi verið bent á hvað fælist í veðsetningunni og hvaða afleiðingar það gæti haft kæmi til vanskila á lánunum. Eins og skjalið beri með sér sé þar um ábendingar að ræða þar sem sem brýnt sé fyrir þeim sem veiti öðrum veð í eign sinni að kynna sér vel hvað í því felist. Hafi sóknaraðilum þar sérstaklega verið bent á að kynna sér vel greiðslubyrði viðkomandi láns og umfram allt greiðslugetu lántaka og að huga að því hvort treysta megi þeim er fái veðið lánað. Hafi sóknaraðilar því verið ítarlega upplýstir um þýðingu veðsetningarinnar og þá áhættu sem í henni hafi falist.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilum hljóti að hafa verið ljóst að þau hafi verið að veðsetja fasteign sína til tryggingar láni lífeyrissjóðs en ekki banka enda beri veðskuldabréfin það skýrlega með sér. Þá hafi sóknaraðilum átt að vera það ljóst að varnaraðili myndi ekki framkvæma greiðslumat á lántaka og að það væri á þeirra ábyrgð að afla sér slíkra upplýsinga um hag lántaka og greiðslubyrði lánsins að eigin frumkvæði, enda hafi þau undirritað yfirlýsingu þess efnis. Þar hafi þeim jafnframt verið bent á að leita til varnaraðila og óska þar frekari upplýsinga eða skýringa væri eitthvað óljóst. Réttarstaða sóknaraðila hafi því ekki verið lakari en annarra sem hafi samþykkt veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar láni lántaka hjá varnaraðila. Þá hafnar varnaraðili því að það hafi á einhvern hátt hallað á sóknaraðila enda hér um að ræða algerlega staðlaðar lánveitingar lífeyrissjóðs sem hafi ekki krafist sérþekkingar. Einnig hafi sóknaraðilar ekki verið neytendur gagnvart varnaraðila í skilningi laga og hafi þágildandi lög um um neytendalán nr. 121/1994 ekki átt við um lögskiptin.

Varnaraðili telur að þá skyldu verði að leggja á sóknaraðila að þau kynntu sér sérstaklega þá áhættu sem hafi verið samfara veitingu heimildar til veðsetningar og öfluðu sér upplýsinga um hag lántaka að eigin frumkvæði. Hafi sóknaraðilar látið undir höfuð leggjast að afla sér slíkra upplýsinga verði þau að bera ábyrgð á því.

Sóknaraðilar hafi með undirritun sinni samþykkt þann 24. ágúst 2009, 22. október 2010 og 15. maí 2013, breytingar á greiðsluskilmálum veðskuldabréfanna án fyrirvara eða athugasemda. Þá hafi varnaraðili sent sóknaraðilum yfirlit yfir stöðu ofangreindra lána á hverju ári frá árinu 2013, nú síðast 1. apríl 2016, auk þess sem að sóknaraðilum hafi verið tilkynnt að hafi komið til vanskila á þeim. Hafi sóknaraðilar aldrei haft samband við varnaraðila með fyrirspurnir eða athugasemdir fyrr en með bréfi lögmanns sóknaraðila dags. 20. október. Sé ljóst að sóknaraðili hafi þannig sýnt af sér tómlæti með tilheyrandi brottfalli réttar, verði yfir höfuð talið að réttur hafi verið til staðar, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 429/2015.

Varnaraðili mótmælir því að hann hafi á einhvern hátt vanrækt skyldur sínar eða að það verði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, að bera fyrir sig veðtryggingu í fasteign sóknaraðila. Tilvísun sóknaraðila í þessu sambandi til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga sé mótmælt. Skilyrði fyrir beitingu lagaákvæðisins sé ekki fyrir hendi í málinu, en fyrir því beri sóknaraðilar sönnunarbyrði. Lánveiting varnaraðila hafi verið í fullu samræmi við þágildandi lög og reglur og í samræmi við þær venjur sem tíðkast hafi varðandi sjóðfélagslán varnaraðila og annarra lífeyrissjóða.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið heldur varnaraðili því fram að ekkert í máli þessu eigi að leiða til þess að kröfur sóknaraðila verði teknar til greina.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðábyrgðar sóknaraðila á lánum dóttur þeirra, útgefin 25. janúar 2007 og 11. ágúst 2008, til varnaraðila.

Samkvæmt 3. tölulið 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 falla verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki slíkra sjóða ekki undir gildissvið laganna. Lán það er varnaraðili veitti sóknaraðila fellur hins vegar undir lög um neytendalán nr. 33/2013 og starfsemi varnaraðila fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 10. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1997 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í 2. mgr. 33. gr. laga um neytendalán kemur fram að neytendur geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslega kröfu og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Skulu lánveitendur eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þeir lánveitendur sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra. Í gildistökuákvæði laganna í 36. gr. kemur fram að þau taki almennt gildi 1. nóvember 2013.

2. mgr. 33. gr. laga um neytendalán er að finna í IX. kafla sem fjallar um eftirlit, viðurlög, réttarúrræði og bótaskyldu. Er þar m.a. fjallað um valdheimildir Neytendastofu, stjórnvaldssektir og úrskurðar- og réttarúrræði. Enda þótt þessa kafla og ákvæða hans sé ekki getið sérstaklega í gildistökuákvæðunum, er einsýnt að þau falla undir almenna gildistökuákvæðið. Nær því úrskurðarvald nefndarinnar til ágreinings um lánasamninga sem í gildi voru við gildistöku laganna, rétt eins og valdheimildir Neytendastofu. Á hinn bóginn skal áréttað að í úrlausnum sínum í slíkum málum getur nefndin ekki beitt þeim efnisreglum sem settar voru með lögum um neytendalán og vörðuðu stofnun lánasamninga. Að öllu þessu athuguðu verður frávísunarkröfu varnaraðila hafnað og verða kröfur sóknaraðila því teknar til efnislegrar meðferðar.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína gagnvart varnaraðila meðal annars á því að ósanngjarnt sé að bera fyrir sig umræddan samning þar sem ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt á lántaka áður en sóknaraðilar settu fasteign sína að veði til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu hans. Fallist verður á það með sóknaraðilum að varnaraðili hafi í aðdraganda lántökunnar ekki gætt þeirra skyldna sem á sjóðnum hvíldu um vönduð vinnubrögð við lánveitingar sem æskilegt hefði verið að viðhafa. Að auki er ágreiningslaust að varnaraðili óskaði ekki eftir greiðslumati á lántaka, eins og hann gat áskilið sér samkvæmt 10. grein lánareglna varnaraðila, og þá eftir atvikum lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu.

Á þeim tíma sem veðábyrgð var veitt var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Varnaraðili var ekki yfirlýstur aðili að samkomulaginu. Hinsvegar verður að taka tillit til þess að varnaraðili fól F, sem var aðili að umræddu samkomulagi, alla umsýslu við lánveitinguna, þ.á.m. að kynna lán fyrir lántaka, samskipti við aðila, sem og alla skjalagerð. Verður því að telja að á F hafi legið enn ríkari skylda að tryggja að framkvæmd og umsýsla við lánveitinguna væri í samræmi við þær skuldbindingar sem F og önnur fjármálafyrirtæki hefðu skuldbundið sig til að starfa eftir, hvort sem bankinn væri að annast umsýslu við eigin lánveitingar eða að veita þjónustu fyrir hönd þriðja aðila. Í öllum tilvikum væri slík umsýsla hluti af starfsemi F og í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, er ekki að finna neina takmörkun eða fyrirvara í þá veru að samkomulagið eigi eingöngu við þegar fjármálafyrirtæki annast eigin lánveitingar, en ekki umsýslu vegna lánveitinga þriðja aðila.

Framangreint leiðir þó ekki sjálfkrafa til ógildingar á loforði áfrýjanda um veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar láninu, heldur verður að sýna fram á að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera loforðið fyrir sig og skal við mat á því líta til efnis samnings, atvika við samningsgerð, stöðu aðila við hana og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Kemur þá til sjálfstæðrar skoðunar hvort sú háttsemi varnaraðila, að láta hjá líða að kanna greiðslugetu lántaka og gera ábyrgðaraðila grein fyrir niðurstöðu þeirrar könnunar, leiði til þess að ógilda beri samninginn á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar eð það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri hann fyrir sig. Við slíkt mat verður að líta heildstætt til allra atvika málsins.

Í framlögðum gögnum málsins er að finna skjöl sem bera heitið „Ábending – Yfirlýsing“ þar sem sóknaraðilum var bent á hvað fælist í veðsetningunni og hvaða afleiðingar það gæti haft kæmi til vanskila á lánunum. Er þar einnig brýnt fyrir sóknaraðilum að kynna sér vel greiðslubyrði viðkomandi láns og greiðslugetu lántaka og að huga að því hvort treysta megi þeim er fái veðið lánað. Ekki verður fallist á það með varnaraðila að með þessu hafi sóknaraðilar verið ítarlega upplýstir um þýðingu veðsetningarinnar og þá áhættu sem í henni hafi falist. Umræddar yfirlýsingar verða með engu lagðar að jöfnu við framkvæmd greiðslumats og gefa þær ekki að nokkru leyti til kynna að sóknaraðilar hafi kannað fjárhagstöðu lántaka eða hæfni hans til að standa í skilum.

Lántaki er dóttir sóknaraðila og því tengd sóknaraðilum nánum fjölskylduböndum. Lánin voru útgefin þann 25. janúar 2007 og þann 11. ágúst 2008. Telja má því líkur á að sóknaraðilar hafi þekkt vel til fjárhagslegra aðstæðna lánataka. Sóknaraðilar samþykktu með undirritun sinni og án fyrirvara breytingar á greiðsluskilmálum veðskuldabréfanna, þ. 24. ágúst 2009, 22. október 2010 og 15. maí 2013.

Í ljósi framangreinds verður að telja að það hefði litlu breytt um ákvörðun sóknaraðila um að gangast í ábyrgð jafnvel þótt þeim hefði réttilega verið kynnt greiðslugeta lántaka. Með hliðsjón af framansögðu, og með tilliti til atvika þessa máls, verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að samninginn beri að ógilda með tilliti til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur L um að aflétta tveimur veðskuldabréfum af fasteig M, er hafnað.

Reykjavík, 8. september 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Þorvaldur Emil Jóhannesson — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 7. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur Emil Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. janúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 6. janúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 23. febrúar 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 9. mars 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. júní og 7. júlí 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 4. september 2006 var gefið út skuldabréf nr. X til forvera varnaraðila. Sóknaraðili, ásamt öðrum aðila, gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld aðalskuldara. Ekki var framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara vegna þessa skuldabréfs skv. fyrirmælum sjálfskuldaraðila, en fjárhæð skuldabréfsins nam 650.000 kr. Þann 29. september 2008 gaf sami aðalskuldari út annað skuldabréf, þá að fjárhæð 635.000 kr., til forvera varnaraðila með sömu sjálfskuldarábyrgðaraðilum. Fór fram greiðslumat á aðalskuldara í því tilviki, í samræmi við Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Samkvæmt greiðslumatinu, sem dagsett er 26. september 2008, var áætluð greiðslugeta lántaka án skulda 84.237 kr. á mánuði, áætluð greiðslugeta með skuldum 10.569 kr. á mánuði og heildar eignastaða lántaka neikvæð um 964.677 kr.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2012, var sóknaraðila tilkynnt að umsókn aðalskuldara um greiðsluaðlögun, á grundvelli laga um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, hefði verið samþykkt þann 18. febrúar 2011. Í bréfinu kom fram að samningur hafi komist á þann 26. september 2011 um greiðsluaðlögun milli lántaka og kröfuhafa hans. Var sóknaraðila tilkynnt að hann bæri ábyrgð á eftirstöðvum þeim sem ekki fengust greiddar hjá aðalskuldara, þ.e. 514.121 kr., og honum bent á að hafa samband við varnaraðila innan 15 daga til að kynna sér greiðsluúrræði.

Þann 11. maí 2012 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. Y til varnaraðila að fjárhæð 550.000 kr. Samkvæmt uppgreiðslusamningi sem gerður var samhliða var lánið nýtt til að greiða upp þau tvö lán sem sóknaraðili var í sjálfskuldaábyrgð fyrir, en

uppgreiðslufjárhæð þeirra nam þá samtals 526.840 kr.. Með bréfi sóknaraðila, dags. 8. nóvember 2016 til varnaraðila, krafðist sóknaraðili ógildingar sjálfskuldarábyrgðar sinnar, endurgreiðslu og niðurfellingar láns.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X hafi verið ógild. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 258.468 kr. ásamt vöxtum frá uppgreiðsludegi og dráttarvöxtum frá 8. desember 2016. Sóknaraðili krefst þess ennfremur að nefndin úrskurði að sá hluti skuldabréfs nr. Y sem tilkominn er vegna hinnar ólögmætu sjálfskuldarábyrgðar verði felldur niður.

Sóknaraðili reisir kröfu sína aðallega á því að ákvæði Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki verið virt. Vísar sóknaraðili til þess að vegna ákvæða 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi varnaraðila verið skylt að greiðslumeta skuldara. Sóknaraðili byggir á því að greiðslumatið sem fór fram á skuldara sé rangt að svo verulegu leyti að á því sé engan vegin byggjandi. Samkvæmt greiðslumatinu var áætluð greiðslugeta skuldara 10.569 kr. á mánuði. Sóknaraðili bendir á að í greiðslumatið vanti tvö lán sem skuldari hafði tekið hjá lífeyrissjóði áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir seinna láninu hjá forvera varnaraðila. Annars vegar sé um að ræða lán tekið 10. október 2007 að fjárhæð 3.200.000 kr. og hins vegar lán tekið 19. maí 2008 að fjárhæð 2.000.000 kr. Yfirlit yfir greiðslur af þeim skuldabréfum sýni að afborganir af lánunum séu langt yfir 10.569 kr. sem skuldari var talin hafa í greiðslugetu samkvæmt greiðslumati. Vísar sóknaraðili til þess að ofangreind lán hefðu haft áhrif á greiðslumatið og gert það neikvætt varðandi greiðslugetu með skuldum auk þess sem nettó eignastaða skuldara hefði litið mun verr út. Sóknaraðili hefði líklegast ekki fallist á að vera sjálfskuldaraðili á láninu ef honum hefði verið kynnt raunveruleg fjárhagsstaða skuldara. Þá kemur jafnframt fram í skattframtölum skuldarans árin 2008 og 2009, að skuldari þáði húsaleigubætur tekjuárin 2007 og 2008 sem ekki sé minnst á í greiðslumati hennar. Húsaleiga ein og sér hefði gert greiðslugetu hennar neikvæða skv. greiðslumatinu. Með hliðsjón af ofangreindu telur sóknaraðili nægilega sýnt fram á að greiðslumat það sem gert var á skuldaranum sé kolrangt í meginatriðum. Sóknaraðili vísar til þess að greiðslugeta skuldara hafi raunverulega verið neikvæð um tugi þúsunda og því þurft að kynna honum það sérstaklega og fá skriflega staðfestingu á því að hann vildi samt sem áður gangast í ábyrgð fyrir viðkomandi. Sóknaraðili telur því að nefndinni beri að úrskurða að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X sem gefið var út þann 29. september 2008 og var upphaflega að höfuðstól 635.000 kr. hafi verið ógild.

Sóknaraðili byggir á því að hann hefði aldrei þurft að gefa út skuldabréf nr. Y fyrir þeirri upphæð sem raun bar vitni en andvirði skuldabréfsins var nýtt til að greiða upp þau tvö lán sem hann var í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Vísar sóknaraðili til þess að hafa greitt 258.468 kr. á grundvelli ólögmætrar sjálfskuldarábyrgðar. Eigi hann því rétt á endurgreiðslu þeirrar upphæðar að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum.

Sóknaraðili byggir á því að sú skylda hvíli á fjármálafyrirtækjum að greiðslumeta lántakendur þegar þriðji aðili gengst í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum. Sé það í fullu samræmi við þær starfsskyldur sem hvíli á fjármálastofnunum í viðskiptum þeirra við neytendur samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, lögum og leiða megi af venju. Bendir sóknaraðili í því sambandi á að staða fjármálastofnanna og viðskiptamanna þeirra sé ójöfn. Hann búi ekki yfir þeirri reynslu og þekkingu á viðskiptalífinu sem varnaraðili hefur og því mátt treysta því að

varnaraðili stæði faglega að lánveitingum sínum. Þá bendir sóknaraðili á að hallinn á túlkun samninga um lánveitingar og ábyrgðir samkvæmt stöðluðum samningsskilmálum hvíli á þeim sem semur, notar eða ber ábyrgð á slíkum skilmálum. Í því sambandi vísar sóknaraðili til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og til ákvæða laga um neytendalán nr. 121/1994.

Sóknaraðili hafnar því alfarið að aðilar hafi átt í viðræðum um lausn ágreinings í kjölfar bréfs hans, dags. 8. nóvember 2016. Varnaraðili hafi í engu svarað bréfi sóknaraðila og því hafi hann verið nauðbeygður í að senda fyrirliggjandi kvörtun.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að nefndin taki afstöðu til þess hvort sjálfskuldarábyrgðin hafi verið gild. Það sé forsenda fyrir málið í heild sinni að úrskurðað verði um hvort ábyrgðin hafi verið gild, enda hafi allar ráðstafanir sóknaraðila og varnaraðila í kjölfar lánveitingarinnar verið byggðar á hinni ólögmætu ábyrgðaryfirlýsingu. Vísar sóknaraðili til þess að krafa hans um viðurkenningu á því að sjálfskuldarábyrgðin hafi verið ógild sé sett upp á eftirfarandi hátt þar sem hún sé ekki lengur til staðar en misskilningur sé af hálfu varnaraðila að telja sóknaraðila vera að krefjast ógildingar á ábyrgðinni sem slíkri.

Sóknaraðili hafnar því að krafa hans sé einungis byggð á ákvæðum Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Vísar sóknaraðili til þess að það komi fram í kvörtun að byggt sé á 36. gr. laga nr. 7/1936 sem og ákvæðum laga nr. 121/1994 auk þess sem útilokunarregla gildi ekki í málsmeðferð fyrir nefndinni.

Sóknaraðili byggir á því að það væri ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig upphaflegan samning um sjálfskuldarábyrgð hans sem og seinni tíma lántöku, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili sé sérfræðingur með leyfi skv. lögum en sóknaraðili sé reynslulaus á fjármálamarkaði og því augljós aðstöðumunur milli aðila. Sóknaraðili telur efni samnings ósanngjarnt, en ráða hefði átt sóknaraðila frá því að takast á hendur ábyrgðina ef greiðslumatið hefði verið rétt framkvæmt. Vísar sóknaraðili til þess að atvik við samningsgerð sem urðu til þess að greiðslumat hafi ekki verið rétt framkvæmt tengist sér ekki. Þá vísar sóknaraðili til 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Telur sóknaraðili upphaflega ábyrgð hafa verið ósanngjarna enda byggða á rangri forsendu, þ.e. röngu greiðslumati, auk þess að ósanngjarnt hafi verið að lána lántaka yfir höfuð þar sem hún hafi ekki haft efni á því að taka lán á þessum tíma. Sóknaraðili vísar til þess að það sé margdæmt hjá dómstólum og margúrskurðað hjá nefndinni að sé greiðslumat rangt að efni til eru ástæður til að ógilda ábyrgð sem veitt er í framhaldi slíks greiðslumats.

Sóknaraðili mótmælir því að forveri varnaraðila hafi farið að samkomulaginu. Sóknaraðili bendir á að þar sem ekki væri til að heilsa efnislega réttu greiðslumati í fyrirliggjandi máli hafi ekki verið farið að samkomulaginu. Sóknaraðili mótmælir athugasemdum varnaraðila um að greiðslumatið sem forveri varnaraðila framkvæmdi sé ekki á ábyrgð varnaraðila.

Sóknaraðili mótmælir því að honum hafi borið að benda forvera varnaraðila á að greiðslumatið væri rangt að efni til af þeim ástæðum að sóknaraðili hafi lánað veð í íbúð sinni vegna tveggja lána hjá lántaka. Vísar sóknaraðili til þess að hafa litla sem enga reynslu af fjármálagerningum og því enga ástæðu haft til að ætla að hann hefði getað haft áhrif á útkomu greiðslumatsins, hefði hann á annað borð tekið eftir þessu. Bendir sóknaraðili á að lánin tvö séu ekki einu meinbugirnir á greiðslumatinu enda vanti inn kostnað vegna leigu á húsnæði sem hefði gert greiðslumatið neikvætt. Gerir sóknaraðili athugasemd við þau vinnubrögð varnaraðila að reyna koma ábyrgð yfir á grandlausa neytendur.

Sóknaraðili hafnar málsástæðu varnaraðila um að varnaraðili hafi ekki vitað að lántaki greiddi húsaleigu og því hafi hann ekki metið húsaleigu inn í greiðslumatið.

Vísar varnaraðili til þess að húsaleigubætur lántaka komi skýrt fram í skattframtölum hennar. Þá hafnar sóknaraðili því að hafa verið skráður í sambúð með skuldara en tilgreining heimilisfangs í skuldabréfinu séu augljós mistök af hálfu forvera varnaraðila sem sóknaraðili mótmælir.

Sóknaraðili byggir á 36. gr. c. laga nr. 7/1936 varðandi þá málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi sýnt af sér verulegt tómlæti. Ákvæðið kveði skýrlega á um að ekki skuli líta til atvika sem síðar komi til, neytanda í óhag, en þau atriði sem varnaraðili byggi á séu atvik sem síðar komi til. Einnig mótmælir sóknaraðili því að varnaraðili beri fyrir sig fyrirvaralausa uppgreiðslu.

Varðandi fyrningu kröfunnar vísar sóknaraðili til þess að endurgreiðslukrafa hans verði fyrst til þegar þegar ábyrgð hans yrði úrskurðuð ógild. Krafan sé því ekki orðin til og geti þ.a.l. ekki verið fyrnd enda reiknist fyrningarfestur frá þeim degi er kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda, sbr. 2. gr. laga nr. 150/2007.

Sóknaraðili mótmælir sérstaklega röksemdum varnaraðila þess efnis að ekki sé hægt að fallast á báðar kröfur samtímis, en fari svo fer sóknaraðili fram á að sú leið verði valin sem sé honum hagfelldust.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að fyrstu kröfu sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Varnaraðili krefst þess jafnframt að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Fyrri krafa varnaraðila þess efnis að fyrstu kröfu sóknaraðila verði vísað frá er byggð á því að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af kröfunni þar sem sjálfskuldarábyrgðin, sem krafist er ógildingar á, sé ekki lengur fyrir hendi. Vísar varnaraðili til þess að skuldabréfið sé uppgreitt og þá yrði ómögulegt fyrir varnaraðila að verða við kröfunni, enda engri sjálfskuldarábyrgð til að dreifa. Af þeim sökum telur varnaraðili að vísa beri fyrstu kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Seinni krafa varnaraðila er að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili byggi kröfur sínar á þeirri röksemd einni að ákvæði Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 hafi ekki verið virt. Varnaraðili bendir á og byggir á því, í fyrsta lagi, að samkomulagið mæli ekki fyrir um heimild til ógildingar samningsákvæða eða endurgreiðslu fjármuna til ábyrgðaraðila. Ekki hafi verið leitast við að sýna fram á að skilyrðum annarra réttarreglna sé uppfyllt og því verði að hafna öllum kröfum sóknaraðila, sbr. til hliðsjónar hrd. frá 29. nóvember 2012 í máli nr. 213/2012.

Krafa varnaraðila er í öðru lagi byggð á því að fyrri kröfueigandi, forveri varnaraðila, hafi farið að Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu skuldabréfsins þann 29. september 2008. Vísar varnaraðili til þess að greiðslumat hafi sannanlega verið gert og það byggt á gögnum frá útgefanda skuldabréfsins um tekjur, eignir og skuldir. Varnaraðili tekur fram að upplýsingar um tvö lán til lífeyrissjóðs og um greiðslu húsaleigu hafi, eftir því sem varnaraðili kemst næst, ekki verið þar á meðal. Vísar varnaraðili til þess að sér verði ekki kennt um þá ætluðu röngu forsendu í greiðslumati, sbr. hrd. frá 7. mars 2013 nr. 575/2012 og frá 2. febrúar 2017 í máli nr. 318/2016. Bendir varnaraðili á að sérstaklega sé tekið fram í greiðslumatinu að upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda séu að hluta til frá honum sjálfum og því séu forsendur matsins og niðurstöður á hans ábyrgð. Varnaraðili vísar til þess að á honum hvíli ekki skylda til að geyma undirgögn til stuðnings greiðslumati þannig að aðgengileg væru sóknaraðila ríflega átta árum síðar, sbr. hrd. frá 17. apríl 2012 í máli nr. 141/2012 og frá 26. maí 2016 í máli nr. 648/2015.

Varnaraðili bendir á að forveri varnaraðila gat ekki byggt greiðslumatið á nefndum skuldum útgefanda skuldabréfsins við lífeyrissjóð þar sem bankinn hafði ekki upplýsingar um þær. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að upplýsa forvera varnaraðila um skuldirnar eða benda á að greiðslumatið kynni að vera rangt að þessu leyti þar sem sóknaraðili var upplýstur um báðar skuldirnar og undirritaði greiðslumatið athugasemdalaust.

Vegna athugasemda sóknaraðila er lúta að húsaleigu bendir varnaraðili á að í greiðslumatinu komi fram að upplýsingar um áætlaðan framfærslukostnað séu byggðar á neyslukönnun Hagstofu Íslands og þurfi ekki endilega að endurspegla neyslukostnað greiðanda. Telur varnaraðili athugasemdir sóknaraðila að engu hafandi að því leyti að forveri varnaraðila hafi ekki fengið upplýsingar um það frá útgefanda skuldabréfsins að hún greiddi húsaleigu umfram það sem fram kæmi í upplýstum framfærslukostnað hennar. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi verið skráður með sama lögheimili og skuldari þegar skuldabréfið var gefið út og því líkur á að hann hafi haft upplýsingar um húsaleigukostnað hennar. Hann hafi hins vegar ritað undir greiðslumatið athugasemdalaust, sem fullnægjandi fyrir sitt leyti.

Varnaraðili byggir í þriðja lagi á því að sóknaraðili hafi glatað rétti sínum til að bera brigður á gildi sjálfskuldarábyrgðar sinnar samkvæmt skuldabréfi útgefnu þann 29. september 2008 vegna verulegs tómlætis af sinni hálfu. Vísar varnaraðili til þess að mjög langt sé um liðið síðan umrætt skuldabréf var gefið út. Þá liggi fyrir að sóknaraðili hafi sjálfur greitt upp skuldabréfið með útgáfu skuldabréfs þann 11. maí 2012 sem hann gerði án nokkurs fyrirvara. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi greitt skilvíslega af skuldabréfinu frá útgáfu þess, þar til hann gerði fyrst athugasemdir með bréfi til varnaraðila þann 8. nóvember 2016, eða 8 árum frá útgáfu skuldabréfsins. Hafnar varnaraðili öllum kröfum sóknaraðila vegna verulegs tómlætis að þessu leyti, sbr. hrd. nr. 575/2012, 346/2015 og 471/2016.

Varnaraðili byggir jafnframt á því, í fjórða lagi, að því er varðar aðra kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu, að skilyrði fyrir endurheimturétti séu ekki uppfyllt. Vísar varnaraðili til þess að enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu sóknaraðila við útgáfu skuldabréfsins þann 11. maí 2012, þegar skuldabréfið frá 29. september 2008 var greitt upp og hann hefði því mátt gera ráð fyrir að verða ekki endurkrafinn um greiðslu vegna þess ríflega fjórum árum síðar. Byggir varnaraðili einnig á því að endurgreiðslukrafa, hafi hún á einhverjum tíma stofnast, sé fyrnd. Telur varnaraðili að endurgreiðslukrafa fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og því hafi slík krafa fyrnst þann 11. maí 2016. Þá bendir varnaraðili á að kröfur um endurgreiðslu ofgreidds fjár bera ekki vexti, hvorki að lögum né meginreglum laga.

Að lokum vísar varnaraðili til þess, í fimmta lagi, að engin rök standi til þess að nefndin fallist bæði á aðra og þriðju kröfu sóknaraðila, þar sem í því fælist að hann fengi ætlað tjón sitt bætt tvívegis. Ekki gæti staðist að úrskurða bæði um endurgreiðslu á þeim hluta andvirðis skuldabréfs sóknaraðila sem útgefið var þann 11. maí 2012, sem nýttur var til uppgreiðslu skuldabréfsins sem útgefið var þann 29. september 2008, og niðurfellingu á þeim hluta skuldabréfsins.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu þann 29. september 2008, upphaflega að fjárhæð 635.000 kr., til forvera varnaraðila. Sóknaraðili greiddi þá ábyrgðarskuld með skuldabréfi útgefnu 11. maí 2012. Þegar sóknaraðili gekk í sjálfsskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi frá árinu 2008 var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1.

nóvember 2001, sem var undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. Forveri varnaraðila var eitt þessara aðildarfélaga og því ekki umdeilt að hann var aðili að samkomulaginu. Bar honum því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Sóknaraðili ber fyrir sig að framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi ekki verið í samræmi við samkomulagið og krefst viðurkenningar á því að sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi hafi verið ógild. Þá krefst sóknaraðili að nefndin úrskurði að varnaraðila sé skylt að endurgreiða sér 258.468 kr. ásamt vöxtum frá uppgreiðsludegi og dráttarvöxtum frá 8. desember 2016, sem er það sem hann greiddi til varnaraðila vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Sóknaraðili krefst þess ennfremur að nefndin úrskurði að sá hluti skuldabréfs nr. Y, sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila, verði felldur niður.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Af gögnum málsins er ljóst að greiðslumat var framkvæmt á lántaka og að sóknaraðili undirritaði skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ þann 26. september 2008. Samkvæmt skjalinu bendir niðurstaða greiðslumatsins til þess að lántaki hafi haft jákvæða greiðslugetu um 10.569 kr. á mánuði og eignastaða hennar verið neikvæð um 964.677 kr.. Það liggur á hinn bóginn fyrir að forveri varnaraðila hafi ekki verið með öll gögn undir höndum við gerð greiðslumatsins, sem hefðu haft áhrif á niðurstöðu þess.

Þegar tekið er tillit til allra afborgana sem lánveitandi gerði ekki ráð fyrir við matið er ljóst að lántakinn gat ekki staðið undir öllum útgjöldum miðað við uppgefnar forsendur. Verður því að telja að niðurstaða greiðslumatsins sé röng og hafi gefið sóknaraðila ranga sýn á fjárhagsstöðu lántaka og getu hans til að efna skuldbindinguna. Sjálft samkomulagið sem stofnaði til skyldu varnaraðila til að framkvæma greiðslumat, geymir engar reglur eða viðmið um það, á hvaða gögnum fjármálafyrirtæki skuli byggja við gerð greiðslumats. Dómstólar hafa fjallað um þetta atriði að nokkru marki og byggt á því sjónarmiði að greiðslumat, sem framkvæmt er á grundvelli samkomulagsins vegna lántöku, gegni mikilvægu hlutverki. Þótt eðlilegt sé að reisa það á upplýsingum og gögnum frá þeim sem tekur lánið geti fjármálafyrirtæki ekki látið sér í léttu rúmi liggja hvaða upplýsingar eru notaðar og hvaða gagna er aflað. Fjármálafyrirtæki hafi sjálfstæðar skyldur gagnvart þeim, sem gengst í ábyrgð eða veitir veð til tryggingar láninu, til þess að tilgreina réttar upplýsingar í greiðslumati sé þess nokkur kostur og afla nauðsynlegra gagna til þess að matið gefi sem besta mynd af ætlaðri greiðslugetu lántakans. Í úrskurðum nefndarinnar hefur verið byggt á þessum sömu sjónarmiðum og litið svo á að fjármálafyrirtæki geti ekki borið fyrir sig grandleysi um þau atriði varðandi fjárhag skuldarans sem það vissi um eða mátti vita um. Það nýtur á hinn bóginn ekki við einhlítra dómafordæma um það álitamál hvaða gagna fjármálafyrirtæki var rétt að krefja skuldarann um eða afla sjálft, þ.e. hvaða kröfur má gera til þess að fjármálafyrirtæki kynni sér fjárhaginn af eigin rammleik áður en þau kynna niðurstöðuna fyrir ábyrgðarmanni eða veðsala. Úrskurðarnefndin hefur talið að ef byggt er á tekjuupplýsingum sem eru í ósamræmi við skattframtöl frá sama tíma, verði fjármálafyrirtæki a.m.k. að geta skýrt á hvaða gögnum það byggði. Þá hefur verið talið að fjármálafyrirtæki gætu ekki borið fyrir sig grandleysi um skuldir sem þau gátu séð með uppflettingu í þeim upplýsingakerfum sem fjármálafyrirtæki styðjast almennt við. Ekki er til að dreifa einhlítum fordæmum um hvort fjármálafyrirtækjum bar að afla síðasta skattframtals skuldara. Nefndin telur að það hafi verið óvandað að kynna

greiðslumöt án þess að gæta að því hvort upplýsingar í þeim væru í samræmi við skattframtal. Mat á því hvort ósanngjarnt teljist af fjármálafyrirtæki að bera ábyrgðarsamning eða veðsetningu fyrir sig ræðst af heildstæðu mati á atvikum. Úrskurðarnefndin telur að þegar greiðslumatið er virt heildstætt verður að leggja á varnaraðila að bera hallann af því að réttilega unnið greiðslumat var ekki unnið og kynnt.

Fær það ekki hróflað þeirri staðreynd að tæp 5 ár liðu frá útgáfu skuldabréfsins þar til sóknaraðili gerði fyrst athugasemdir við sjálfskuldarábyrgð sína. Fallast verður á þá málsástæðu varnaraðila að endurgreiðslukrafa, hafi hún á einhverjum tíma stofnast, sé fyrnd. Endurgreiðslukrafa fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Verður ekki annað séð en að slík krafa sóknaraðila hafi fallið niður fyrir fyrningu þann 11. maí 2016, en hann gaf út skuldabréf til greiðslu ábyrgðarskuldarinnar þann 11. maí 2012. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 7. júlí 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur Emil Jóhannesson

Ár 2017, föstudaginn 10. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2017**:

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 9. janúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 12. janúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 8. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar 10. febrúar 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 15. febrúar 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar hinn 10. mars 2017.

II.
Málsatvik.

A ehf. rak fiskvinnslu og útgerð í Hafnarfirði til ársins 2009, gerði út fimm báta, var með um 90 manns í vinnu og seldi aðallega ferskar afurðir. Sóknaraðili átti rúmlega helmingshlut í félaginu. Varnaraðili og forveri hans, FF, voru viðskiptabanki og lánardrottinn sóknaraðila.

Félagið lenti í efnahagshremmingum á árunum 2008 og 2009 vegna gengisfalls íslensku krónunnar. Var það úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjaness hinn 5. nóvember 2009 að kröfu B lífeyrissjóðs og að undangengnu árangurslausu fjárnámi hjá skuldaranum 25. júní 2009. Skiptum lauk hinn 29. desember 2011.

Í bréfi frá lögmanni sóknaraðila til varnaraðila dags. 1. desember 2015, sem sóknaraðili vísar til í kvörtun sinni til úrskurðarnefndar, er samskiptum aðila í aðdraganda gjaldþrotsins lýst með þeim hætti að varnaraðili hafi knúið félagið í þrot, þótt það væri lífvænlegt, og ekki látið það njóta jafnræðis á við önnur útgerðarfélög. Þetta hafi varnaraðili m.a. gert með því að ráðstafa ekki innstæðum af reikningum í samræmi við handveðssamninga til greiðslu á afborgunum lána og því haldið þeim í vanskilum, auk þess sem varnaraðili hafi lagt til grundvallar stærstum hluta skuldar félagsins við sig lánasamninga sem síðar reyndust hafa að geyma ólögmæt gengisviðmið.

Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi ekki svarað framangreindu bréfi lögmanns hans, þar sem var m.a. farið fram á fund innan tveggja vikna til að ræða „mögulegar lausnir í málinu“ í því augnamiði að varnaraðili fengi tjón sitt að einhverju leyti bætt.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst viðurkenningar á því að varnaraðili hafi gert mistök gagnvart útgerðarfélagi sóknaraðila með því að krefjast innheimtu á kr. 6.785.805.018 þegar skuld félagsins við varnaraðila nam í raun kr. 2.629.045.645 eftir endurútreikning lána með ólögmætri gengistryggingu. Vísað er til yfirlits frá C endurskoðun ehf. um framangreint.

Þessi aðgerð bankans hafi valdið sóknaraðila fjárhagslegu tjóni að fjárhæð kr. 5.000.000.000, sem sé fjárkrafa hans að viðbættum dráttarvöxtum frá ólögmætum aðgerðum varnaraðila að telja.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa neitað félagi sóknaraðila um afskriftir og/eða leiðréttingu lána eins og önnur sambærileg félög hafi fengið. Þvert á móti hafi varnaraðili keyrt félagið í gjaldþrot í flýti. Félagið hefði átt verulegar eignir umfram skuldir ef lánasamningar þess hefðu verið leiðréttir í ljósi gengislánadóma. Félagið hefði þá átt bjarta framtíð fyrir höndum með því að í hönd fóru góð rekstrarár fyrir sjávarútvegsfélög í ferskfiskútflutningi. Í staðinn hefði sóknaraðili tapað öllu því fé sem hann hafði lagt til rekstrarins, þ.m.t. láns til þess að fjárhæð kr. 575.000.000.

Aðgerðir varnaraðila hafi verið andstæðar lögum nr. 107/2009 sem tóku gildi 23. október 2009 þar sem þau hefðu kveðið á um að sem flestir gætu haldið áfram rekstri jafnframt því að aðilar eins og varnaraðili skyldu viðhafa samræmd vinnubrögð og hlutlægni.

Sóknaraðili telur varnaraðila ekki getað neitað ábyrgð á gjaldþroti útgerðarfélagsins, sem mál þetta snýst um, með því að skjóta sér á bak við að B lífeyrissjóður hafi verið skiptabeiðandi, þar sem hann sé í fjárvörslu hjá varnaraðila.

Sóknaraðili kveður fjárkröfu sína raunsæja og hófsama með tilliti til þess tjóns sem varnaraðili hafi bakað honum. Með tilliti til hver kvótaaukning félagsins hefði verið frá árinu sem það var tekið til gjaldþrotaskipta til ársins 2017 hefði verðmæti heildarkvóta þess miðað við markaðsverð nú numið kr. 4.967.400.000. Töpuð framlegð miðað við eigið aflamark á árabilinu 2009–2017 nemi kr. 3.468.564.000. Þá væri markaðsvirði bátanna fimm kr. 212.000.000 og fiskverkunarinnar kr. 355.000.000. Til frádráttar kæmi skuld við varnaraðila að fjárhæð kr. 3.435.964.000.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til e-liðar 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000.

Verulegar rangfærslur séu í málsatvikum. Beri þar helst að nefna að varnaraðili var ekki skiptabeiðandi þegar bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness þann 5. nóvember 2009 heldur B lífeyrissjóður. Sé einnig vandséð hvað lög nr. 107/2009, sem tóku gildi nokkrum dögum áður, hafi í þessu máli. Þá séu framlagðir endurútreikningar sóknaraðila rangir og byggi á röngum forsendum.

Kröfugerð sóknaraðila sé annars vegar viðurkenningarkrafa og hins vegar fjárkrafa.

Hvað viðurkenningarkröfuna varði byggi varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um þetta sakarefni. Bú umþrætts útgerðarfélags hafi verið tekið til gjaldþrotaskipa, sem fyrr segir, og skiptunum lokið 29. desember 2011. Sé því vandséð hverjir hinir lögvörðu hagsmunir sóknaraðila, sem fyrrverandi fyrirsvarsmanns og hlutahafa í félaginu, geti verið af úrlausn um þetta efni en sóknaraðili geri enga tilraun til að upplýsa það í kvörtun sinni.

Hvað fjárkröfuna varði byggi varnaraðili á að hún sé með öllu vanreifuð og beri þegar að vísa henni frá nefndinni af þeirri ástæðu. Engin umfjöllun sé í kvörtun sóknaraðila um grundvöll fjárkröfunnar og er það varnaraðila óskiljanlegt hvernig sóknaraðili geti talið meint tjón sitt hafa orðið kr. 5.000.000.000 við það hvernig varnaraðili lýsti kröfu í þrotabú útgerðarfélagsins, þegar sóknaraðili lýsti þar kröfu að fjárhæð kr. 575.000.000.

V.
Niðurstaða.

Starfssvið úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki er svo afmarkað í 3. gr. samþykkta hennar að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni geti snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samþykktirnar móta grundvöll nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 19. gr. a laga nr. 161/2012.

Mál þetta er rekið á þeim grundvelli að varnaraðili hafi valdið sóknaraðila tjóni með þátttöku sinni í innheimtum og málarekstri sem leiddu til þess að einkahlutafélag í eigu sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta. Byggir málið þannig ekki á neinu viðskiptasambandi á milli varnaraðila og sóknaraðila heldur á reglum um bótaskylt tjón utan samninga.

Þegar af þessari ástæðu verður máli þessu vísað frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, gegn varnaraðila, F, er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 10. mars 2017.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Oddur Ólason

Hrannar Már Gunnarsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 17. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. janúar 2017 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 13. janúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 2. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 8. febrúar 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. mars 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 3. desember 2003 gaf A út verðtryggt skuldabréf nr. X (upphaflega Y) til forvera varnaraðila, FF, að fjárhæð 6.100.000 kr. Lánið var til 15 ára og skyldi endurgreiðast með jöfnum 180 mánaðarlegum greiðslum auk 8,5% fastra vaxta og verðbóta. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins, ásamt fjórum öðrum aðilum sem ekki eru aðilar máls þessa.

Skuldabréfið var gefið út í gildistíð samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001, hér eftir „samkomulagið“. Sóknaraðili undirritaði skuldabréfið sem ábyrgðarmaður.

Sama dag og skuldabréfið var gefið út var útbúið skjal með yfirskriftinni „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga Y“. Í því kemur fram að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá FF. Allir ábyrgðarmenn merktu við þann valkost á þessu blaði að þeir óskuðu þess að greiðslugeta greiðanda yrði metin, en auk þess kom fram í skjalinu að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjáræð væri hærri en 1.000.000. kr. Þá er í skjalinu áréttað að greiðslumat taki einvörðungu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá FF og uppflettingar í opinberri vanskilaskrá. Aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda hafi FF ekki undir höndum. Sóknaraðili ritaði undir skjalið ásamt öðrum ábyrgðarmönnum lánsins.

Þann 16. desember 2003 var gefið út skjalið Niðurstaða greiðslumats. Á því kemur fram lánsfjárhæðin 6.100.000 og að *„Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að lántakandi geti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.“*

Í málinu liggur fyrir tölvuútskrift þar sem teknar eru saman upplýsingar um fjárhagsstöðu skuldarans. Ágreiningslaust virðist að umrætt skjal var lagt til grundvallar ofangreindri ályktun. Umrædd útskrift ber með sér að hafa verið unnin 20. febrúar 2002. Mánaðarlegar tekjur eru þar tilgreindar 280.000 kr. Greiðslubyrði lána er tilgreind 91.000 fyrir lánveitingu en 131.000 eftir lánveitingu. Þegar liðirnir „Framfærslukostnaður“ og „Annar fastur kostnaður“, samtals að fjárhæð 132.873 er því niðurstaðan sú að skuldarinn hafi 26.127 kr. í afgang eftir að hafa greitt af lánum og mætt umræddum kostnaðarliðum.

Skilmálabreyting var gerð á skuldabréfinu 6. júlí 2005 þannig að á næstu 12 mánuðum skyldi aðeins greiða vexti, en lánið síðan endurgreitt á 161 gjalddaga eftir það.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að „ógild verði sjálfskuldarábyrgð [sóknaraðila] á láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af A, til FF sem nú er í eigu F.“

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi farið fram á að framkvæmt yrði greiðslumat á aðalskuldara og hafi það verið kynnt af varnaraðila að greiðslumat hefði verið framkvæmt sem gæfi til kynna að aðalskuldari gæti efnt skuldbindingu sína. Síðar hafi hins vegar komið í ljós að hið jákvæða greiðslumat hafi verið tæplega tveggja ára gamalt og hafði ekki verið framkvæmt vegna umþrætts skuldabréfaláns. Hagir aðalskuldara hafi breyst verulega frá þeim tíma sem matið hafði verið gert og þar til sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð á hinu umþrætta skuldabréfaláni og hafi aðalskuldari þá þegar verið í vanskilum við lánveitanda. Þá hafi tekjur hans og sambýliskonu lækkað umtalsvert á þessum tíma og þau hafi eignast barn. Þrátt fyrir þessa annmarka hafi kröfueigandi, nú varnaraðili, ekki fallist á að um ógilda ábyrgð sé að ræða.

Telur sóknaraðili að ógilda beri ábyrgðina þar sem ekki hafi verið farið að þeim reglum sem hafi gilt um sjálfskuldarábyrgðir skv. samkomulaginu. Þá telur sóknaraðili að vinnubrögð forvera varnaraðila við að afla ábyrgðarinnar hafi verið með öllu óforsvaranleg og brotið gegn góðum viðskiptaháttum sem forveri varnaraðila hafði skuldbundið sig til að fylgja með aðild sinni að samkomulaginu.

Sóknaraðili telur að greiðslumat sem hafi verið gert hafi engan veginn gefið rétta mynd af fjárhag aðalskuldara og eiginkonu hans á þeim tíma sem skuldabréfið hafi verið gefið út og sóknaraðili hafi gengist í ábyrgðina. Þegar greiðslumatið hafi verið framkvæmt hafi aðalskuldari og eiginkona hans verið barnlaus en höfðu þann 13. ágúst 2005 eignast son og jafnframt hafi eiginkona aðalskuldara verið ólétt af öðru barni þeirra og hafi framfærslukostnaður þeirra því verið hærri á þeim tíma sem lánveitingin hafi átt sér stað, en við höfðu bæst útgjöld vegna m.a. framfærslu barns og dagmóður. Þá höfðu heildartekjur þeirra jafnframt lækkað, en samanlagðar tekjur þeirra árið 2003 hafi verið 4.731.935 kr., en hafi verið árið 2002 skv. greiðslumati kr. 5.729.832. Því telur sóknaraðili að ljóst sé að ef greiðslumat hefði verið framkvæmt á þeim tíma sem umþrætt skuldabréfalán hafi verið veitt hefði niðurstaða þess mats verið sú að aðalskuldari gæti ekki efnt skuldbindingu sína enda hafi aðalskuldari þá þegar verið kominn í verulega erfiðleika og hafi það í reynd verið ástæða lántökunnar, þ.e. að greiða upp kröfur lánveitanda á hendur aðalskuldara og eiginkonu hans sem hafi þá þegar verið komnar í vanskil. En jafnframt hafi aðalskuldari og eiginkona hans verið í erfiðleikum með að greiða af öðrum skuldum sínum og hafi til að mynda naumlega náð að forða fasteign sinni frá nauðungarsölu en beiðni Í um nauðungarsölu hafi verið tekin fyrir hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þann 14. mars 2003 en þeim hafi tekist að fá hana afturkallaða með innágreiðslu og samningi í maí 2003.

Skuldsetning aðalskuldara og eiginkonu hans hafi því ljóslega verið langt umfram greiðslugetu þegar umþrætt skuldabréfalán hafi verið veitt enda hafi þau alla tíð átt í vanræðum með að standa skil á láninu og hafi þurft því aðstoð ábyrgðarmanna við að standa skil á afborgunum auk þess sem reynt hafi verið að mæta erfiðleikum aðalskuldara í tvígang með skilmálabreytingum þar sem lengt hafi verið í láninu þann 6. júlí 2005 og þann 13. nóvember 2008.

Sóknaraðili telur að forveri varnaraðila hafi verulega brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu. Ábyrgðarmenn hafi farið fram á að gert yrði greiðslumat á aðalskuldara og vísar sóknaraðili til þess að lánveitandi hafi haldið því ranglega fram að slíkt mat hefði verið framkvæmt og hafi kynnt ábyrgðarmönnum að niðurstaða matsins benti til að aðalskuldari gæti efnt skuldbindingu sína. Á grundvelli þessara röngu upplýsinga hafi lánveitanda tekist að afla sér sjálfskuldarábyrgða fjögurra nýrra ábyrgðaraðila (fimmti aðilinn hafi verið eiginkona aðalskuldara), þar á meðal sóknaraðila, á skuldum aðalskuldara sem þá hafi verið ótryggðar, í vanskilum og í þeim fylgt veruleg tapsáhætta. Telur sóknaraðili að forvera varnaraðila hafi verið skylt skv. 3. gr. samkomulagsins að framkvæma greiðslumat sem hafi tekið mið af stöðu aðalskuldara þegar skuldabréfalánið hafi verið veitt. Þá telur sóknaraðili jafnframt að skyldan hafi ekki eingöngu hvílt á forvera varnaraðila vegna aðildar að samkomulaginu heldur hafi forveri varnaraðila með yfirlýsingum sínum á fylgiskjölum skuldabréfsins sérstaklega samið um að greiðslumat skyldi fara fram og því hafi verið jafnframt um hluta af samningi aðila að ræða. Telur sóknaraðili að vinnubrögð og upplýsingagjöf forvera varnaraðila hafi engan veginn verið með þeim hætti sem ætlast megi til af fjármálafyrirtæki og ekki í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði líkt og forveri varnaraðila hafi borið að fylgja. Skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. gr. og 6. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti, sé það skýlaus skylda fjármálafyrirtækja skv. tilvitnuðum lagaákvæðum að vandað sé til gerðar greiðslumats og það framkvæmt með forsvaranlegum hætti. Vísar sóknaraðili þessu til stuðnings í dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Telur sóknaraðili að í ljósi þess að aðalskuldari hafi þegar verið kominn í vanskil við forvera varnaraðila þegar lánið var veitt, fjárhæðar lánsins hefði lánveitanda borið að sýna sérstaka aðgæslu og gæta að upplýsingaskyldu sinni. Telur sóknaraðili að rétt framkvæmt greiðslumat hefði leitt til þess að forvera varnaraðila hefði borið skv. lokamálslið 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins að kynna ábyrgðarmönnum að niðurstaðan benti til þess að aðalskuldari gæti ekki efnt skuldbindingu sína og borið að afla skriflegrar yfirlýsingar um að ábyrgðarmenn hafi óskað eftir því að lánið yrði veitt engu að síður.

Sóknaraðili telur að öllum atvikum virtum að forveri varnaraðila hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi eða ásetning við að afla sér trygginga fyrir ótryggðum kröfum og sé því ábyrgð ógild með vísan til 33. gr. laga nr. 7/1936 um umboð, samninga og ógilda löggerninga (smnl.) Ljóst sé að forvera varnaraðila hafi verið kunnugt um slæma stöðu skuldara þegar ábyrgðarmenn gengust í ábyrgðina og því sé óheiðarlegt að bera samninginn fyrir sig.

Þá vísar sóknaraðili jafnframt til meginreglna um rangar og brostnar forsendur.

Þá telur sóknaraðili að öllu framangreindu virtu að ábyrgðin sé ógildanleg með vísan til 36. gr. smnl. enda sé að virtum öllum atvikum við samningsgerðina ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera ábyrgðina fyrir sig. Telur sóknaraðili að sérstaklega verði að líta til stöðu aðila skv. 2. mgr. 36. gr. laganna,

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila hafnar hann athugasemdum varnaraðila um tómlæti. Sóknaraðili hafi fyrst verið krafinn um greiðslu með greiðsluáskorun þann

13. janúar 2015. Ábyrgðarmenn hafi krafist ógildingar á kröfunni með bréfi lögmanns þann 15. maí 2015. Samkvæmt skýrum fordæmum Hæstaréttar hafi verið miðað við þann tíma sem ábyrgðarmaður hafi verið krafinn um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar en ekki við það tímamark þegar gengist hafi verið í ábyrgðina þegar til skoðunar hafi komið hvort ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti, sjá t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 762/2016. Sóknaraðili telur að um sé að ræða skýrt fordæmi og ljóst að atvik í dómnum eigi að fullu við um ábyrgð sóknaraðila. Tilvísaður héraðsdómur í athugasemdum varnaraðila nr. E-151/2016 snúi að ólíku tilviki en í því máli hafi sérstaklega verið til þess tekið að „engar nýjar upplýsingar hafi komið fram eftir undirritun veðskuldabréfanna sem réttlæti þann mikla drátt sem hafi orðið á því að sóknaraðili bæri fyrir sig formreglur samkomulagsins.“ Því sé ólíku saman að jafna þar sem sóknaraðili hafði í þessu málið verið kynnt að gert hafi verið greiðslumat sem benti til þess að skuldari gæti staðið undir greiðslum af lánveitingunni en það hafi eingöngu verið við eftirgrennslan og mikla eftirfylgni sem tekist hafi verið að fá afhent gögn sem hafi sýnt fram á að varnaraðili hafði í reynd aldrei látið framkvæma greiðslumatið og hafi sóknaraðila verið fyrst kunnugt um það síðla ár 2015.

Það sé rétt sem fram komi í andmælum varnaraðila að skattframtal 2003 hafi ekki verið til reiðu þegar lánið hafi verið veitt enda hafi árið 2003 ekki verið liðið. Framtalið hafi verið lagt fram til þess að sýna stöðu lántaka á þeim tíma sem lánið hafi verið veitt enda hafi lánveitingin átt sér stað í upphafi árs. Þau gögn sem hefði verið hægt að afla á þeim tíma séu hefðbundin gögn sem notuð séu við gerð greiðslumats, s.s. launaseðlar og staðgreiðsluskrá RSK en ef þeirra gagna hefði verið aflað hefði slík gagnaöflun leitt í ljós sömu staðreynd og síðar tilkomið skattframtal, þ.e. verulegra lækkun tekna.

Í svari varnaraðila segir jafnframt: „greiðslumat byggir í öllum meginatriðum á stöðu lántaka við lánveitingu, umrætt samkomulag gerir ekki ráð fyrir að reynt sé að átta sig á framtíðaráhorfum hvað tekjur lántaka varðar“. Sóknaraðili byggir á því að ekki sé hægt annað en að fallast á þessi sjónarmið varnaraðila en staðreyndin sé sú og á því byggist kvörtunin að greiðslumatið hafi einmitt ekki byggt á stöðu lántaka við lánveitingu.

Þótt ekki sé um ákveðna aldursreglu greiðslumats sé að ræða í samkomulaginu verði að líta til markmiða samkomulagsins en í 1. gr. þess komi fram sú stefna að lánveitingar miðist við greiðslugetu lántaka og að í því felist meginreglur sem ætlað sé að vernda ábyrgðarmenn. Í 3. gr. komi fram helstu atriði sem þarf að kanna og leggja til grundvallar í greiðslumati, en þar sé m.a. um að ræða föst útgjöld, neyslu, greiðslubyrði annarra skuldbindinga og tekjur. Ljóslega sé hér um að ræða margvísleg atriði sem geti tekið umtalsverðum breytingum hjá einstaklingum og líkur sé til þess að þær breytingar séu meiri eftir því sem lengri tími líður. Eðli málsins samkvæmt séu greiðslumöt því óáreiðanlegri eftir því hversu gömul þau séu. Svo sem ráða megi af dómum Hæstaréttar sé gerð rík krafa til fjármálafyrirtækja um að framkvæma greiðslumöt með forsvaranlegum hætti. Í þessu samhengi vísast til dómar Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Það geti tæpast talist trúverðug og vönduð vinnubrögð að notast við tveggja ára gamalt greiðslumat og slíkt sé ekki í samræmi við venjur og góða viðskiptahætti. Í reynd virðast fjármálafyrirtæki almennt miða við að greiðslumöt séu ekki eldri en 6 mánaða gömul en þó séu dæmi um að miðað sé við 1 ár.

Að öllu ofangreindu virtu telur sóknaraðili sýnt fram á að varnaraðili hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. samkomulaginu og því sé um ógilda ábyrgðarskuldbindingu að ræða og að meint tómlæti geti ekki staðið í vegi fyrir þeirri niðurstöðu.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili fellst ekki á að málsástæður sóknaraðila leiði til ógildingar á ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila. Engan áskilnað sé að finna í samkomulaginu um að greiðslumat skuli framkvæmt vegna tiltekinnar lántöku eða hversu nálægt lántökunni í tíma það skuli framkvæmt. Ekkert sé fram komið í málinu sem staðfestir að hagir skuldara hafi breyst verulega frá því að greiðslumatið hafi verið framkvæmt og þar til sóknaraðili hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð. Sóknaraðili hafi lagt fram skattframtal frá árinu 2003 þar sem fram komi að tekjur skuldara hafi lækkað frá því sem fram hafi komið í greiðslumatinu sem framkvæmt hafi verið. Skattframtal fyrir árið 2003 hafi þó ekki verið tiltækt í desember árið 2003 þar sem almennur framtalsfrestur sé alla jafna við lok 1. ársfjórðungs næsta árs á eftir skattári. Ekki verði unnt að fallast á það að að miða hefði átt við upplýsingar úr skattframtali ársins 2003 þar sem ómögulegt hafi verið fyrir starfsmenn bankans að nálgast það við lánveitinguna. Greiðslumatið hafi verið unnið eftir gögnum sem hafi borist frá sóknaraðila og samkvæmt samkomulaginu hvíli engin skylda á lánveitanda að staðreyna þau gögn sem honum berist. Greiðslumatið hafi byggt í öllum meginatriðum á stöðu lántaka við lánveitingu. Umrætt samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi þá ekki gert ráð fyrir að reynt sé að átta sig á framtíðaráhorfum hvað tekjur lántaka varðar. Varnaraðili geti því ekki borið ábyrgð á því að hagir sóknaraðila hafi breyst stuttu eftir lántökuna.

Sóknaraðili hafi borið fyrir sig 33. og 36. gr. samningalaga Meta þurfi því sérstaklega hvort skilyrðum 36. gr. laganna um hvort að ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, eða hvort skilyrðum 33. gr. laganna um hvort óheiðarlegt, sé að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig. Af dómaframkvæmt megi sjá að það ræðst af heildstæðu mati á atvikum hvers máls fyrir sig hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. samningalaga. Sönnunarbyrði fyrir því að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvílir á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á að það, þ.e. að umræddum ákvæðum verði beitt til ógildingar.

Varnaraðili bendir jafnframt á að skuldabréfið hafi verið gefið út í desember 2003 og hafi því sóknaraðili sýnt af sér verulegt tómlæti en rúm 13 ár séu frá því að skuldabréfið hafi verið gefið út. Sóknaraðili hafi einnig undirritað skilmálabreytingu skuldabréfsins þann 6.7.2005. Þessu til stuðnings beri einnig að vísa í dóm héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-151/2016.

Þar sem rúm 13 ár séu frá því lánveitingin hafi átt sér stað þá telur varnaraðili að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að koma að athugasemdum fyrr.

Ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglur og lög nr. 161/2002 og kröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda.

Í ljósi alls framangreinds verði ekki fallist á að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila eða víkja henni til hliðar með vísan til samningalaga. Beri því að hafna öllum kröfum sóknaraðila og byggir varnaraðili kröfu sína á því að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt í hvívetna við lánveitingar til sóknaraðila.

Að lokum ítrekar varnaraðili framkomnar málsástæður og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að framkvæmd forvera varnaraðila við greiðslumat vegna útgáfu veðskuldabréfs nr. X (upphaflega Y) sem sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á og ógildingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á umræddu veðskuldabréfi og ógildingarkröfu sóknaraðila vegna þeirrar framkvæmdar.

Við lánveitinguna var lánveitandinn bundinn af samkomulagi um notkun ábyrgða frá 1. nóvember 2001. Samkvæmt 3. gr. þess bar fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda þegar skuldaábyrgð eða veð var sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Þessi skuldbinding lánveitandans var svo áréttuð með þeim yfirlýsingum sem gefnar voru út við lánveitinguna og að ofan eru raktar. Það er rétt sem varnaraðili bendir á að í samkomulaginu er ekki að finna neinar reglur um það atriði hve gömlum greiðslumötum unnt er að byggja á. Þegar atvik þessa máls eru virt í heild sinni og skuldbindingar lánveitandans að þessu leyti bornar saman við þá framkvæmd hans að byggja við lánveitinguna á yfirlitinu frá 20. febrúar 2002, er þó útilokað að fallast á að greiðslumat hafi verið framkvæmt á skuldaranum í samræmi við þessar skuldbindingar. Í þessu eldra fjárhagsyfirliti er ekkert tillit tekið til hinnar nýju lánveitingar að fjárhæð 6.100.000. Það kemur fram í gögnum málsins að því láni hafi að mestu átt að ráðstafa til uppgreiðslu eldri skuldbindinga, en augljóslega verður ekkert ráðið af þessu yfirliti um hvaða áhrif þessar nýju skuldbindingar um greiðslu afborgana að fjárhæð u.þ.b. 60.000 kr. á mánuði hefðu á fjárhagsstöðuna. Hlaut þó markmið greiðslumats öðru fremur að snúa að því hvort lántakinn réði við að bæta við sig afborgunum lánsins. Þar við bætist að það liggur fyrir að bæði fjölskylduaðstæður og tekjur höfðu breyst töluvert á þeim tveimur árum sem liðu frá gerð greiðslumatsins að lántökunni svo sem vænta mátti. Verður ekki komist hjá þeirri ályktun að við lánveitinguna hafi lánveitandinn enga raunhæfa tilraun gert til að meta getu greiðandans til að greiða af láninu og alveg litið fram hjá þeirri skuldbindingu sinni gagnvart ábyrgðarmönnum að kanna fjármál greiðanda og kynna þeim niðurstöðuna. Verður að telja ósanngjarnt gagnvart sóknaraðila að varnaraðili beri fyrir sig skuldbindingu sem aflað var með þessum hætti.

Ekki verður talið að sú skilmálabreyting sem gerð var á skuldabréfinu árið 2005 hafi gefið sóknaraðila slíkt tilefni til að kanna gildi ábyrgðar sinnar, að mótbárur hennar þar um séu niður fallnar fyrir tómlæti. Verður að hafna þeirri málsástæðu að ábyrgðin haldi gildi sínu þrátt fyrir ofangreinda annmarka vegna þess að sóknaraðili hafi ekki haldið máli sínu fram með réttum hætti.

Að öllu ofangreindu athuguðu verður ábyrgð sóknaraðila ógilt.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi varnaraðila, F, nr. X, dags. 3. desember 2003, upphaflega að fjárhæð 6.100.000 kr., er ógilt.

Reykjavík, 17. mars 2017.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 7. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. janúar 2017 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 24. janúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 23. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, sem bárust nefndinni með bréfi dags. 7. mars 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. júní og 7. júlí 2017.

II.
Málsatvik.

Málið snýst um sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili tókst á hendur á skuldabréfi útgefnu 28. október 2005 af A, upphaflega að fjárhæð 1.300.000 kr., til forvera varnaraðila, en hinn 9. október 2008 tók varnaraðili umræddan lánssamning yfir á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda F. Lánið var bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 246,90. Var lánið veitt til sjö ára og eins mánaðar og var fyrsti gjalddagi 1. desember 2005 en vextir reiknuðust frá 24. október sama ár. Vextir voru tilgreindir 8,10% og voru breytilegir. Með því að haka í þar til gerðan reit á skuldabréfinu og rita upphafsstafi sína þar við óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði metin.

Greiðslumati varnaraðila á greiðanda var lokið 21. október 2005 með neikvæðri niðurstöðu sem merkir að greiðandi gat ekki efnt fjárskuldbindingar sínar. Útgefandi skuldabréfsins og sömuleiðis sóknaraðili rituðu 28. sama mánaðar nafn sitt undir eftirfarandi texta á skjali með greiðslumatinu sem ber heitið „Niðurstöðu greiðslumats“: „Greiðandi og ábyrgðarmenn hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þeir hafa einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings F um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.“ Fyrir neðan framangreinda nafnritun er enn annar texti sem ábyrgðarmaður getur staðfest með undirskrift sinni, svohljóðandi: „Þrátt fyrir að ofangreint greiðslumat gefi það til kynna að greiðandi getur ekki efnt skuldbindingar sínar, óskar ábyrgðarmaður eftir að lánið verði veitt engu að síður. Staðfestist það hér með.“ Sóknaraðili ritaði nafn

sitt ekki undir síðastgreindan texta, en gert er ráð fyrir slíkri undirskrift á hinu prentaða skjali.

Í framhaldi af þessu var lánið greitt út.

Þann 18. nóvember 2008 og 20. maí 2009 var skrifað undir breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfsins og samþykkti sóknaraðili þær breytingar með undirritun sinni. Samkvæmt gögnum málsins fór lánið oft í vanskil og sendi varnaraðili aðalskuldara og sóknaraðila innheimtubréf vegna þess 20. janúar 2011. Varnaraðili beindi jafnframt greiðsluáskorun að aðalskuldara 23. september 2013. Þar er heildarfjárhæð kröfunnar vegna skuldabréfsins tilgreind 1.795.196 kr., þar af eru gjaldfallnar afborganir 1.052.629 kr..

Lögmaður sóknaraðila sendi varnaraðila tölvupóst 3. janúar 2017 og krafðist niðurfellingar á ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila „þar sem bankinn fór ekki eftir 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins um notkun ábyrgðar á skuldum einstaklinga frá 2001“ (hér eftir einnig vísað til þess sem samkomulagsins).

Umræddur málsliður hljóðar svo: „Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.“

Beiðni sóknaraðila var hafnað af varnaraðila með tölvupósti 4. janúar s.á. með vísun til dóms Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-434/2010 og til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 85/2012. Af þessum sökum var málinu skotið til nefndarinnar.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X, útgefnu 28. október 2005 af A, upphaflega að fjárhæð 1.300.000 kr., til forvera varnaraðila verði vikið til hliðar í heild.

Byggt er á því að varnaraðili hafi með „athöfnum sínum og athafnaleysi“ brotið gegn reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001, einkum og sér í lagi 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, þannig að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila sé ógildanleg á grundvelli laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.). Um sé að ræða sérreglu sem tekur til þeirra tilvika þar sem niðurstaða greiðslumats á aðalskuldara er neikvæð, eins og í þessu tilviki, og hann getur ekki efnt fjárskuldbindingar þær sem ábyrgðin tekur til. Sé þar sérstaklega og með afdráttarlausum hætti kveðið á um að ef ábyrgðarmaður óskar eftir því að lán verði veitt, þrátt fyrir slíka niðurstöðu greiðslumats, skuli hann staðfesta það skriflega. Varnaraðila hafi borið að fylgja formreglum samkomulagsins og afla umræddrar staðfestingar til að ekki væri nokkur vafi á því að sóknaraðili óskaði eftir að taka á sig aukna áhættu í ljósi þess að lántaki stóðst ekki greiðslumat.

Sóknaraðili byggir á skýringu á framangreindri reglu í 2. máls. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins í dómi Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 þar sem segi m.a. að á lánveitanda hafi hvílt „sérstök skylda til þess að vekja athygli [umræddra veðsala] á þeirri staðreynd að [lántaki] stóðst ekki greiðslumatið og að það fæli í sér verulega aukna áhættu fyrir [þá]“. Bankinn hafi brugðist skyldum sínum í þessu efni. Hann hefði ekki átt að leggja viðkomandi skjöl fram til undirritunar án þess að „aflað væri sérstaks samþykkis þeirra til að veita veðið þar sem [lántaki] stæðist ekki greiðslumatið“. Beri dómur þessi með sér að ríkar skyldur hvíli á lánveitanda í sambærilegum tilvikum að veita upplýsingar um þá verulega auknu áhættu sem felst í því að veita ábyrgð þegar lántaki stenst ekki greiðslumat og til að afla sérstaks samþykkis ábyrgðarmanns við því að veita ábyrgð, sbr. og til hliðsjónar dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-362/2013 og E-1042/2013. Við mat á ógildingarkröfunni í málinu segi í dóminum að

bankinn hefði ekki átt að leggja viðkomandi skjöl fram til undirritunar „án þess að gera sérstakar ráðstafanir til að áfrýjendur fengju réttar og fullnægjandi upplýsingar um áhættu sína og að aflað væri sérstaks samþykkis þeirra til að veita veðið þótt lántakinn stæðist ekki greiðslumatið“. Sóknaraðili byggir auk þess á að Hæstiréttur hafi í dómum sínum í málum nr. 4/2013 og 569/2013 vísað til þess sem meginmarkmiðs með samkomulaginu frá 2001 að tryggja að ábyrgðarmenn geri sér ljósa grein fyrir þeirri áhættu sem þeir takast á herðar með veitingu slíkrar ábyrgðar.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa aflað hins sérstaka samþykkis fyrir því að lánið yrði veitt, þrátt fyrir að lántaki stæðist ekki greiðslumat, þar sem sóknaraðili hefði ekki ritað nafn sitt undir texta þar um á greiðslumati greiðanda, sbr. framangreint. Slíkri undirritun hefði verið ætlað að mæta kröfum 2. máls. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili hafi heldur ekki uppfyllt skyldu sína til að vekja athygli á þeirri verulega auknu áhættu sem fólst í því að aðalskuldari stóðst ekki greiðslumatið. Þótt fram hafi komið í skjalinu að greiðslugeta lántaka teldist ekki næg hafi skjalið ekki falið í sér neina frekari viðvörun um þá verulega auknu áhættu sem í því fólst fyrir sóknaraðila. Viðvörun í þá veru verði ekki heldur talin felast í hinum almenna upplýsingabæklingi sem sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér en fékk þó ekki afhentan. Það sé sjálfstætt brot varnaraðila á 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Bæklingur þessi hafi heldur ekki verið lagður fram í málinu og verði af þeirri ástæðu að telja ósannað að hann veiti þess konar viðvörun sem hér um ræðir.

Sóknaraðili segir að ekki sé með neinu móti unnt að fallast á að undirritun sóknaraðila undir fyrri yfirlýsinguna á skjalinu feli einnig í sér staðfestingu á seinni yfirlýsingunni. Blasi við af uppsetningu skjalsins, sem varnaraðili samdi einhliða, að talið hafi verið nauðsynlegt að fá seinni yfirlýsinguna undirritaða til að mæta kröfum 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Fyrri yfirlýsingunni hafi verið ætlað að mæta kröfum 1. málsl. sömu málsgreinar. Skjalið hafi verið samið af varnaraðila einhliða, sem búið hafi yfir sérfræðiþekkingu á sviði fjármála, með stöðluðum skilmálum og verði varnaraðili að sæta því að allur vafi um merkingu ákvæða og/eða skilmála verði skýrður sóknaraðila í hag.

Krafa sóknaraðila er studd við 36. gr. sml. um að samningi megi víkja til hliðar í heild eða hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hvað varði efni samningsins og atvik við samningsgerðina vísist til þess sem haldið hefur verið fram um að til ábyrgðar sóknaraðila á umræddri skuld hafi stofnast án þess að varnaraðili gætti skyldna sinna samkvæmt tilgreindu ákvæði samkomulagsins. Verði varnaraðili að bera hallann af því að vinnubrögð væru ekki eins vönduð og gert sé ráð fyrir í samkomulaginu. Enn fremur hafi varnaraðili notið aðstöðumunar gagnvart sóknaraðila. Samkvæmt framangreindu standi heildarmat á þeim atriðum sem greinir í 2. mgr. 36. gr. sml. til þess að ósanngjarnt sé fyrir varnaraðila skv. 1. mgr. sömu greinar að bera fyrir sig hina umdeildu sjálfskuldarábyrgð. Beri því að víkja henni til hliðar að öllu leyti. Vísar sóknaraðili til áðurnefnds Hæstaréttardóms í máli nr. 169/2012 og til fullnaðardóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1042/2013. Sá dómur hafi fordæmisgildi fyrir úrlausn þessa máls vegna líkinda málanna og undirliggjandi skjala enda sé um sama lánveitanda að ræða. Þannig hafi sjálfskuldarábyrgðaraðili í hvorugu málinu undirritað seinni yfirlýsinguna á greiðslumati greiðanda. Segi m.a. í forsendum héraðsdóms: „Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að bankinn hafi ekki aðeins vanrækt skyldu sína til að afla hins sérstaka samþykkis áður en lánið var veitt, heldur hafi bankinn verið meðvitaður um hvað á skorti í þessum efnum.“ Hafi jafnframt þótt vera ljós að bankinn hefði ekki uppfyllt sérstöku skyldu sína samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 4.

gr. samkomulagsins frá 2001 um að vekja athygli á þeirri verulega auknu áhættu sem fólst í því að lántaki stóðst ekki greiðslumatið.

Loks kveður sóknaraðili að það sé óheiðarlegt af varnaraðila að bera samninginn fyrir sig skv. 33. gr. sml. þegar ljóst sé að varnaraðili hafi vanrækt við samningsgerðina að fara eftir áskilnaði títtnefnds ákvæðis samkomulagsins. Auk þess sé óheiðarlegt af varnaraðila að byggja einhliða rétt á þeim lánssamningi sem hefur verið hefur grundvöllur að innheimtuaðgerðum hans á hendur sóknaraðila án tillits til annarra skuldbindinga sem varnaraðili bar sjálfur gagnvart sóknaraðila samkvæmt samkomulaginu.

Í athugasemdum sínum við mótbárum varnaraðila mótmælir sóknaraðili tilvísun til Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-434/2010 þar sem málsatvik séu þar önnur og ósambærileg en í fyrirliggjandi máli og kröfuhafinn annar og skuldaskjöl hans ólík þeim sem hér er um að tefla. Ekki verði sóknaraðili heldur sakaður um tómlæti sem sé ólöglærður og hafi enga sérstaka þekkingu eða reynslu af viðskiptum af þessu tagi.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Með vísan til dóms Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-434/2010 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 85/2012 séu ekki forsendur til að víkja umræddri ábyrgð til hliðar með vísan til 36. gr. sml. Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til tryggingar efndum framangreinds skuldabréfs sé gild.

Varnaraðili kveður samkomulagið um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hvorki hafa lagagildi né fela í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt út í æsar. Meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. sml. Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 þar sem fram komi að „þótt fyrir liggi að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara lánsins hafi ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins [kveði] á um, [hafi] það ekki í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda“. Einnig vísar varnaraðili til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 10/2011. Þar komi fram að þegar metið sé hvort skortur á sönnun um að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir eigi að leiða til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. sml. þurfi að meta hvort talið verði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig. Líta beri til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að skilyrði til að víkja samningnum til hliðar séu uppfyllt.

Varnaraðili kveður fyrir liggja að greiðslumat á skuldara hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulagsins og að sóknaraðili hafi undirritað yfirlýsingu um að hann hefði kynnt sér og skilið matið, eins og greinir hér að ofan, og að það væri fullnægjandi fyrir sig auk þess sem sóknaraðili hefði kynnt sér efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Hvað það snerti að sóknaraðili ritaði ekki undir þar sem gert var ráð fyrir undirskrift sóknaraðila til staðfestingar á því að hann vildi að lánið yrði veitt þrátt fyrir að greiðslumatið gæfi til kynna að aðalskuldari gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, segir varnaraðili að sóknaraðili ritaði undir skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili 28. október 2005, sama dag og hann ritaði nafn sitt á skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ með neikvæðri niðurstöðu fyrir greiðanda. Hafi sóknaraðili hvorki gert efnislegar athugasemdir við matið né haldið því fram að forsendur þess væru rangar. Telji varnaraðili því skilyrði

síðari máls. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins hafa verið uppfyllt með fullnægjandi hætti enda verði að telja að undirritun sóknaraðila undir greiðslumatið og skuldabréfið feli í sér yfirlýsingu um að þrátt fyrir neikvætt greiðslumat hafi vilji hans staðið til þess að lánið yrði veitt. Skjöl málsins beri enn fremur með sér að sóknaraðili hafi kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Sé því ljóst að skilyrði 1. og 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins hafi einnig verið uppfyllt. Loks liggi fyrir að lántaki hafi staðfest með undirritun sinni á skjal merkt „Forsendur fasteignalánamats“ að þær upplýsingar sem þar kæmu fram væru réttar og heimilaði að þær yrðu veittar sóknaraðila, sbr. fyrri málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Með vísan til framangreinds telur varnaraðili að hann hafi í öllum atriðum farið að ákvæðum samkomulagsins frá 2001.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 og segir grundvallarmun vera á skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ sem liggi til grundvallar í þessu máli annars vegar og hins vegar skjali sem ber heitið „Niðurstöður fasteignalánamats“ sem var grundvöllur ágreinings í framangreindu máli fyrir Hæstarétti. Það skjal lúti að fasteignalánamati og í nefndu tilviki hafi komið fram í því að fjármögnun væri talin takast enda þótt niðurstaða dálks um tekjur og útgjöld væri neikvæð. Því gerði umrætt skjal ekki ráð fyrir yfirlýsingu veðsala þess efnis að þrátt fyrir að greiðslumat gæfi til kynna að skuldari gæti ekki efnt fjárskuldbindingar sínar óskaði eigandi veðsins eigi að síður eftir því að lánið yrði veitt og að hann myndi leggja fram veð sitt til tryggingar. Hæstiréttur hefði talið yfirlýsinguna um að fjármögnun myndi takast vera ranga og villandi og að uppfylla hefði þurft ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins í málinu. Af því leiddi að dómurinn taldi að ekki yrði gerð sú krafa til veðsala að þeir hefðu mátt átta sig á þessari stöðu þótt þeir kynntu sér efni upplýsingabæklings lánveitandans og þar með reglur samkomulagsins sem þar var að finna. Í því máli sem hér væri til umfjöllunar væri niðurstaða greiðslumatsins hvorki röng né villandi. Yrði því að telja að sóknaraðili hefði með undirritun sinni á greiðslumatið og skuldabréfið lýst yfir að þrátt fyrir neikvætt greiðslumat væri óskað eftir að lánið yrði veitt. Þá mótmælir varnaraðili þeirri túlkun á framangreindum dómi Hæstaréttar að hann beri með sér að regla 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins feli í sér skyldu lánveitanda til að veita sérstaklega upplýsingar um þá verulega auknu áhættu sem felist í því að veita ábyrgð þegar lántaki stenst ekki greiðslumat til viðbótar við skyldu til að afla sérstaks samþykkis ábyrgðarmanns við því að gangast í ábyrgð þrátt fyrir slíka niðurstöðu. Jafnframt mótmælir varnaraðili tilvísun sóknaraðila til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1040/2010 enda hafi þar verið lagt til grundvallar að bankanum hefði verið ljóst frá upphafi að stefnandi hefði ekki verið reiðubúinn að takast á herðar ábyrgð á endurgreiðslu skuldar þar sem skuldarinn hefði ekki staðist greiðslumat.

Loks bendir varnaraðili á að hluti af andvirði skuldabréfsins sem sóknaraðili var í sjálfskuldarábyrgð fyrir var ráðstafað til greiðslu eldri skuldar lántaka sem sóknaraðili var sjálfskuldarábyrgðaraðili að, en taka verði það með í reikninginn við sanngirnismat samkvæmt 36. gr. sml. Vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 376/2013 framangreindu til stuðnings.

Varnaraðili mótmælir auk þess að óheiðarlegt sé vegna aðstæðna við lánveitinguna að ætlast til að sóknaraðili sé bundinn við loforð sitt og telur þar á ofan að ógildingarkrafa sóknaraðila sé fallin niður fyrir tómlæti. Sóknaraðili hafi fyrst gert athugasemdir við ábyrgðina ellefu árum eftir að hún var veitt. Þá hafi engar athugasemdir komið fram af hans hálfu við skilmálabreytingar á láninu á árunum 2008 og 2009 eða fjölmargar vanskilatilkynningar, innheimtubréf, greiðsluáskorun og fjárnám hjá sóknaraðila 28. febrúar 2012, og er þá ekki allt talið. Framangreindu til

stuðnings vísar sóknaraðili til dóms héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti í máli nr. 575/2012, þar sem sérstaklega hafi verið tekið fram að ábyrgðaraðili hefði sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi athugasemdir fyrr en sex árum eftir að hann gekkst í ábyrgðina. Jafnframt vísar sóknaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 346/2015 og 471/2016 þar sem er tiltekið að athugasemdir komi annars vegar sjö árum og hins vegar níu árum eftir að veð voru veitt.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila dags. 28. október 2005 á skuldabréfi A verði vikið til hliðar í heild á grundvelli 36. gr. sml.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því að forveri varnaraðila hafi ekki fylgt reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við umrædda lánveitingu. Sóknaraðili hafi ekki fallist á að lán yrði veitt aðalskuldara þrátt fyrir að greiðslumat gæfi til kynna að hann gæti ekki efnt fjárskuldbindingar sínar þar sem hann hefði ekki ritað undir yfirlýsingu þar um á stöðluðu skjali varnaraðila um niðurstöður greiðslumatsins. Þar með væru skilyrði 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins ekki uppfyllt.

Umrætt samkomulag tekur til þess úrlausnarefnis sem liggur fyrir nefndinni. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Niðurlag 3. mgr. er svohljóðandi „Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega“.

Skuldabréf nr. X var útgefið þann 28. október 2005. Fram fór mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X, í samræmi við áðurnefnt samkomulag og var matið undirritað af sóknaraðila þann 28. október 2005 og því uppfyllt skilyrði 4. gr. samkomulagsins. Þá bera skjölin „Niðurstöður greiðslumats“ og skuldabréfið einnig með sér að sóknaraðili hafi kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, sbr. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili undirritaði þann 28. október 2005 skuldabréf nr. X þrátt fyrir að hafa undirritað skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ þann 21. október 2005 sem að sýndi greinilega að útgefandi umrædds skuldabréfs, A, gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hefur sóknaraðili ekki gert efnislegar athugasemdir við matið eða haldið því fram að forsendur þess séu rangar. Hafa því skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga verið uppfyllt meðfullnægjandi hætti, enda verður að telja að undirritun sóknaraðila undir greiðslumatið og skuldabréfið feli í sér yfirlýsingu um að þrátt fyrir neikvætt greiðslumat hafi hann óskað eftir að lánið yrði veitt engu að síður, sbr. 4. gr. samkomulagsins.

Í ljósi framangreinds eru ekki forsendur til að víkja ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 7. júlí 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 8. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Þorvaldur Emil Jóhannesson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2017:**

M1 og M2 og M3 og M4 sóknaraðilar
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1, M2, M3 og M4, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. janúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 20. janúar 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 31. janúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 9. mars 2017. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 12. apríl 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 18. ágúst og 8. september 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 9. maí 2003 gaf A út skuldabréf nr. X, til forvera varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 2.550.000 kr. Sóknaraðilar undirrituðu skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu. Lántakandi var greiðslumetin í tengslum við lánið og benti niðurstaða matsins til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við fjárhagsstöðu. Sóknaraðilar undirrituðu einnig yfirlýsingu vegna láns með sjálfskuldarábyrgð og/eða lánsveði en á því kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá forvera varnaraðila. Niðurstaða greiðslumats og yfirlýsing vegna láns með sjálfskuldarábyrgð eru ódagsettar. Þann 19. desember 2008 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfsins samkvæmt beiðni skuldara um skilmálabreytingu. Varnaraðili hefur lagt fram greiðsluáskoranir sem sendar voru sóknaraðilum þann 2. mars 2010 og 25. janúar 2016. Einnig hefur varnaraðili lagt fram áramótatilkynningu til sóknaraðila, dagsetta 20. apríl 2015. Þann 1. október 2016 fóru sóknaraðilar þess á leit við varnaraðila að hann úrskurði sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila ógildar. Þann 7. nóvember 2016 bárust svör frá varnaraðila þess efnis að hann teldi ábyrgðirnar gildar.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að sjálfskuldarábyrgðir þeirra á lánssamningi nr. X, sem gefnar voru út af forvera varnaraðila þann 9. maí 2003 að fjárhæð 2.550.000 kr., verði ógildar.

Sóknaraðilar byggja á því að forveri varnaraðila hafi ekki farið eftir ákvæðum Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 við stofnun áðurnefndra ábyrgðarskuldbindinga. Vísa sóknaraðilar til þess að lánveitandi hafi ekki gætt tilvitnaðra ákvæða samkomulagsins um skyldu sína til að kynna sjálfskuldarábyrgðarmönnum greiðslumat lántaka, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Vísa sóknaraðilar til þess að fjármálafyrirtæki sé ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð sé umfram 1.000.000 kr. Sóknaraðilar vísa til þess að gert sé ráð fyrir undirskriftum ábyrgðarmanna þar sem fram kemur á skuldabréfinu eftirfarandi yfirlýsing: „Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn og/eða veðsali staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð“. Hvergi komi hins vegar fram á skuldabréfinu sjálfu að sóknaraðilar hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en þeir gengust í ábyrgðina eða að þeir hafi ritað undir yfirlýsingu þess efnis, sem staðfesti að þeim hafi verið kynnt greiðslumat lántaka og samþykkt það fyrir sitt leiti. Sóknaraðilar vísa til þess að þeir hafi farið fram á það við varnaraðila að þeim yrði afhent greiðslumatið sjálft, niðurstaða þess og yfirlýsing þeirra sem sýni fram á að þeim hafi verið kynnt ofangreind gögn, en ekki hafi verið unnt að verða við því. Vísa sóknaraðilar til þess að varnaraðili beri því við að sóknaraðilar hafi undirritað yfirlýsingu þar sem þeir staðfesta að hafa verið upplýstir um að skuldari stæðist ekki greiðslumat og því óþarft að afhenda þeim greiðslumatið sjálft, sem væri hvort eð er ekki lengur til í skjalageymslum og því ekki unnt að verða við áskorun sóknaraðila um að afhenda þeim greiðslumatið. Þá byggja sóknaraðilar á því að óvíst sé að yfirlýsing þeirra, sem að mati varnaraðila staðfestir að þeim hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumats, sé vegna þess láns sem varnaraðili krefur nú greiðslu á þar sem yfirlýsingin er ódagsett og ekki sé tilgreint hvar hún hafi farið fram. Vísa sóknaraðilar til þess að varnaraðili verði að bera hallan af því að greiðslumatið sé ekki fyrir hendi. Þá vekja sóknaraðilar athygli á því að á þeim tíma sem þeir rituðu undir skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar hafi skuldari verið lántaki fleiri lána hjá forvera varnaraðila og því geti allt eins verið að yfirlýsing sú sem varnaraðili telur að staðfesti að greiðslumat hafi farið fram eigi við um annað skuldabréf. Að auki benda sóknaraðilar á að átt hafi verið við lánsupphæð á áðurnefndri yfirlýsingu án þess að sóknaraðilar hafi staðfest réttmæti breytingarinnar með því að undirrita upphafsstafi sína, en skuldabréfið sjálft hafi verið upp á 2.550.000 kr. og því ljóst að yfirlýsingin geti ekki hafa átt við það lán enda yfirlýsingin vegna láns að upphæð 2.800.000 kr.

Sóknaraðilar vísa til þess að forvera varnaraðila hafi verið skylt að láta framkvæma greiðslumat á skuldara og kynna það sóknaraðilum þar sem lánið var að fjárhæð 2.550.000 kr., en ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt á skuldara. Kröfum sínum til stuðnings vísa sóknaraðilar til þess að fjármálafyrirtæki séu í mun sterkari stöðu í málum sem þessum gagnvart einstaklingum. Sóknaraðilar telja ljóst að varnaraðili hafi brugðist þeim skyldum sem á honum hvíldu, sbr. 3. og 4. gr. samkomulagsins. Þegar af þeirri ástæðu beri að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, sbr. úrskurðir nefndarinnar í málum nr. 12/2015, nr. 4/2014, nr. 39/2012 og nr. 24/2012. Vísa sóknaraðilar til þess að til þess að ofangreinda úrskurði verði að túlka á þann veg að ef ekki sé framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka, þá verði bankinn að bera hallann af því. Sóknaraðilar byggja á því að það liggi skýrt fyrir í niðurstöðum dómstóla og úrskurðarnefndarinnar að vanhöld fjármálafyrirtækja á því að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samkomulaginu og síðara samkomulagi frá 2001 geti leitt til þeirrar niðurstöðu að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, teljist uppfyllt og veðsetningum eða ábyrgðum skuli vikið til hliðar á grundvelli þess ákvæðis. Sóknaraðilar byggja þannig einnig á 36. gr. laga nr. 7/1936, þar sem óheiðarlegt og ósanngjarnt er af varnaraðila að byggja á efni skuldabréfsins, þar

sem forveri hans hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um að framkvæma greiðslumat á skuldara og kynna það sóknaraðilum. Vísa sóknaraðilar til þess að slík háttsemi sé andstætt góðri viðskiptavenju, enda er meginmarkmiðið með því að framkvæma mat á greiðslugetu lántaka að ábyrgðarmaður geti kynnt sér það áður en hann gengur í ábyrgð.

Sóknaraðilar vísa til þess að fjármálafyrirtækjum beri að leiðbeina hinum almenna borgara varðandi lánveitingar og ábyrgðir og beri þar af leiðandi mun ríkari skyldur varðandi framkvæmd lánveitinga. Sóknaraðilar byggja á réttarreglum um brostnar forsendur þar sem þeir telja ljóst að mat á greiðslugetu aðalskuldara hafi haft afgerandi áhrif á ákvörðun þeirra. Sönnunarbyrði um að greiðslumat hafi verið framkvæmt og þeim það kynnt áður en þau gengust undir sjálfsskuldarábyrgð fyrir skuldabréfum hvíli á varnaraðila enda missi reglur samkomulagsins marks ef varnaraðila verði ekki gert skylt að sýna fram á að þeir eða sá sem þeir leiða rétt sinn frá hafi fylgt reglunum.

Að lokum byggja sóknaraðilar á því að þar sem hartnær 7 ára liðu frá því að skuldari hætti að greiða af láninu fram til þess tíma er varnaraðili hófst handa við að beina kröfu sinni að sóknaraðilum teljist krafan of seint fram komin og fallin niður vegna tómlætis. Kröfunni er því mótmælt sem rangri, órökstuddri, ósannaðri og of seint fram kominni.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila að því leyti sem þær fara í bága við sinn málatilbúnað. Varnaraðili hafnar sem rangri fullyrðingu sóknaraðila, um að varnaraðili hafi ekki upplýst þá um stöðu lánsins og vanskil fyrr en með greiðsluáskorun þann 25. janúar 2016. Vísar varnaraðili til þess að hafa tvisvar sinnum sent sóknaraðilum vanskilatilkynningar í formi greiðsluáskorunar. Í millitíðinni hafi sóknaraðilar jafnframt fengið senda tilkynningu frá Umboðsmanni skuldara í samræmi við 4. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun nr. 101/2010, þar sem þeim var kunngert að greiðsluaðlögunarumleitanir voru hafnar. Samningur um greiðsluaðlögun tók gildi 12. október 2011. Vísar varnaraðili til þess að hafa sent ábyrgðarmönnum tilkynningu þann 20. apríl 2015, sem upplýsti um ábyrgðarfjárhæð og vanskil, en það var tæpu ári áður en sóknaraðilar segjast fyrst hafa fengið fregnir af vanskilum skuldara. Byggir varnaraðili á því að hafa þar með ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart sóknaraðilum, sbr. 5. gr. Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Varnaraðili byggir á því að forveri hans hafi sannanlega framkvæmt greiðslumat vegna hinnar umþrættu skuldar og að varnaraðili hafi uppfyllt skyldu sína samkvæmt samkomulaginu um að kynna ábyrgðarmönnum greiðslumat skuldara. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðilar hafi skrifað undir „Niðurstöðu greiðslumats" og óskað eftir því að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfs útgefnu af A, þrátt fyrir að greiðslumat benti til að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Með undirritun sinni hafi sóknaraðilar jafnframt staðfest að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldaábyrgðir og lánsveð. Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar hafi jafnframt undirritað yfirlýsingu vegna lánsins þar sem þau óskuðu eftir því að falla frá greiðslumati skuldara. Í sama skjali hafi sóknaraðilar verið upplýstir um að meira en helmingi lánsfjár yrði ráðstafað til greiðslu á skuldum lántakanda eða annarra hjá forvera varnaraðila. Varnaraðili tekur fram að undirritanir sóknaraðila á niðurstöðu greiðslumatsins, ásamt undirritun á yfirlýsingu vegna láns með sjálfskuldarábyrgð, eru ódagsettar. Telur varnaraðili efnisinnihald texta greiðslumatsins, sem sóknaraðilar samþykktu, gefa til kynna að skjalið sé undirritað áður en sóknaraðilar gengust í ábyrgð

enda ætti textinn ekki við hefðu þau áður verið gengin í ábyrgðina. Þá segir í texta greiðslumatsins: „Meira en helmingi lánsfjárhæðar verður varið til greiðslu á skuldum lántakanda eða annarra hjá sparisjóðnum". Efni textans staðfestir að skjalið var undirritað áður en sóknaraðilar gengust í ábyrgð skv. þá óútgreiddu skuldabréfi. Varnaraðili vísar til þess að það hafi verið undir sóknaraðilum sjálfum komið að kynna sér greiðslumatið áður en þau gengust í ábyrgðina en sóknaraðilar hafi verið búnir að kynna sér upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir og mátti því vera ljóst að greiðslumat hefði verið gert. Því til stuðnings vísar varnaraðili í dóm Hæstaréttar í máli 575/2012.

Varnaraðili hafnar þeirri fullyrðingu að niðurstaða greiðslumatsins geti átt við um annað skuldabréf í ljósi þess að yfirlýsingin er ekki dagsett. Vísar varnaraðili til þess að yfirlýsingin um niðurstöðu greiðslumatsins sé undirrituð af öllum sömu aðilum og undirrituðu umrætt skuldabréf, auk þess sem lánsfjárhæðin sé sú sama á greiðslumatinu og skuldabréfinu. Varnaraðili byggir á því að lánsfjárhæðinni hafi verið breytt á yfirlýsingunni sem sóknaraðilar undirrituðu vegna lánsins, en þegar leiðrétting á skráningu er til hagsbóta fyrir aðila hafi ekki þótt tilefni til þess að kalla aðila inn til þess að afla samþykkis þeirra. Það að lánsfjarhæðinni var breytt gefi til kynna að lánavinnslan hafi verið skammt á veg komin og endanleg lánsfjárhæð ekki legið fyrir þegar skjalið var undirritað, sem færir frekari stoð undir þann skilning varnaraðila að greiðslumatið og yfirlýsingin voru undirrituð áður en sóknaraðilar gengust í ábyrgðina. Varnaraðili byggir á því að skjölin geti ekki átt við um annað skuldabréf, því skuldari gaf ekki út neitt annað annað skuldabréf til varnaraðila, að fjárhæð 2.800.000 kr.

Varnaraðili ítrekar að skjalið „Niðurstaða greiðslumats" staðfesti tilvist þess í sambandi við staðhæfingu sóknaraðila um að það gefi vísbendingu um að ekkert greiðslumat hafi verið unnið í ljósi þess að greiðslumatið sjálft sé ekki lengur til í skjalageymslu. Vísar varnaraðili til þess að engin skylda hvíli á lánveitanda að geyma undirgögn til stuðnings greiðslumati þannig að aðgengileg væru sóknaraðilum 7 árum síðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili mótmælir þeim rökum að mat á greiðslugetu skuldara hefði haft áhrif á afstöðu þeirra, með vísan til fyrri umfjöllunar. Sóknaraðilar undirrituðu skjalið „Niðurstaða greiðslumats" þar sem þeir staðfestu að hafa kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins áður en þeir gengust í ábyrgðina. Varnaraðili hafnar því að hafa sýnt af sér tómlæti. Skuldari var í greiðsluskjóli frá árinu 2011 til 2015 en skv. f-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 var varnaraðila óheimilt að krefjast greiðslu hjá sóknaraðilum á meðan tímabundin frestun greiðslna stóð.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að ekki sé ástæða til að ógilda ábyrgð sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili byggir á því að það eitt að varnaraðili hafi ekki farið eftir samkomulaginu valdi ekki ógildingu sjálfskuldarábyrgðanna. Vísar varnaraðili til þess að vilji sóknaraðila hafi staðið til að takast á hendur umrædda ábyrgð, sóknaraðilar hafi samþykkt sjálfskuldarábyrgðirnar fyrir sitt leyti, annars vegar með undirritun skuldabréfs nr. X ásamt „Niðurstöðu greiðslumats" og „Yfirlýsingu vegna láns með sjálfskuldarábyrgð og/eða lánsveði", þar sem þeir óskuðu sérstaklega eftir að falla frá greiðslumati á skuldara, ásamt því að staðfesta með undirritunum sínum sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar, síðari skilmálabreytingu lánsins þann 19. nóvember 2008, án athugasemda. Telur varnaraðili óumdeilt að það hefði engu breytt um ákvörðun sóknaraðila ef lánveitandi hefði farið eftir samkomulaginu.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu þann 9. maí 2003 af A, til forvera varnaraðila. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum íslenskra sparisjóða f.h. aðildarfélaga sinna og var forveri varnaraðila eitt þessara aðildarfélaga. Bar forvera varnaraðila því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir ábyrgðarmönnum til tryggingar umræddu skuldabréfi.

Sóknaraðilar bera fyrir sig að framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi ekki verið í samræmi við samkomulagið og krefjast þess að sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi verði aflétt af þeim sökum.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr. Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað.

Af gögnum málsins má sjá að upphafleg fjárhæð skuldabréfs hafi verið 2.550.000 kr. Skuldari var greiðslumetinn í tengslum við lánið en niðurstaðan benti til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Gögn málsins leiða í ljós að skuldurum var gerð grein fyrir því atriði með fullnægjandi hætti. Sóknaraðilar óskuðu engu að síður eftir að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að forveri varnaraðila hafi farið eftir ákvæðum samkomulagsins við öflun umræddrar sjálfskuldarábyrgðar. Verða kröfur sóknaraðila því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Svo sem áður var gerð grein fyrir er umrædd sjálfskuldarábyrgð undirrituð þann 9. maí 2003. Gilda því um hana eldri fyrningarlög nr. 14/1905. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. laganna fyrnast kröfur vegna ábyrgðar fjórum árum eftir að þær verða gjaldkræfar. Í málinu liggur fyrir greiðsluáskorun varnaraðila til sóknaraðila, dagsett 25. janúar 2016. Þar sést að lánið hefur verið í vanskilum frá 1. nóvember 2011 og að allt lánið hefur verið gjaldfellt. Í greiðsluáskorun varnaraðila sést einnig að samningsvextir eru reiknaðir til þess dags, eða 1. nóvember 2011 en dráttarvextir taka síðan við. Af ofangreindu má ráða að fyrningarfresturinn hafi byrjað að líða þann 1. nóvember 2011. Varnaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn sem leiða í ljós rof á fyrningarfresti. Samkvæmt þessu verður ekki betur séð en að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X sé fyrnd.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ábyrgð sóknaraðila, M1, M2, M3 og M4 á skuldabréfi nr.X, útgefið 9. maí 2003, er fyrnd.

Reykjavík, 8. september 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Þorvaldur Emil Jóhannesson — Oddur Ólason

Ár 2017, föstudaginn 7. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. janúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 2. febrúar 2017 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila samdægurs, með tölvupósti nefndarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti 12. febrúar 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. apríl 2017.

II.
Málsatvik.

Sóknaraðili var greiðandi að húsnæðisláni nr. X hjá varnaraðila, en lánið hvíldi á fasteign hans að S. Sóknaraðili seldi fasteignina þann 10. desember 2009 og á sama tíma var umrætt lán fært yfir á kaupanda þeirrar fasteignar. Þó að nafnabreyting hafi verið gerð á láninu, þá voru fyrir mistök ekki gerðar breytingar á greiðsluþjónustu sóknaraðila í kjölfarið. Sóknaraðili greiddi því ranglega af láninu frá 18. maí 2010 til 1. október 2015. Í janúar 2016 tók sóknaraðili eftir því að hann væri að greiða af húsnæðisláni nr. X í greiðsluþjónustu sinni hjá varnaraðila og stöðvaði greiðslurnar.

Þann 22. febrúar 2016 voru sóknaraðila endurgreiddar afborganir af umræddu láni, samtals 1.086.924 kr.

Þann 9. mars 2016 samþykkti varnaraðili að greiða sóknaraðila þar að auki vexti af fyrrgreindri fjárhæð fjögur ár aftur í tímann. Frekari kröfum sóknaraðila um vexti var hafnað á þeirri forsendu að þeir væru fyrndir.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess samkvæmt liðnum „Kröfur“ á kvörtunareyðublaði að „F greiði að fullu uppreiknaða vexti og verðbætur frá þeim degi sem lán X færðist yfir á nýjan eiganda (kaupsamn. 10. des 2009, kauptilboð 26.11.2009).“

Þá kvartar sóknaraðili yfir því og lýsir því að í lok janúar 2016 hafi hann farið ítarlega yfir greiðsluþjónustu í kjölfar fasteignaviðskipta og tekið þá eftir láni sem hann kannaðist ekki við en hafi verið greiðandi af í nokkurn tíma. Í framhaldi af því hafi

sóknaraðili sent fyrirspurn til varnaraðila. Í ljós hafi svo komið að eigandi lánsins, hafi verið sá sem hafði keypt íbúð af sóknaraðila í lok árs 2009 og hafi átt samkvæmt samningi að taka yfir lánið. Gerð hafi verið nafnabreyting á láninu en sóknaraðili hafi samt sem áður ennþá verið skráður sem greiðandi lánsins í gegnum greiðsluþjónstuna.

Varnaraðili hafi gengist við að greiða til baka þær krónur sem teknar hafi verið af sóknaraðila og greitt hafi verið inn á viðkomandi lán en ekki hafi verið uppreiknað né gert ráð fyrir vöxtum. Því hafi sóknaraðili gengist á eftir því við umboðsmann viðskiptavina varnaraðila að fá vexti og verðbætur uppreiknað en varnaraðili hafi ekki verið fús til að greiða vexti og verðbætur nema eingöngu 4 ár aftur í tímann.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila vísar sóknaraðili til þess að enginn ágreiningur sé um það að varnaraðili hafi gert mistök við greiðsluþjónustuna. Því geti sóknaraðili ekki tekið undir með varnaraðila að ekkert hafi komið fram í málinu þess efnis að varnaraðili hafi ekki fylgt góðum viðskiptaháttum sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002, þar sem sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki verklag til að koma í veg fyrir að viðskiptavinir í greiðsluþjónustu bankans séu látnir greiða inn á lán óskylds aðila.

Þá hafi hvergi komið fram í samskiptum við umboðsmann viðskiptavina varnaraðila ábendingar þess efnis að sóknaraðili ætti að gera fyrirvara um framhald málsins væri hann ekki sáttur við afgreiðslu þess. Sóknaraðili hafi áður sent fyrirspurn til varnaraðila vegna þessa ákveðna láns sem hafi verið í greiðsluþjónustu án þess að hafa fengið upplýsingar. Sá póstur hafi ekki verið lengur aðgengilegur þar sem sá póstur hafi verið sendur úr vinnupósthólfi þar sem sóknaraðili hafi áður unnið.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst aðallega frávísun málsins frá nefndinni. Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila krefst hann þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt kröfum nefndarinnar skal kvörtunaraðili greina skýrlega hvers sé krafist. Varnaraðili telur að kröfugerð sóknaraðila sé óljós og þar að auki sé ekki lagagrundvöllur fyrir henni. Ekki sé rakið, af hvaða fjárhæð beri að reikna vexti né hvert vaxtaviðmið skuli vera. Vaxtatímabils sé ekki getið né hvernig farið skuli með fyrri greiðslu. Varnaraðila sé því ókleift að taka efnislega afstöðu til kröfunnar. Af þeim sökum krefst varnaraðili að kröfunni verði vísað frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

Þá hafi sóknaraðili áður leitað leiðréttingar á þeim greiðslum sem getið sé um í kvörtun til nefndarinnar og hafi hann fengið endurgreiddar afborganir af umræddu láni ásamt vöxtum fjögur ár aftur í tímann. Þá taki varnaraðili fram að sóknaraðili hafi enga fyrirvara gert um frekari vexti né verðbætur við viðtöku greiðslunnar og hafi þess í engu getið að hann hafi litið á greiðsluna sem fulla greiðslu á vöxtum en innborgun á höfuðstól að hluta. Hafi varnaraðila því verið rétt að líta svo á, að höfuðstóll og vextir væru fullgreiddir að teknu tilliti til fyrningar. Krafa sóknaraðila lúti því að vöxtum á þá ofgreiddu gjalddaga sem greiddir hafi verið fjórum árum eða fyrr af umræddri skuld. Teljist hún krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár og flokkist sem almenn krafa. Fyrningarfrestur þeirra sé fjögur ár skv. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og hafi sóknaraðili sem fyrr segir verið greiddir vextir fjögur ár aftur í tímann. Krafa um vexti frá 18 . maí 2010 til 1. október 2011 sé fyrnd. Af lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 verði ekki ráðið að gera megi kröfu til verðbóta af endurkröfu. Slíkar heimildir séu bundnar við sparifé og lánsfé sbr. VI. kafla laganna. Kröfu sóknaraðila skorti því einnig lagagrundvöll að því leyti.

Þá vísar varnaraðili ennfremur í það að að sóknaraðila hafi orðið ljóst að lánið væri ennþá í greiðsluþjónustu hjá sér þegar liðin hafi verið rúm sex ár frá því að

nafnabreyting hafi verið gerð á láninu. Þegar litið sé til þess hversu langur tími hafi verið liðinn frá nafnbreytingu lánsins verði að telja að sóknaraðili hafi sýnt af sér ákveðið tómlæti. Þess að auki beri viðskiptavinum skylda til þess að fara yfir greiðsluáætlun þegar hún sé endurnýjuð eða gerðar séu breytingar. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir teljist hann hafa samþykkt áætlunina. Fyrir liggi að sóknaraðili hafi engar athugasemdir gert við greiðsluáætlun á þeim sex árum sem hann hafi greitt af umræddu láni.

Ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglur og lög nr. 161/2002.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að greiðslu uppreiknaðra vaxta og verðbóta frá dagsetningu kaupsamnings þann 10. desember 2009 vegna endurgreiðslu ofgreidds fjárs vegna láns nr. X.

Varnaraðili hefur endurgreitt sóknaraðila afborganir að fjárhæð 1.086.924 kr. ásamt vöxtum 4 ár aftur í tímann með vísan til 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Sóknaraðili krefst þess hins vegar að varnaraðili greiði að fullu uppreiknaða vexti og verðbætur frá þeim degi sem lán X færðist yfir á nýjan eiganda, þann 10. desember 2009.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykkta nefndarinnar. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Enda þótt málatilbúnaður sóknaraðila hefði vissulega mátt vera markvissari, verður að telja að sakarefnið liggi nægilega skýrt fyrir til að unnt sé að taka afstöðu til þess, enda verði þá lagður sá skilningur í kröfu sóknaraðila að krafist sé viðurkenningar á rétti hans til vaxta af því fé sem ofgreitt var, frá greiðsludegi til endurgreiðsludags, að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið greidd, eftir vaxtaviðmiði að mati nefndarinnar. Það leiðir af eðli nefndarinnar, sem ætlað er að gefa viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja færi á að bera mál sín upp án verulegs kostnaðar, að ekki verða gerðar ríkar kröfur um vísan til réttarreglna eða önnur slík atriði í málatilbúnaði þeirra. Það virðist liggja skýrt fyrir í máli þessu að sóknaraðili hefur greitt af láni nr. X sem varnaraðili hefur nú endurgreitt honum. Vegna þess hefur sóknaraðili krafist þess einnig að fá uppreiknaða vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaupsamningur. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Í máli þessu hefur varnaraðili fallist á að reikna vexti á endurgreiðslukröfu sóknaraðila og verður það samkomulag sem í því felst lagt til grundvallar án nokkurrar skoðunar.

Verður fallist á með varnaraðila, með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, að krafa sóknaraðila um vexti sem féllu til fyrir meira en fjórum árum, sé fyrnd. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur F, er hafnað.

Reykjavík, 7. apríl 2017.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Fura Hjálmarsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 17. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F lífeyrissjóði

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. febrúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 3. febrúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 23. febrúar 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 3. mars 2017 og viðbótar athugasemdir með tölvupósti 13. mars 2017..

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 17. mars 2017.

II.
Málsatvik.

Sóknaraðili tók verðtryggt veðlán að fjárhæð 4.000.000 kr. til 40 ára hjá FF lífeyrissjóði þann 12. september 2005. Varnaraðili hefur nú stöðu kröfuhafa samkvæmt veðskuldabréfinu. Með yfirlýsingu þann 7. nóvember 2011 var veðréttur vegna lánsins fluttur á fasteign að L.

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara dags. 14. maí 2012, var samþykkt umsókn sóknaraðila um greiðsluaðlögun á grundvelli laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þann 12. desember 2012 var samþykktur samningur um greiðsluaðlögun sóknaraðila samkvæmt lögum nr. 10/2010. Meðal samningskrafna sóknaraðila var veðkrafa varnaraðila þá að fjárhæð kr. 6.777.330 sem tryggð var með lánsveði í fasteigninni L með fastanr. X. Veðsalar voru A og B.

Í frumvarpinu, sem síðar var samþykkt, var lagt til að greiðsluaðlögunartímabil sóknaraðila skyldi vera 12 mánuðir frá því að samningurinn tók gildi. Í greiðsluáætlun samkvæmt frumvarpinu var gert ráð fyrir að veðkröfuhafar sem ættu kröfur sínar tryggðar með veðréttindum utan matsverðs og samningskröfuhafar fengu greiddar 250.000 kr. eingreiðslu við undirskrift samningsins, skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 101/2010. Þá myndu vaxtabætur sem kæmu til greiðslu 1. ágúst 2013 skiptast hlutfallslega jafnt á milli allra samningskröfuhafa og veðkröfuhafa utan matsverðs í eingreiðslu, en embætti umboðsmanns skuldara myndi annast útreikninga vegna þeirra fjárhæða sem miðlað yrði til kröfuhafa.

Samkvæmt frumvarpi til greiðsluaðlögunar sóknaraðila var það mat umsjónarmanns að skuldastaða sóknaraðila væri alvarleg og ekki raunhæft að hún lagaðist af sjálfu sér, jafnvel þótt henni yrði veitt svigrúm í nokkur ár. Taldi umsjónarmaður að koma þyrfti til 100% eftirgjafar af samningskröfum og veðkröfum utan matsverðs við lok greiðsluaðlögunartímabils. Þá var jafnframt sérstaklega tekið fram að niðurfelling skulda samkvæmt samningum þessum næði eingöngu til skuldara en ekki ábyrgðarmanna eða veðsala en umsjónarmaður lagði hins vegar til að ekki yrði gengið að ábyrgðarmönnum eða veðsala á greiðsluaðlögunartímabili.

Eftir því sem gögn málsins bera með sér gekk þessi samningur eftir og lauk því greiðsluaðlögunartíma sóknaraðila í desember 2013. Fyrir liggja samskipti sóknaraðila og starfsmanna varnaraðila allt frá janúar 2014 þar sem rætt er um möguleika hennar á að semja um afborgunarkjör á eftirstöðvum lánsins. Hægt gekk í þessum samskiptum að ná fram sameiginlegum skilningi á stöðu lánsins og samkomulagi um hugsanlega mánaðarlega afborgun, en af samskiptunum má ráða að hugmyndir sóknaraðila um mánaðarlega afborgun hafi verið taldar óraunhæfar af hálfu varnaraðila miðað við fjárhæð kröfunnar. Í nóvember 2014 voru svo A sendir gjaldfallnir greiðsluseðlar vegna lánsins og í maí 2015 var boðað til fundar með honum og aðilum máls þessa. Í framhaldi af þeim fundi útbjó varnaraðili gögn um skuldaraskipti lánsins þannig að A yrði greiðandi þess, en þeim virðist ekki hafa verið skilað útfylltum til sjóðsins. Liggur fyrir tölvuskeyti frá sóknaraðila til umboðsmanns skuldara þar sem fram kemur að A hafi leitað til embættisins m.a. vegna umrædds láns, en sóknaraðili óskar í skeytinu eftir liðsinni embættisins við að koma á samningum um að hún fái að greiða af láninu.

III.
Umkvörtunarefni.

Í liðnum „kröfur“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir: „Óska[ð] er eftir mati á því hvort F er stætt á því að neita að semja við undirritaða þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til nokkurra ára frá undirritaðri um að fá að greiða af sínu láni sjálf eftir að samningur við Umboðsmann skuldara rann út í desember 2013. Gengið er svo hart að ábyrgðarmanni að keyra hann í gjaldþrot. Undirrituð hefur ætíð lýst sig viljuga að greiða lánið og vill ganga til samninga. Undirrituð vill fá að greiða af láni sínu sjálf frá þeirri stöðu sem það var í desember 2013.“

Sóknaraðili kveðst hafa verið í greiðsluaðlögun á vegum umboðsmann skuldara árið 2013 og þegar það hafi endað hafi sóknaraðila verið bent á að hafa samband við varnaraðila og semja um greiðslur. Þessar leiðbeiningar hafi sóknaraðili fengið frá umboðsmanni skuldara en fordæmi hafi verið fyrir því. Í næstum eitt og hálft ár hafi ekkert verið gert sem benti til annars en að varnaraðili hafi ætlað að ganga til samninga, þar til allt í einu að ráðinn hafi verið lögfræðingur sem hafi sett sig í samband við sóknaraðila og sagði að þeir hafi túlkað samning umboðsmann skuldara á þann veg að ekki væri hægt að semja og því yrði gengið að ábyrgðarmanni.

Bróðir sóknaraðila sé ábyrgðarmaður og hafi hann í stuttu máli dregið að skrifa undir og hafi ekki viljað taka að sér þessar skuldbindingar, þrátt fyrir að sóknaraðili hafi sagst ætla að borga af láninu sjálf í gegnum hann. Hann hafi nú neitað að skrifa undir og hafi leitað sjálfur til umboðsmanns skuldara.

Sóknaraðili telur sig hafa sýnt greiðslu- og samningsvilja við varnaraðila sem hafi verið hunsað eftir að hafa gefið allt annað í skyn í marga mánuði. Sóknaraðili óskar því eftir að fá að ganga til samninga við varnaraðila og byrja að greiða lánið eins og það hafi staðið til í lok desember 2013 en sóknaraðili sé ekki tilbúin til að greiða sleðagang varnaraðila og vanefndir vegna lánsins.

Í viðbótarathugasemdum telur sóknaraðili að það liggi fyrir að umboðsmaður skuldara hafi lagt til að hún fengi 100% eftirgjöf af samningskröfu og að í þeim tölvupóstum sem sóknaraðili hafi undir höndum að leitað hafi verið til varnaraðila í janúar 2013 og hafi þá verið óskað eftir að því sóknaraðili fengi að greiða af sínu eigin láni.

Hvað varði athugasemd varnaraðila að sóknaraðili sé ekki aðili að málinu þá vísar sóknaraðili til þess að óskað hafi verið eftir því að sóknaraðili myndi skrifa undir skuldbreytingu sem hún hafi gert í janúar 2015 eftir að bróðir sóknaraðila hafi loks ætlað að ganga til samninga við varnaraðila og taka lánið til sín. Hafi það aldrei verið skilað inn og því hvað ekki verið hægt að ganga frá málinu. Fullur vilji hafi verið hjá sóknaraðila að greiða af láninu og ganga til samninga en það sé ekki hagkvæmt fyrir sóknaraðila að greiða inn á lán sem bróðir sóknaraðila hafi neitað að skrifa undir sem þriðji aðili.

Hvað varði kröfu sóknaraðila þá ítrekar sóknaraðili að hún óski eftir að samið verði við upphaflegan lántaka og að viðurkennd verði mistök varnaraðila í samskiptum við sóknaraðila þar sem lengi vel hafi ætlunin verið að semja við sóknaraðila.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá nefndinni, en til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili mótmælir málsástæðum og öðrum röksemdum sóknaraðila.

Varnaraðili telur í fyrsta lagi að umrætt ágreiningsefni eigi ekki undir úrskurðarnefndina þar sem ekkert samningssamband sé á milli aðila máls þessa. Samkvæmt 3. gr. samþykkta fyrir nefndinni geti viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni, snúið sér til hennar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Þannig fjalli nefndin um réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili vilji í þessu sambandi benda á að ekkert samningssamband sé á milli aðila máls þessa. Líkt og fyrr sé rakið hafi umsjónarmaður í greiðsluaðlögun talið að koma þyrfti til 100% eftirgjafar á samningskröfum og veðkröfum utan matsverðs við lok greiðsluaðlögunartímabils. Umrætt frumvarp hafi verið samþykkt af hálfu varnaraðila og því ljóst að í lok greiðsluaðlögunartímabils kæmi til 100% eftirgjafar af því láni sem um sé deilt í máli þessu, sem og hafi síðar orðið raunin. Af þessu leiðir að réttarsambandi aðila sé lokið og verði ekki borið undir nefndina.

Í öðru lagi telur varnaraðili að mál sóknaraðila sé svo óljóst og kröfugerð svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. og e.lið 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

Þá hafi sóknaraðili óskað eftir því að fá að greiða af láni sínu sjálf miðað við stöðu þess í desember árið 2013, þrátt fyrir að varnaraðili hafi veitt 100% eftirgjöf á kröfum á hendur sóknaraðila í samræmi við ákvæði samþykkts frumvarps að samningi um greiðsluaðlögun.

Varnaraðili telur ljóst að ekki sé um eiginlegan réttarágreining við viðskiptamann varnaraðila að ræða á grundvelli samningssambands, enda hafi samningskröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila fallið niður eftir að greiðsluaðlögunartímabili hafi lokið, samkvæmt samþykktu frumvarpi að samningi um greiðsluaðlögun. Slíkt hafi haft í för með sér að kröfuréttarsambandi aðila hafi lokið að greiðsluaðlögunartímabili loknu.

Sé tekið tillit til málatilbúnaðar sóknaraðila að öðru leyti þá virðist hann lúta fyrst og fremst að þeirri stöðu að varnaraðili skuli ganga að veðsölum framangreindrar

samningsskuldbindingar, og að varnaraðili hafi neitað að semja við hana um að hún fengi að greiða af láni, hvers skuldbindingar hafi fallið niður samkvæmt samþykktu frumvarpi að samningi um, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010.

Varnaraðili telur sig hafa fulla heimild að lögum til þess að fullnusta útistandandi kröfur á hendur veðsölum á grundvelli fyrirliggjandi tryggingarráðstöfunar. Ekkert sé því til fyrirstöðu að sóknaraðili og veðsalar geri með sér samkomulag um að sóknaraðili greiði inn á slíka kröfu með einhverjum hætti, en slíkt sé þó varnaraðila óviðkomandi. Varnaraðili setji sig ekki á móti því að sóknaraðili greiði inn á þá skuld sem mál þetta varði, enda geti þriðji maður greitt peningakröfu samkvæmt meginreglum kröfuréttar. Það sé hins vegar ekki gert á grundvelli samningssambands sóknaraðila og varnaraðila þar sem það sé ekki til staðar. Engin rök séu færð fyrir því að af hálfu varnaraðila hvaða meginreglur kröfuréttar leiða til annarrar niðurstöðu.

Því telur varnaraðili ljóst að umrætt álitaefni eigi ekki undir nefndina og að vísa beri því frá nefndinni.

Varnaraðili telur ljóst að hann hafi farið að einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gildi um mál af þessu tagi. Varnaraðili vísar til þess að umsjónarmaður sóknaraðila í greiðsluaðlögun hafi talið að koma þyrfti til 100% eftirgjafar af samningskröfum og veðkröfum utan matsverðs við lok greiðsluaðlögunartímabils, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 101/2010. Frumvarp til greiðsluaðlögunar hafi verið samþykkt af hálfu varnaraðila og því ljóst að í lok greiðsluaðlögunartímabils kæmi til eftirgjafar af því láni sem um sé deilt.

Í ljósi þess að til eftirgjafar lánsins hafi komið, hafi varnaraðili látið reyna á þá tryggingaráðstöfun sem veðsali hafi veitt í tengslum við lánveitinguna, enda ljóst samkvæmt samþykktu frumvarpi til greiðsluaðlögunar að niðurfelling skulda samkvæmt samningnum næði eingöngu til skuldara en ekki ábyrgðarmanna eða veðsala í framangreindum skilningi. Sóknaraðili hafi verið ósátt við þá stöðu málsins og hafi viljað halda áfram að greiða af láninu á grundvelli skilmálabreytingar, þrátt fyrir eftirgjöf varnaraðila af kröfum á hendur sóknaraðila. Hins vegar taldi varnaraðili sér ekki tækt að heimila skilmálabreytingu lánsins enda ljóst að varnaraðili hafði gefið eftir samningskröfur sína á hendur sóknaraðila. Þannig taldi varnaraðili ekki rétt að taka við greiðslum úr hendi sóknaraðila eftir að kröfuréttarsambandi sóknar- og varnaraðila hafi liðið undir lok. Myndi það auk þess stinga í stúf við samþykkt frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun ef varnaraðili héldi áfram að innheimta samningskröfu sína í upphaflegri mynd, enda falla kröfuréttindi niður gagnvart skuldara við eftirgjöf skulda. Á hinn bóginn hafi réttur varnaraðila til að krefjast greiðslna úr hendi veðsala ekki haggast, enda skýrlega kveðið á um slíkt í samþykktu frumvarp að samningi um greiðsluaðlögun. Hafi því varnaraðili undanfarin ár reynt að innheimta framangreinda skuld úr hendi veðsala, líkt og réttur hans hafi gefið tilefni til.

Ljóst sé hins vegar, að engu kröfuréttarsambandi sé til að dreifa milli sóknar- og varnaraðila eftir að greiðsluaðlögunartímabili hafi lokið. Þannig telur varnaraðili að ekki sé mögulegt að innheimta skuldina úr hendi sóknaraðila, þrátt fyrir ósk hennar þar að lútandi. Ekkert sé þó því til fyrirstöðu að sóknaraðili myndi sækja sjálf um nýtt lán hjá varnaraðila og myndi þannig stofna til nýs kröfuréttarsamband við varnaraðila. Eðli málsins samkvæmt þurfi sóknaraðili þá að uppfylla skilyrði til lántöku, m.a. að standast greiðslumat. Þá sé jafnframt ekkert því til fyrirstöðu að sóknaraðili og veðsalar geri með sér samkomulag um að sóknaraðili greiði inn á kröfu þá sem hér um ræðir með einhverjum hætti, en slíkt sé þó varnaraðila óviðkomandi. Varnaraðili setji sig hins vegar ekki á móti því að sóknaraðili greiði inn á viðkomandi skuld án

skilmálabreytingar á láninu, enda geti sóknaraðili, sem þriðji maður, greitt peningakröfu samkvæmt meginreglum kröfuréttar.

Í máli því sem hér um ræðir hafi verið um að ræða fulla eftirgjöf samningskröfu á hendur sóknaraðila og hafi varnaraðila borið skylda að lögum að reyna eftir fremsta megni að fá kröfuna greidda úr hendi veðsala. Telur varnaraðili sig á engan hátt hafa brotið gegn lögum og reglum í tengslum við framangreint, heldur hafi hann þvert á móti verið að tryggja hagsmuni sína með framangreindri afstöðu sinni.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að samningssambandi sóknar- og varnaraðila við lok greiðsluaðlögunartímabils og hvort varnaraðila sé skylt að verða við kröfu sóknaraðila þess efnis að semja við sóknaraðila um greiðslur af láni sínu hjá varnaraðila.

Í fyrsta lagi krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá nefndinni með vísan til 3. gr. samþykkta nefndarinnar þar sem ekkert samningssamband sé á milli aðila máls þessa þar sem réttarsambandi milli sóknar- og varnaraðila sé lokið þar sem samið hafi verið um 100% eftirgjöf af því láni sem um sé deilt í máli þessu.

Í 3. gr. samþykkta segir: *„Viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni, sbr. þó b-lið 2.mgr., geta snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Nefndin tekur til meðferðar kvartanir sem varða: a. Réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.“*

Enda þótt samningssambandi aðila hafi verið markaður ákveðinn tími og sá tími sé nú liðinn, telur nefndin út af fyrir sig ekki rétt að vísa málinu frá á þessum grunni, enda reisir sóknaraðili kröfur sínar á annars vegar lánssamningi aðila og hins vegar samningi þeirra um greiðsluaðlögun.

Í öðru lagi krefst varnaraðili því að kröfu sóknaraðila verði vísað frá nefndinni með vísan til e-liðar 6. gr. samþykkta nefndarinnar þar sem krafa sóknaraðila sé svo óljós og kröfugerð svo óskýr að málið sé ekki tækt til úrskurðar.

Í e-lið 6. gr. samþykkta segir: *„Nefndin fjallar ekki um: Mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.“*

Við umfjöllun um þetta ákvæði er nauðsynlegt að líta einnig til ákvæðis b- liðar sömu greinar, en þar kemur fram að nefndin fjalli ekki um ágreining sem ekki verði metinn til fjár.

Ef fallist yrði á kröfu sóknaraðila fæli það í fyrsta lagi ekki í sér neina niðurstöðu í deilu hennar við varnaraðila. Ekkert kemur fram í kröfu hennar um það, hvaða skyldur varnaraðili þyrfti að taka á sig varðandi eftirgjöf eða afborgunarkjör, eða hvað fælist þá í slíkum samningi varðandi tryggingarréttindi varnaraðila í eignum þriðja manns fyrir skuldinni. Þá er ljóst að varnaraðili hefur ekki beina fjárhagslega hagsmuni af því að semja um að greiða skuld sem varnaraðili hefur fellt niður gagnvart henni og útilokað að krafa hennar verði metin til fjár, bæði vegna þessa og óvissunnar um efni samningsins sem eftir er leitað. Við þetta bætist að mjög er á huldu við hvaða málsástæður eða réttarreglur sóknaraðili styður það að á varnaraðila hvíli skylda til að ganga til samninga við hana um kröfuna.

Að þessu virtu er óhjákvæmilegt að kröfum sóknaraðila sé í heild sinni vísað frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, A, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 17. mars 2017.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 3. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru Auður Inga Ingvarsdóttir formaður, Geir Arnar Marelsson, Ívar Halldórsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. febrúar 2017 með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Nefndin sendi varnaraðila kvörtunina 28. febrúar 2017 og gaf honum kost á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hinn 4. apríl 2017. Var bréfið sent sóknaraðila 6. apríl 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, sem bárust nefndinni með ódagsettu bréfi 26. apríl 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. september og 20. október og 3. nóvember 2017.

II.
Málsatvik.

Hinn 27. maí 2011 gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér bílasamning nr. X um kaupleigu á bifreið A. Leigutími var frá 28. maí 2011 til 5. desember 2015. Samningsfjárhæð var 936.838 kr..

Vanskil urðu á samningnum af hálfu sóknaraðila. Hinn 20. febrúar 2013 samþykkti umboðsmaður skuldara umsókn sóknaraðila um greiðsluaðlögun. Í framhaldinu lýsti varnaraðili kröfu vegna vanskila sóknaraðila á leigugreiðslum samkvæmt samningi aðila að fjárhæð 618.359 kr.

Hinn 11. júní 2013 sendi varnaraðili starfsmanni umboðsmanns skuldara tölvupóst þar sem áréttað var að skila þyrfti bifreiðinni til varnaraðila áður en samningur um greiðsluaðlögun yrði samþykktur. Auk þess samþykkti varnaraðili að sóknaraðili nyti söluverðs á bifreiðinni ef hún seldist innan eins mánaðar. Að öðru leyti færi með bifreiðina eins og skilmálar samningsins kváðu á um og stuðst væri við matsverð í uppgjöri aðila.

Hinn 25. júlí 2013 skilaði sóknaraðili bifreiðinni til varnaraðila þar sem hún hafði ekki selst innan eins mánaðar. Fram fór mat á bifreiðinni, dags. 12. ágúst 2013, sem tekið var tillit til við uppgjör samningsins. Samkvæmt matinu var bifreiðin ekin 87.492 km., listaverð samkvæmt Bíló var 1.059.000 kr., uppítökuverð samkvæmt Bíló var 783.000 kr. og aðfinnslur til lækkunar voru 317.492 kr. Matsverð tækis með VSK var 465.508 kr. og kom það til frádráttar uppgjöri aðila vegna samningsins.

Bifreiðin var send í ástandsskoðun 27. júlí 2013 þar sem viðgerðarkostnaður var áætlaður. Í framhaldinu, eða þann 26. ágúst 2013, fór fram uppgjör á samningi aðila. Skuld sóknaraðila við varnaraðila var samkvæmt uppgjörinu 137.163 kr.

Hinn 1. nóvember 2013 óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um söluverð bifreiðarinnar í því skyni að fá endurgreiddan mismuninn af eftirstöðvum lánsins og söluverðinu. Varnaraðili hafnaði þeirri ósk og upplýsti sóknaraðila um að upplýsingar um söluverð til þriðja aðila væru ekki gefnar upp þar sem þær vörðuðu gögn um viðskipti varnaraðila og þriðja aðila sem væru sóknaraðila óviðkomandi auk þess sem kæmi skýrt fram í bílasamningi aðila að matsverð en ekki endanlegt söluverð kæmi til frádráttar skuldum við uppgjör.

Sóknaraðili kvartaði til úrskurðarnefndarinnar vegna þessa og var niðurstaða nefndarinnar, sbr. úrskurð í máli nr. 22/2014, að varnaraðili skyldi afhenda sóknaraðila gögn um ráðstöfun bifreiðarinnar A eftir að sóknaraðili var svipt vörslum bifreiðarinnar sem sýndu það verðmæti sem lagt var til grundvallar í þeim viðskiptum. Þannig yrði lagt mat á hvort uppgjör sóknaraðila hefði í raun verið ósanngjarnt.

Fyrir liggur í gögnum þessa máls að varnaraðili seldi umrædda bifreið 11. október 2013 á 600.000 kr. (478.088 kr. án VSK) og kaupandi bifreiðarinnar seldi hana enn öðrum kaupanda 13. nóvember s.á. á 1.100.000 kr.

Fyrir liggur í gögnum málsins að höfuðstóll skuldarinnar hefur verið færður niður um 80% í samræmi við samning um greiðsluaðlögun, dags. 6. september 2013. Höfuðstóll skuldarinnar er nú 25.929 kr., sbr. greiðsluáskorun dags. 9. desember 2016.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að fá metna bifreiðina A á hærra verði, svokölluðu „raunverulegu verðmæti“, en miðað var við í uppgjöri hans og varnaraðila vegna bílasamnings nr. X og að varnaraðili falli frá innheimtu á eftirstöðvum samningsins og endurgreiði sóknaraðila mismuninn sem hefði átt að hljótast af uppgjörinu ásamt vöxtum. Þá krefst sóknaraðili að nefndin taki afstöðu til hvort skilmálar samningsins, sbr. uppgjörsskilmálar 23. gr. samningsins, séu ósanngjarnir og ólögmætir þannig að þeim verði vikið til hliðar í viðskiptum aðila, sbr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (samningalög). Til vara krefst sóknaraðili að njóta góðs af raunverulegu söluverði bifreiðarinnar þegar hún var seld á almennum markaði fyrir 1.100.000 kr. og til þrautavara þegar varnaraðili seldi hana á 600.000 kr.

Sóknaraðili kveður áætlað verðmæti bifreiðarinnar þegar henni var skilað til varnaraðila hafa numið 1.150.000 kr. en skuld hans við varnaraðila, sem var 532.934 kr., hafi aðeins verið lækkuð um 465.508 kr. Sá frádráttur hafi m.a. byggst á aðfinnslum við ökutækið sem telja verði eðlilegt slit á 6 ára bifreið, annað hafi verið mat til framtíðar á því sem „gæti bilað“ innan tólf mánaða. Séu þetta óeðlilegir og jafnvel ólögmætir viðskiptahættir.

Vísar sóknaraðili til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 22/2014 um að ákvæði bílasamnings varnaraðila kunni að teljast ósanngjörn og að mögulegt sé að víkja þeim til hliðar á grundvelli 36. gr. samningslaga. Leggja megi mat á framangreint nú, þegar fyrir liggur söluandvirði bifreiðarinnar eftir að henni var skilað til varnaraðila. Eðlilegt verð fyrir bifreiðina sé það sem seinni kaupandi hennar greiddi eða 1.100.000 kr.

Sóknaraðili kveður ljóst að bílasamningur varnaraðila sé þannig úr garði gerður að skuldarar njóti ekki góðs af söluandvirði bifreiða og að það séu óeðlilegir og óheilbrigðir viðskiptahættir í andstöðu við 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Varnaraðili virðist selja bifreiðir á verði langt undir raunvirði þeirra og búa til

„ákveðið kjörlendi fyrir bílabraskara sem síðan selja bifreiðar áfram stuttu síðar á eðlilegu verði og græða fúlgu fjár á neyð skuldara í þjóðfélaginu“.

Sóknaraðili fer fram á að njóta góðs af þeirri fjárhæð sem bifreiðin kostaði í raun og veru burtséð frá því verði sem fékkst með „málamyndagerningi við bílabrask“.

Sóknaraðili styður kröfur sínar við að óeðlilegt sé að varnaraðili leysi til sín bifreið, sem hefur nýlega staðist bifreiðaskoðun án athugasemda og sé metin á 1.150.000 kr., og telji hana vera 465.508 kr. virði. Þetta geri varnaraðili í krafti samningsskilmála sinna og þeirra afskriftarreglna sem þar komi fram. Bifreiðin hafi fyrst verið afskrifuð á grundvelli upplýsinga um gangverð sambærilegra bifreiða, sem í tilviki sóknaraðila hafi verið 1.059.000 kr., en varnaraðili hafi miðað við uppítökuverð sem hafi verið 783.000 kr. Síðan séu tekin 15% af því verði, en frá því lækkaða verði kostnaðarliðir vegna fjölda atriða sem í þessu tilviki hafi lotið að næsta venjulegu ástandi 6 ára bifreiðar. Þannig lækki varnaraðili verðmæti bifreiðar úr 1.059.000 kr. í 465.508 kr. með samningsskilmálum sem varnaraðili samdi einhliða. Framangreint brjóti í bága við 36. gr. samningalaganna og 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákvæði þessi geti því ekki gilt um samningssamband sóknaraðila og varnaraðili og sóknaraðili eigi að njóta raunverulegs verðmætis bifreiðarinnar sem hafi verið 1.059.000 kr. samkvæmt viðmiðunarreiknivél á skiladegi bifreiðarinnar.

Sóknaraðili segir að ekki verði betur séð en að varnaraðili hafi selt bifreiðina á 600.000 kr. í sama ástandi og hún var þegar henni var skilað. Kaupandi bifreiðarinnar hafi svo selt hana að því er virðist í sama ásigkomulagi um mánuði síðar á 1.100.000 kr. Það verð komi heim og saman við raunverulegt virði bifreiðarinnar á skiladegi, skv. Bíló. Viðskiptahættir þessir séu afar sérstakir og sóknaraðili eigi að njóta góðs af seinni sölunni enda telji hann fyrri söluna byggjast á málamyndagerningi.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið séu þrjár leiðir færar til að endurreikna uppgjör sóknaraðila við varnaraðila, *í fyrsta lagi* að skuld sóknaraðila, þegar bifreiðinni var skilað, að fjárhæð 532.934 kr. verði gerð upp miðað við „raunverulegt verðmæti“ bifreiðarinnar skv. Bíló, þ.e. 1.059.000 kr., og að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila 526.066 kr. ásamt vöxtum frá skiladegi bifreiðarinnar, *í öðru lagi* að skuld sóknaraðila verði með sama hætti gerð upp miðað við andvirði bifreiðarinnar við seinni söluna, þ.e. 1.100.000 kr., en sú fjárhæð endurspegli hið svonefnda „raunverulega verðmæti“ bifreiðarinnar á þessum tíma, og *í þriðja lagi* að skuldin verði gerð upp miðað við söluandvirðið við fyrri söluna, þ.e. 600.000 kr., en sú fjárhæð sé ekki í samræmi við raunvirði og því sé e.t.v. óeðlilegt að varnaraðili hagnist á slíku.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili fer fram á að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar í samning sóknaraðila um greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010 frá árinu 2013 þar sem segi í lið 6.2: „Bifreið skuldara ....., hefur verið skilað inn til [varnaraðila], en uppgjör bílasamnings hefur ekki farið fram. [Varnaraðili] samþykkir að skuldari njóti söluverðs bifreiðarinnar ef hún selst innan 1 mánaðar, en að öðru leyti fer með uppgjör eins og skilmálar samnings kveða á um og verður þá stuðst við matsverð.“

Þegar bifreiðin seldist ekki innan tilgreindra tímamarka kveður varnaraðili að uppgjör hafi verið miðað við matsverð samkvæmt ákvæðum bílasamnings aðila og samnings þessa um greiðsluaðlögun. Það hafi numið 465.508 kr. skv. viðmiðunarverðskrá bifreiðaumboðanna um uppítökuverð að frádregnum 317.492 kr. sem var áætlaður viðgerðarkostnaður skv. mati óháðs aðila, faggiltrar skoðunarstofu.

Áætlaður viðgerðarkostnaður miðist við nauðsynlega viðgerð að mati óháðs aðila, en skýrlega komi fram í ástandsskoðunarskýrslu að ekki sé um að ræða mat á viðgerð vegna eðlilegs slits á bifreiðinni. Engin mótmæli hafi borist frá sóknaraðila við matsverð bifreiðarinnar né heldur krafa um að fá bifreiðina selda á opinberu uppboði skv. uppgjörsákvæði bílasamningsins.

Varnaraðili tekur fram að sóknaraðila „til ívilnunar“ hafi ekki verið nýtt heimild í bílasamningnum til 15% viðbótaraffalla og sé því ranglega haldið fram í kvörtun sóknaraðila að svo hafi verið. Þá hafi eftirstöðvar skuldar sóknaraðila við varnaraðila verið færðar niður í samræmi við ákvæði greiðsluaðlögunarsamningsins um 80% í lok greiðsluaðlögunartímabilsins. Á þeim tíma hafi höfuðstóll kröfu varnaraðila numið kr. 25.929. Fullyrðing í kvörtun sóknaraðila um að fjárhæð til innheimtu nemi kr. 137.163 sé röng og sett fram gegn betri vitund miðað við móttekna greiðsluáskorun frá 9. desember 2016. Vegna greiðsluaðlögunarinnar hafi varnaraðili ekki gert kröfu um að sóknaraðili greiddi sölulaun eða umsjónargjald sem honum var þó heimilt að krefjast skv. bílasamningi aðila.

Vegna vanskila sóknaraðila hafi varnaraðili orðið að taka við sex ára gömlum notuðum bíl til að reyna að tryggja greiðslu eftirstöðva skuldbindingar sóknaraðila. Það hafi verið gert samkvæmt skýru uppgjörsákvæði í samningi sem var undirritaður af sóknaraðila rúmum tveimur árum fyrr og kvað m.a. á um verðmat við slíkar aðstæður, eins og áður er rakið. Sóknaraðili hafi notið þessa matsverðs við uppgjörið.

Verðmat við uppgjör aðila kveður varnaraðili hvorki hafa verið ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju en við mat á því beri að hafa í huga að samningsfrelsi og -efndir séu grundvallarreglur í íslenskum rétti. Ákvæði 36. gr. samningslaga sé undantekningarregla frá þessum skýru meginreglum, sem dómstólar beiti af varúð. Ekki ráði úrslitum hvort varnaraðili hafi samið skilmálana eða teljist almennt í sterkari stöðu heldur þurfi að byggja á heildarmati, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 371/2016. Samningurinn hafi verið tiltölulega einfaldur og í samræmi við skýrt uppgjörsákvæði hafi verð bifreiðarinnar verið miðað við uppítökuverð skv. aðferð sem áður er lýst til að finna verð sem endurspeglaði verðmæti notaðs bíls sem tekinn væri til endursölu. Um fyrirsjáanlega og hlutlæga aðferð sé að ræða þar sem byggt er á viðmiðum utanaðkomandi fagaðila, þ.e. Bíló og faggilts skoðunarfyrirtækis. Auk þess hafi sóknaraðili ekki verið bundinn við það matsverð heldur gat farið fram á að bifreiðin yrði seld á almennu uppboði, sbr. niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli nr. 36/2014. Það gerði sóknaraðili ekki og sé því bundinn við þá ákvörðun sína.

Jafnframt þurfi að hafa hugfast að þegar matsverð liggi fyrir og uppgjör farið fram beri varnaraðili alla áhættu og kostnað af bifreiðinni sem hann fékk í hendur vegna vanefnda skuldara. Þannig beri hann áhættu af endursöluverði, seljendaábyrgð við sölu og umsýslukostnað af bifreiðinni frá uppgjöri til sölu auk kostnaðar við bindingu fjármagns í bifreiðinni. Sé með uppgjörsákvæðinu leitast við að takmarka áhættu beggja aðila með skýrri, hlutlægri, fljótlegri og faglegri aðferð við verðmat. Rétt sé að benda á að varnaraðili stundi lánastarfsemi en ekki bílasölu og uppgjör skv. umræddum ákvæðum fari fram til tryggingar á efndum vanefndra skuldbindinga. Skipti einnig máli að auk bílasamningsins hafi verið kveðið á um uppgjörið í samningi sóknaraðila um greiðsluaðlögun en við gerð hans hafi hann notið aðstoðar opinberra fagaðila. Leiddi og af þessum samningi að varnaraðili hafi gefið verulega eftir af kröfum sínum gagnvart sóknaraðila. Heildstætt mat eigi þannig að leiða til þeirrar niðurstöðu að verðmat við uppgjör á bílasamningi aðila hafi hvorki verið ósanngjarnt né farið gegn góðri viðskiptavenju eða -háttum. Þessu til viðbótar verði greiðsluaðlögunarsamningi sóknaraðila ekki breytt, eins og krafa hans feli í sér, nema samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 101/2010.

Varnaraðili bendir á að dómstólar hafi talið uppgjörsákvæði eins og hér um ræðir vera lögmæt. Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 459/2013 og 460/2013 hafi því verið hafnað að ákvæði um uppgjör í fjármögnunarleigusamningum varnaraðila stönguðust á við ákvæði 36. gr. samningslaga. Sama niðurstaða hafi orðið hjá héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-3234/2014, þar sem m.a. hafi verið beitt 15% viðbótarafföllum, og í E-11364/2009 varðandi bílasamning hjá öðrum fjármögnunaraðila. Sambærileg samningsákvæði séu í bílasamningum annarra aðila á markaðnum.

Varnaraðili telur starfsemi sína vera í samræmi við ákvæði 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Sóknaraðila hafi verið ljóst frá upphafi viðskiptasambandsins hvernig uppgjöri yrði háttað vegna vanefnda. Verðmat hafi byggst á fyrirsjáanlegri og hlutlægri aðferð samkvæmt viðmiðum óháðra aðila, auk þess sem sóknaraðili hafði val um að selja andlag tryggingar á uppboði. Jafnfram séu uppgjörsákvæðin sambærileg þeim sem tíðkast á markaðnum og hafi lengi verið við lýði. Þá hafi dómstólar talið slík uppgjörsákvæði lögmæt þegar á hafi reynt. Ljóst sé að varnaraðili beri ýmsan kostnað og áhættu vegna fjárbindingar, umsýslu og sölu á bifreið þegar uppgjör á sér stað á grunni verðmats.

Varnaraðili hafnar einnig túlkun í dreifibréfi Gunnars Andersen, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá 30. ágúst 2010, um að það teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir að skuldari njóti góðs af þeim „hagnaði sem myndast þegar bifreið er seld á hærra verði en matsverð hennar hljóðar á um samkvæmt uppgjöri“. Bréfið sé ekki bindandi stjórnvaldsfyrirmæli og feli í sér órökstudda fullyrðingu án tilvísunar til lögskýringargagna eða dómaframkvæmdar. Þá liggi ekki fyrir hvernig ætti að meta „hagnað sem myndast“ og eigi í því sambandi að taka tillit til fjármagns- og útlagðs kostnaðar af bifreið eftir uppgjör, þóknun fyrir endursöluáhættu og seljendaábyrgð. Ekki sé rökstutt hvernig almennt og matskennt allsherjarréttarlegt ákvæði 19. gr. laga nr. 161/2002 geti vikið til hliðar einkaréttarlegum samningsákvæðum og endurskilgreint þá áhættu sem samningsaðilar hafa tekist á hendur við samningsgerð. Þá liggi fyrir að dómstólar hafi talið umrædd uppgjörsákvæði lögmæt.

Varðandi fjárkröfur sóknaraðila segir varnaraðili að engin gögn hafi verið lögð fram til sönnunar um hið svonefnda „raunverulega verðmæti“ bifreiðarinnar, sem ýmist sé sagt vera 1.150.000 kr. eða 1.059.000 kr., og að algerlega sé horft framhjá þeirri staðreynd að ástand bifreiðarinnar hafi kallað á töluverðan viðgerðarkostnað samkvæmt mati faggilts skoðunaraðila. Tilvísun sóknaraðila til „listaverðs Bíló“ sé byggð á listaverði nýs bíls að teknu tilliti til afskrifta vegna aldurs og ekinna kílómetra án tillits til ástands en ekki á gangverði. Sé augljóst að það er eðlisólíkt því tilviki þegar fjármálafyrirtæki neyðist til að taka við notaðri bifreið í tryggingaskyni og til endursölu vegna vanefnda skuldara. Aðstaðan sé sambærileg því að um uppítökubíl sé að ræða auk þess sem samningsákvæði um uppgjör mæli skýrlega fyrir um viðmið við uppgjör. Þá er bent á að báðar umkrafðar fjárhæðir séu verulega hærri en söluverð það sem varnaraðili fékk fyrir bifreiðina. Engin lagarök standi til slíkrar auðgunar sóknaraðila á kostnað varnaraðila.

Varakrafa sóknaraðila segir varnaraðili að miðist við síðari viðskipti þriðju aðila með bifreiðina og því aðilum þessa máls óviðkomandi. Þau verði ekki lögð til grundvallar, sbr. niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 36/2014. Sé einnig til þess að líta að ekki liggi fyrir upplýsingar um ástand bifreiðarinnar þegar hún var seld í síðara skiptið auk þess sem kaupandi hafi tekið lán fyrir stærstum hluta kaupverðsins. Umkrafðar fjárhæðir séu auk þess verulega hærri en það söluverð sem varnaraðili hlaut fyrir bifreiðina og standi engin lagarök til slíkrar auðgunar sóknaraðila á kostnað varnaraðila.

Þrautavarakrafa sóknaraðila segir varnaraðili að styðjist heldur ekki við lagarök enda séu uppgjörsákvæði samnings aðila skýr og geri ekki ráð fyrir að lagt sé til grundvallar hið uppgefna heildsöluverð að fjárhæð 600.000 kr. Auk þess sé ekki tekið tillit til þess að ólíkt sóknaraðila þurfti varnaraðili að standa skil á virðisaukaskatti, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1998. Varnaraðili hafi fengið 478.088 kr. fyrir bílinn, eins og kaupsamningur beri með sér, en þá sé ótalinn kostnaður vegna bifreiðarinnar eftir verðmat, s.s. ógreidd bifreiðagjöld og ökutækjatrygging að fjárhæð 16.224 kr. Að teknu tilliti til beins kostnaðar varnaraðila vegna bifreiðarinnar fékk hann 461.864 kr. í sinn hlut sem sé lægra en það matsverð, 465.508, sem sóknaraðili fékk í sinn hlut við uppgjörið. Þá hafi seljendaábyrgð varnaraðila og kostnaður hans vegna fjárbindingar og umsýslukostnaðar, s.s. þrif og bón, ekki verið metinn til fjár.

Varnaraðili mótmælir vaxtakröfum sóknaraðila. Sóknaraðili hafi krafist endurgreiðslu ofgreidds fjár en slík krafa beri ekki vexti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 389/2004. Vextir skv. 3. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 verði einungis greiddir af peningakröfu leiði það af samningi, venju eða lögum, og enginn samningur hafi verið gerður milli aðila þess efnis að varnaraðili greiði sóknaraðila vexti. Þá tekur varnaraðili fram að sóknaraðili hafi ekki gert kröfu um dráttarvexti, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga, og verði þeir því ekki úrskurðaðir. Þrátt fyrir það tekur varnaraðili fram að þótt sóknaraðili hafi haft uppi almennar kröfur um endurgreiðslu á hendur varnaraðila hafi hann fyrst sett fram ákveðnar fjárkröfur með tilgreindri fjárhæð í kvörtun sinni, en það sé forsenda dráttarvaxtakröfu.

V.
Athugasemdir sóknaraðila.

Í athugasemdum sínum við mótbárum varnaraðila áréttar sóknaraðili rökstuðning sinn og meginkröfu en bætir við að sú málsástæða varnaraðila að hann hafi ekki notast við 15% afskriftarreglu í samningsskilmálum við uppgjörið hafi enga þýðingu. Regluna sé að finna í skilmálum og varnaraðili geti ekki fullyrt að hann sé svo hliðhollur neytendum og skuldurum að hann noti ákvæðið einungis í ákveðnum málum en ekki öðrum. Þá mótmælir sóknaraðili að áætlaður viðgerðarkostnaður hafi miðast við nauðsynlega viðgerð enda ljóst að bifreiðin hafi verið sex ára gömul og nýbúin að standast ástandsskoðun án athugasemda. Jafnframt hafi bifreiðin verið seld í óbreyttu ástandi fyrir 1.100.000 kr. mánuði síðar. Því geti ekki hafa verið um nauðsynlegar viðgerðir að ræða. Það bendi til að bifreiðin hafi verið í miklu ólagi sem hún hafi ekki verið.

Sóknaraðili segir einu gilda þótt hvort aðrir fjármögnunaraðilar leyfi sér að haga sér með sama hætti. Þetta verði að stöðva hér og nú.

VI.
Niðurstaða.

Aðila greinir á um uppgjör vegna bílasamnings nr. X um kaupleigu á bifreiðinni A. Sóknaraðili krefst þess aðallega að skuld sóknaraðila, þegar bifreiðinni var skilað þ. 25. júlí 2013, að fjárhæð 532.934 kr. verði gerð upp miðað við „raunverulegt verðmæti“ bifreiðarinnar skv. viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna, þ.e. 1.059.000 kr., og að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila 526.066 kr. ásamt vöxtum frá skiladegi bifreiðarinnar.

Í samningi aðila er kveðið á um að leggja beri kauptilboð (uppítökuverð) samkvæmt viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna, Bíló, til grundvallar við uppgjör aðila, auk 15% affalla á viðmiðunarverð sbr. 23. gr. samnings nr. X. Þá er mælt svo fyrir í 23. gr. samningsins að frá viðmiðunarverði megi draga áætlaðan viðgerðarkostnað

samkvæmt niðurstöðu ástandsskoðunar auk 3% sölulauna. Verði ágreiningur um verðmatið eða viðgerðarkostnað og aðilar nái ekki samkomulagi megi leigusali selja hið leigða á opinberu uppboði skv. 8. gr. laga nr. 90/1991 enda hafi leigutaki mótmælt matinu innan 7 daga frá því að honum mátti vera það kunnugt. Að öðrum kosti teljist hann við það bundinn. Sambærileg ákvæði í fjármögnunar og kaupleigusamningum og hér er deilt um hafa komið til kasta dómstóla, sbr. HRD 459/2013 og HRD 460/2012 og dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3234/2014 og E-11364/2009 þar sem þau hafa ekki talist brjóta í bága við 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Varðandi varakröfu sóknaraðila um að miða verð bifreiðarinnar við seinni sölu hennar verður að fallast á það með varnaraðila ekki sé unnt að miða við síðari viðskipti þriðju aðila með bifreiðina sem engin gögn liggja fyrir um og verði þau því ekki lögð til grundvallar, sbr. niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 36/2014.

Vegna þrautavarakröfu sóknaraðila um að miða skuli við 600.000 kr., sem er það verð sem varnaraðili fékk samkvæmt fyrirliggjandi gögnum fyrir sölu bifreiðarinnar, kemur til skoðunar hvort atvik þessa máls gefi ástæðu til að beita ákvæðum 36. gr. samningalaga til þess að víkja til hliðar umþrættu ákvæði í samningi aðila er mælir fyrir um að miða skuli uppgjör við matsverð samkvæmt viðmiðunarverðskrá bílaumboðanna. Í samningi sóknaraðila um greiðsluaðlögun frá 6. september 2013 segir að sóknaraðili samþykki að skuldari njóti söluverðs bifreiðarinnar ef hún selst innan 1 mánaðar, en að öðru leyti fari með uppgjör eins og skilmálar samnings kveða á um og verði þá stuðst við matsverð. Bifreiðin seldist svo þann 11. október 2013 eða 5 dögum eftir að 1 mánaðar fresturinn rann út.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga má víkja samningi til hliðar að hluta eða í heild að breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við sanngirnismatið skal skv. 2. mgr. líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika er síðar komu til. Í ljósi þess hversu skammur tími leið frá því að mánaðarfrestur rann út og til þess að bifreiðin var seld á hærra verði en það mat er varnaraðili studdist þykir með vísan til 36. gr. samningalaga rétt að víkja frá matinu þannig að tekið verði tillit til þess söluandvirðis er varnaraðili fékk fyrir umrædda bifreið.

Úrskurðarorð:

Aðal- og varakröfu sóknaraðila er hafnað. Fallist er á þrautavarakröfu sóknaraðila, M, um að taka mið af fyrra söluverði bifreiðarinnar 600.000 kr.

Reykjavík, 3. nóvember 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Ívar Halldórsson

Oddur Ólason Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 15. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2017:**

M1 og M2 sóknaraðilar
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1 og M2, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. febrúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 16. febrúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 23. mars 2017. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar 27. mars 2017 og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 20. apríl 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. október, 11. og 24. nóvember og 15. desember 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 22. janúar 2007 gaf A, út skuldabréf nr. X, að fjárhæð 6.480.000 kr., til sparisjóðs. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur sparisjóðsins skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar skuldabréfinu. Þann 22. janúar 2007 undirrituðu sóknaraðilar skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kemur einnig fram í greiðslumatinu að meira en helmingur lánsupphæðar verði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Í málinu liggja fyrir undirritaðar skilmálabreytingar skuldabréfsins vegna vanskila, dagsettar þann 28. febrúar 2008 og 1. júlí 2013. Í málinu liggja einnig fyrir áramótayfirlit frá bankanum þar sem að sóknaraðilum er gerð grein fyrir stöðu skuldabréfsins.

Þann 15. september 2016 barst sóknaraðilum innheimtubréf þar sem skorað var á þau að greiða kröfu skv. skuldabréfinu þar sem skuldin var fallin í gjalddaga.

Sóknaraðilar sendu varnaraðila bréf þann 28. janúar 2015 með ósk um niðurfellingu ábyrgðar. Varnaraðili hafnaði þeirri beiðni með bréfi þann 6. febrúar 2015.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að sjálfskuldarábyrgð þeirra á skuldabréfi nr. X verði ógild og veð í íbúð sóknaraðila verði aflétt. Til vara krefjast sóknaraðilar þess að hækkun skuldar og sá kostnaður sem megi rekja til skilmálabreytingar lánsins 1. júlí 2013 verði felldur niður. Jafnframt krefjast sóknaraðilar niðurfellingu á dráttarvöxtum og tilföllnum kostnaði ásamt endurgreiðslu á lögmannsþóknun.

Sóknaraðilar byggja á því að forveri varnaraðila hafi brotið gegn ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga við öflun lánsveðs. Vísa sóknaraðilar til þess að forveri varnaraðila hafi vanmetið greiðslubyrði lántakans verulega og þar með þá áhættu sem sóknaraðilar voru að taka með því að lána veð í íbúð sinni. Niðurstaða fjárhagsyfirlits hafi verið röng þar sem sparisjóðurinn hafi ekki tekið tillit til heildarskulda lántakans og greiðslubyrði af þeim. Heildarskuldir væru taldar fram á skattframtali sem sparisjóðurinn hafði undir höndum. Sé það andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu sparisjóðsins að kynna ekki sóknaraðilum hverjar heildarskuldir lántakanda voru.

Sóknaraðilar benda á að forvera varnaraðila hafi verið kunnugt um hagi sóknaraðila. Hafi honum borið skylda til að upplýsa sóknaraðila um þá áhættu sem fælist í því að lána veð en þess í stað falið lántaka þá verkþætti auk þess sem lántaka var falið að afla undirskrifta sóknaraðila á greiðslumatið. Sóknaraðilum hafi ekki verið kynntur bæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Sóknaraðilar byggja á því að þeim hafi ekki verið kynntar tölulegar niðurstöður greiðslumats. Vísa sóknaraðilar til þess að orðalag yfirlýsingar um greiðslumat hafi auðveldlega mátt misskilja á þann veg að með lántökunni myndi lántaki geta staðið í skilum. Sóknaraðilar vísa til 36. gr. b. laga nr. 7/1936 þar sem skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ sé mjög óljóst. Skjalið sé orðað þannig að annað hvort sé um að ræða sjálfskuldarábyrgð eða veita veð í fasteign en ekki hvort tveggja. Þá hafi mikilvægur texti á skuldabréfinu verið í of smáu letri fyrir sóknaraðila sem séu ellilífeyrisþegar. Vísa sóknaraðilar til þess að það setji aukinn þunga á skyldur lánveitanda að útskýra skjalið sem ekki hafi verið gert.

Sóknaraðilar byggja á því að þeir hafi verið gerðir að sjálfsábyrgðarmönnum við skilmálabreytinguna 2008 án þess að þeim hafi verið gerð grein fyrir hvað fælist í slíkri ábyrgð. Benda sóknaraðilar á að skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ staðfesti að þeir hafi einungis verið veðveitendur á upphaflegu skuldabréfi en ekki í sjálfskuldarábyrgð. Sóknaraðilar byggja á því að þeir hafi ekki verið í vanskilum vegna lánsins og geti því ekki borið ábyrgð á dráttarvöxtum eða kostnaði vegna vanskila lántaka. Vísa sóknaraðilar til þess að veðleyfisgjafar eigi ekki að bera ábyrgð á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem beint var að lántakanum. Sóknaraðilar vísa til þess að þær bankastofnanir sem höfðu átt skuldabréfið hafi ekki farið eftir ákvæðum laga um ábyrgðarmenn og innheimtulaga.

Sóknaraðilar vísa til þess að nýtt greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt við skilmálabreytingu árið 2008. Varðandi skilmálabreytinguna sem gerð var árið 2013 byggja sóknaraðilar á því að enginn skjöl sé að finna til marks um samþykki þeirra fyrir skilmálabreytingunni. Skilmálabreytingin hafi verið til þess fallin að hækka lánið verulega og þar með þá áhættu sem lagðist á sóknaraðila.

Sóknaraðilar byggja jafnframt á því að krafa að baki veðinu sé fyrnd þar sem meira en fjögur ár hafi liðið þar til varnaraðili hóf að innheimta kröfu á grundvelli veðsins gagnvart sóknaraðilum. Að auki telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi glatað rétti sínum til veðsins þegar hann afskrifaði kröfur sínar á hendur lántaka.

Sóknaraðilar gera kröfu um að varnaraðili greiði þann kostnað sem sóknaraðilar hafi haft af máli þessu. Byggja sóknaraðilar á því að varnaraðila hafi borið að kanna alla

málavöxtu í upphafi en með því hefði mátt afstýra útgjöldum sóknaraðila vegna málsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafna sóknaraðilar dómatilvísunum varnaraðila. Þá vilja sóknaraðilar vekja athygli á því að í texta skjalsins „Skilmálabreyting Veðskuldabréfs“, dagsett 1. júlí 2013, komi hvergi fram að sóknaraðilar séu í sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 verður ábyrgð álitin einföld ef ekki er kveðið á um hvers konar ábyrgð er að ræða í ábyrgðarsamningi. Vísa sóknaraðilar til þess að ábyrgð þeirra sé einföld og varnaraðila beri að sanna að engar efndir verði fengnar úr hendi skuldara vegna ógjaldfærni hans áður en ábyrgð þeirra vaknar.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um ógildingu á veði verði hafnað. Varnaraðili krefst þess einnig að kröfu sóknaraðila um niðurfellingu á vöxtum, tilföllnum kostnaði og endurgreiðslu á lögmannsþóknun verði vísað frá.

Varnaraðili byggir á því að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. Samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðilar hafi undirritað greiðslumatið við lánveitinguna þann 22. janúar 2007. Greiðslumatið hafi verið unnið eftir gögnum sem bárust frá lántaka og engin skylda hvíli á lánveitanda að staðreyna þau gögn samkvæmt samkomulaginu. Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar hafi undirritað veðskuldabréf þar sem þau staðfestu að hafa kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Vísar varnaraðili til þess að í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-78/2016 var það talið vera á ábyrgð ábyrgðarmanns að kynna sér nánar greiðslumat og gögn sem það byggði á.

Varnaraðili bendir á að skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ geti bæði átt við þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða eða veð til tryggingar skuldum lántakanda. Hafnar varnaraðili því að skjalið sé óljóst og byggir á því að sóknaraðilum hafi verið fullljóst að þeir væru að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Varnaraðili byggir á því að skilmálar skuldabréfsins sem sóknaraðilar undirrituðu séu staðlaðir og því verði samningnum ekki vikið til hliðar sökum þess að leturstærðin hafi verið svo smá.

Varnaraðili vísar til þess að ekki sé áskilið í samkomulaginu að nýtt greiðslumat farið fram þegar skilmálabreytingar eigi sér stað auk þess sem skilmálabreytingarnar hafi verið til ívilnunar fyrir útgefanda skuldabréfsins og sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að óháð því hvort sóknaraðilar yrðu taldir hafa réttilega gengist í sjálfskuldarábyrgð með skilmálabreytingunni eða ekki standi veðtrygging í eign sóknaraðila óhögguð.

Þá hafnar varnaraðili þeim rökum að hafa ekki verið í góðri trú um að sóknaraðilar hefðu greiðslugetu til að mæta ábyrgðinni enda voru niðurstöður greiðslumats neikvæðar við lántöku og sóknaraðilum átt að vera ljós áhættan.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðilar hafi ekki samþykkt skilmálabreytinguna árið 2013. Vísar varnaraðili til þess að sú skilmálabreyting hafi verið undirrituð af sóknaraðilum. Varnaraðili hafnar því að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að ganga að veði sóknaraðila, sbr. lög um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Varnaraðili byggir á því að krafa hans sé ekki fyrnd þar sem fyrningarfrestur hafi byrjað að líða þann 1. júlí 2016, þegar samningur hafi verið vanefndur af hálfu sóknaraðila.

Varnaraðili krefst frávísunar á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu vaxtakostnaðar og tilfallins kostnaðar ásamt endurgreiðslu lögmannsþóknunar þar sem krafan sé óskýr, sbr. d-liður 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar. Varnaraðili vísar til þess að á honum hvíli engin skylda til að greiða útlagðan kostnað sóknaraðila vegna málsins.

Varnaraðili bendir á að engar sérstakar ógildingarreglur sé að finna í samkomulaginu og hafnar því að óheiðarlegt hafi verið að setja sóknaraðila í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. Í því sambandi bendir varnaraðili á hrd. nr. 322/2013. Vísar varnaraðili til þess að sönnunarbyrði fyrir því að skuldbinding sóknaraðila sé ógild hvíli á sóknaraðilum sem hafa ekki sýnt fram á að ákvæðum samningalaga verði beitt.

V.
Niðurstaða.

Aðila greinir á um það hvort veðskuldbinding sóknaraðila til tryggingar skuldabréfi að fjárhæð 6.480.000 kr. sem gefið var út af syni sóknaraðila þ. 22. janúar 2007 til forvera varnaraðila sé ógildanleg á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og jafnframt hvort að veðkrafa varnaraðila sé fyrnd og hvort að skilmálabreytingar sem gerðar voru hafi verið samþykktar af hálfu sóknaraðila, þá greinir aðila á um hvort að sjálfskuldarábyrgð sem gerð var með skilmálabreytingu þ. 28. febrúar 2008 og þ. 1. júlí 2013 sé ógildanleg á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Samkvæmt gögnum málsins samþykktu sóknaraðilar með undirritun sinni að tryggja skuldbindingar útgefanda skuldbréfsins með veði í fasteign sinni. Á þeim tíma er skuldabréfið var gefið út gilti samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Markmið samkomulagsins var að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að stuðla að því að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar og setja meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum.

Samkomulagið tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur hærri fjárhæð en 1.000.000 kr. sbr. 3.mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt skal hann staðfesta það skriflega.

Samkvæmt gögnum málsins var greiðslumat framkvæmt á skuldara sem kynnt var sóknaraðilum og að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið sú að nokkuð vanti upp á að lántaki ráði við greiðslubyrði sína. Hins vegar telja sóknaraðilar að greiðslumatið hafi verið villandi og ekki gefið rétta mynd þar sem að heildarskuldir útgefanda hafi verið mun hærri en gert var grein fyrir í greiðslumatinu. Sóknaraðilar staðfestu með undirritun sinni að hafa kynnt sér greiðslumatið og voru því meðvitaðir um neikvæða niðurstöðu greiðslumatsins en ákváðu samt sem áður að gangast í ábyrgðina. Í þessu sama skjali kom einnig skýrlega fram að meira en helmingi lánsfjárhæðarinnar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka við varnaraðila. Þá staðfestu sóknaraðilar með undirritun sinni á veðskuldabréfið að hafa kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgð og lánsveð þar sem ábyrgðarmenn eru m.a. sérstaklega hvattir til að kynna sér greiðslugetu lántaka.Virðist sóknaraðili ekki hafa óskað eftir neinum frekari gögnum um greiðslumatið af þessu tilefni. Verður að hafna því að það sé ósanngjarnt af varnaraðila að bera umrædda veðsetningu fyrir sig vegna þeirra athugasemda sem sóknaraðili vill gera við greiðslumatið nú og vísast um það til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-

78/2016 þar sem að það var talið á ábyrgð ábyrgðarmanns að kynna sér nánar greiðslumat og gögn sem það byggði á.

Ekki verður fallist á það með sóknaraðila að skilmálabreytingar dags. 28. febrúar 2008 og 1. júlí 2013 séu ógildanlegar á grundvelli þess að ekki hafi verið gert sérstakt greiðslumat á skuldara áður en þær voru samþykktar af hálfu sóknaraðila. Einkum í ljósi þess að skilmálabreytingarnar voru ívilnandi fyrir skuldara veðskuldabréfsins.

Fallast verður á með sóknaraðilum að við útgáfu skuldabréfsins þ. 22. janúar 2007 var eingöngu tekist á hendur ábyrgð á grundvelli veðskuldbindingar og virðist það raunar óumdeilt í málinu. Þá verður fallist á það með sóknaraðila að framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldarábyrgðar við skilmálabreytingu þ. 28. febrúar 2008 og 1. júlí 2013 hafi ekki verið í samræmi við þágildandi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að varnaraðili verði að bera hallann af því að það var ekki gert og þeim óskýrleika í texta er varðar stofnun sjálfskuldaábyrgðar. Að því virtu telur nefndin að skilyrði séu til þess að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 6/1936.

Sóknaraðili byggir á því að krafa varnaraðila honum á hendur sé fyrnd með vísan til 4. tl. 3. mgr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Ekki er unnt að fallast á þann skilning sóknaraðila að upphaf fjögurra ára fyrningarfrests samkvæmt þeim lögum skuli telja frá þeim degi er samningur um greiðsluaðlögun varð gerður þ. 11. september 2012. Upphafstíminn telst frá þeim degi er krafan varð gjaldkræf. Þykir verða að líta svo á að krafan hafi fyrst orðið gjaldkræf þegar samningur var vanefndur af hálfu sóknaraðila, þ. 1. júlí 2016. Verður samkvæmt framangreindu ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila að krafa varnaraðila sé niður fallin fyrir fyrningu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, um afléttingu veðsetningar er hafnað.

Fallist er á kröfu sóknaraðila um ógildingu sjálfskuldarábyrgðar á skuldabréfi nr. X.

Reykjavík, 15. desember 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2017, fimmtudaginn 21. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. febrúar 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 15. febrúar 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 17. febrúar 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 24. mars 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 4. apríl 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 24. nóvember og 15. og 21. desember 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 10. mars 2016 krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu skuldar samkvæmt tveim skuldabréfum í eigu varnaraðila sem voru í vanskilum, auk skuldar vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi. Heildarfjárhæð skuldar sóknaraðila við varnaraðila nam 3.370.84 kr. Í fyrsta lagi var um að ræða skuldabréf nr. X, sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila þann 14. júní 2007, upphaflega að fjárhæð 900.000 kr. Í öðru lagi var um að ræða skuldabréf nr. Y, sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila þann 18. desember 2008, upphaflega að fjárhæð 980.000 kr. Í þriðja lagi var um að ræða skuld vegna yfirdráttar á reikningi sóknaraðila hjá varnaraðila, að fjárhæð 216.032 kr. þegar hann var gjaldfelldur, þann 30. nóvember 2010.

Þann 11. október 2016 barst sóknaraðila tilkynning um löginnheimtu, vegna vanskila á tékkareikningnum. Þann 15. desember sama ár barst sóknaraðila innheimtubréf frá varnaraðila vegna innheimtu á skuldabréfunum sem höfðu verið í vanskilum frá 2 febrúar 2010, og á yfirdráttarskuld samkvæmt tékkareikningi sem hafði verið í vanskilum frá 30. nóvember 2010. Varnaraðili sendi sóknaraðila greiðsluáskoranir vegna skuldabréfanna þann 6. janúar 2011. Þann 26. janúar 2011 sendi varnaraðili áminningu vegna innheimtu á yfirdráttarskuld samkvæmt tékkareikningi.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst viðurkenningar á því að kröfur varnaraðila á hendur sér á grundvelli skuldabréfa nr. X og Y og á grundvelli yfirdráttar á tékkareikningi séu niður fallnar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi gefið eftir kröfur sínar gagnvart sóknaraðila, þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir í febrúar 2011 að kröfurnar hefðu verið afskrifaðar. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi jafnframt staðfest það í tölvupósti, dags. 30 mars 2016, að kröfurnar hefðu verið afskrifaðar. Í tölvupóstinum hafi varnaraðili tekið fram að með afskriftum væri verið að taka kröfurnar úr einu kerfi varnaraðila og flytja þær í annað. Samt sem áður væri hægt að rukka kröfurnar áfram, skuldin væri samt ennþá til staðar og hægt að hefja innheimtu á henni hvenær sem er innan ákveðins tíma. Þessu mótmælir sóknaraðili. Vísar sóknaraðili til þess að í almennu tali þýði afskrift að eitthvað sé afskrifað, þ.e. fellt niður eða tekið úr sögunni. Sóknaraðili hafi mátt leggja þann skilning í afstöðu varnaraðila í febrúar 2011 að hann hygðist ekki krefja hana um greiðslu á þessum kröfum og að þær væru úr sögunni.

Sóknaraðili bendir á að kröfuréttindum geti lokið á margvíslegan hátt, m.a. með eftirgjöf kröfuhafa. Sóknaraðili telur óumdeilt að varnaraðili hafi afskrifað kröfu sína í febrúar 2011 og hún hafi verið í góðri trú um að krafan væri fallin niður eftir þann tíma. Sóknaraðili bendir á að varnaraðila hafi verið heimilt að fella kröfurnar í heild sinni niður einhliða. Að mati sóknaraðila var ekkert óeðlilegt við það að varnaraðili gerði það því á þessum tíma hafi legið fyrir sönnun um ógjaldfærni og eignaleysi sóknaraðila vegna árangurlauss fjárnáms hjá henni. Sóknaraðili byggir á því að túlka beri ákvörðun varnaraðila, um afskrift á kröfunum og þýðingu þess gagnvart sóknaraðila, sóknaraðila í vil þar sem hún sé neytandi og ekki sérfróður einstaklingur. Vísar sóknaraðili til þess að það hafi staðið varnaraðila nær að sjá til þess að yfirlýsingar, skjöl og réttindi væru skýr, en varnaraðili yrði að bera hallan af sönnunarskorti og vafa þar um.

Sóknaraðili bendir á að hún hafi ekki undir höndum nein gögn um samskipti sín við varnaraðila á árinu 2011. Krafa um að geyma tölvupóst eða önnur samskipti svo árum skipti, verður ekki lögð á sóknaraðila. Sú skýring, um að í afskriftum felist aðeins tilfærsla í bókhaldi varnaraðila, var fyrst sett fram af hálfu varnaraðila í tölvupósti, dags. 30. mars 2016, en sú skýring hafi aldrei komið fram þegar krafan var afskrifuð. Sóknaraðili vísar til þess að sönnunarbyrðin, um hvað nánar kom fram í samskiptum varnaraðila við sóknaraðila í tengslum við afskrift krafnanna í febrúar 2011, hvíli á varnaraðila. Sóknaraðili byggir á því að víkja beri kröfum varnaraðila til hliðar þar sem það væri ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af varnaraðila að bera þær fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1963 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili byggir jafnframt á því að kröfur varnaraðila séu fallnar niður á grundvelli tómlætis. Vísar sóknaraðili til þess að jafnvel þótt varnaraðili teljist ekki bundinn af yfirlýsingu um afskrift gagnvart sóknaraðila, hafi varnaraðili ekkert aðhafst í rúm 5 ár við innheimtu á kröfunum. Bendir sóknaraðili á að réttarreglum um tómlæti sé m.a. ætlað að stuðla að því að samskiptum aðilja að kröfusambandi ljúki áður en langt um líði frá réttum efndatíma.

Sóknaraðili bendir á að þegar varnaraðili hafi tekið ákvörðun um afskrift á kröfunum, hafi legið fyrir árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila vegna skattaskuldar. Samkvæmt 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti hefði varnaraðila því verið heimilt að krefjast gjaldþrotaskipta hjá sóknaraðila, auk þess sem sóknaraðili hefði sjálf getað gefið bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 64. gr. gþl. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki krafist gjaldþrotaskipta og ekki hafi verið tilefni fyrir sóknaraðila til að gefa bú sitt upp til skipta í ljósi yfirlýsingar varnaraðila, um afskrift á kröfunum.

Vísar sóknaraðili til þess að hefði bú sóknaraðila verið tekið til gjaldþrotaskipta á þessum tíma hefði varnaraðili ekki fengið greiddar kröfur sínar þar sem sóknaraðili var þá eignalaus eins og hið árangurslausa fjárnám sýnir fram á.

Í viðbótar athugasemdum sóknaraðila vísar hún til þess að tilvísun varnaraðila í mál úrskurðarnefndarinnar nr. 16/2016 sé ekki að finna á heimasíðu nefndarinnar en af reifun varnaraðila í athugasemdum hans megi ráða að málsatvik séu ósambærileg. Sóknaraðili vísar til þeirrar athugasemdar varnaraðila, um að sóknaraðili hafi ekki náð að sýna fram á að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 væru uppfyllt. Sóknaraðili telur blasa við að öll skilyrði 36. gr. laganna séu uppfyllt.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því að um eftirgjöf á kröfum varnaraðila sé að ræða og telur engin gögn liggja fyrir um að varnaraðili hafi í raun gefið eftir kröfurnar. Vísar varnaraðili til þess að hann hafi ekki gefið út neina yfirlýsingu þess efnis að um niðurfellingu skulda hafi verið að ræða og enginn gögn séu komin fram í málinu sem staðfesti þær staðhæfingar sóknaraðila. Varnaraðili hafnar því að hafa staðfest eftirgjöf krafnanna með tölvupósti starfsmanns varnaraðila, dags. 30. mars 2016. Vísar varnaraðili til þess að í tölvupóstinum komi fram skýr fyrirvari varnaraðila og sérstök útskýring á því hvað felist í afskriftum innan bankans. Í því sambandi vísar varnaraðili til máls Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 16/2016 máli sínu til stuðnings.

Varnaraðili bendir á að meta þurfi sérstaklega hvort ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju sé að bera skuldabréfin fyrir sig, svo að skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt. Af dómaframkvæmd megi ráða að heildstætt mat á atvikum hvers máls ráði því hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laganna. Vísar varnaraðili til þess að sönnunarbyrði fyrir því að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila, sem hafi ekki sýnt fram á að ákvæðum laga nr. 7/1936 verði beitt til ógildingar. Bendir varnaraðili á að ekkert sé fram komið í málinu sem sýni að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti. Vísar varnaraðili til meginreglu samningaréttar um að samninga skuli efna.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort að kröfur varnaraðila á grundvelli skuldabréfa nr. X og Y og á grundvelli yfirdráttar á tékkareikningi séu niður fallnar.

Sóknaraðili byggir einkum á þeirri málsástæðu að varnaraðili hafi gefið eftir kröfur sínar með því að lýsa því yfir gagnvart sér að kröfurnar hefðu verið afskrifaðar. Ágreiningslaust er að varnaraðili afskrifaði kröfur á hendur sóknaraðila

í febrúar 2011 í kjölfar þess að gert hafði verið árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila. Hins vegar greinir aðila á um hvaða kröfuréttarlega þýðingu afskriftir varnaraðila hafi merkt gagnvart sóknaraðila. Sóknaraðili heldur því fram að hún hafi skilið það svo að afskriftir á kröfum varnaraðila í febrúar 2011 fælu það í sér að kröfurnar hafi verið gefnar eftir og að því séu þær kröfur niður fallnar og varnaraðili geti ekki innheimt þær gagnvart sóknaraðila. Því sé það ósanngjarnt af hálfu varnaraðila með vísan til 36. gr. samningalaga að innheimta þær kröfur nú þar sem að sóknaraðili hafi mátt skilja það svo að afskriftir fælu í sér eftirgjöf kröfu og að hún hefði því mátt telja að kröfurnar yrðu ekki hafðar uppi gagnvart henni. Engin gögn liggja fyrir um samskipti aðila í febrúar 2011 en í tölvubréfi frá varnaraðila til sóknaraðila dags. 1. apríl

2016 er það tekið fram að kröfurnar hafi verið afskrifaðar í bókhaldi varnaraðila í febrúar 2011 en að það hafi ekki falið í sér eftirgjöf kröfunnar heldur hafi eingöngu verið um að ræða aðgerð í bókhaldi varnaraðila. Sú ákvörðun varnaraðila ein og sér að afskrifa kröfur í bókhaldi sínu og fresta innheimtu á kröfunni í kjölfar þess að ógjaldfærni sóknaraðila á þeim tíma hafði verið staðreynd með árangurslausu fjárnámi felur að mati nefndarinnar ekki í sér að krafan sé felld niður eða að skuldari hafi mátt telja að kröfur gagnvart sér væru niður fallnar án þess að sérstök yfirlýsing þess efnis hafi verið gerð af hálfu varnaraðila. Þá hefur sóknaraðili ekki getað sýnt fram á það með gögnum að varnaraðili hafi lýst því yfir gagnvart henni að kröfur varnaraðila hafi verið gefnar eftir og hefur því sóknaraðili ekki getað sýnt nægilega fram á að hún hafi mátt telja að skuldin væri fallin niður. Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila á að ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936 verði beitt til ógildingar á kröfum varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, til viðurkenningar á því að kröfur varnaraðila á hendur sér á grundvelli skuldabréfa nr. X og Y og á grundvelli yfirdráttar á tékkareikningi séu niður fallnar er hafnað.

Reykjavík, 21. desember 2017

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 24. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2017:**

M1 og M2 sóknaraðilar
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1 og M2, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 3. mars 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 10. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. mars 2017. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar dags. 20. mars 2017 og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 18. apríl 2017. Viðbótar athugasemdir sóknaraðila bárust 13. nóvember 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. október og 24. nóvember 2017.

II.
Málsatvik.

Sóknaraðilar sátu, ásamt A, í stjórn sjóðsins X og XX. Þann 1. september 2016 sagði A, sig úr stjórn X og XX og var í kjölfarið haldinn „aukaaðalfundur“ þann 7. nóvember 2016 þar sem ný stjórn var kjörin. Þann 8. nóvember barst varnaraðila afrit fundargerðar frá formanni Z þar sem lýst var yfir kjöri nýrra aðal- og varamanna í stjórn sjóðsins. Í tölvupóstinum var óskað eftir því að reikningar sjóðsins yrðu læstir þangað til að ný stjórn hefði undirritað ný umboð á reikninga sjóðsins. Þann 9. nóvember 2016 fyllti ný stjórn út afturköllun á umboði fyrri stjórna. Þann 17. nóvember 2016 barst sóknaraðilum tölvupóstur frá varnaraðila þess efnis að varnaraðili hafi orðið við beiðni nýrrar stjórnar um afturköllun á prókúruumboði sjóðsins.

Sáttaumleitan var hafnað 20. desember 2016. Þann 11. maí 2017 krafðist varnaraðili þess fyrir dómi að bókhald félagsins og fylgiskjöl með bókhaldi á reikningsárunum 2011 til 2016 ásamt tölvu í eigu varnaraðila, yrðu tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum sóknaraðila og fengin varnaraðila. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, þann 13. nóvember 2017, var kröfu varnaraðila hafnað.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að ákvörðun varnaraðila, um afturköllun umboðs sóknaraðila, verði ógild.

Sóknaraðilar byggja á því að umboð þeirra, sem aðalmenn stjórnar X og XX verið sniðgengið með ólögmætum hætti. Vísa sóknaraðilar til þess að varnaraðili hafi ekki farið að lögum og ranglega tekið afstöðu með öðrum deiluaðila þegar hann felldi niður lögmæta prókúru án heimildar.

Sóknaraðilar vísa til þess að þann 1. september 2016 hafi A sagt sig úr stjórn X og XX, en A hafði verið kosin sem aðalmaður ásamt M1. Í framhaldi af því hafi M2 tekið við sem aðalmaður. Þann 7. nóvember 2016 hafi verið haldinn „aukaaðalfundur“ Z, gagngert í því skyni að ryðja réttkjörinni stjórn úr vegi. Vísa sóknaraðilar til þess að lögmæti „aukaaðalfundarins“ hafi ekki verið staðfest og að allar ákvarðanir fundarins séu ómerktar.

Sóknaraðilar vísa til þess að hafa fengið bréf, þann 17. nóvember 2016, frá útibússtjóra varnaraðila, um að „fyrri stjórn“ hafi óskað eftir að „ný stjórn“ tæki við prókúru og varnaraðili hafi orðið við því. Þegar sóknaraðilar hafi spurt hverjir úr „fyrri stjórn“ hefðu undirritað beiðnina kom fram að annar aðilinn hafi verið A, sem hafði sagt af sér rúmum 2 mánuðum áður en hann undirritaði skjalið.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðila hafi verið fullkunnugt um að A hefði sagt sig úr stjórn. Sóknaraðilar benda á að þær hafi hvorugar skrifað undir þessa heimild, eins og nauðsynlegt hefði verið, og varnaraðila hafi borið að sýna frekari aðgæslu. Byggja sóknaraðilar á því að A hafi verið alfarið umboðslaus að óska eftir niðurfellingu prókúru löggiltrar stjórnar sjóðs X og XX. Telja sóknaraðilar óásættanlegt að umboðslaus aðili geti fengið varnaraðila til að breyta lögmætum gjörningi án umboðs.

Í viðbótar athugasemdum sínum taka sóknaraðilar fram að ágreiningur sé milli aðila um lögmæti „aukaaðalfundarins“ sem stjórn Z boðaði til þann 7. nóvember 2016. Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili hafi tekið að sér hlutverk dómstóla með ákvörðun sinni um að breyta prókúrunni og losaði þannig stjórn Z undan því að þurfa að leita til dómstóla til að fá skorið úr um lögmæti „aukaaðalfundarins“. Sóknaraðilar telja sig enn löglega kosna stjórnarmenn í stjórn sjóðsins X og XX. Sóknaraðilar mótmæla fullyrðingum varnaraðila um að málið eigi ekki undir nefndina.

Sóknaraðilar byggja á því að varnaraðili hafi tekið að sér að túlka sjálfstætt lög Z og horfa framhjá því að sjóður X og XX sé sjálfstæður lögaðili sem sækir umboð sitt til aðalfunda Z. Sóknaraðilar vísa til þess að ekkert í lögum Z heimili að haldnir séu „aukaaðalfundir“ og kosnir séu aðrir í stað stjórnarmanna sem hafi ekki sagt af sér.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni. Verði ekki fallist á það krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Frávísunarkrafa varnaraðila byggist á því að sóknaraðilar hafi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Varnaraðili byggir einnig á því að krafa sóknaraðila sé ekki úrskurðarhæf. Úrskurðarnefndin hafi ekki vald til þess að taka afstöðu til umboðs stjórnar Z, þar sem stjórn félagsins eigi ekki aðild að nefndinni. Varnaraðili byggir jafnframt á því vísa eigi kröfu sóknaraðila frá þar sem kröfugerðin sé óskýr.

Varnaraðili byggir frávísunarkröfu sína á því að sóknaraðilar eigi ekki aðild að málinu, þar sem þeir gegni ekki lengur stjórnarstöðu í umræddum félögum. Til stuðnings frávísunarkröfu sinni vísar varnaraðili til b-,d- og e-liðar 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

Varnaraðili byggir varakröfu sína á því að sóknaraðilar hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurð um ógildingu umboðs nýrrar stjórnar. Vísar varnaraðili til

þess að sóknaraðilar hafi verið kosnir í stjórn sjóðsins tímabundið, stjórnarseta þeirra njóti hins vegar ekki lengur stuðnings félagsmanna þar sem ný stjórn hafi verið kjörin.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt reglum félagaréttar geti þeir, sem kosnir eru af æðstu valdastofnum lögaðila og hafi heimild til að skuldbinda félagið, gefið einstaklingum umboð til úttekna af reikningum þess, nema samþykktir félagsins mæli fyrir um annað. Varnaraðili vísar til þess að Z og sjóður X og XX séu almenn félög, en varnaraðili hafi haft það verklag gagnvart almennum félögum að óska eftir afrit fundargerðar um stjórnarkjör sem staðfest er af ritara fundar og stjórnar félags.

Varnaraðili mótmælir því að hafa átt að hafna skráningu nýs umboðs á reikninga sjóðsins. Vísar varnaraðili til þess að deilur innan félaga geti ekki sjálfkrafa leitt til þess að varnaraðili hafni beiðnum kjörinnar stjórnar á hverjum tíma um fjárhagslegar ráðstafanir sem samrýmast tilgangi og stjórnskipan félagsins. Varnaraðili bendir á að gögn málsins sýni ekki fram á annað en að núverandi stjórn hafi haft og hafi enn fullt umboð til að veita og afturkalla prókúru á reikninga, o. þ. h.

Varnaraðili hafnar því að hafa tekið afstöðu með öðrum deiluaðila. Vísar varnaraðili til þess að fylgja þeim verklagsreglum sem gilda um breytingu umboða hjá almennum félögum. Varnaraðili bendir á að ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vandað vinnubrögð sín í samræmi við meginreglu og lög nr. 161/2002.

V.
Niðurstaða.

Sóknaraðilar krefjast þess að ákvörðun varnaraðila, um að fella niður prókúru sóknaraðila á bankareikningum sjóðs X og SS hjá varnaraðila, verði hrundið.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila. Úrskurðarnefndin hefur talið að almennt beri að túlka hugtakið samningssamband rúmt þegar neytendur skjóta málum til nefndarinnar. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðilar hafa enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila í máli þessu og verður krafa þeirra eins og hún er fram sett ekki metin til fjár. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni með vísan til b-liðar 6. gr. samþykkta úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 24. nóvember 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2017, föstudaginn 24. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 10. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. mars 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar dags. 21. mars 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 4. apríl 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. október og 24. nóvember 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 4. mars 2008 gaf A út skuldabréf nr. X, að fjárhæð 3.670.000 kr., til varnaraðila. Sóknaraðili, ásamt B, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu og óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda. Sóknaraðili undirritaði „Yfirlýsing sjálfskuldarábyrgðaraðila vegna lántöku án greiðslumats“ þann 23. febrúar 2008, þar sem hann staðfesti að honum hafi verið kynnt greiðsluyfirlit lánsins og fjárhagsyfirlit Ráðgjafarstofu heimilanna sem sýni að greiðslubyrði lántakenda sé sé umfram greiðslugetu hans. Jafnframt staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabækling varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar hjá þriðja aðila.

Þann 27. mars 2012 var lögð fram beiðni um á nauðungarsölu sem hafnað var af sýslumanni Keflavíkur þann 25. maí 2012. Sóknaraðila barst innheimtubréf, þann 26. maí 2016, þar sem krafist var greiðslu á 4.218.054 kr. vegna kröfu varnaraðila á grundvelli skuldabréfsins. Sóknaraðili hafnaði þeirri greiðsluskyldu með bréfi, dags. 14. júní 2016, og fór fram á að innheimtuaðgerðum yrði hætt. Þann 13. janúar 2017 barst sóknaraðila greiðsluáskorun þar sem krafist var greiðslu á 4.559,454 kr. á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi nr. 0142-74-421391.

Sáttaumleitan var hafnað þann 9. febrúar 2017.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X, útgefið þann 4. mars 2009, að fjárhæð 3.670.000 kr. verði ógild.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar skv. Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins hafi varnaraðila borið að greiðslumeta skuldara áður en sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðila hafi borið að framkvæma greiðslumat, þótt sóknaraðili hafi hakað við ósk um undanþágu frá mati á greiðslugetu skuldara á skuldabréfinu, enda sé fjárhæð skuldabréfsins umfram 1.000.000 kr.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa aldrei átt í samskiptum við varnaraðila. Sóknaraðili hafi undirritað skuldabréfið, þann 4. mars 2008, og yfirlýsingu í kjölfar þess, dags. 23. febrúar 2008, þegar skuldari bréfanna kom með þau til hans.

Sóknaraðili byggir á því að efni yfirlýsingarinnar „vegna lántöku án greiðslumats“, sem sóknaraðili undirritaði þann 23. febrúar 2008, sé mjög villandi. Einnig vísar sóknaraðili til þess að í yfirlýsingunni komi fram að sjálfskuldarábyrgðaraðilum hafi verið kynnt greiðsluyfirlit lánsins og „fyrrnefnt fjárhagsyfirlit Ráðgjafarstofu heimilanna“. Sóknaraðili kveðst ekki hafa þekkt fjárhagsstöðu skuldara á þessum tíma og að hann hafi aldrei hafa séð framangreind skjöl.

Sóknaraðili byggir á því að víkja beri ábyrgð hans til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísar sóknaraðili til þess að það sé ósanngjarnt og andsætt góðri viðskiptavenju að byggja rétt á skuldabréfi gagnvart ábyrgðarmanni án þess að framkvæma greiðslumat á skuldara. Bendir sóknaraðili á að verulegur aðstöðumunur hafi verið á milli sín og varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili verði að bera hallann af því að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt.

Í viðbótar athugasemdum sóknaraðila er því mótmælt að afdráttarlaus yfirlýsing hafi legið fyrir við undirritun yfirlýsingarinnar, um að skuldari myndi ekki standast greiðslumat. Vísar sóknaraðili til þess að gera verði kröfur til varnaraðila um að yfirlýsingar séu þannig úr garði gerðar að ábyrgðarmenn átti sig á hvaða skuldbindingar felist í þeim yfirlýsingum sem undirritaðar séu. Aðstöðumunur sé á milli ábyrgðarmanna og fjármálastofnana. Sóknaraðili telur ósannað að skjölin, sem áttu að hafa legið fyrir við undirritun yfirlýsingarinnar, hafi legið fyrir við undirritun og að honum hafi verið kynnt efni þeirra.

Sóknaraðili hafnar tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og telur hann ekki hafa fordæmisgildi í fyrirliggjandi máli. Sóknaraðili vísar til þess að í umræddri yfirlýsingu, dags. 23. febrúar 2008, komi hvergi fram að sér hafi verið kunnugt um bága fjárhagsstöðu aðalskuldara og að hann standist ekki greiðslumat.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að það hafi ekki sjálfkrafa þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu, ef samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, hafi ekki verið fylgt. Vísar varnaraðili til þess að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði til að meta hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936. Til stuðnings kröfu sinni vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 10/2011.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi undirritað skuldabréfið og skjal merkt „Lánsumsókn einstaklings“. Þar hafi hann óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu skuldara og staðfest að hafa kynnt sér efni bæklings um persónuábyrgðir

og veðtryggingar þriðja aðila. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi jafnframt undirritað „Yfirlýsing sjálfskuldarábyrgðaraðila vegna lántöku án greiðslumats“, þann 23. febrúar 2008, þar sem kom m.a. fram að greiðslubyrði lántaka vegna lánsins væri umfram greiðslugetu hans.

Varnaraðili mótmælir því að ógilda beri skuldbindingu sóknaraðila á grundvelli þess að varnaraðili hafi ekki framkvæmt greiðslumat á skuldara. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi verið meðvitaður um að skuldari myndi ekki standast greiðslumat, en afdráttarlaus yfirlýsing þess efnis lá fyrir. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi verið sannarlega upplýstur um greiðslugetu skuldara og telur ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá ákvörðun sinni um að gangast í ábyrgð, jafnvel þótt framkvæmt hefði verið mat á greiðslugetu skuldara, sem sýndu neikvæða niðurstöðu.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni á yfirlýsinguna að hafa kynnt sér fjárhagsyfirlit frá Ráðgjafarstofu heimilanna og geti þannig ekki byggt á því nú að hafa aldrei séð umrætt skjal. Bendir varnaraðili á að ekki sé unnt að leggja þá skyldu á herðar sér að að framvísa nú gögnum sem hafi legið til grundvallar við útgáfu skuldabréfsins.

Varnaraðili byggir á því að það eitt að fjármálafyrirtæki feli aðalskuldara að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat, upplýsingabækling lánveitanda um ábyrgðir og eftir atvikum önnur gögn tengd lánveitingu geti ekki orðið grundvöllur ógildingar ábyrgðar.

V.
Niðurstaða.

Aðila greinir á um gildi ábyrgðaryfirlýsingar, dags. 4. mars 2008, um sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skuldabréfi að upphæð 3.670.000 kr. Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðaryfirlýsingin verði felld úr gildi. Byggir sóknaraðili kröfu sína á því að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu greiðanda sem ábyrgðarmanni hafi verið kynnt áður en hann tókst á hendur ábyrgðina. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, tekur meðal annars til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu skuldara nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó alltaf skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nema meira en 1.000.000 kr. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Auk þess er tekið fram í 1. gr. samkomulagsins að markmið þess sé að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Þá er tekið fram að með samkomulaginu séu settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum sem skuldaábyrgð eða veð í eigu annars einstaklings eru sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Í málinu liggur fyrir varnaraðili mat ekki greiðslugetu skuldara skuldabréfsins og kynnti varnaraðila svo sem skylt er skv. 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, fari ábyrgð ábyrgðarmanns yfir. 1.000.000 kr. Ekki verður fallist á þá málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi óskað sérstaklega eftir því að greiðslumat færi ekki fram, en eins og fram kemur í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr. Varðandi þá málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi verið kynnt fjárhagsyfirlit frá Ráðgjafastofu heimilanna, verður að líta til þess að ákvæði 4. gr. laga nr. 32/2009 mælir fyrir um skyldu lánveitanda til að láta meta greiðsluhæfi lántakanda og að greiðslumatið skuli byggt á

viðurkenndum viðmiðum. Þá mælir 5. gr. laganna fyrir um ítarlega upplýsingaskyldu lánveitanda áður en ábyrgðarsamningur er gerður þ.á.m. um greiðslugetu lántaka, sbr. b. lið 1. mgr. 5. gr. laganna. Þá ber að líta til markmiða laganna sem eru að draga úr vægi ábyrgða og stuðla að því að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar. Varnaraðili vísar auk þess máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2010 í máli 116/2010, þar sem hafnað var þeirri málsástæðu áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að ábyrgðaryfirlýsing væri ekki skuldbindandi vegna þess að ekki hefði verið sinnt skyldu 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, frá 1. nóvember 2001, um að fram færi mat á greiðslugetu skuldara. Hæstiréttur tók fram að þótt fyrir lægi að sérstakt mat á greiðslugetu skuldara hefði ekki farið fram, eins og reglur samkomulagsins, kveði á um, hefði það ekki í för með sér ógildi ábyrgðaryfirlýsingar áfrýjanda. Þá bætir Hæstiréttur við að enda megi ráða af orðalagi hennar að áfrýjandi hefði undirgengist ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist sérstakt greiðslumat. Þessari málsástæðu var hafnað á þessum grunni. Í því máli sem fyrir liggur fyrir úrskurðarnefndinni, kemur ekkert fram um að sóknaraðili hefði undirgengist ábyrgðina, þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat og ber varnaraðili halla af því. Vegna þessa ber að hafna því að dómur Hæstaréttar frá 21. október 2010, í máli 116/2010, hafi fordæmisgildi vegna þessa þáttar við úrlausn þess máls sem fyrir úrskurðarnefndinni liggur.

Með vísan til alls framangreinds verður Ber því með skírskotun til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að ógilda ábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Yfirlýsing sóknaraðila, M, þann 4. mars 2008 um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X til tryggingar greiðslum að upphæð 3.670.000 kr., er felld úr gildi.

Reykjavík, 24. nóvember2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Oddur Ólason

Ár 2017, föstudaginn 6. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 14. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 17. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 12. apríl 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 18. apríl 2017, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 24. apríl 2017 og 14. september 2017 eftir að varnaraðili hafði lagt fram efnislegar athugasemdir við kröfugerð sóknaraðila þann 23. ágúst 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. ágúst, 8. og 22. september og 6. október 2017.

II.
Málsatvik.

Helstu atvik málsins eru þau að þann 11. júní 2013 gaf A út tryggingarbréf nr. X til varnaraðila að fjárhæð 2.000.000 kr. Tryggingarbréfinu var þinglýst á 2. veðrétt á fasteign sóknaraðila. Þann 13. maí 2015 gaf A út tryggingarbréf nr. Y til varnaraðila að fjárhæð 1.500.000 kr. sem þinglýst var á 3. veðrétt á sömu fasteign. Bú A var tekið til gjaldþrotaskipta 21. ágúst 2015. Þann 5. október 2016 var gerður kaupsamningur milli þ.b. A og B um 100% eignarhlut í sóknaraðila en kaupverðið var 1.750.000 kr. Þann 10. október 2016 gerði kaupandi athugasemdir við kaupin og krafðist þess að varnaraðili tæki afstöðu til réttmæti tryggingarbréfa þeirra er hvíldu á fasteigninni. Sóknaraðili millifærði 9.080.678 kr. inn á reikning varnaraðila þann 20. janúar 2017 og tók fram í skýringum að greiðslan væri vegna láns. Sóknaraðili sendi síðan varnaraðila bréf þann 10. febrúar 2017 þar sem hann gerði fyrirvara við greiðsluna 20. janúar 2017 og krafðist endurgreiðslu á 3.672.955 kr. auk dráttarvaxta frá 20. janúar 2017.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér kr. 3.672.955 með dráttarvöxtum frá 20. janúar 2017.

Sóknaraðili byggir á því að þau tvö tryggingarbréf sem hvíldu á fasteign félagsins, hafi staðið til tryggingar persónulegum skuldbindingum þáverandi framkvæmdarstjóra, stjórnarformanns og eina eiganda félagsins. Sóknaraðili vísar til þess að slíkt sé óheimilt, sbr. 79 gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 (ehl.) Að auki bendir sóknaraðili á að ritað sé á tryggingarbréf nr. X „vegna ábyrgðar reiknistofu fiskimarkaða.“ Telur sóknaraðili ábyrgð þess tryggingarbréfs þar með takmarkast fyrir útistandandi ábyrgð hvert sinn. Skuld fyrirsvarsmanns félagsins sé hinsvegar yfirdráttarheimild og engin ógreidd ábyrgðarskuldbinding vegna reiknistofu fiskimarkaðar.

Sóknaraðili vísar til þess að eign félagsins – umrædd fasteign – hafði verið seld. Varnaraðili hafi hins vegar ekki fallist á að aflétta nefndum tryggingarbréfunum af eigninni nema gegn greiðslu. Því hafi greiðslan farið fram með fyrirvara um réttmæti bréfanna. Sóknaraðili taldi nauðsynlegt að losa bréfin af eigninni til að kaupin myndu ekki ganga tilbaka. Sóknaraðili bendir á að hann hafði, ásamt lögmanni, ítrekað bent á vangallana á tryggingarbréfunum, með beiðni um að þeim yrði aflétt.

Sóknaraðili byggir á því að óumdeilt sé að tryggingarbréfin hafi verið til persónulegrar tryggingar skuldbindinga þáverandi framkvæmdarstjóra, og að varnaraðila hafi ekki getað dulist að ábyrgðartryggingu væri að ræða til handa hlutahafa í eigu einkahlutafélags. Vísar sóknaraðili til þess að slíkt sé óheimilt skv. 79 gr. ehl. og undantekning 3. mgr. 79 gr. laganna eigi ekki við. Staðhæfingunni til stuðnings bendir sóknaraðili á að þáverandi framkvæmdarstjóri hafi skrifað undir tryggingarbréfið sjálfur og f.h. félagsins, áður en þau voru síðan vottuð af starfsmönnum bankans. Sóknaraðili vísar til þess að bú A hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 21. ágúst 2015 en skv. upplýsingum frá skiptastjóra fáist ekki greitt nema að takmörkuðu leiti upp í forgangskröfur búsins og ekkert upp í almennar kröfur þess. Sóknaraðili hafnar því að við kaupin hafi félagið yfirtekið þær skuldir sem stóðu að baki tryggingarbréfunum enda sé ekkert sem styðji þá staðhæfingu. Telur sóknaraðili um tvo aðskilda aðila vera að ræða en hann hafi aðeins keypt hlutafé félagsins. Að auki byggir sóknaraðili á því að engu skipti þótt einstaklingur sé í persónulegum atvinnurekstri, enda fordæmi fyrir því að sömu reglur gildi t.d. þótt báðir aðilar séu félög í rekstri, sbr. dómur Hæstaréttar nr. 400/2010.

Sóknaraðili byggir á því að engin skuld standi að baki tryggingarbréfi „vegna ábyrgðar reiknistofu fiskmarkaða“ þar sem engin slík ábyrgðarskuldbinding hafi verið til staðar ógreidd.

Sóknaraðili telur endurgreiðsluskyldu varnaraðila vera ótvíræða. Vísar sóknaraðili til þess að afstaða félagsins til skuldbindingargildi tryggingarbréfanna hafi legið fyrir við greiðslu, auk þess sem skýrlega sé kveðið á um endurgreiðsluskyldu í 4. mgr. 79. gr. ehl.

Sóknaraðili hafnar frávísunarkröfu varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að mál þetta sé sprottið af óumdeildu samningssambandi aðila, en ágreiningurinn lúti að samningssambandi, greiðsluskyldu sóknaraðila samkvæmt því og réttur sóknaraðila til endurgreiðslu úr hendi varnaraðila vegna ofgreiðslu. Mál þetta varði endurkröfu vegna greiðslu sem sóknaraðila hafi ekki borið skylda til að greiða skv. skýrum ákvæðum 79. gr. ehl. Vísar sóknaraðili aftur til þess að afstaða hans hafi legið fyrir áður en greiðsla fór fram þar sem hann taldi skýrt að félaginu bæri ekki að greiða ábyrgðarskuldbindingu persónulegra skulda fyrirsvarsmanns félagsins. Byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi beitt yfirburðarstöðu sinni þegar hann neitaði að aflétta veði nema gegn greiðslu og því neytt sóknaraðila til að greiða kröfuna en verða annars fyrir verulegu fjártjóni. Hafi sóknaraðili greitt kröfuna með fyrirvara til að forða tjóni en ætlað sér að gera

endurgreiðslukröfu á varnaraðila, í samræmi við 3. mgr. 79 gr. ehl., sem hann síðan gerði án verulegra tafa.

Sóknaraðili byggir á því að það eitt að bréf um fyrirvara, sem varnaraðila hafi þá þegar verið kunnugt, berist örfáum dögum eftir að greiðsla fór fram valdi ekki því að réttur til endurkröfu ofgreidds fjár falli niður. Til þess þurfi að koma einhvers konar tómlæti. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé sérfræðingur í fjármálaviðskiptum. Því sé ósiðlegt fyrir hann að bera fyrir sig að framangreint hafi falið í sér samþykki á ofgreiðslu. Einnig bendir sóknaraðili á að þótt slíkt samþykki hefði legið fyrir, breyti það engu um ólögmæti ábyrgðartrygginga í þágu fyrirsvarsmanna félags sbr. 79 gr. ehl.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samþykkta fyrir nefndina frá 8. júní 2000, geti viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar taki nefndin til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Varnaraðili bendir á að greiðslan, sem sóknaraðili krefst endurgreiðslu á, hafi verið framkvæmd 20. janúar sl. án þess að sóknaraðili hafi gert nokkurn fyrirvara um þau réttindi sín sem hann leitar nú staðfestingar á. Sóknaraðili hafi fyrst gert fyrirvara við greiðsluna í bréfi, dags. 10. febrúar sl., eða 21 degi eftir framkvæmd greiðslunnar en sóknaraðili sé ekki lengur í neinum viðskiptum við varnaraðila. Byggir varnaraðili á því að samningssamband milli aðila hafi lokið þann 20. janúar sl. Í því sambandi bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila komi fram að fyrirsvarsmaður sóknaraðila og lögmaður félagsins hafi áður ítrekað bent á vangalla á umræddum tryggingarbréfum, með beiðni um afléttingu þeirra. Byggir varnaraðili á því að með fyrirvaralausri greiðslu sóknaraðila þegar þannig stóð á að honum hafi verið kunnugt um meinta annmarka, hafi sóknaraðili enn frekar fyrirgert rétti sínum til að byggja rétt á þeim ætluðu annmörkum.

Bendir varnaraðili jafnframt á að sóknaraðili teljist ekki vera neytandi í skilningi laga sem fjalli um neytendavernd og því eigi sjónarmið um rúma túlkun á hugtakinu samningssamband ekki við í málinu. Í ljósi þessa telur varnaraðili ekkert samningssamband vera til staðar milli aðila, sbr. a-lið 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd, og ber því að vísa kröfu sóknaraðila frá.

Varnaraðili gerði að lokum áskilnað um að honum yrði veitt færi á að taka til efnislegra varna í málinu og bárust þær nefndinni með greinargerð dags. 23. ágúst s.l.

Varnaraðili bendir á að þegar tryggingarbréf nr. X og Y voru gefin út 7. júní 2013 og 11. maí 2015 hafi A rekið fiskvinnslu á eigin kennitölu og á sama tíma hafi hann verið eini hluthafi M. Tilgangur félagsins hafi verið leiga atvinnuhúsnæðis, en félagið hafi átt umrædda fasteig. A hafi leigt fasteignina af félaginu og rekið þar fiskvinnslu og greitt mánaðarlegar leigugreiðslur til félagsins. Veðbandayfirlit frá 7. maí 2015 hafi sýnt að F hafi verið einn veðhafa í eigninni. Bú A hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 21. ágúst 2015 og með kaupsamningi dags. 5. okt. 2016 hafi þrotabúið selt félagið til núverandi eiganda.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað enda fari viðskiptin ekki gegn ákvæðum 79. gr. ehl. Tryggingarnar eigi undir undanþáguákvæði 1. mgr. 79. gr. laganna um venjuleg viðskiptalán. Undanþágan eigi ekki aðeins við um viðskiptalánveitingar heldur taki einnig til ráðstafana sem félag gerir í tengslum við slíka lánveitingu eins og í umþrættu tilviki, þ.e. veitingu tryggingar fyrir lánum

viðkomandi aðila. Tryggingarbréfin hafi verið óaðskiljanlegur þáttur í fyrirgreiðslu til fiskvinnslunnar og tryggt áframhaldandi rekstur félagsins. Vísað er til tölvupósts-samskipta í því sambandi, m.a. um að beðið verði með innheimtuaðgerðir og ábyrgðir framlengdar gegn veðsetningu eignarinnar.

Varnaraðili telur að við mat á því hvort ráðstöfunin hafi verið eðlileg þurfi að beita sömu sjónarmiðum um tryggingarbréfin og þau lán sem þeim var ætlað að tryggja. Við mat á því hvort um eðlileg viðskiptalán hafi verið að ræða þurfi annars vegar að líta til skýringa við 79. gr. ehl. og hins vegar hvort ráðstöfunin hafi verið eðlileg í rekstri sóknaraðila.

Varnaraðili byggir á því, að tilvísun til ákvæðis 115. gr. dönsku hlutafélagalaganna í lögskýringargögnum með frumvarpi að 104. gr. laga nr. 2/1995 gefi ákveðna vísbendingu um hvað teljist eðlileg viðskiptalán skv. 79. gr. ehl., en ákvæði 104. gr. hafi að miklu leyti verið tekin orðrétt upp úr þágildandi danskri hlutafélagalöggjöf, m.a. hvað varðar lán til hluthafa, stjórnarmanna og annarra tengdra aðila. Varnaraðili vísar í þessu sambandi til eftirfarandi sjónarmiða sem stuðst sé við í dóma- og stjórnsýsluframkvæmd í Danmörku við skýringu á áðurgreindu ákvæði dönsku laganna:

1. Hefur félagið sjálfstæða hagsmuni af slíkri lánveitingu eða er um að ræða sameiginlega hagsmuni hluthafans og félagsins?
2. Eru skilyrði og kjörin sem viðskiptin byggja á, sambærileg þeim sem gerast á almennum markaði og liggur fyrir að hvorki aðrir hluthafar né kröfuhafar muni bíða tjón af viðskiptunum?
3. Eru forsendur viðskiptanna venjulegar miðað við það sem almennt gengur og gerist í slíkum viðskiptum og er gerningurinn liður í viðskiptum félagsins?
4. Má vænta þess að ráðstöfunin sé til hagsbóta fyrir félagið eða nauðsynleg til að halda óbreyttu ástandi?
5. Myndi félagið hafa veitt lánið ef ekki væri fyrir áhrif hluthafans?
6. Er tekið nauðsynlegt tillit til hagsmuna félagsins ef kemur til greiðslufalls, þannig að lánið verði innheimt með venjulegum hætti og feli ekki í sér að hagsmunir félagsins verði settir í sérstaka hættu?

Varnaraðili telur framangreind sjónarmið eiga við í þessu máli. Tilgangur með útgáfu tryggingabréfanna var að veita varnaraðila tryggingu fyrir greiðslu á skuldum rekstrar fiskvinnslu A sem var forsenda fyrir leigutekjum sóknaraðila. Eigandi M og kröfuhafar félagsins hafi allir verið meðvitaðir um það. Hagsmunir hluthafa hafi því ekki farið gegn hagsmunum sóknaraðila sem hafði þann eina tilgang að halda utan um eign M í fasteigninni. Engin óeðlileg samningsákvæði hafi lagt þyngri ábyrgð á sóknaraðila en gerist á almennum markaði og hafi hvorki aðrir hluthafar né kröfuhafar til staðar til að bíða tjón af viðskiptunum. Þá hafi núverandi hluthafi einnig lýst því yfir í kaupsamningi að hann hafi verið meðvitaður um að seljandi væri þrotabú og þekkti ekki ástand andlags sölunnar og bæri því skylda til að kynna sér ástand hins keypta sérstaklega, skuldir félagsins og eignir þess. Þá hafi ársreikningar félagsins einnig legið frammi við sölu þess. Þetta hafi kaupandi staðfest með undirritun sinni og vísar varnaraðili til hliðsjónargagna í því sambandi. Forsendur viðskiptanna hafi verið venjulegar og eðlilegar og telur varnaraðili að gerningurinn hafi verið eðlilegur í rekstri félagsins og þegar til greiðslufalls koma hafi innheimtur farið fram með eðlilegum og venjulegum hætti.

Þá telur varnaraðili að einnig beri að líta til tilgangs og markmiðs með ákvæði 79. gr. ehl. við mat á því hvort ráðstöfunin sé eðlileg. Ákvæðið sé í samræmi við 1. og 2.

félagaréttartilskipun Evrópusambandsins (ES) nr. 68/151/EB og 77/91/EB. Markmið þeirra sé m.a. að tryggja réttindi annarra hluthafa og lánardrottna sem gengur út á það að félagi sé óheimilt að veita lán eða tryggingar til ákveðinna aðila, og vernd höfuðstóls sem gangi út á að upphaflegt stofnhlutafé skuli greitt að fullu, viðhaldið, aðskilið og skuli ekki fara aftur út til hluthafa. Ákvæði 79. gr. ehl. hafi komið inn í lög nr. 138/1994 sem byggð voru á framangreindum tilskipunum ES.

Við útgáfu tryggingarbréfanna árin 2013 og 2015 hafi verið gengið úr skugga um að ekki væri gengið á rétt hluthafa eða lánardrottna með veðsetningu eignar félagsins. Þá hafi A sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og eini hluthafi félagsins undirritað tryggingarbréfið. Hluthafi, stjórn og sóknaraðili sjálfur hafi þ.a.l. meðvitaðir um ráðstöfunina.

Með undirritun kaupsamningi frá 5. okt. 2016 hafi núverandi eigandi samþykkt veðsetningu fasteignarinnar fyrir skuldbindingum A. Eigandinn hafi ekki haft uppi athugasemdir við veðsetninguna við undirritun kaupsamningsins sem jafngildi staðfestingu hans á fyrirkomulaginu. Sóknaraðili geti því ekki haft uppi mótmæli við veðsetningunni ári eftir að lýsti því yfir að hann væri grandsamur um tryggingabréfin og hvað þau tryggðu. Meint grandleysi stjórnarmanns félagsins breyti engu þar um. Varnaraðili telur sóknaraðila hafa sýnt af sér verulegt tómlæti við að hafa ekki uppi athugasemdir fyrr. Því til viðbótar hafi sóknaraðili framkvæmt umrædda greiðslu 20. jan. s.l. án fyrirvara um þau réttindi sem sóknaraðili nú leitar á staðfestingar. Sóknaraðili hafi fyrst gert fyrirvara með bréfi dags. 10. febr. s.l. eða 21 degi eftir framkvæmd greiðslunnar.

Varnaraðili byggir kröfu sína einnig á því að samkvæmt meginreglu 1. mgr. 52. gr. ehl. sé löggerningur aðila, sem koma fram fyrir hönd félags í skjóli umboðs til ritunar firma þess, bindandi fyrir félagið. Ákvæðið eigi sér stoð í 58. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 sem lagði grunninn að núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Ákvæðið sé í samræmi við þágildandi 1. félagaréttartilskipun ES nr. 68/151/EB. Markmið þeirrar tilskipunar hafi verið að tryggja hagsmuni viðsemjenda með ákvæðum er takmarka eins og mögulegt er ástæður fyrir ógildingu skuldbindinga sem gengist er undir í nafni félagsins. Beri að hafa þá lögskýringu í huga við beitingu 52. gr. ehl.

Varnaraðili bendir á að A hafi á sínum tíma í samræmi við 49. gr. ehl. haft fulla heimild til að undirrita tryggingarbréfin f.h. sóknaraðila.

Önnur ákvæði ehl. leiði ekki til þess að starfsmenn forvera varnaraðila hafi verið meðvitaðir um að A hafi farið út fyrir takmarkanir á heimildum sínum. Varnaraðila vísar í því sambandi til 51. gr., 2. mgr. 44. gr. og 48. gr. ehl. máli sínu til stuðnings. Þá hafi umrædd ákvæði ehl. verið sett til að vernda hluthafa og félagið fyrir þeim umboðsvanda sem kann að skjóta upp kollinum í félögum, þ.e. þegar stjórn félags og/eða framkvæmdastjórn tekur eigin hagsmuni eða hagsmunni ákveðinna hluthafa fram yfir hagsmuni kröfuhafa félagsins, þess sjálfs og/eða hluthafa í heild. Brot gegn þessum ákvæðum geti leitt til þess að stjórnarmenn, framkvæmdastjórar o.fl. verði bótaskyldir gagnvart félaginu, sbr. 108. og 109. gr. ehl. Ákvæði þessi séu ekki sett í því skyni að leggja skyldur á herðar viðsemjanda félags að ganga úr skugga um að viðkomandi stjórnarmaður sé ekki vanhæfur til að skuldbinda félagið vegna eigin hagsmuna hans eða að ráðstöfunin sem slík sé ekki til þess fallin að afla tilteknum aðilum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað félagsins enda er aðeins á færi dómstóla að meta og skera úr um hvort hagsmunir teljist verulegir og ótilhlýðilegir. Væri slík niðurstaða ótæk og til þess falinn að ógna öryggi viðsemjenda félaga.

Varnaraðili mótmælir því að veðréttur skv. tryggingarbréfi X hafi takmarkast við að tryggja útistandandi ábyrgð gagnvart reiknistofu fiskmarkaða hverju sinni. Af orðalagi þess sé skýrt að það tryggi allar skuldbindingar A við F. Hinn viðbætti vélritaði texti um

reiknistofuna hafi verið færður inn til að árétta að veðið stæði einnig til tryggingar gagnvart ábyrgðinni en ekki eingöngu hennar vegna.

Sóknaraðili svaraði efnislegum athugasemdum varnaraðila þann 14. sept. s.l. og benti á að tryggingarbréf geti í eðli sínu aldrei verið viðskiptalán sem uppfylli skilyrði lokamálsliðar 1. mgr. 79. gr. ehl. gagnvart félagi sem gengst í ábyrgð á skuldbindingum hluthafa, enda standi slíkt bréfs aðeins til tryggingar greiðslu, verði greiðslufall hjá skuldara. Skiptir þar engu, hvort lántaka hluthafa uppfylli almenn skilyrði um viðskiptalán gagnvart lánveitanda. Sóknaraðili telur varnaraðila samsama aðila og rekstur þeirra A hafi annast rekstur fiskvinnslu en M hafi átt fasteignina umræddu. A hafi greitt leigu. Samningssamband aðila hafi ekki verið annað en venja er á milli leigusala og leigutaka og hagsmunir M ekki meiri en gengur og gerist í slíkum viðskiptasamböndum. Það fásinna að halda því fram að lántaka leigutaka hafi verið til hagsbóta fyrir leigusala. Þá samsami varnaraðili M við hluthafa sína og að hagsmunir hluthafa séu hinir sömu og hagsmunir félagsins. Gangi það gegn meginreglu ehl. um takmarkaða ábyrgð hluthafa. Ákvæði 3. mgr. 79. gr. ehl. um ábyrgð félags á skuldbindingum hluthafa séu gagngert sett til að koma í veg fyrir að slíkur samruni verði og að félag verði ábyrgt fyrir skuldbindingum hluthafa þess. Sóknaraðili telur niðurstöðu framangreinds vera þá að:

allar fyrirgreiðslur, lán og aðrar fjárskuldbindingar A hafi verið eðli sínu skv. ekki fjárskuldbindingar M.

M átti sem leigusali A enga sjálfstæða hagsmuni af lánveitingu til A

M hafi setið að lokum uppi með verulegt tjón vegna ábyrgðanna

Sóknaraðili telur engu skipta þó hann hafi ekki haft uppi andmæli um gildi tryggingarbréfanna við greiðslu. Núverandi eigandi hafi keypt hlutaféð af þrotabúinu með kaupsamningi 5. okt. 2016. Í kjölfarið hafi farið fram könnun á öllu sem félaginu tengdist, m.a. ábyrgðarskuldbindingum þess. Strax 10. okt. 2016 hafi varnaraðila verið sent bréf þar sem m.a. var bent á ágalla tryggingarbréfa og gerð krafa um afléttingu þeirra. Þá telur sóknaraðili að starfsmönnum forvera varnaraðila hafi mátt vera ljóst að hluthafi sóknaraðila hafi farið út fyrir takmarkaðar heimildir sínar hvað varðar ábyrgðartöku félagsins. Starfsmenn bankans eigi að teljast sérfræðingar í fjármálaviðskiptum og hafi átt að þekkja þau lög sem um slíkt gilda.

Hvað varðar orðalag á öðru tryggingarbréfanna „vegna ábyrgðar Reiknistofu fiskmarkaðar“ telur sóknaraðili einsýnt að með því takmarkist gildi bréfsins við þá ábyrgð eingöngu.

V.
Niðurstaða.

Hvað frávísunarkröfu varnaraðila varðar, þá ber að fallast á það sjónarmið sóknaraðila að samningssamband hafi myndast milli aðila við veðsetningu eignar sóknaraðila og uppgjör veðkrafna. Eru því ekki efni til að verða við þeim kröfulið varnaraðila.

Aðila máls þessa greinir í aðalatriðum á um það, hvort veðtrygging sem sóknaraðili veitti í þágu þáverandi hluthafa til forvera varnaraðila hafi verið gild að lögum. Sóknaraðili telur, að ákvæði 79. gr. ehl. taki af allan vafa um slíkt, sambandi félagsins við eina hluthafa þess hafi ekki verið þannig varið að undanþáguákvæði lokamálsliðar 1. mgr. 79. gr. geti átt við. Varnaraðili hefur á hinn bóginn vísað til innlendra og erlendra lögskýringarheimilda varðandi túlkun á hugtakinu „venjulegt viðskiptalán“ og talið þau gögn styðja rýmri heimildir hluthafa í samningum við eigið félag.

Niðurstaða máls þessa ræðst þannig að miklu leyti af því, hvort fella megi þau viðskipti hluthafa og sóknaraðila sem lýst er að framan og í gögnum málsins undir „venjulegt viðskiptalán“ eður ei. Einnig þykir eðlilegt, að litið verði til þess að hve miklu leyti samningar hluthafa við varnaraðila gengu gegn þeim verndarhagsmunum sem leitast er við að tryggja með fyrrnefndu ákvæði, þ.e. að fjármunum einkahlutafélags skuli haldið aðskildum frá fjármunum hluthafa þannig að það skerði ekki hagsmuni kröfuhafa og eftir atvikum annarra hluthafa. Loks þykir ekki verða horft fram hjá því álitaefni, hvort nýr hluthafi gat haft væntingar til þess að sömu verndarhagsmunir giltu í ljósi þess endurgjalds sem innt var af hendi fyrir félagið og samningsskilmála þar að lútandi, sem og aðgerðaleysis seljanda (fyrri hluthafa).

Fallast ber á það með sóknaraðila, að starfsmenn forvera varnaraðila hafi talist sérfróðir á sviði fjármálagerninga og bar að þekkja þær takmarkanir sem lög setja lánveitingum til hluthafa eða veitingu trygginga í þágu þeirra. Á hinn bóginn verður ekki fallist á, að annað tryggingabréfið hafi einungis tekið til fiskmarkaðsábyrgðar. Á hinn bóginn ber að fallast á það með varnaraðila að orðalag „vegna ábyrgðar Reiknistofu fiskmarkaða“ hafi verið færður inn til að árétta að tryggingabréfið stæði jafnframt til tryggingar þeirri skuldbindingum ásamt öðrum, enda var annar texti þar að lútandi óbreyttur.

Takmarkaðra gagna nýtur við hvað varðar viðskipti sóknaraðila og fyrrum hluthafa um afnot fasteignarinnar umræddu. Varnaraðili hefur haldið því fram að félagið hafi fengið leigugreiðslur fyrir afnotin og hefur sóknaraðili tekið undir það. Af gögnum málsins (tölvupóstum) má einnig merkja, að A hafi verið krafinn um greiðslu afborgana af áhvílandi veðlánum félagsins en ekki er ljóst hvort sú krafa var gerð á hendur honum persónulega eða f.h. félagsins og enn síður nýtur við gagna um það hvort hann tókst á hendur greiðsluskyldu af þeim lánum í tengslum við afnotin. Á hinn bóginn benda gögn ekki til þess að nauðungarsala hafi verið fyrirhuguð á eigninni sökum vanskila.

Ekki er annað komið fram í málinu en að eignin hafi verið að öllu leyti nýtt fyrir umræddar rekstur fyrrum hluthafa.

Eins og að framan hefur verið rakið, nam fjárhæð tryggingabréfa samtals 3.250.000 kr. og greiddi sóknaraðili 3.672.955 kr. til varnaraðila til að fá þeim aflýst. Óljóst er, hvert var verðmat eignarinnar við veðsetninguna 2013 eða 2015, í málinu liggur frammi kaupsamningur frá 28. des. 2004 þar sem kaupverð var 9.000.000 kr. og samkvæmt framlögðu fasteignamati frá 7. maí 2015 er matsverð 26.270.000 kr. Eins og áður er fram komið, greiddi sóknaraðili alls 9.080.678 kr. til uppgreiðslu áhvílandi veða þann 20. jan. 2017, en skömmu áður hafði hann selt eignina á 22.500.000 kr. Af framansögðu virðist ljóst, að við seinni veðsetningu eignarinnar í þágu hluthafans á árinu 2015 námu þau veðbönd samanlagt nálægt 1/3 af verðmæti eignarinnar, en innan við 1/6 ef ef miðað er við síðasta söluverð eða fasteignamat.

Með hliðsjón af framangreindu má fallast á þau sjónarmið varnaraðila að félagið hafi með leigutekjum haft sjálfstæða hagsmuni af veðsetningunni og að hún hafi verið eðlileg og hófleg og miðað við reksturinn og verðmæti eignarinnar og þannig ekki til þess fallin að stefna hagsmunum þess í sérstaka hættu.

Ennfremur liggur fyrir í gögnum málsins, að þrotabú A gerði engar athugasemdir við veðsetninguna, en skiptastjóri fór með umráð í félaginu eftir upphaf skipta 21. ágúst 2015 allt til þess að það var selt ásamt lausamunum með kaupsamningi dags. 5. október 2016. Kaupverð félagsins var ekki tilgreint sérstaklega í kaupsamningi og engir fyrirvarar voru gerðir um gildi áhvílandi veða á fasteign félagsins. Staða félagsins við yfirtölu nýs hluthafa virðist þannig hafa verið mjög óljós, en sem fyrr segir er ekki að sjá að seljandi eða kaupandi hlutafjárins hafi gert athugasemdir þar að lútandi.

Samkvæmt 4. mgr. 79. gr. ehl. skal það endurgreitt sem félag hefur innt af hendi andstætt ákvæðum 1. og 2. mgr. sömu greinar. Eðli málsins samkvæmt er það hlutverk hluthafa eða umráðamanns félags að standa vörð um þá verndarhagsmuni sem 79. gr. ehl. tekur til. Hins vegar verða ákvæðin vart skilin öðru vísi en svo, að sókn sakar eigi þeir hluthafar eða kröfuhafar sem borið hafa tjónið. Að sama skapi taki verndin ekki til hluthafa sem tekur við félaginu án þess að verðlagning hlutarins taki til óinnheimtra hagsmuna. Sem fyrr segir gerði löglærður skiptastjóri þrotabús fyrri hluthafa enga gangskör að því að ógilda veðsetninguna á þeim tíma sem umráð félagsins voru á hendi hans. Þó svo alla sundurliðun vanti í kaupsamning þar að lútandi, þá er ljóst, að kaupverð félagsins (hlutarins) var langt undir verðmæti þeirra hagsmuna sem sóknaraðili hyggst sækja í máli þessu. Að teknu tilliti til umfjöllunar að framan um hagsmuni félagsins af veðsetningunni, aðgerðaleysis skiptastjóra sem eina hluthafans, kaupsamnings og fyrirvaralausar greiðslu andvirðis veðréttar undir tryggingarbréfunum þykir ekki tilefni til að taka endurgreiðslukröfu sóknaraðila til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, F, um frávísun er hafnað.

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um greiðslu 3.672.955 kr. með dráttarvöxtum frá 20. janúar 2017 er hafnað.

Reykjavík, 6. október, 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Oddur Ólason

Ár 2017, föstudaginn 8. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Þorvaldur E. Jóhannesson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2017:**

M sóknaraðili
gegn
L lífeyrissjóði

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og L, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 14. mars 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 17. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 13. apríl 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 25. apríl 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 2. maí 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar, 30. júní, 18. ágúst, 1. og 8. september 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 9. júní 2006 var veðskuldabréf að fjárhæð kr. 4.500.000, gefið út af A, syni sóknaraðila, til varnaraðila. Til tryggingar skuldar A við varnaraðila, veitti sóknaraðili 2. veðrétt í fasteign sinni B Ásamt því að undirrita veðskuldabréfið, undirritaði sóknaraðili yfirlýsingu, sem bar yfirskriftina „Ábending“. Í yfirlýsingunni var meðal annars vakin athygli sóknaraðila á þeim skuldbindingum sem hún væri að gangast undir. Þann 17. febrúar 2017 óskaði sóknaraðili eftir því að framangreind veðsetning yrði felld niður þar sem ekki hafði farið fram greiðslumat á A fyrir útgáfu skuldabréfsins. Telur sóknaraðili veðsetninguna því óheimila. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 1. mars 2017. Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 14. mars 2017

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að ógilda veðsetningu á fasteign hennar að B. Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að við veitingu framangreinds veðleyfis hafi varnaraðili ekki gætt þeirra skyldna sem á honum hvíldu skv. þeim reglum sem koma fram í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Ekki fór fram greiðslumat á greiðslugetu útgefanda bréfsins áður en skuldabréfið var útgefið. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2015 þar sem staðfest var að lífeyrissjóðir skuli fylgja þeim reglum sem fram koma í samkomulagi um notkun

ábyrgða einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins hafi lánveitanda borið að meta greiðslugetu greiðanda. Sóknaraðili byggir á því að þar sem ekki hafi farið fram greiðslumat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, og að henni hafi ekki verið kynntar upplýsingar um fjárhagsstöðu útgefanda, hafi varnaraðili orðið uppvís að háttsemi er varði ógildingu á veðsetningu fasteignarinnar, B. Þannig hafi varnaraðila skilyrðislaust borið að framkvæma greiðslumat samkvæmt þeim reglum sem fram koma í samkomulagi um notkun ábyrgða einstaklinga frá 1. nóvember 2001, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili telur sig geta byggt á nefndum reglum líkt og um þriðja manns loforð væri að ræða. Hún hafi þar með mátt treysta því að greiðslumat yrði framkvæmt og að brot á umræddum reglum hefðu í för með sér réttarverkanir, í þessu tilfelli ógildingu veðsetningar.

Vísar sóknaraðili til þess að fyrrgreint samkomulag um notkun ábyrgða staðfesti að í gildi sé viðskiptavenja. Sú venja felist í því að félög sem hafi það sem hluta af starfsemi sinni að veita lán til einstaklinga, framkvæmi mat á greiðslugetu einstaklinga þegar ábyrgðarskuldbinding einstaklings sé hærri en kr. 1.000.000. Bendir sóknaraðili á að háttsemi varnaraðila sé þannig ekki einungis brot gegn reglum samkomulagsins heldur einnig brot gegn gildandi viðskiptavenju. Telur sóknaraðili þar af leiðandi og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að veðsetning á fasteigninni, B, sé ógildanleg.

Sóknaraðili bendir jafnframt á að umrætt skuldabréf hafi verið einhliða samið af F banka, sem er sérfræðingur á sviði fjármála, en sóknaraðili einungis leikmaður á því sviði.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ávallt komið fram sem fjármálafyrirtæki og hafi þeim aldrei verið kynnt að um sjóðinn kynnu að gilda aðrar reglur en um hefðbundin lánafyrirtæki. Sóknaraðili taldi sig vera leikmann á sviði fjármála og hafi hún á engan hátt getað gert sér grein fyrir því að hún nyti ekki sömu verndar og hjá hefðbundnum fjármálafyrirtækjum.

Byggir sóknaraðili á því að henni hafi ekki verið kynnt efni skjalsins sem hún undirritaði og bar yfirskriftina „Ábending“ og hafi henni jafnframt ekki verið afhent afrit af skjalinu. Sóknaraðili byggir á því að henni hafi þar með á engan hátt verið gerð grein fyrir því í hverju ábyrgð hennar var fólgin og enn síður var henni kynnt áhætta þess að ekki var framkvæmt greiðslumat á skuldara. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili sé sérfróður aðili með yfirburðastöðu hvað varði reynslu og þekkingu. Sé því beinlínis ósanngjarnt af honum að halda veðsetningunni til streitu.

Sóknaraðili telur frávísun á þeim sjónarmiðum sem varnaraðili byggir á ekki eiga rétt á sér. Bendir sóknaraðili á að til séu mörg fordæmi fyrir því að aðilar sem lánað hafa fasteignir sínar til veðs hafi leitað til nefndarinnar, enda séu þeir aðilar að lánssamningnum með því að leyfa veðsetningu fasteigna sinna. Hefur nefndin í fjölmörgum tilfellum fallist á að veðsetning á eign þriðja aðila hafi ekki verið heimil þegar ekki hefur verið framkvæmt greiðslumat á lántaka.

Sóknaraðili byggir á því að það geti á engan hátt talist réttlætanlegt af hálfu varnaraðila að hann þurfi ekki að framkvæma greiðslumat á lántaka, sem er sjóðfélagi í lífeyrissjóðnum, á þeim grundvelli að samþykktir sjóðsins og lög um lífeyrissjóði, nr. 129/1997 heimili sjóðnum að ávaxta fé sitt með kaupum á skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum. Vísar sóknaraðili til þess að með því sé varnaraðili að stefna hagsmunum þriðja aðila, í þessu tilfelli sér, sem ekki er aðili að sjóðnum í augljósa hættu. Sé varnaraðili því að misnota aðstöðu sína í krafti stærðar og þekkingarmismun á milli aðila. Þá hafi hvorki sóknaraðila né lántakanda verið kynntar lánareglur

varnaraðila og því hafi henni verið ómögulegt að gera sér ljóst hversu mikil áhætta var fólgin í því að heimila veðsetningu á fasteign sinni.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili geti ekki, á grundvelli laga nr. 161/2002 og samþykkta úrskurðarnefndarinnar, leitað til hennar vegna þeirrar ákvörðunar að samþykkja veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar framangreindu láni. Samkvæmt 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki kemur fram að þeir sem geti leitað til nefndarinnar séu „viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni“. Vísar varnaraðili til þess að lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eigi ekki við um hann þar sem varnaraðili sé ekki fjármálafyrirtæki. Því til stuðnings vísar varnaraðili til 1. tl. 1. mgr. 1. gr. a, sbr. 3. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna. Bendir varnaraðili á að ákvæði 19. gr. a um skylduaðild fjármálafyrirtækja að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki eigi því ekki við um varnaraðila, auk þess sem hann hefur ekki sótt um eða samþykkt aðild að nefndinni.

Byggir varnaraðili jafnframt á því að sóknaraðili geti ekki leitað til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki á grundvelli 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Samkvæmt 1. gr. laganna taki lögin til lánssamninga sem lánveitandi geri í atvinnuskyni við neytendur. Bendir varnaraðili á að samkvæmt l. lið 1. mgr. 5. gr. laganna sé neytandi skilgreindur sem einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi ná til. Í 2. mgr. 33. gr. laganna segir að neytendur geti skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi ekki átt lánaviðskipti við sig og sé hún því ekki neytandi í skilningi laganna. Varnaraðili telur úrskurðarvald nefndarinnar ekki ná til ágreinings sóknaraðila og varnaraðila um gildi ofangreindrar veðsetningar. Telur varnaraðili af þeim sökum að vísa beri kvörtun sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili byggir varakröfu sína meðal annars á því að honum hafi ekki verið skylt að framkvæma greiðslumat á lánsumsækjanda. Vísar varnaraðili í því sambandi til þess að hann starfi á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og að starfsemi hans lúti ströngu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Bendir varnaraðili á að samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 sé honum heimilt að ávaxta fé sitt til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sína með kaupum á skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign. Varnaraðili hafði í gildi reglur um lánveitingar til sjóðfélaga á þeim tíma er ofangreint lán var veitt. Í þeim var ekki áskilið að varnaraðili myndi framkvæma greiðslumat á lánsumsækjanda og var heldur ekki skilyrði að lántaki legði fram slíkt greiðslumat.

Varnaraðili vísar til þess að vera hvorki skuldbundinn af hinu fyrra samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1998, né heldur því síðara frá 2001. Varnaraðili byggir á því að hvorki hinu fyrra samkomulagi frá 1998, né heldur því síðara frá 2001, eða þeim meginreglum sem þar er að finna, verði einhliða beitt gagnvart sér, gegn meginreglum samninga,- kröfu og veðréttar um skuldbindingargildi samninga, til ógildingar veðtryggingarinnar að hluta eða öllu leyti.

Varnaraðili telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2015 eigi ekki við í umræddu máli, enda sé ekki minnst á framangreint samkomulag um notkun

ábyrgða auk þess sem Hæstiréttur hafi kveðið skýrt á um það í dómi sínum í máli nr. 429/2015 að lífeyrissjóður sem ekki átti aðild að framangreindu samkomulagi sé ekki bundinn af því. Byggir varnaraðili ekki á framangreindum dómi að öðru leyti enda málsatvik ekki sambærileg í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Varnaraðili hafnar þeim sjónarmiðum sóknaraðila að framangreint samkomulag hafi fest í sessi eða staðfest venju á fjármálamarkaði um skyldu til að meta greiðslugetu lántakenda. Fyrir því beri sóknaraðili sönnunarbyrði.

Byggir varnaraðili á því að honum hafi ekki verið skylt að framkvæma greiðslumat á lántaka eða kanna fjárhagsstöðu hans samkvæmt þeim reglum og venjum sem honum bar að fylgja á þessum tíma og almennt giltu um lántökur af þessu tagi. Því til stuðnings vísar varnaraðili meðal annars til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 429/2015, nr. 453/2016 og nr. 483/2016. Telur varnaraðili verða að hafa það í huga að sóknaraðili og lántaki séu tengd fjölskylduböndum og því ekki óeðlilegt að sóknaraðili kæmi að lántökunni með þeim hætti sem hún gerði líkt og tíðkast hefur í áratugi við lánveitingar lífeyrissjóða. Vísar varnaraðili til þess að aðgangur sjóðfélaga að sjóðfélagalánum sé mikilvægur hluti af félagslegum rétti sjóðfélaga og að lánveiting varnaraðila til sjóðfélaga sinna hafi í áranna rás gefið þeim, sem nákomnir eru ungum sjóðfélögum, tækifæri til þess að veita liðsinni, m.a. við íbúðakaup, nám o.fl., með veitingu veðleyfis í stað beinna fjárframlaga. Hlutverk og tilgangur sjóðfélagalána hafi því almennt verið annað en lán bankastofnana sem veitt séu í viðskiptalegum tilgangi.

Varnaraðili bendir á að líkur séu fyrir því að sóknaraðila hafi verið kunnugt um fjárhagsmálefni lántaka þegar hún samþykkti veðsetningu fasteignar sinnar. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi undirritað sérstaka yfirlýsingu þar sem henni var bent á að kynna sér vel greiðslubyrði viðkomandi láns og umfram allt greiðslugetu lántaka. Varnaraðili kveður sóknaraðila því hafa verið ítarlega upplýsta um þýðingu veðsetningarinnar og áhættunni sem fylgdi þegar hún undirritaði framangreint veðskuldabréf til samþykkis um veðsetninguna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst að varnaraðili myndi ekki framkvæma greiðslumat á lántaka og að það væri á hennar ábyrgð að afla sér slíkra upplýsinga að eigin frumkvæði, enda hafi hún undirritað yfirlýsingu þess efnis. Bendir varnaraðili jafnframt á að sóknaraðila hafi verið bent á að leita til varnaraðila og óska frekari upplýsinga ef eitthvað væri óljóst. Þá hafnar varnaraðili því að það hafi hallað á sóknaraðila vegna aðstöðumunar enda sé hér um að ræða algerlega staðlaða lánveitingu sem krafðist ekki sérþekkingar. Varnaraðili byggir á því að þá skyldu yrði að leggja á sóknaraðila að hún kynnti sér sérstaklega þá áhættu sem var samfara veitingu heimildar til veðsetningar. Varnaraðili telur sóknaraðila bera ábyrgð á því að hafa látið undir höfuð leggjast að afla sér upplýsinga um hag lántaka að eigin frumkvæði.

Byggir varnaraðili einnig á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti með tilheyrandi brottfalli réttar, þar sem hún hafi aldrei gert athugasemdir við framangreinda veðsetningu í samskiptum sínum við varnaraðila fyrr en með tölvupósti lögmanns sóknaraðila dags. 17. febrúar sl. Því til stuðnings bendir varnaraðili á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 429/2015 þar sem niðurstaða héraðsdóms var staðfest.

Varnaraðili mótmælir því að hafa vanrækt skyldur sínar eða að það verði talið ósanngjarnt eða andsætt viðskiptavenju, að bera fyrir sig veðtryggingu í fasteign sóknaraðila. Mótmælir varnaraðili í því sambandi tilvísun sóknaraðila til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og telur skilyrði fyrir beitingu lagaákvæðisins ekki vera fyrir hendi í málinu. Varnaraðili vísar til þess að framangreind lánveiting hafi verið í fullu samræmi við þágildandi lög og reglur og í samræmi við þær venjur sem tíðkast hafa varðandi sjóðfélagalán varnaraðila og annarra lífeyrissjóða. Byggir varnaraðili á því að hafa á engan hátt vanrækt skyldur sínar gagnvart sóknaraðila

sem veðsala. Telur varnaraðili með vísan til alls framangreinds að ekkert í máli þessu eigi að leiða til þess að kröfur sóknaraðila verði teknar til greina.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðábyrgðar sóknaraðila á lánum til varnaraðila.

Samkvæmt 3. tölulið 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 falla verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki slíkra sjóða ekki undir gildissvið laganna. Lán það er varnaraðili veitti sóknaraðila fellur hins vegar undir lög um neytendalán nr. 33/2013 og starfsemi varnaraðila fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 10. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1997 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í 2. mgr. 33. gr. laga um neytendalán kemur fram að neytendur geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslega kröfu og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Skulu lánveitendur eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þeir lánveitendur sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra. Í gildistökuákvæði laganna í 36. gr. kemur fram að þau taki almennt gildi 1. nóvember 2013. Þá er í 2. mgr. ákvæðisins sérstaklega rakið hvaða ákvæði laganna skuli gilda um opna lánssamninga, sem eru í gildi við gildistöku þeirra. Er þar einkum um að ræða ákvæði um upplýsingaskyldu lánveitanda, framsal lánasamninga o.þ.h. atriði sem varðar efnislegar skyldur lánveitanda á lánstíma.

Ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna er í IX. kafla þeirra um eftirlit, viðurlög, réttarúrræði og bótaskyldu. Er þar m.a. fjallað um valdheimildir Neytendastofu, stjórnvaldssektir og úrskurðar- og réttarúrræði. Enda þótt þessa kafla og ákvæðum hans sé ekki getið sérstaklega í gildistökuákvæðunum, er einsýnt að þau falla undir almenna gildistökuákvæðið. Nær því úrskurðarvald nefndarinnar til ágreinings um lánasamninga sem í gildi voru við gildistöku laganna, rétt eins og valdheimildir Neytendastofu. Á hinn bóginn skal áréttað að í úrlausnum sínum í slíkum málum getur nefndin ekki beitt þeim efnisreglum sem settar voru með lögum um neytendalán og vörðuðu stofnun lánasamninga. Að öllu þessu athuguðu verður frávísunarkröfu varnaraðila hafnað og verða kröfur sóknaraðila því teknar til efnislegrar meðferðar.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína gagnvart varnaraðila meðal annars á því að ósanngjarnt sé að bera fyrir sig umræddan samning þar sem ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt á lántaka áður en sóknaraðilar settu fasteign sína að veði til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu hans. Fallist verður á það með sóknaraðilum að varnaraðili hafi í aðdraganda lántökunnar ekki gætt þeirra skyldna sem á sjóðnum hvíldu um vönduð vinnubrögð við lánveitingar, sem æskilegt hefði verið að viðhafa. Að auki er ágreiningslaust að varnaraðili óskaði ekki eftir greiðslumati á lántaka, eins og hann gat áskilið sér samkvæmt 10. grein lánareglna varnaraðila, og þá eftir atvikum lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu.

Á þeim tíma sem veðábyrgð var veitt var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Varnaraðili var ekki yfirlýstur aðili að samkomulaginu. Hinsvegar verður að taka tillit til þess að varnaraðili fól F banka, sem var aðili að umræddu samkomulagi, alla umsýslu við lánveitinguna, þ.á.m. að kynna lán fyrir lántaka, samskipti við aðila, sem og alla skjalagerð. Verður því að telja að á F hafi legið enn ríkari skylda að tryggja að framkvæmd og umsýsla við lánveitinguna væri í samræmi við þær skuldbindingar sem F og önnur fjármálafyrirtæki hefðu skuldbundið sig til að starfa eftir, hvort sem bankinn væri að annast umsýslu við eigin lánveitingar eða að veita þjónustu fyrir hönd þriðja aðila. Í öllum tilvikum væri slík umsýsla hluti af starfsemi F og í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, er ekki að

finna neina takmörkun eða fyrirvara í þá veru að samkomulagið eigi eingöngu við þegar fjármálafyrirtæki annast eigin lánveitingar, en ekki umsýslu vegna lánveitinga þriðja aðila.

Framangreint leiðir þó ekki sjálfkrafa til ógildingar á loforði áfrýjanda um veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar láninu, heldur verður að sýna fram á að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera loforðið fyrir sig og skal við mat á því líta til efnis samnings, atvika við samningsgerð, stöðu aðila við hana og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Kemur þá til sjálfstæðrar skoðunar hvort sú háttsemi varnaraðila, að láta hjá líða að kanna greiðslugetu lántaka og gera ábyrgðaraðila grein fyrir niðurstöðu þeirrar könnunar, leiði til þess að ógilda beri samninginn á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar eð það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri hann fyrir sig. Við slíkt mat verður að líta heildstætt til allra atvika málsins.

Í framlögðum gögnum málsins er að finna skjal sem ber heitið „Ábending – Yfirlýsing“ þar sem sóknaraðila var bent á hvað fælist í veðsetningunni og hvaða afleiðingar það gæti haft kæmi til vanskila á lánunum. Er þar einnig brýnt fyrir sóknaraðila að kynna sér vel greiðslubyrði viðkomandi láns og greiðslugetu lántaka og að huga að því hvort treysta megi þeim er fái veðið lánað. Ekki verður fallist á það með varnaraðila að með þessu hafi sóknaraðilar verið ítarlega upplýstir um þýðingu veðsetningarinnar og þá áhættu sem í henni hafi falist. Umræddar yfirlýsingar verði með engu lagðar að jöfnu við framkvæmd greiðslumats og gefa þær ekki að nokkru leyti til kynna að sóknaraðili hafi kannað fjárhagstöðu lántaka eða hæfni hans til að standa í skilum.

Lántaki er sonur sóknaraðila og því tengdur sóknaraðila nánum fjölskylduböndum. Telja má því líkur á að sóknaraðili hafi þekkt vel til fjárhagslegra aðstæðna lántaka. Ekki hafa verið lögð fram gögn eða upplýsingar í málinu af hálfu sóknaraðila sem sýna fram á að niðurstaða greiðslumats hefði átt að vera neikvæð. Sóknaraðili hefur jafnframt ekki fært rök fyrir því eða gert líklegt að hann hefði hafnað því að gangast í ábyrgð hefðu honum verið kynntar niðurstöður greiðslumats á lántaka.

Í ljósi framangreinds verður að telja að það hefði litlu breytt um ákvörðun sóknaraðila um að gangast í ábyrgð jafnvel þó honum hefði réttilega verið kynnt greiðslugeta lántaka. Með hliðsjón af framansögðu, og með tilliti til atvika þessa máls, verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að samninginn beri að ógilda með tilliti til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur L um að ógilda beri veðsetningu á fasteign hennar, er hafnað

Reykjavík, 8. september 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Þorvaldur Emil Jóhannesson — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur Emil Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 13. mars 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 23. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 19. apríl 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 25. apríl 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 16. mars 2018. Óskað var eftir viðbótar upplýsingum frá málsaðilum 9. apríl 2018. Svar barst frá sóknaraðila 10. apríl og frá varnaraðila 23. apríl 2018.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 26. apríl og 11. maí 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 22. janúar 2010 yfirtók sóknaraðili skuldabréf við kaup á fasteign X. Sóknaraðili skrifaði undir yfirlýsingu um yfirtöku láns sem útgefið var af varnaraðila og var þinglýst 26. febrúar 2010. Hið upprunalega lánaskjal kvað á um að uppgreiðsla væri óheimil nema gegn sérstakri þóknun en slíkt kom þó ekki fram í yfirlýsingunni um yfirtöku lánsins. Í desember 2016 greiddi sóknaraðili upp lánið og krafðist því varnaraðili greiðslu uppgreiðslugjalds að fjárhæð 2.491.492 kr. sem sóknaraðili greiddi. Sóknaraðili átti í kjölfarið í bréfasamskiptum við varnaraðila þar sem hann krafðist að umrætt gjald yrði fellt niður en var beiðni sóknaraðila formlega hafnað af hálfu varnaraðila þann 14. desember 2016.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér uppgreiðslugjald að fjárhæð 2.491.492 kr. sem greitt var til varnaraðila í desember árið 2016. Til vara krefst sóknaraðili að uppgreiðslugjald lánsins frá varnaraðila verði endurreiknað í samræmi við 18. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán þar sem getið er til um 1% uppgreiðslugjald að hámarki.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 18. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán eða 6. og 8.

gr. samnefndra laga nr. 121/1994 sem voru í gildi þegar umrætt lán var yfirtekið af sóknaraðila en hafa síðan verið felld úr gildi. Framangreindar lagagreinar taka til upplýsingaskyldu lánveitanda en sóknaraðili telur að slíkri upplýsingagjöf hafi verið ábótavant. Sóknaraðili vísar til þess að honum hafi ekki verið kynnt það að húsnæðislánið sem hann yfirtók árið 2010 innihéldi uppgreiðslugjald. Því til stuðnings vísar hann til þess að á yfirlýsingunni um yfirtöku lánsins kemur hvergi fram að uppgreiðslugjald sé á láninu, þar að auki undirritaði sóknaraðili hvergi yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér skilmála hins yfirtekna skuldabréfs. Sóknaraðili telur þessa annmarka á upplýsingagjöf af hálfu varnaraðila brjóta gegn skilyrðum 18. gr. laga nr. 33/2013. Í ákvæðinu er kveðið á um að til þess að heimilt sé að krefjast uppgreiðslugjalds þarf ákvæði þess efnis að koma fram í lánasamningi og þarf sérstaklega að koma fram hvernig slíkt gjald skuli reiknað og hvenær það skuli falla á. Slíkt ákvæði var ekki að finna í yfirlýsingunni um yfirtöku lánsins sem sóknaraðili ritaði undir og telur hann því varnaraðila ekki heimilt að innheimta uppgreiðslugjald.

Hvað varðar varakröfu sóknaraðila vísar hann til þess að skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 33/2013 má uppgreiðslugjald lána ekki vera hærra en 1% af fjárhæð endurgreiðslu. Sóknaraðili vísar einnig til þess að lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda höfðu ekki tekið gildi við uppgreiðslu láns sóknaraðila og því ekki hægt að taka mið af reglum þeirra laga um uppgreiðslugjöld.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að ekki eigi að fallast á frávísunarkröfu varnaraðila. Því til stuðnings vísar sóknaraðili í úrskurð nefndarinnar nr. 34/2015 og telur sóknaraðili að samkvæmt þeim úrskurði séu ekki takmarkanir á þeim rétti neytenda að óska eftir því að nefndin taki fyrir málefni tengd neytendalánum.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að á þeim tíma sem sóknaraðili yfirtók umrætt lán, þann 22. janúar 2010, voru í gildi eldri lög um neytendalán nr. 121/1994. Á þeim tíma átti varnaraðili ekki aðild að Úrskurðarnefndinni en ágreiningsmál vegna lánveitinga varnaraðila voru fyrst færð undir nefndina með tilkomu núgildandi laga nr. 33/2013. Varnaraðili vísar einnig til þess að samkvæmt lögum nr. 44/1994 um húsnæðismál eða reglugerðum, sem stoð hafa í þeim lögum, hefur varnaraðili engar lagalegar heimildir til að fella niður uppgreiðslugjöld af láni. Telur því varnaraðili að sóknaraðila sé einungis fært að krefjast endurgreiðslu uppgreiðsluþóknunar á grundvelli hugsanlegrar skaðabótaskyldu varnaraðila, en sóknaraðili hafi ekki fært fram nægileg gögn eða rök til stuðnings þess að varnaraðili sé bótaskyldur gagnvart sér á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar eða öðrum bótareglum. Telur varnaraðili því ekki mögulegt að úrskurða bætur til sóknaraðila á þeim grundvelli og beri því að vísa málinu frá nefndinni. Að lokum vísar varnaraðili til þess að niðurfelling á uppgreiðsluþóknun lánsins yrði að teljast stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telur varnaraðili Úrskurðarnefndina ekki hafa valdbærni til að taka slíka ákvörðun og því geti hún ekki úrskurðað um þetta mál og beri að vísa því frá.

Hvað varðar varakröfu varnaraðila þá vísar hann til þess að lánveitingar varnaraðila grundvallast á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og er í 2. og 3. mgr. 23. gr. þeirra laga að finna heimild varnaraðila til að rukka uppgreiðslugjöld gegn því að veita lán með lægri vaxtaálagi. Vísar hann þá einnig til þess að sambærilega heimild sé að finna í reglugerð nr. 970/2016. Varnaraðili telur að samkvæmt ofangreindum lagareglum sé varnaraðila beinlínis skylt að krefjast uppgreiðslugjalds þegar lán er veitt

með slíkum skilmálum og hvergi í ofangreindum lögum sé að finna heimild til að lækka eða fella niður slíkt gjald. Hvað varðar málsástæðu sóknaraðila að varnaraðili hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni vísar varnaraðili til þess að það hafi skýrt komið fram í hinu yfirtekna skuldabréfi að það innihéldi uppgreiðsluþóknun, bæði efst í bréfinu og í 5. tl. skilmála þess. Varnaraðili telur því að sóknaraðila hafi ekki getað dulist að hann væri að yfirtaka lán sem innihélt uppgreiðslugjald en gert er ráð fyrir að aðili kynni sér efni þeirrar fjárhagsskuldbindingar sem hann hyggst ganga til, vísar varnaraðili þá sérstaklega til þess að maki sóknaraðila og annar skuldari lánsins sé starfsmaður fjármálafyrirtækis. Hvað varðar upphæð uppgreiðslugjaldsins vísar varnaraðili til þess að hann sé bundinn þeirri reiknireglu sem kemur fram í 7. gr. reglugerðar nr. 1016/2005 um gjaldskrá Íbúðalánasjóðs og er því upphæð uppgreiðslugjalds mismunandi milli lána.

Varnaraðili telur þá einnig að ákvæði laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og stjórnvaldsfyrirmæli, sett með stoð í þeim lögum, gangi framar þáverandi neytendalánalögum nr. 121/1994 á grundvelli almennra lögskýringarsjónarmiða í ljósi þess að þau teljist sérlög hvað þetta varðar, auk þess sem þau eru nýrri. Telur varnaraðili því ákvæði laga nr. 121/1994 ekki geta haggað lögákveðnum lánaskilmálum varnaraðila. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili í dóm Hæstaréttar í máli nr. 243/2015.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila þessa máls lýtur að gildi og lögmæti uppgreiðslugjalds í yfirteknu skuldabréfi sem sóknaraðili tók yfir þann 22. desember 2010.

Hvað varðar aðalkröfu varnaraðila um frávísun á grundvelli þess að hann hafi ekki verið með aðild að Úrskurðarnefndinni á þeim tíma sem sóknaraðili yfirtók umrætt lán þá skal vísa til þess að með 33. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán var öllum lánveitendum neytendalána gert skylt að að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá telur nefndin að ákvæði 33. gr. laganna um skyldu lánveitenda til að eiga aðild að nefndinni og um úrskurðarvald hennar í málum á þessu sviði hafi fallið undir hið almenna gildistökuákvæði laganna, án þess að í lögunum þyrfti í því efni að gera nokkurn greinarmun á eldri og yngri lánasamningum og án þess að með því væri hróflað við efnislegum skyldum aðila í gildum samningssamböndum við gildistökuna. Að ofangreindu virtu er ekki unnt að fallast á frávísunarkröfu varnaraðila hvað þetta varðar og er henni því hafnað.

Hins vegar verður að líta til þess að í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 33/2013 er kveðið á um þær greinar laganna sem skuli gilda um lánasamninga sem stofnað var til fyrir gildistöku umræddra laga. Í ákvæðinu er ekki upp talið ákvæði 18. gr. laganna, sem kveður á um endurgreiðslu fyrir gjalddaga, og er því ekki unnt að byggja á því ákvæði við úrlausn þessa máls. Við úrlausn þessa máls ber að lita til ákvæða laga nr. 124/1994 um neytendalán sem giltu um lánasamninga þegar að umrætt lán var yfirtekið. Samkvæmt dómi Hæstaréttar nr. 243/2015 gilda ákvæði laga nr. 121/1994 að því leyti sem ákvæði sérlaga víkja þeim ekki til hliðar. Í máli þessu verður ekki talið að ákvæði laga nr. 44/1998 víki til hliðar þeim ákvæðum laga nr. 121/1994 er varða upplýsingaskyldu varnaraðila.

Verður því næst vikið að þeirri málsástæðu sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar samkvæmt 6. og 8. gr. laga nr. 121/1994 við yfirtöku skuldabréfsins og verði af þeim ástæðum talið að víkja beri samningsskilmála til hliðar á grundvelli þess að ósanngjarnt væri eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. 1 mgr. 36. gr. c.. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt gögnum málsins var ekki að finna í skuldaraskiptayfirlýsingu

sóknaraðila ákvæði um að skuldabréfið bæri uppgreiðslugjald né sérstaka yfirlýsingu um að sóknaraðili hafi kynnt sér efni skuldabréfsins. Samkvæmt gögnum málsins kom það hins vegar skýrt fram í hinu yfirtekna skuldabréfi að það kvæði á um uppgreiðsluþóknun, bæði efst í bréfinu og í 5. tl. skilmála þess. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 11. maí 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur Emil Jóhannesson

Ár 2017, föstudaginn 15. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur Emil Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. mars 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 22. mars 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 23. mars 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 27. apríl 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 28. apríl 2017 og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 12. maí 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. desember 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 7. janúar 2009 gaf A út skuldabréf nr. X til FF, forvera varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 2.200.000 kr. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt skuldabréfinu. Sóknaraðili, sem annar tveggja sjálfskuldarábyrgðaraðila, tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfsins. Sóknaraðili undirritaði skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili in solidum og staðfesti þar m.a. að hafa kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Á skjalinu kemur fram að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kemur fram að meira en helmingi lánsupphæðar verði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Sóknaraðili og B undirrituðu skjalið þann 20. janúar 2009.

Þann 31. janúar 2017 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit við varnaraðila að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila yrði felld úr gildi. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila þann 28. febrúar 2017 og lýsti því að hann mæti ábyrgðina gilda.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X, verði vikið til hliðar í heild eða hluta. Byggir sóknaraðili kröfur sínar á því að samningur hennar við varnaraðila sé ógildanlegur á grundvelli ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísar sóknaraðili til þess að við útgáfu

skuldabréfsins hafi varnaraðili og forveri varnaraðila, ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, frá 1. nóvember 2001. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi gerst brotlegur við ákvæði 3. gr. samkomulagsins þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á útgefanda skuldabréfsins vegna lántökunnar og engar forsendur séu til að líta svo á að greiðslugeta lántakanda hafi verið könnuð áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgð. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki geta vikið sér hjá því að framkvæma slíkt greiðslumat enda krafa sú sem um ræðir upphaflega að fjárhæð 2.200.000 kr., sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að í greiðslumatinu komi fram að FF hefði metið getu lántakanda til að standa við fjárskuldbindingar sínar og að greiðslumatið byggði á gögnum sem lánveitandi hefði aflað og/eða lántakandi látið í té. Komi þar fram að niðurstaða greiðslumats byggði meðal annars á upplýsingum um framfærslukostnað og önnur föst útgjöld, meðaltekjur heimila og greiðslubyrgði lána. Sóknaraðili telur að fullnægjandi mat á greiðslugetu lántakandans hafi einungis verið framkvæmanlegt með atbeina A til öflunar gagna. Sóknaraðili hafnar því að greiðslumat hafi farið fram eða að lántaki hafi lagt sjóðnum í té þau gögn svo unnt hefði verið að framkvæma hið meinta greiðslumat. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki getað upplýst um forsendur greiðslumatsins eða á hvaða gögnum helst hafi verið byggt við samning, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir lögmanns sóknaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að engar tölulegar upplýsingar, eða neitt annað, sé að finna á skjalinu um „Niðurstaða greiðslumats“ sem staðfesti að greiðslumat hafi verið framkvæmt. Vísar sóknaraðili til þess að A hafi ekki fengið neinar upplýsingar um að framkvæma ætti greiðslumat. Í fyrirliggjandi lánsumsókn komi hvergi fram að til stæði að greiðslumeta aðalskuldara. Telur sóknaraðili hæpið að forveri varnaraðila hafi látið fara fram greiðslumat á lántaka þar sem lántaki hafi hvorki verið beðinn um gögn eða spurð spurninga varðandi fjárhagsstöðu sína eða skuldastöðu. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi brotið gegn 3. gr. samkomulagsins þar sem ekki fór fram greiðslumat á aðalskuldara. Telur sóknaraðili þegar af þeirri ástæðu að fella beri sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila niður. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi verið meðvitaður um vanrækslu á skyldu sinni til að greiðslumeta aðalskuldara þar sem varnaraðili hafi, þegar honum varð ljóst hvert málið stefndi, sérstaklega haft samband við sóknaraðila í þeim tilgangi að tryggja nafnritun hennar á greiðslumatið. Þetta hafi varnaraðili gert þrátt fyrir að hafa verið í þeirri trú að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt fyrr né síðar. Sóknaraðili byggir á því að það hafi staðið varnaraðila nær að framkvæma slíkt greiðslumat og láta skuldara útvega þau skjöl enda hefði vernd varnaraðila þá fyrst verið fyrir hendi og tilgangi samkomulagsins náð. Byggir sóknaraðili á því að ekkert af ofangreindu hafi verið gert við lántökuna. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili verði að bera hallann af því að hafa ekki greiðslumetið aðalskuldara og geta ekki upplýst um „forsendur greiðslumats“ eða á hvaða gögnum helst hafi verið byggt. Sóknaraðili byggir að auki á því að þótt sú skylda hvíli ekki á fjármálafyrirtæki að geyma gögn sem liggja að baki greiðslumati til lengri tíma þá sé þeim engu að síður skylt að varðveita sönnun þess að greiðslumat hafi farið fram og á hvaða gögnum hafi helst verið byggt. Í því sambandi vísar sóknaraðili í dóm Hæstaréttar í máli nr. 376/2013. Verði ekki barið í brestina undir rekstri málsins byggir sóknaraðili á því að ósannað sé að varnaraðili hafi framkvæmt greiðslumat á útgefanda skuldabréfsins samkvæmt samkomulaginu.

Byggir sóknaraðili jafnframt á því að varnaraðili hafi brotið gegn 1. ml. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Samkvæmt ákvæðinu skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangi í ábyrgð enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendir sóknaraðili á að útgáfudagur umrædds skuldabréfs hafi verið

7. janúar 2009 en nafnritun hennar á neikvætt greiðslumatið sé dagsett þann 20. janúar 2009, eða 13 dögum síðar. Vísar sóknaraðili til þess að við undirritun hennar á greiðslumatið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, hafi varnaraðili öðlast rétt til að ganga að öllum eignum sóknaraðila vegna skuldar A. Byggir sóknaraðili á því að verklag varnaraðila, með því að afla fyrst ábyrgðarinnar en senda sóknaraðila síðar til undirritunar skjal með forprentaðri yfirlýsingu hennar um að hún óskaði eftir að gangast í ábyrgð til tryggingar láninu, þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumats, hafi verið til þess fallið að fá sóknaraðila til að gangast í ábyrgðina. Sé það verklag í brýnni andstöðu við þær skuldbindingar sem fjármálafyrirtæki, þ.m.t. forveri varnaraðila, höfðu gengist undir með fyrrnefndu samkomulagi. Byggir sóknaraðili á því að þar fyrir utan liggi ekki fyrir gögn sem staðfesti að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hún skrifaði undir greiðslumatið. Byggir sóknaraðili á því að þegar af þeim ástæðum beri að fella ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila niður. Vísar sóknaraðili til fjölmargra úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki því til stuðnings.

Byggir sóknaraðili í þriðja lagi á því að varnaraðili hafi brotið gegn 2. ml. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Vísar sóknaraðili til þess að í ákvæðinu sé að finna sérreglu sem taki til þeirra tilvika þar sem niðurstaða greiðslumats er neikvæð. Bendir sóknaraðili á að sérstaklega sé kveðið á um það í ákvæðinu að ábyrgðarmaður skuli staðfesta það skriflega, óski hann eftir því að lán verði veitt, þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumats. Vísar sóknaraðili til þess að á skjalinu sé reitur fyrir undirritun ábyrgðarmanna við svohljóðandi texta: „..Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.“ Hafi sóknaraðili ekki ritað nafn sitt undir greindan texta. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 þar sem Hæstiréttur hafi túlkað ákvæði 2. ml. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Með hliðsjón af framangreindu byggir sóknaraðili á því að hafa aldrei fengið fullnægjandi upplýsingar um þá auknu áhættu sína áður en hún ritaði undir skuldabréfið auk þess sem varnaraðili hafi ekki aflað hins sérstaka samþykkis.

Vísar sóknaraðili einnig til 36. gr. laga nr. 7/1936 sem kveður á um að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Bendir sóknaraðili á að til ábyrgðar sóknaraðila hafi stofnast án þess að varnaraðili hafi gætt að skyldu sinna samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili verði að bera hallann af þeirri ákvörðun að hafa veitt lánið án þess að áður hafa viðhaft þau vinnubrögð sem samkomulagið gerir ráð fyrir. Byggir sóknaraðili á því að, með vísan til óskráðra reglna og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, hafi mátt gera ríkar kröfur um sérfræðiþekkingu þar sem varnaraðili sé fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis og hafi við samningsgerðina notið yfirburðastöðu. Sóknaraðili sé á hinn bóginn einstaklingur, komin á aldur, sem hafi enga sérstaka þekkingu eða reynslu af viðskiptum af þessu tagi auk þess sem öll skjöl hafi verið einhliða samin af varnaraðila. Bendir sóknaraðili á að lántakandinn hafi ekki haft fjárhagslega burði til að standa í skilum við fjárskuldbindingar sínar og óhætt að fullyrða að sóknaraðili hafi þurft að bera áhættu af lánveitingunni. Vísar sóknaraðili til þess að heildarmat á þeim atriðum sem greinir í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 standi til þess að ósanngjarnt sé fyrir varnaraðila að bera fyrir sig hina umdeildu sjálfskuldarábyrgð.

Byggir sóknaraðili loks á því, með sömu rökum og hér að ofan, að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila sé ógildanleg á grundvelli 33. gr. laga nr. 7/1936. Vísar sóknaraðili í því sambandi til þess að það sé óheiðarlegt af varnaraðila að bera fyrir sig samninginn þegar ljóst sé að varnaraðili hafi vanrækt við samningsgerðina að fara eftir

áskilnaði samkomulagsins. Sóknaraðili vísar til þess að óheiðarlegt sé af varnaraðila að byggja einhliða rétt á þeim lánssamningi sem hefur verið grundvöllur að innheimtuaðgerðum hans á hendur sóknaraðila án tillits til annarra skuldbindinga sem varnaraðili hafi sjálfur borið gagnvart sóknaraðila samkvæmt umræddu samkomulagi.

Sóknaraðili telur að dómar Hæstaréttar í málum nr. 648/2015 og 141/2012 hafi takmarkað fordæmisgildi, enda séu málsatvik ekki að öllu leyti sambærileg. Í fyrrgreindum dómum hafi meðal annars legið fyrir jákvæðar niðurstöður greiðslumats ólíkt því sem sé uppi í fyrirliggjandi máli. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi auk þess ekki lagt fram bækling um sjálfskuldarábyrgð og lánsveð sem sóknaraðili hafi átt að hafa kynnt sér við lántökuna og því sé ósannað að sóknaraðili hafi fengið að kynna sér þá. Byggir sóknaraðili á því að varnaraðili verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti auk þess sem sóknaraðili hafi ekki undirritað greiðslumatið samhliða skuldabréfinu. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á fjárhagsstöðu skuldarans á þeim tíma er lánið var útgefið eða veitt einhverjar upplýsingar sem geti staðreynt hið ætlaða greiðslumat eða forsendur þess. Þá sé í greiðslumatinu eingöngu að finna almenn fyrirmæli um framkvæmd greiðslumats og hvergi áréttuð heimild sóknaraðila til að kynna sér þau gögn sem greiðslumatið hafi átt að byggja á. Sóknaraðili byggi á því að varnaraðili hafi ekki fært fyrir því sönnur að réttilega hafi verið staðið að greiðslumatinu og verði varnaraðili að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Vísi sóknaraðili til þess að varnaraðili verði, óháð samnings- eða lagaskyldu um að geyma gögn, að geta sýnt fram á að slíkt mat hafi farið fram og á hvaða gögnum hafi verið byggt. Sóknaraðili vísar til fjölmargra dóma Hæstaréttar því til stuðnings. Sóknaraðili hafnar tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2016 og telur málsatvik á engan hátt sambærileg þeim sem hér séu til úrlausnar. Sóknaraðili telji sig þá ekki hafa gefið eftirásamþykki þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu enda ósannað að hún hafi gert sér grein fyrir í hverju ábyrgð hennar fólst með undirritun sinni. Byggi sóknaraðili á því að engar viðvaranir hafi verið að finna í skjalinu um þá auknu áhættu sem fólst í því að gangast undir ábyrgðina.

Loks mótmæli sóknaraðili að líkur séu til þess að skuldabréfið og greiðslumatið hafi verið unnið saman eða að greiðslumat hafi legið fyrir við undirritun skuldabréfsins. Telji sóknaraðili þessa umfjöllun vanreifaða og órökstudda. Sóknaraðili telji það leiða af dómafordæmum Hæstaréttar að virða beri öll atvik máls heildstætt. Sóknaraðili mótmæli öllu sem fari í bága við málatilbúnað sinn sem röngu og ósönnuðu.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili byggir á því að greiðslumat hafi verið framkvæmt með fullnægjandi hætti. Vísar varnaraðili til þess að greiðslumat á skuldara hafi verið undirritað 13 dögum eftir undirritun lánveitingar, en tilgangur þess hafi verið að meta hvort skuldari geti staðið við greiðslur samkvæmt lánssamningi. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni og skilið mat á greiðslugetu skuldara og samþykkt það sem fullnægjandi. Byggir varnaraðili á því að undirritun greiðslumats, 13 dögum eftir undirritun skuldabréfs, valdi ekki ógildingu þess og beri því ekki að líta framhjá greiðslumatinu. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ritað undir skuldabréfið sjálft sem sjálfskuldarábyrgðaraðili ásamt því að rita undir neikvætt greiðslumat athugasemdalaust. Að auki hafi sóknaraðili staðfest með undirritun á greiðslumatið að hafa kynnt sér efni bæklinga um sjálfskuldarábyrgð og lánsveð.

Varnaraðili byggir á því að hafa ekki brotið gegn 3. gr. samkomulagsins þar sem greiðslumat liggi fyrir í málinu. Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu að hafa yfir

höfuð ekki greiðslumetið skuldara. Telur varnaraðili þá umfjöllun órökstudda, vanreifaða og ósannaða. Varnaraðili mótmælir þeim dómum sem sóknaraðili vísar til, þar sem honum sé ekki skylt að varðveita gögn sem greiðslumatið byggir á átta árum eftir undirritun þess. Því til stuðnings vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 648/2015 og 141/2012. Varnaraðili byggir á því að ábyrgðarskuldbindingin sé í fullu gildi þar sem varnaraðili hafi greiðslumetið skuldara með fullnægjandi hætti og sóknaraðili samþykkt greiðslumatið með undirritun sinni. Varnaraðili byggir á því að það sé óumdeilt að undirritun greiðslumats hafi átt sér stað 13 dögum eftir undirritun skuldabréfsins. Hins vegar byggir varnaraðili á því að líkur séu til þess að greiðslumatið hafi þegar legið fyrir við undirritun skuldabréfs, en láðst hafi að láta sóknaraðila skrifa undir greiðslumatið á sama tíma og skuldabréfið. Telur varnaraðili ljóst að upplýsingaskylda samkvæmt samkomulaginu hafi verið uppfyllt.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi veitt eftirásamþykki með því að undirrita greiðslumatið þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu þess, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2016. Vísar varnaraðili til þess að undirritun sóknaraðila á greiðslumatið teljist nægileg staðfesting í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Því til stuðnings vísar varnaraðili í dóm Hæstaréttar í máli nr. 438/2016 þar sem Ó hafði undirritað fyrirvaralaust niðurstöður greiðslumats á lántaka, bæði sem maki lántaka og hins vegar í umboði ábyrgðarmanns sem veðsala. Taldi dómurinn að hefði raunin verið sú að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar greiðslumatinu hafi ekki verið réttar yrði Ó að bera hallann af því. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili beri því ábyrgð á skuldbindingu sinni sem hún undirritaði athugasemdalaust. Byggir varnaraðili á því að sóknaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að atvik máls hafi verið með öðrum hætti en málsgögnin sýna fram á. Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila þar sem sóknaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á að upplýsingagjöfin hafi verið ófullnægjandi og í andstöðu við 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili vísar til þess að þótt nokkur aðstöðumunur sé á aðilum, sé ekkert sem bendi til annars en að sóknaraðili hafi verið fullfær um að taka ákvörðun um ábyrgðarskuldbindinguna, þrátt fyrir aldur hennar og litla reynslu í viðskiptum. Telur varnaraðili ekki nægja ástæðu til ógildingar að sóknaraðili hafi lítið vit á viðskiptum. Eins byggir varnaraðili á því að það geti ekki valdið ógildingu að skjöl hafi ekki verið undirrituð í réttri tímaröð, þó svo að það teljist til vandaðra viðskiptahátta. Byggir varnaraðili á því að 33. gr. og 36. gr. laga. nr. 7/1936 séu undantekningarreglur sem beri að skýra þröngt með hliðsjón af meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu 7. janúar 2009 af A, til forvera varnaraðila, FF. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum íslenskra sparisjóða f.h. aðildarfélaga sinna og var forveri varnaraðila eitt þessara aðildarfélaga. Bar forvera varnaraðila því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir ábyrgðarmönnum til tryggingar umræddu skuldabréfi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 169/2012.

Sóknaraðili ber fyrir sig að framkvæmd varnaraðila við stofnun sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi ekki verið í samræmi við samkomulagið og krefst þess að sjálfskuldarábyrgð á framangreindu skuldabréfi verði vikið til hliðar af þeim sökum.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki

gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi nemur meira en 1.000.000 kr.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins er kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsumsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við lánið.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ sem sóknaraðili undirritaði þann 20. janúar 2009. Á skjalinu kemur fram að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að greiðslumatið hafi verið haldið annmarka og vísar í því sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. *376/2013* þar sem fallist var á ógildingu veðleyfis á grundvelli þess að greiðslumatið hafi verið haldið slíkum annmarka. Í því máli var um það að ræða að skuldari var metin og talinn hafa greiðslugetu. Í þessu máli liggur hins vegar fyrir niðurstaða greiðslumats sem benti til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu.

Skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ var undirritað 13 dögum eftir að skuldabréf nr. X var gefið út. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Varnaraðili uppfyllti því ekki skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins við útgáfu skuldabréfsins. Þrátt fyrir þennan annmarka við lánveitinguna verður ekki horft framhjá því að sóknaraðili samþykkti niðurstöðu greiðslumats 13 dögum eftir undirritun sína á skuldabréfið, sem gerir það að verkum að ábyrgðin verður ekki ógilt á grundvelli þessa atriðis eins og sér, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2016.

Varðandi þá málsástæðu sóknaraðila að það hafi ekki legið fyrir sérstök undirritun sóknaraðila á því að hann takist á hendur sjálfskuldarábyrgð þar sem legið hafi fyrir að greiðslumat væri neikvætt, þá hefur verið litið svo á að nægilegt sé að ábyrgðarmaður undirriti skjalið. Skipti þá ekki máli þótt viðkomandi undirriti ekki sérstaklega reitinn: „…ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar ..“ Hefur það eitt og sér ekki verið talið varða ógildingu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Þegar litið er til þess er hér að framan greinir og atvik málsins eru metin heildstætt verður það ekki talið ósanngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila. Í ljósi alls þess er hér að framan hefur verið rakið standa því engin efni til þess að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936.

Verður kröfu sóknaraðila um ógildingu á sjálfskuldarábyrgð því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 15. desember 2017

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur Emil Jóhannesson

Ár 2017, fimmtudaginn 21. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. apríl 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 3. apríl 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 25. apríl 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 12. maí 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 16. maí 2017 og henni gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 30. maí 2017. Með tölvupósti nefndarinnar þann 30. maí 2017 var óskað eftir frekari athugasemdum frá varnaraðila. Viðbótarathugasemdir bárust frá varnaraðila þann 7. júní 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. desember 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 2. apríl 1996 gaf M út skuldabréf til varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 2.200.000 krónur. Lán þetta bar að endurgreiða á 25 árum með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á mánaða fresti og var fyrsti gjalddagi þann 5. maí 1996. Vextir samkvæmt upphaflega skuldabréfinu voru tilgreindir 7,75% á ári. Í skilmálum skuldabréfsins kom fram að skuldin tæki breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu, sem var 175,5 til gjalddaga á hverjum tíma. Þann 10. febrúar 2017 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum lánsins. Samkvæmt nýjum greiðsluskilmálum var lánstími tilgreindur sem 50 mánuðir með jöfnum greiðslum mánaðarlega og voru fjöldi afborgana 50. Vextir og vísitala reiknuðust frá 5. febrúar 2017 en vextir bréfsins höfðu verið lækkaðir í 5,30%.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst útskýringar á því „hvers vegna búið sé að greiða 10.000.000 til 12.000.000 króna af 2.200.000 króna láni“ og fer fram á útreikninga sem leiði það í ljós. Sóknaraðili krefst jafnframt útskýringar á því hvers vegna umrætt lán hafi „hækkað

eins og það gerði eftir árið 2008“. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér þær greiðslur sem ofgreiddar hafa verið á grundvelli lánsins.

Sóknaraðili vísar til þess að aldrei hafi borist neinar útskýringar af hálfu varnaraðila á því hvers vegna staðan á láninu sé svona, þrátt fyrir að hún hafi beðið um það með tölvupóstum og sent kvörtun þar að lútandi inn til varnaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að árið 1996 hafi hún, ásamt maka sínum, tekið lán hjá varnaraðila að fjárhæð 2.200.000 króna til 25 ára. Sóknaraðili hafi greitt mánaðarlega af láninu í 20 ár, en þann 25. nóvember 2016 hafi lánið ennþá staðið í 2.200.000 króna. Telur sóknaraðili ljóst að búið sé að greiða upp nafnverð lánsins að minnsta kosti fimm sinnum. Sóknaraðili bendir á að þegar hún hafi farið að kanna hvers vegna umrædd staða hafi verið á láninu, hafi hún aldrei fengið neinar útskýringar frá varnaraðila og séu það slæm vinnubrögð af hans hálfu. Vísar sóknaraðili til þess að hún hafi verið hvött af öðrum banka til að leita skýringa en seinasta úrræði hennar sé því að leita til úrskurðarnefndarinnar. Sóknaraðili ítrekar að hún krefjist útskýringar á því hvernig lán uppá 2.200.000 króna geti ennþá staðið í 2.200.000 krónum 20 árum síðar.

Sóknaraðili vísar til þess að staða lánsins með verðbótum hafi numið 3.010.298 krónum þann 5. október 2010, en sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ofreiknað verðbætur á umrætt lán. Byggir sóknaraðili á því að ekki sé nóg að útskýra hækkun láns með vísan til skilmála þess, þegar lánið hækki um 150-200%. Sóknaraðili bendir á að í athugasemdum varnaraðila sé vísað til þess að varnaraðili hafi lækkað vexti af láninu úr 7,75% í 5,30%, en í tölvupósti sem sóknaraðili fékk frá útibússtjóra varnaraðila komi fram að lækka ætti lánið í 4,80% vexti. Vísar sóknaraðili til þess að vextirnir frá því í júní hafi verið endurgreiddir, en þegar búið sé að greiða milljónir í vexti þá séu 29.176 krónur ekki há fjárhæð. Sóknaraðili bendir jafnframt á að við fyrsta gjalddaga eftir breytinguna hafi 10.000 krónum verið bætt við vegna skilmálabreytinga, sem sóknaraðila hafi aldrei verið sagt frá, en orðið til þess að vaxtalækkunin hrapaði niður í 19.176 krónur. Einnig hafi hún þurft að greiða þinglýsingargjald, þannig þegar upp var staðið hafi varnaraðili gefið eftir 17.176 krónur. Sóknaraðili vísar að lokum til þess að varnaraðili hafi ætlað að setja uppgreiðslugjald á lán sem búið var að greiða af í 20 ár, en hætt síðan við eftir að sóknaraðili neitaði því.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að vísa beri kröfum sóknaraðila frá á grundvelli b- og e-liðar 6. gr. Samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Kröfurnar verða ekki metnar til fjár. Jafnframt séu kröfurnar óskýrar og ekki tækar til úrskurða af þeim sökum. Varnaraðili bendir á að engar lagatilvísanir eða málsástæður séu til stuðnings kröfum sóknaraðila og því sé ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Kröfugerðin sé einnig það óskýr að úrskurðarnefndin gæti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við kröfugerð sóknaraðila. Varnaraðili bendir jafnframt á að í kvörtun sóknaraðila komi ekki fram hvernig meta eigi umrædda kröfugerð til fjár. Loks byggir varnaraðili á því að endurgreiðslukrafa sóknaraðila sé vanreifuð og órökstudd.

Verði ekki fallist á kröfu um frávísun krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að hafa ávallt svarað fyrirspurnum sóknaraðila og reynt af fremsta megni að útskýra stöðu skuldabréfsins sem hafi hækkað eingöngu samkvæmt skilmálum þess. Varnaraðili vísar til þess að hafa svarað kvörtun sóknaraðila, þann 27. janúar 2017, þar sem henni var bent á að lánið hafi hækkað samkvæmt skilmálum þess. Varnaraðili hafi þá jafnframt boðið sóknaraðila að lækka

vexti lánsins í júní 2016. Sóknaraðili hafi ekki undirritað gögn þess efnis fyrr en í febrúar 2017, en þá hafi vextir skuldabréfsins verið lækkaðir í 5,30%. Líkt og sóknaraðili bendir á hafi varnaraðili í júní 2016 boðið sóknaraðila að lækka vexti veðskuldabréfsins í 4,80%. Vegna mistaka í skjalagerð hafi vextirnir eingöngu verið lækkaðir í 5,30% í febrúar 2017 og muni varnaraðili leiðrétta þau mistök.

Varnaraðili vísar til þess að hafa endurgreitt sóknaraðila vaxtamun frá 24. júní 2017 þegar það hafi fyrst verið samþykkt að lækka vexti á bréfinu og dráttarvexti frá sama tímabili. Varnaraðili hafi ekki getað orðið við kröfu sóknaraðila um að fella niður eftirstöðvar lánsins enda hafi ekkert tilefni verið til þess að verða við þeirri kröfu. Varnaraðili vísar einnig til þess að ekki liggi fyrir réttmætar ástæður fyrir því að skuld sóknaraðila við varnaraðila verði afskrifuð.

Hvað varði fullyrðingar sóknaraðila um kostnað í tengslum við skilmálabreytinguna sem sóknaraðili þurfti að greiða bendi varnaraðili á að í 1. tl. umræddsviðauka við veðskuldabréfið komi fram að skuldara beri að greiða lögbundin gjöld af viðaukanum, s.s. þinglýsingargjald, og kostnað við gerð viðaukans samkvæmt verðskrá varnaraðila hverju sinni. Bendir varnaraðili á að útlagður kostnaður til sýslumanns vegna þinglýsinga sé 2.000 krónur samkvæmt gr. 1.3.2 í verðskrá varnaraðila, sem sé aðgengileg á heimasíðu bankans. Þá sé lágmarks afgreiðslugjald vegna breytinga á skilmálum 10.000 krónur samkvæmt gr. 1.7.1.1. Varnaraðili mótmæli því fullyrðingu sóknaraðila að hún hafi aldrei verið upplýst um framangreindan kostnað. Loks mótmæli varnaraðili þeirri fullyrðingu sóknaraðila að varnaraðili hafi ætlað að „setja uppgreiðslugjald“ á lánið í tengslum við umrædda skilmálabreytingu enda kæmi það eingöngu til skoðunar við uppgreiðslu skuldabréfsins og þá í samræmi við skilmála þess og verðskrá varnaraðila eins og hún sé á hverjum tíma.

V.
Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Ágreiningur aðila lýtur annars að þeirri kröfu sóknaraðila um að fá útskýringar á því „hvers vegna búið sé að greiða 10.000.000 til 12.000.000 króna af 2.200.000 króna láni“. Sóknaraðili krefst jafnframt útskýringar á því hvers vegna umrætt lán hafi „hækkað eins og það gerði eftir árið 2008“. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér þær greiðslur sem ofgreiddar hafa verið á grundvelli lánsins. Varnaraðili krefst þess að aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í málatilbúnaði sínum fjallar sóknaraðili um að varnaraðili hafi ekki svarað fyrirspurnum sínum. Krafa sóknaraðila er óljós og illa upplýst auk þess sem kröfur hennar eru óskýrar. Með vísan til framangreinds verður ekki komist hjá því að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til ákvæða 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, fimmtudagur 21. desember 2017

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Oddur Ólason

Ár 2018, föstudaginn 12. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2017:**

M1 og M2 sóknaraðilar
gegn
F lífeyrissjóði

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1 og M2, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. apríl 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 7. apríl 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 27. apríl 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 8. júní 2017. Var bréfið sent sóknaraðilum, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar viðbótarathugasemdir bárust frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 12. janúar 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 24. júlí 2007 gaf A út veðskuldabréf, nr. X, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 kr., til varnaraðila. Til tryggingar skuldinni veittu sóknaraðilar veð í fasteign sinni og var veðsetningin á 3. veðrétti. Þann 15. febrúar 2017 sendu sóknaraðilar bréf til varnaraðila þar sem þau fóru fram á að framangreind veðsetning yrði felld niður. Varnaraðili hafnaði þeirri beiðni þann 3. mars 2017 þar sem hann taldi veðsetninguna gilda.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að veðsetning fasteignarinnar samkvæmt veðskuldabréfi nr. X, útgefnu af A þann 24. júlí 2007, verði felld niður. Til vara er þess krafist að veðsetning 50% hluta fasteignarinnar verði felld niður.

Sóknaraðilar byggja á því að veðheimildin samkvæmt skuldabréfinu sé ólögmæt þar sem hana skorti undirritun beggja sóknaraðila sem þinglýstra eigenda fasteignarinnar. Vísa sóknaraðilar til þess að fasteignin hafi verið óskipt eign þeirra en undirritun M2 hafi ekki komið fram í þar til gerðum reit um samþykki þinglýsts eiganda heldur einungis í reit maka þinglýsts eiganda. Samþykki beggja sóknaraðila hafi verið nauðsynlegt samkvæmt meginreglu þinglýsingalaga og verði varnaraðili að bera hallann af því að hafa ekki séð til þess að veðheimildin væri í samræmi við lög, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum 345/2013 og 300/2016. Sóknaraðilar byggja jafnframt á því að varnaraðili hafi ekki farið eftir þeim reglum sem giltu um

lánveitinguna þegar skuldabréfið var gefið út. Vísa sóknaraðilar til þess að samkvæmt lánareglum varnaraðila hafi honum aðeins verið heimilt að lána gegn veði í húsnæði skyldmennis lántaka, *„enda sé lögð fram skrifleg yfirlýsing þess aðila um að hann geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem hann er að taka á sig.“* Benda sóknaraðilar á að slíka yfirlýsingu sé ekki að finna í þeim gögnum sem bárust frá varnaraðila. Jafnframt hafi varnaraðila borið, út frá óskráðum meginreglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, að greiðslumeta lántaka og upplýsa sóknaraðila um greiðslugetu lántaka áður en fasteignin var sett að veði til tryggingar skuldinni. Sóknaraðilar telja það ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu varnaraðila að bera samningin og veðábyrgð sóknaraðila fyrir sig. Því beri að ógilda veðsetninguna og fella hana niður í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Varakröfu sína byggja sóknaraðilar á sömu rökum.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að málinu verði vísað frá.

Varnaraðili byggir á því að veðsetning fasteignarinnar sé gild. Varnaraðili vísar til þess að með undirritun sinni á veðskuldabréf, nr. X, hafi sóknaraðilinn M2 samþykkt hvort tveggja veðsetningu sem þinglýstur eigandi auk þess að samþykkja veðsetningu sem maki þinglýsts eiganda, enda hafi hún undirritað veðskuldabréfið án fyrirvara. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðila hafi verið í lófa lagið að setja fyrirvara við undirskrift sína og undanskilja eignarhluta sinn í sameigninni. Það hafi hún hins vegar ekki gert og teljist því hafa samþykkt veðsetninguna fyrir sitt leyti. Bendi varnaraðili á að þótt sóknaraðilinn M2 hefði einungis samþykkt veðsetninguna sem maki þinglýsts eiganda þá hafi eiginmaður hennar engu að síður haft heimild til að veðsetja eign þeirra allt að 50%. Veðsetning fasteignarinnar eftir lánveitingu sé 25,5% og því vel innan þeirra marka sem sóknaraðilinn M1 hafi haft heimild til. Varnaraðili mótmælir þeim dómum sem sóknaraðilar vísa til og telur þá ekki hafa fordæmisgildi í máli þessu.

Varnaraðili hafnar fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að lánareglum varnaraðila hafi ekki verið fylgt. Í lánareglunum komi fram að heimilt sé að lána gegn veði í húsnæði skyldmennis lántaka, „enda sé lögð fram skrifleg yfirlýsing þess aðila um að hann geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem hann er að taka á sig.“ Lítur varnaraðili svo á að undirritun ábyrgðarmanns á skuldabréf sé ígildi slíkrar yfirlýsingar. Varnaraðili mótmælir því að honum hafi borið skylda, út frá óskráðum meginreglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, til að greiðslumeta lántaka og upplýsa sóknaraðila um greiðslugetu lántaka áður en fasteignin var sett að veði til tryggingar skuldinni. Telur varnaraðili enga slíka meginreglu vera til. Varnaraðili bendir jafnframt á að veðskuldabréfið hafi verið gefið út í júlí 2007 og hafi sóknaraðili því sýnt af sér tómlæti en tæpur áratugur sé liðinn frá því að veðskuldabréfið hafi verið gefið út.

Varnaraðili byggi á því að vísa beri kvörtun sóknaraðila frá þar sem varnaraðili sé ekki aðili að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina. Vísar varnaraðili jafnframt til þess að 2. mgr. 33. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 eigi ekki við um hann enda hafi lögin tekið gildi rúmlega sex árum eftir að veðskuldabréfið, sem deilt er um, var undirritað. Vísar varnaraðili jafnframt til þess að lög um neytendalán geti ekki átt við um veðskuldabréfið eða önnur atriði í aðdraganda undirritunar þess þar sem fyrirliggjandi mál snúi að stofnun lánasamnings en ekki atriða sem síðar komu.

Varnaraðili byggi að lokum á því að vísa beri kvörtun sóknaraðila frá á grundvelli þess að úrskurðarnefndin hafi ekki heimild til að ógilda veðsetningu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Vísar varnaraðili til þess að af frumvarpi og athugasemdum samningalaga sé ljóst að einungis dómstólar hafi heimild til að ógilda samninga á grundvelli 36. gr. samningalaga.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar sóknaraðila á fasteign sinni, til tryggingar veðskuldabréfs nr. X. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega að veðsetning fasteignarinnar samkvæmt veðskuldabréfi nr. X verði felld niður, en til vara að veðsetning 50% hluta fasteignarinnar verði felld niður. Í málatilbúnaði sínum byggja sóknaraðilar á því að undirritun þeirra beggja hafi verið nauðsynleg til þess að stofna til gildrar veðsetningar á eigninni. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað en til vara að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Samkvæmt meginreglu þinglýsingarlaga nr. 39/1978 getur sá einn ráðstafað eign með löggerningi sem til þess hefur þinglýsta heimild eða samþykki þess er slíkrar heimildar nýtur, sbr. 24. gr. og 25. gr. laganna. Sóknaraðili M1 var þinglýstur eigandi fasteignarinnar þegar hann undirritaði veðskuldabréfið og var honum heimilt að ráðstafa eigin eignarhluta. Óumdeilt er að sóknaraðili M1 undirritaði veðskuldabréfið sem þinglýstur eigandi, jafnframt undirritaði maki þinglýsts eiganda undir samþykki við þeirri ráðstöfun. Verður aðalkröfu sóknaraðila því hafnað.

Verður því næst vikið að veðsetningu sóknaraðila M2 á fasteigninni samkvæmt veðskuldabréfi nr. X. Sóknaraðili M2 skrifaði undir sem maki þinglýsts eiganda á umrætt veðskuldabréf til forvera varnaraðila árið 2007. Sóknaraðili M2 ritaði ekki nafn sitt í þar til gerðum reit á bréfinu um samþykki þinglýsts eiganda. Við mat á því hvort fyrir liggi nægilega skýr heimild sóknaraðila til veðsetningar á eign sinni telur nefndin rétt að líta til þess að veðbréfið var útbúið af lánveitandanum. Var það fyrst og fremst á hans ábyrgð að sjá til þess að tryggja sér þau veðréttindi sem hann taldi nauðsynleg og verður hann að bera hallann af því að skjalið hafi ekki verið nægilega skýrt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 255/2017 var sérstaklega tekið fram að orðalag veðskuldabréfsins bæri með sér að veðsett væri „öll eignin“, því hefði aðilum „ekki getað dulist“ að verið væri að veðsetja alla eignina. Í máli þessu er sú staða ekki uppi enda kemur ekki fram á veðskuldabréfinu að veðsett sé „öll eignin”. Með vísan til nýfallinna dóma Hæstaréttar, sbr. einkum dómur Hæstaréttar frá 9. janúar 2018 í máli nr. 736/2017, verður ekki talið að nafnáritun sóknaraðila á umþrætt veðskuldabréf beri nægilega skýrlega með sér heimild sóknaraðila til veðsetningar. Þá verður ekki fallist á sjónarmið varnaraðila um tómlæti af hálfu sóknaraðila þar sem að ekki hefur verið sérstakt tilefni til þess að gera athugasemdir við veðskuldabréfið af hálfu sóknaraðila vegna síðar tilkominna atvika svo sem vanskila eða skilmálabreytinga, en bréfið hefur verið í skilum frá upphafi.

Samkvæmt 3. tölulið 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 falla verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki slíkra sjóða ekki undir gildissvið laganna. Lán það er forveri varnaraðila veitti sóknaraðila fellur undir lög um neytendalán nr. 33/2013. Í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur fram að neytendur geta skotið ágreiningi er varði fjárhagslegar kröfu og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Skulu lánveitendur eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þeir lánveitendur sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra. Í gildistökuákvæði laganna í 36. gr. kemur fram að þau taki almennt gildi 1. nóvember 2013. Þá er í 2. mgr. ákvæðisins sérstaklega rakið hvaða ákvæði laganna skuli gilda um

opna lánssamninga, sem eru í gildi við gildistöku þeirra. Er þar einkum um að ræða ákvæði um upplýsingaskyldu lánveitanda, framsal lánasamninga og þess háttar atriði sem varðar efnislegar skyldur lánveitanda á lánstíma. Fyrrnefnt ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna er í IX. kafla þeirra um eftirlit, viðurlög, réttarúrræði og bótaskyldu. Er þar meðal annars fjallað um valdheimildir Neytendastofu, stjórnvaldssektir og úrskurðar- og réttarúrræði. Enda þótt þessa kafla og ákvæðum hans sé ekki getið sérstaklega í gildistökuákvæðunum, er einsýnt að þau falla undir almenna gildistökuákvæðið. Nær því úrskurðarvald nefndarinnar til ágreinings um lánasamninga sem í gildi voru við gildistöku laganna, rétt eins og valdheimildir Neytendastofu. Á hinn bóginn skal áréttað að í úrlausnum sínum í slíkum málum getur nefndin ekki beitt þeim efnisreglum sem settar voru með lögum um neytendalán og vörðuðu stofnun lánasamninga. Mál þetta varðar hins vegar ekki stofnun lánssamnings. Að öllu þessu athuguðu verður frávísunarkröfu varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á varakröfu sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, um að felld verði niður veðsetning 50% hluta fasteignarinnar.

Reykjavík, 12. janúar 2018

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Oddur Ólason

Ár 2017, föstudaginn 6. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Þorvaldur Emil Jóhannesson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. apríl 2017, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. apríl 2017. Með tölvupósti nefndarinnar, dagsettu 27. apríl 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. maí 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dagsettu 2. júní 2017, og henni gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dagsett 6. júní 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. september og 6. október 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 11. desember 2007 var gerður afborgunarsamningur nr. X vegna láns sem sóknaraðili hafði tekið hjá forvera varnaraðila að fjárhæð 821.000 kr. Fjárhæðin var lögð inn á tékkareikning. Samkvæmt skilmálum afborgunarsamningsins áttu að greiðast vextir af skuldinni, samsvarandi kjörvöxtum almennra skuldabréfalána, samkvæmt ákvörðun sparisjóðsins á hverjum tíma, auk álags samkvæmt tilgreindum vaxtaflokki. Gjalddagar vaxta voru þeir sömu og afborganir af höfuðstól. Samkvæmt samningnum átti að greiða 2% lántökugjald og yrði tékkareikningurinn skuldfærður á gjalddögum sem nam greiðslu afborgana og vaxta. Samkvæmt samningnum yrði greiðandi skuldbundinn til að hafa á tékkareikningi sínum ráðstöfunarbært fé til greiðslu á hverjum gjalddaga. Sparisjóðurinn myndi senda greiðanda tilkynningar um skuldfærslur. Vanefni greiðandi skyldu sína til að hafa ráðstöfunarbært fé á reikningi sínum þannig að greiðsludráttur yrði á greiðslum myndi öll skuldin falla í gjalddaga og dráttarvextir greiðast samkvæmt vaxtalögum nr. 38/2001. Á afborgunarsamningnum kemur fram að athugasemdir yrðu að berast innan 10 daga frá dagsetningu hans.

Þann 2. febrúar 2017 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og óskað eftir því að ofangreindur samningur yrði felldur niður og hún fengi endurgreitt það sem hún hafði þegar greitt. Þann 9. mars 2017 fékk sóknaraðili svar frá varnaraðila þar sem varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila og telur samninginn gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. apríl 2017.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að skuld samkvæmt afborgunarsamningi nr. X verði felld niður. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér þær greiðslur sem hafa verið greiddar á grundvelli afborgunarsamningsins.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki undirritað afborgunarsamninginn. Byggir sóknaraðili á því að ekki sé um samning að ræða, þar sem annar eða fleiri aðilar hafi ekki skrifað undir neitt fyrir hönd skuldara. Sóknaraðili vísar til þess að hafa orðið áskynja árið 2006 að Landsbankinn hafi „kópíerað“ hugverk í hennar eigu. Í framhaldi af því hafi fyrirtæki sem hefðu keypt afnot af hugverkinu sagt upp samningum við hana og aðrir fyrirhugaðir samningar runnið út í sandinn. Sóknaraðili hafi þá orðið sér út um lögfræðiaðstoð vegna málsins til að kanna réttarstöðu sína gagnvart bankanum. Ekkert hafi hins vegar orðið úr þeim málaferlum og sóknaraðili tapað tíu milljónum króna vegna þessa máls, þar sem neyðarlög hafi tekið gildi sem tekið hafi fyrir málaferli gegn fjármálastofnunum. Sóknaraðili hafi þá snúið sér til Umboðsmanns skuldara og fengið skuldir sínar afmáðar að miklu leyti. Vísar sóknaraðili til þess að þá hafi staðið eftir lán frá A og B. F hafi þá búið til nýtt lán vegna lánsins frá A og sóknaraðili beðið bankann um að yfirtaka eftirstöðvar í B þar sem F hafði séð um að greiða af því láni í því millibilsástandi sem skapaðist þegar Umboðsmaður skuldara hafði lokið vinnu sinni og sent málið til sýslumanns. Vísar sóknaraðili til þess að hafa undirritað tvö lán hjá F, annars vegar vegna F og hins vegar vegna eftirstöðva í B. Að fjórum árum liðnum hafi sóknaraðili komist að því að B væri með þrjár milljónir á veðbókarvottorði sínu. Vísar sóknaraðili til þess að lánið hjá F hafi ekki farið til B heldur í umræddan afborgunarsamning sem sóknaraðili kannast ekki við. Sóknaraðili byggir á því að Landsbankinn hafi gleymt að innheimta skuldina en verið fljótur að því þegar sóknaraðili hóf að spyrjast fyrir um málið.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki samþykkt umþrættan afborgunarsamning með undirskrift sinni. Byggir sóknaraðili á því að hún muni þ.a.l. ekki greiða lánið, enda telur hún sig eiga rétt á fá endurgreitt með fullum vöxtum það sem hún hefur greitt. Vísar sóknaraðili til þess að hafa ávallt haldið afborgunarsamningnum í fullum skilum. Sóknaraðili byggir á því að ofangreindur afborgunarsamningur hafi verið færður inn á reikning sinn hjá A og bókaður út af honum næsta dag.

Sóknaraðili byggir á því að lög, sem kveða á um að lán þurfi aðeins að vera undirrituð af lánastofnun, séu ósamrýmanleg stjórnarskrá. Vísar sóknaraðili til þess að bankalán sé samningur milli tveggja aðila sem megi ekki breyta án staðfestingar frá báðum aðilum með undirskrift sinni. Sóknaraðili vísar til þess að hafa borgað af láninu þar sem annars hefði það farið í innheimtu. Lánið vegna afborgunarsamnings hafi í upphafi verið 1.160.000 kr. en standi nú í 386.667 kr.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar að öllu leyti málatilbúnaði og kröfum sóknaraðila. Byggir varnaraðili á því að gildur samningur hafi stofnast milli aðila með afborgunarsamningi, dags. 11. desember 2007, og notkun yfirdráttarheimildar.

Vísar varnaraðili til þess að forveri varnaraðila hafi veitt sóknaraðila lán í formi yfirdráttarheimildar að fjárhæð 821.000 kr. Varnaraðili bendir á að sóknaraðila voru send reikningsyfirlit þar sem henni var gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni yfirlitanna. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki gert neinar athugasemdir og notað reikninginn athugasemdalaust frá lok árs 2007. Varnaraðili byggir á því að

með þeirri háttsemi sóknaraðila að nota reikninginn með heimild athugasemdalaust og greiða kostnað og vexti sem til féll, sem hún var upplýst um með reglulegum hætti, hafi komist á samningur um lánsviðskipti milli aðila. Varnaraðili telur ljóst, að notkun reikningsins án athugasemda, hafa falið í sér samþykki á því fyrirkomulagi sem afborgunarsamningurinn kvað á um. Byggir varnaraðili á því að engu breyti þar um að afborgunarsamningur hafi ekki verið undirritaður enda hafi sóknaraðili sýnt í verki vilja sinn til að efna afborgunarsamninginn. Með vísan til framangreinds og meginreglu íslensks réttar um skuldbindingargildi samninga telur varnaraðili að hafna beri kröfum sóknaraðila enda megi líta svo á að milli aðila hafi stofnast skuldbindandi samningur sem sóknaraðila ber að standa við.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili geti ekki krafist endurgreiðslu vegna fjármuna sem sóknaraðili hafi þegar greitt samkvæmt afborgunarsamningi á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir undirritaður samningur milli aðila. Varnaraðili vísar til þess að umþrættur afborgunarsamningur sé dagsettur 11. desember 2007. Því falli samningurinn undir gildissvið laga nr. 121/1994 um neytendalán. Varnaraðili bendir á að ekki hafi verið gerð krafa um að samningar um yfirdráttarheimildir skyldu vera skriflegir eða vistaðar á varanlegum miðli í gildistíð laga um nr. 121/1994, en sú undanþága hafi verið felld brott með breytingarlögum nr. 179/2000. Vísar varnaraðili til þess að þar sem ekki hafi fylgt sérstakar skýringar með breytingunni á lögunum sé ekki hægt að líta framhjá skýringu í frumvarpinu með upphaflegum lögum. Sé þar kveðið á um að það ekki sé fortakslaust skilyrði að samningar þurfi að vera skriflegir. Byggir varnaraðili á því að munnlegar yfirdráttarheimildir séu jafngildar skriflegum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 349/2014.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að hafna beri kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu yfirdráttarheimildar. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi í verki sýnt vilja sinn til að efna samninginn enda notaði hún þá yfirdráttarheimild sem henni var veitt. Varnaraðili byggir á því að ekki séu forsendur til að víkja frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.

V.
Niðurstaða.

Eins og mál þetta er lagt fyrir úrskurðarnefndina lýtur ágreiningur aðila einungis að gildi afborgunarsamnings nr. X, sem stofnað var til þann 11. desember 2007. Var um að ræða afborgunarsamning á grundvelli yfirdráttarheimildar á tékkareikningi. Sóknaraðili krefst þess að ofangreindur afborgunarsamningur verði felldur niður og að varnaraðili endurgreiði sér þær greiðslur sem hún hefur greitt inn á afborgunarsamningin. Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðila.

Í málinu liggur það fyrir og er óumdeilt að forveri varnaraðila lagði 821.000 kr. inn á tékkareikning sóknaraðila. Í lok árs 2007, eða þann 11. desember, var síðan gerður umþrættur afborgunarsamningur vegna skuldarinnar. Sóknaraðili notaði téðan tékkareikning athugasemdalaust frá lokum ársins 2007. Greiddi hún afborganir samkvæmt samningnum, auk vaxta og kostnaðar. Með þessari háttsemi sinni viðurkenndi sóknaraðili í verki að um gildan samning væri að ræða, þó svo hún hafi ekki undirritað samninginn fyrir sitt leyti. Á grundvelli þeirrar meginreglu kröfuréttar að samninga er unnt að samþykkja í verki verður talið að komist hafi á bindandi samningur milli aðila. Á þessum grundvelli verður öllum kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 6. október 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Þorvaldur Emil Jóhannesson Oddur Ólason

Ár 2017, föstudaginn 15. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 25/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. maí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 18. maí 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 29. maí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 6. júlí 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 14. júlí 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti, dags. 18. júlí 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. desember 2017.

II.
Málsatvik.

Sóknaraðili tók tvö lán hjá FF árið 2007 en síðar kom í ljós að þau voru gengistryggð. Á grundvelli laga nr. 151/2010 endurreiknaði FF lánin frá 1. janúar 2011. Nam lækkun lánsins 53%, þ.e. lækkaði höfuðstóllinn úr kr. 74.104.086 í kr. 34.930.546 og staðfestir sóknaraðili með undirritun sinni þann 7. mars 2013 að hann samþykki útreikning FF á erlendum lánum sínum hjá stofnuninni og þær forsendur sem FF setti fyrir endurreikningnum. Voru lánin í framhaldi greidd upp og skrifaði sóknaraðili undir nýtt verðtryggt skuldabréf í íslenskum krónum þann 23. mars 2011.

Þann 17. maí 2013 var sóknaraðila kynntur, með bréfi frá FF, leiðréttur endurútreikningur þar sem tekið var tillit til fullnaðarkvittana. Í bréfinu kom einnig fram að búið væri að leiðrétta eftirstöðvar íslenska lánsins vegna greiðslna frá endurútreikningsdegi, 1. janúar 2011. Við leiðréttinguna lækkuðu lánin um kr. 4.609.261. FF verðbætti og reiknaði vexti á þá fjárhæð frá 1. janúar 2011 til 17. maí 2013, að fjárhæð kr. 1.208.714, nam heildarlækkun því kr. 5.818.261. Var sú fjárhæð greidd inn á íslenska lánið, lækkaði höfuðstóll þess því úr kr. 41.523.383 í kr. 35.705.122.

Þann 30. júní 2014 var samþykktur samruni FF og FFF ses. Tók sá síðarnefndi við öllum réttindum og skyldum FF og voru félögin sameinuð undir nafni FFF ses. Þá var hinn 4. september 2015 samþykktur samruni FFF ses. við F, á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og tók samruninn gildi sama dag. Voru félögin sameinuð undir nafni F og tók hann við öllum réttindum og skyldum FFF ses.

Kröfu sóknaraðila má skilja sem svo að hann krefjist þess að varnaraðili greiði honum kr. 2.000.000, eða það sem réttilega sé hluti hans samkvæmt leiðréttum endurútreikningi.

III.
Umkvörtunarefni.

Í liðnum „Kröfur“ á kvörtunareyðublaði sóknaraðila segir: „Áður hafði verið gefið í skyn að endurgreiðsla vegna annars endurútreiknings yrði, líklegast upp á kr. 2.000.000 kr. (1.600.000 + vexti) eða það sem er réttilega minn leiðréttur hluti eftir endurútreikning.“ Sóknaraðili vísar til þess að þegar FF var starfræktur hafi honum verið tjáð að hann ætti von á enn frekari leiðréttingu en varnaraðili hafi síðar tekið við skuldbindingum FF. Þá kvartar sóknaraðili yfir því að þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir um gögn um lánið og upplýsingar um endurútreikning hafi varnaraðili ekki geta svarað eða látið sóknaraðila neinar upplýsingar í té. Að auki bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafni því að hann eigi von á frekari leiðréttingu þó hann sé með útreikninga sem styðji sitt mál sem og að varnaraðili neiti að leggja fram útreikninga máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á endurútreikningi sem hann aflaði og sýni fram á að endurgreiðsla FF hafi ekki verið fullnægjandi, en miðað við þá útreikninga eigi hann rétt á innborgun á lán sitt að upphæð kr. 1.649.163 auk vaxta frá 1. janúar 2011.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til gagna sem hann hafi loks fengið afhent frá varnaraðila. Þá vísar sóknaraðili til þess að í fyrri endurútreikningi hafi tillit verið tekið til innborgunar þann 30. október 2008 að fjárhæð kr. 971.635, en í síðari endurútreikningi hafi þessa innborgun ekki verið að finna. Sóknaraðili bendir jafnframt á að tillit hafi verið tekið til innborgunarinnar 30. október 2008 í fyrri útreikningi sínum sem og miði hann nú við að seðlabankavextir komi inn frá 4. ágúst 2009, en fram að þeim tíma hafi vaxtagreiðslur verið í skilum. Þá segir sóknaraðili að í útreikningum sínum reikni hann lánin tvö sem eitt lán, útreikningurinn sé því ekki hárnákvæmur en „gefur þó þá niðurstöðu að ég eigi inni í kringum kr. 400.000 m.v. 1.1.2011 auk vaxta frá þeim tíma.“

Að auki segir sóknaraðili í viðbótarathugasemdum hvort ekki sé rétt að varnaraðili framkvæmi að nýju endurútreikning með réttum forsendum þar sem ekki hafi verið tekið tillit til innborgunarinnar þann 30. október 2008 í síðari endurútreikningi varnaraðila.

Að lokum bendir sóknaraðili á að sé fyrrnefnd innborgun ekki einungis vaxtagreiðsla eigi höfuðstólsþáttur hennar að bætast við þær 400.000 kr. sem hann telur sig eiga inni samkvæmt útreikningi sínum.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili vísar til 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000, en samkvæmt e-lið greinarinnar fjalli nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Að mati varnaraðila sé kröfugerð sóknaraðila og rökstuðningur fyrir henni svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar né sé heldur greint frá málsatvikum.

Þá hafnar varnaraðili þeim útreikningi sem sóknaraðili leggur fram sem endurútreikning lánsins. Í endurútreikningi bankans frá 1. janúar 2011 hafi verið að finna yfirlit yfir allar greiðslur sóknaraðila inn á lánin en í útlistun sóknaraðila á kröfu hans komi ekki fram hver sé skipting greiðslna í afborgun höfuðstóls og fyrir hvaða tímabil sé byggt á því að fullnaðarkvittanir gildi. Þá sé ekki útskýrt hvernig sóknaraðili

ofgreiddi vexti þegar hann byggir á því að þær vaxtagreiðslur sem hann innti af hendi séu fullnaðargreiðsla vaxta. Að auki vísar varnaraðili til þess að ekki sé gerð grein fyrir því hvernig sóknaraðili reiknar ógreidda vexti á höfuðstól lánanna og fyrir hvaða tímabil. Skjal sóknaraðila sé því samantektarblað en ekki útreikningur á kröfum hans. Varnaraðili geti því ekki tekið afstöðu til kröfu og útreiknings sóknaraðila en FF hafi leiðrétt fyrri endurútreikning sinn í maí 2013 og lækkað lánin um kr. 5.818.261, sem væri mun hærri fjárhæð en sóknaraðili færi fram á.

Þá telur varnaraðili gagnaframlagningu sóknaraðila verulega ábótavant og málsatvik því á engan hátt upplýst. Sóknaraðili leggi ekki fram afrit af upphaflegum lánaskjölum né afrit af þeim greiðsluseðlum sem hann greiddi og byggir kröfur sínar á, þar sem fram komi skipting á greiðslum í vexti og afborganir. Þá vanti einnig útreikning sóknaraðila í samræmi við kröfugerð hans.

Varnaraðili bendir ennfremur á að engar lagatilvísanir eða málsástæður séu til stuðnings kröfu sóknaraðila heldur vísi sóknaraðili til þess að einhver hafi tjáð honum að hann ætti von á frekari lækkun og hver líkleg lækkun væri. Ekki sé neinn útreikning að finna varðandi þá vexti sem sóknaraðili telur sig eiga að fá og færi hann hvorki fram lagarök né málsástæður fyrir þeirri kröfu. Að mati varnaraðila séu kröfugerð og málsástæður sóknaraðila það óskýrar, óljósar og vanreifaðar að honum sé ómögulegt að taka til varna í málinu, né geti úrskurðarnefndin orðað niðurstöðu sína í samræmi við kröfugerð sóknaraðila. Telji varnaraðili því skilyrði ákvæðis 1. ml. e-liðar 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina ekki uppfyllt.

Að lokum óskar varnaraðili eftir því að honum verði veitt færi á að koma að síðari athugasemdum, gefi síðari athugasemdir sóknaraðila tilefni til þess eða berist frekari gögn frá sóknaraðila, sem og færi á að taka til efnislegra varna í málinu verði kröfu sóknaraðila ekki vísað frá.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurútreikningi á lánum sóknaraðila.

Samkvæmt gögnum sem sóknaraðili lagði fram með viðbótarathugasemd og sýna forsendur við síðari endurútreikningi bankans, má sjá að ekki er tekið tillit til innborgunar á lánin þann 30. október 2008 að fjárhæð kr. 971.635, en telja má að það geta haft áhrif á niðurstöðu endurútreikningsins.

Í 6. gr. samþykkta nefndarinnar, er kveðið á um hvers konar mál nefndin fjalli ekki um og er þar í e-lið vísað til mála sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telja verður kröfugerð sóknaraðila óskýra að því leyti að ekki hefur verið gerð nægileg grein fyrir því hver grundvöllur kröfugerðar sóknaraðila sé né megi heldur telja ljóst hver kröfugerðin sé. Kröfur sóknaraðila samkvæmt kvörtunareyðublaði má skilja sem svo að gerð sé krafa fyrir kr. 2.000.000 en samkvæmt síðari athugasemdum telur sóknaraðili að varnaraðila beri að greiða honum um kr. 400.000 auk vaxta frá 1. janúar 2011.

Sóknaraðili vísar til fjárhæðar sem hann telur að varnaraðili eigi að endurgreiða sér samkvæmt endurútreikningi sínum. Ekki má telja nægilega ljóst hvernig sú fjárhæð er fengin en ekki hafa verið lögð fram gögn er sýni fram á réttan endurútreikning. Svo hægt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um endurútreikning lánsins telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tilekin atriði í fyrirliggjandi útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi framangreinds verður að telja mál sóknaraðila svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa því frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 15. desember 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 12. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Þorvaldur Emil Jóhannesson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 26/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. maí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. maí 2017. Með tölvupósti nefndarinnar, dagsettum 31. maí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 3. júlí 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með breyttri kröfugerð þann 31. júlí 2017. Með tölvupósti nefndarinnar, dagsettum 3. ágúst 2017, var bréfið sent varnaraðila. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 23. ágúst 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. og 12. janúar 2018.

II.
Málsatvik.

Með tryggingarbréfi dagsettu 31. mars 2006 var fasteignin Z, sett að veði með 2. veðrétti til tryggingar skuldum A við AF (annars fjármálafyrirtækis). Var höfuðstóll láns sem A var veitt 10.000.000 kr. Á þeim tíma var sóknaraðili eigandi 50% eignarhluta í fasteigninni á móti sambýlismanni sínum, A. Bæði sóknaraðili og A ritaðu undir tryggingarbréfið sem var móttekið til þinglýsingar þann 31. mars 2006. Þann 27. apríl 2007 var stimplað á tryggingarbréfið að það væri til frjálsrar ráðstöfunar útgefanda.

Þann 12. apríl 2007 gaf A, sambýlismaður sóknaraðila, út annað tryggingarbréf að fjárhæð 80.000.000 kr. til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum hans við FF. Til tryggingar voru þrjár eignir settar að veði, þ.a.m. fasteign sóknaraðila að Z, með 3. veðrétti og uppfærsluétti. Tryggingarbréfið var fært til þinglýsingar þann 17. apríl 2007. Þann 30. nóvember 2007 var gerður viðauki við tryggingarbréfið frá 31. mars 2006 að fjárhæð 10.000.000 kr. Með viðaukanum var gerð breyting á efni tryggingarbréfsins þannig að það stæði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum A við FF. Viðaukinn var færður til þinglýsingar þann 30. nóvember 2007. Á sama tíma og gerður var viðauki við tryggingarbréfið frá 31. mars 2006 gaf sambýlismaður sóknaraðila út skuldabréf til FF þann 30. nóvember 2007, að fjárhæð 14.000.000 kr. Jafnframt var gerður lánssamningur þann 18. apríl 2007, að fjárhæð 70.000.000 kr. Varnaraðili tók síðar við réttindum og skyldum FF samkvæmt skjölunum. Þann 10. mars 2010 afsalaði A eignarhlut sínum í fasteigninni Z til

sóknaraðila og varð hún þar með eini eigandi eignarinnar. Þann 5. desember 2011 fór sóknaraðili fram á það við varnaraðila að ekki yrði gert veðtilkall í eignarhluta hennar í fasteigninni Z hvorki á grundvelli tryggingarbréfa dagsettra 31. mars 2006 og 12. apríl 2007. Varnaraðili svaraði þann 24. janúar 2012 þar sem hann tók fram að ekki yrði fallist á kröfur sóknaraðila. Þann 23. apríl 2014 var bú A, sambýlismanns sóknaraðila, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 30. apríl 2014 gaf félag B í eigu sóknaraðila út nýtt veðskuldabréf til varnaraðila að fjárhæð 121.915.000 kr. Tryggingarbréf dagsett 31. mars 2006 og 12. apríl 2007, sem hvíldu á eign sóknaraðila, voru í kjölfarið gerð upp og þeim aflýst af eigninni. Til tryggingar efndum veðskuldabréfsins var fasteignin Z sett að veði með 1. veðrétti, ásamt tveimur öðrum eignum. Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar þann 5. maí 2014. Þann 3. apríl 2017 fór sóknaraðili að fram á það að nýju að varnaraðili felldi niður þau veðréttindi sem hvíldu á fasteign sóknaraðila Z. Varnaraðili hafnaði þeirri kröfu þann 18. apríl 2017.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður og afmái veðréttindi sem hvíla á 50% eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Z.

Byggir sóknaraðili á því að einungis eignarhluti A, sambýlismanns sóknaraðila, í fasteigninni Z hafi átt að vera veðsettur til tryggingar skuldum A við varnaraðila. Í kvörtun sinni vísar sóknaraðili til þess að fasteignin Z hafi verið veðsett AF, með tryggingarbréfi dagsettu 31. mars 2006 til tryggingar skuldum A við AF. Þann 27. apríl 2007 hafi allar skuldir verið gerðar upp við AF og tryggingarbréf dagsett 31. mars 2006 í framhaldinu verið framselt varnaraðila, til tryggingar skuldum A við varnaraðila. Sóknaraðili bendir á að ekki hafi verið leitað eftir samþykki hennar fyrir framsalinu og liggi samþykki hennar ekki fyrir. Samhliða þessu framsali hafi varnaraðili útbúið tryggingarbréf dagsett 12. apríl 2007 að fjárhæð 80.000.000 kr. til tryggingar skuldum A við varnaraðila. Tryggingarbréf dagsett 12. apríl 2007 hafi verið tryggt með veði í Z og tveimur öðrum eignum A. Vísar sóknaraðili til þess að hafa undirritað tryggingarbréf dagsett 12. apríl 2007 í apríl 2007, með rauðum penna. Sóknaraðili hafi einungis skrifað undir sem maki Sigurjóns þar sem ætlunin hafi verið að veðsetja einungis hans eignarhluta í fasteigninni Z. Sóknaraðila hafi síðar borist bréf þess efnis að hún væri ábyrg fyrir lánum A, en á tryggingarbréfi dagsettu 12. apríl 2007 hafði verið strikað yfir textann *„maki veðsala“* og honum breytt í *„þinglýstur eigandi“*. Telur sóknaraðili að tryggingarbréfinu hafi þannig verið þinglýst með breytingu án hennar vitundar. Sóknaraðili vísar til þess að haustið 2007 hafi A, sambýlismaður hennar, tekið annað lán og var þá gerður viðauki við tryggingarbréf dags. 12. apríl 2007. Telur sóknaraðili þann viðauka verulega villandi enda sé í honum vísað til tryggingarbréfs dagsetts 31. mars 2006. Sóknaraðili ítrekar að hún hafi ekki vitað af framsali tryggingarbréfs dagsetts 31. mars 2006 og þ.a.l. ekki vitað hvað hún var að undirrita þegar hún undirritaði viðaukann sem maki A

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 teljist sá gerningur að breyta skjölum eftir undirritun vera skjalafals. Sóknaraðili vísar til þess að hafa ávallt mótmælt því að hafa samþykkt veðsetningu á sínum eignarhluta í fasteigninni Z til tryggingar skuldum sambýlismanns hennar. Vísar sóknaraðili til þess að af dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2987/2016 megi ráða að til þess að banki geti öðlast veðrétt í eign einstaklings verði viðkomandi samkvæmt almennum reglum samningaréttar að skuldbinda sig með yfirlýsingu um vilja sinn til þess að eignarhluti hans yrði settur að veði til tryggingar skuldum útgefanda. Sóknaraðili hafi aldrei viljað né ætlað að veðsetja eignarhluta sinn í fasteigninni. Því geti veðsetningin ekki talist gild.

Í viðbótarathugasemdum tekur sóknaraðili fram að með samkomulagi í apríl 2014 milli sóknaraðila, A, B og varnaraðila um útgáfu nýs veðskuldabréfs, hafi sóknaraðili ekki verið að samþykkja veðsetningu á sínum 50% hlut í eigninni Z. Telur sóknaraðili að varnaraðili verði að bera hallan af því að hafa ekki upplýst sóknaraðila um hvað fólst í pappírunum sem hún undirritaði.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að bankinn eigi einungis veðréttindi í eigninni Z á grundvelli veðskuldabréfs sem félag sóknaraðila, B, gaf út þann 30. apríl 2014. Byggir varnaraðili á því að hafna eigi kröfum sóknaraðila þar sem sóknaraðili geri ekki efnislegar athugasemdir við þau veðréttindi sem nú hvíli á eigninni. Telur varnaraðili að fyrri veðréttindi sem áður hvíldu á eigninni hafi enga þýðingu við úrlausn þessa máls enda sé um viðskiptabréf að ræða sem hafi sjálfstætt gildi. Þá leggur varnaraðili áherslu á að sóknaraðili undirritaði veðskuldabréfið án nokkurra fyrirvara um gildi veðréttinda varnaraðila, sem áður hvíldu á eigninni. Varnaraðili hafnar lýsingu sóknaraðila á tilhögun undirritunar tryggingarbréfs dagsetts 12. apríl 2007 að fjárhæð 80.000.000 kr. sem ósannaðri. Varnaraðili bendir á að starfsmenn varnaraðila kannist ekki við að hafa breytt bréfinu eftir undirritun sóknaraðila, án hennar samþykkis. Varnaraðili mótmælir sem röngum fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að skjalagerð forvera varnaraðila hafi verið villandi. Þá hafnar varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um að hún hafi ekki verið „meðvituð um hvað hún væri nákvæmlega að undirrita.“ Telur varnaraðili öll gögn og atvik máls benda til þess að sóknaraðili hafi með undirritunum sínum á tryggingarbréf dagsett 31. mars 2006 og 12. apríl 2007 veitt gilt samþykki fyrir veðsetningu eignarhluta síns í fasteigninni Z. Vísar varnaraðili til þess að skilmálar bréfanna bendi til þess að öll fasteignin hafi átt að standa til tryggingar skuld sambýlismanns sóknaraðila, ekki aðeins helmingshlut hans í eigninni. Varnaraðili leggur áherslu á að engin ástæða hafi verið fyrir sóknaraðila að undirrita skjölin sem maki skuldara, enda hafi sóknaraðili og sambýlismaður hennar ekki verið í hjúskap. Bendir varnaraðili á að viðauki við tryggingarbréf dagsett 31. mars 2006 sem gerður var 30. nóvember 2007 hafi ekki breytt efni veðsetningarinnar heldur aðeins kröfuhafa bréfsins. Varnaraðili vísar til þess að í kvörtun sóknaraðila staðhæfi hún að hafa gert athugasemdir við veðsetningu eignarinnar. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki axlað sönnunarbyrði hvað þetta varði þar sem engir tölvupóstar þess efnis hafi fylgt með kvörtun sóknaraðila. Varnaraðili telur sóknaraðila hafa sýnt af sér verulegt tómlæti við að gæta réttindum sínum, þar sem hún hafi ekki gert athugasemdir við veðréttindin að öðru leyti en með bréfi þann 5. desember 2011. Vísar varnaraðili til þess að staðreyndir um gildi tryggingarbréfa dagsett 31 mars 2006 og 12. apríl 2007 hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn þessa máls, samt sem áður sé ljóst að til gildra veðréttinda hafi stofnast í eigninni.

V.
Niðurstaða.

Eins og mál þetta er lagt fyrir úrskurðarnefndina lýtur ágreiningur aðila að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila Z.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður þau veðréttindi sem hvíli á 50% eignarhlut hennar í fasteigninni Z. Reisir sóknaraðili málatilbúnað sinn á því að ekki hafi stofnast til gildrar veðsetningar með tryggingarbréfi dagsettu 12. apríl 2007. Byggir sóknaraðili á því að hún hafi eingöngu ritað undir tryggingarbréfið sem maki þinglýsts eiganda, en ekki sem þinglýstur eigandi. Sóknaraðili heldur því fram að varnaraðili hafi

síðar og án samþykkis hennar breytt textanum handvirkt úr samþykkur sem maki þinglýsts eiganda í samþykkur sem þinglýstur eigandi. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim grundvelli að þau tryggingarbréf dagsett 31. mars 2006 og 12. apríl 2007 sem krafist er að afmáð verði af eignarhluta sóknaraðila hvíli í raun ekki á eigninni, heldur eingöngu veðskuldabréf sem gefið var út þann 30. apríl 2014 af B, félagi í eigu sóknaraðila. Málatilbúnaðir sóknaraðila virðist byggja alfarið á því að hún sé að krefjast niðurfellingu veðréttinda sem áður hvíldu á eign hennar en ekki þeim sem nú hvíla á eigninni skv. skuldabréfi útgefnu af B þann 30. apríl 2014.

Þrátt fyrir að hugsanlegir annmarkar séu á formi þeirra skjala sem áður hvíldu á eign sóknaraðila hefur sóknaraðili síðar í gegnum einkahlutafélag sitt, þrátt fyrir að hafa sent athugasemdir til varnaraðila um gildi umþrætts tryggingabréfs, tekið á sig skuldbindingar í formi nýs veðskuldabréfs og þar með hefur sóknaraðili að mati nefndarinnar fyrirgert rétti sínum, til að bera fyrir sig ógildingarástæðum er varða skuldabréf er áður hvíldu á eigninni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík 12. janúar 2018

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Þorvaldur Emil Jóhannesson — Oddur Ólason

Ár 2018, föstudaginn 9. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar. Málið barst úrskurðarnefndinni 2. júní 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dags. 2. júní 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 23. júní 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi þann 29. ágúst 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. janúar, 16. og 23. febrúar og 2. og 9. mars 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 20. janúar 2017 stofnaði Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar kröfu að fjárhæð 1.400 kr. í kröfupotti Reiknistofu bankanna með eindaga þann 3.febrúar 2017. Skýring greiðslunnar er skráð stöðvunarbrotagjald og er sóknaraðili skráður greiðandi. Við framkvæmd greiðslu á gjalddaga/eindaga þann 3. febrúar 2017 var krafan orðin 2.500 kr. og var sú fjárhæð millifærð af reikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Sóknaraðili vakti athygli á málinu við varnaraðila með tölvupósti þann 26. janúar 2017. Varnaraðili benti sóknaraðila á að beina athugasemdum sínum til Reykjavíkurborgar.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 1.100 kr.

Sóknaraðili byggir á því að rangar og villandi upplýsingar hafi legið fyrir um eindaga kröfu í netbanka varnaraðila sem hafi orðið til þess að sóknaraðili hafi greitt of háa fjárhæð. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi birt kröfu upp á 1.400 kr. í netbanka sóknaraðila frá Bílastæðasjóði. Eindagi greiðslunnar hafi verið þann 3. febrúar 2017 og hafi sóknaraðili sett inn skipun í netbankann að krafan ætti að greiðast á eindaga, eða þann 3. febrúar 2017. Sóknaraðili bendir á að þann 25. janúar 2017 hafi varnaraðili hækkað fjárhæðina í 2.500 kr., sem sóknaraðili hafi strax gert athugasemdir við en varnaraðili hafi ekki breytt fjárhæðinni til baka.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að ekki sé samningssamband til staðar milli sóknar- og varnaraðila, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Vísar varnaraðili til þess að hann eigi ekki aðild að þessu máli þar sem varnaraðili hafi hvorki vald til að ákvarða sektarfjárhæð né framkvæmd innheimtu. Varnaraðili byggir varakröfu sína á því að hann geti hvorki breytt eða eytt greiðslum í heimabanka. Auk þess geti varnaraðili ekki stjórnað því hvaða reikningar séu sendir í heimabanka. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili verði að hafa samband við Bílastæðasjóð, varðandi athugasemdir um réttmæti kröfunnar, þar sem varnaraðili hafi ekki forræði á umræddri kröfu. Varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila þar sem það væri ógerlegt fyrir fjármálastofnun að þurfa að greina réttmæti og forsendur allra krafna sem birtast í heimabanka viðkomandi fjármálastofnunar í gegnum kröfupott Reikningsstofu bankanna, auk þess sem slíkt væri að öllum líkindum ólögmæt vinnsla persónuupplýsinga.

V.
Niðurstaða.

Eins og mál þetta er lagt fyrir úrskurðarnefndina lýtur ágreiningur aðila að því hvort varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 1.100 kr. Í heimabanka sóknaraðila birtist krafa að fjárhæð 1.400 kr. vegna stöðvunarbrotagjalds. Sóknaraðili veitti rafrænt samþykki sitt fyrir greiðslu umræddar fjárhæðar. Eindagi greiðslunnar hafi verið þann 3. febrúar 2017 og hafi sóknaraðili sett inn skipun í netbankann að krafan ætti að greiðast á eindaga, eða þann 3. febrúar 2017.

Í auglýsingu um gjaldskrá vegna stöðubrota í Reykjavíkurborg nr. 198/2012, sem birt var í B-deild Lögbirtingablaðsins þann 3. október 2012, er kveðið á um að afsláttur sé veittur af sektum vegna stöðubrota ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

Í máli þessu er um það að ræða að sekt að fjárhæð 2.500 kr. er lögð á sóknaraðila þann 20.01.2017 með þeim skilmálum að greiði sóknaraðili sektarfjárhæðina innan þriggja virkja daga frá álagningu lækki fjárhæð sektarinnar um 1.100 kr. Sóknaraðila mátti því vera ljóst að sektin yrði innheimt að fullu á gjalddaga ef ekki yrði greitt innan þess tíma.

Sóknaraðili byggir á því að rangar og villandi upplýsingar hafi legið fyrir um eindaga kröfu í netbanka varnaraðila. Samkvæmt málsatvikum veitti sóknaraðili rafrænt samþykki sitt fyrir greiðslu á 1.400 kr., en Bílastæðasjóður hækkaði kröfuna í 2.500 kr., sem sóknaraðili hafi strax gert athugasemdir við en hvorki Bílastæðasjóður né varnaraðili hafi breytt fjárhæðinni til baka.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá þar sem ekki sé samningssamband til staðar milli aðila. Varnaraðili vísar til a-liðar 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Úrskurðarnefndin kallaði eftir frekari upplýsingum frá varnaraðila m.a. um með hvaða hætti framkvæmdin er við hækkun á kröfu frá Bílastæðasjóði í heimabanka.

Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila er það Bílastæðasjóður sem setur inn þá forsendu að krafan hækki um 1.100 kr. ef hún greiðist eftir tiltekinn frest. Sjóðurinn

lætur þannig afslátt birtast í kröfu en hefur ekki valið eða beðið um að önnur efnisatriði kröfunnar/sektarmiðans sjálfs birtist í netbanka/rafrænum skjölum, svo sem um greiðslufrest, staðsetningu bifreiðar eða annað er varðar brotið. Af ofangreindu svari er ljóst að Bílastæðasjóður setur allar forsendur kröfunnar inn í kerfi varnaraðila og er það því mat nefndarinnar að ekki sé samningssamband á milli sóknaraðila og varnaraðila hvað varðar fjárhæð eða forsendur kröfu Bílastæðasjóðs.

Hins vegar er að mati nefndarinnar samningssambandið á milli sóknaraðila og varnaraðila fólgið í því að sóknaraðili nýtir sér þjónustu heimabanka varnaraðila til þess að framkvæma greiðslu kröfunnar. Þau viðskipti heyra á hinn bóginn undir lög um rafræn viðskipti nr. 30/2002 og lög um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Þegar að sóknaraðili veitir rafrænt samþykki sitt fyrir tiltekinni fjárhæð í heimabanka er ekki gerður fyrirvari um að varnaraðila sé heimilt að ráðstafa hærri fjárhæð út af reikningi sóknaraðila, hafi samþykki fyrir greiðslu verið veitt. Í framangreindum lögum um rafræna undirskriftir nr. 28/2001 og lögum um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu nr. 30/2002, kemur fram að eftirlit og úrskurðarvald um rafræna þjónustu, viðskipti sem og rafrænar undirskriftir heyri undir Neytendastofu annarsvegar og áfrýjunarnefnd neytendamála hinsvegar. Í lagafrumvörpum um umrædda löggjöf kemur fram að heimabankar falli undir gildissvið laganna. Er það því mat úrskurðarnefndarinnar að ágreiningsefnið heyrir ekki undir valdsvið úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og verður því að vísa kröfunni frá. Í ljósi málsatvika og þess að sóknaraðila var leiðbeint af hálfu stjórnvalda að bera málið undir úrskurðanefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er talið rétt að málskotsgjald verði endurgreitt að fullu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 9. mars 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 2. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2017:**

M1 og M2 sóknaraðilar
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1 og M2 hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. júní 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 19. júní 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 31. júlí 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 3. ágúst 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti, dags. 24. ágúst 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 2. febrúar 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 4. apríl 2006 gaf X út veðskuldabréf A, upphaflega að fjárhæð kr. 7.800.000, og viðurkenndi félagið að skulda FF þá fjárhæð með nánar tilgreindum skilmálum. Var FF sett að veði fasteignin Y til tryggingar á skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vísitöluálags, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða. Rituðu báðir sóknaraðilar undir veðskuldabréfið að þeir væru samþykkir veðsetningunni sem þinglýstir eigendur. Sóknaraðilar voru báðir stofnendur X. var M2 meðstjórnandi félagsins, framkvæmdastjóri og prókúruhafi og var M1 í varastjórn félagsins. Allir þrír stjórnarmenn félagsins rituðu saman firma þess.

Í ágúst 2009 fór lánið í vanskil. Í kjölfarið voru sóknaraðila sendar, að fasteigninni Y, innheimtuviðvaranir og ítrekanir en brugðust hvorki aðalskuldari né sóknaraðilar við þeim.

Þann 29. mars 2015 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um samruna FF við F á grundvelli heimildar í IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samruninn tók gildi sama dag og tók þá F við öllum réttindum og skyldum vegna FF, breyttist númer lánsins í kjölfarið í AB.

Lögmaður sóknaraðila stóð í samningaviðræðum við varnaraðila frá 27. júní 2016 til 5. desember 2016 en hafnaði þá varnaraðili endanlega að falla frá kröfu um innheimtukostnað vegna kröfu samkvæmt fyrrnefndu skuldabréfi.

III.
Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að úrskurðað verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að krefjast innheimtukostnaðar að fjárhæð kr. 455.363, vegna meðferðar kröfu vegna skuldabréfs útgefnu 4. apríl 2006 A, síðar AB, með veði í fasteigninni Y. Þá krefjast sóknaraðilar þess einnig að varnaraðili endurgreiði umræddan innheimtukostnað, auk málskostnaðar vegna kærumáls, þeim að skaðlausu.

Sóknaraðilar kvarta yfir því að varnaraðili telji sér heimilt að krefjast fyrrnefnds innheimtukostnaðar og fullyrða að varnaraðili hafi aldrei sent þeim innheimtuviðvörun. Þá telja sóknaraðilar að rukkanir frá FF séu þessu óviðkomandi og hafi þau ekki vitað annað en að mál þeirra væri í vinnslu og samningaferli þegar varnaraðili hóf skyndilega innheimtu á innheimtukostnaði. Segjast sóknaraðilar ekki hafa áttað sig á hvers kyns var enda hafi þau ekki verið í viðskiptum við varnaraðila.

Þá vísa sóknaraðilar til þess að varnaraðili hafi, að loknu nokkru málþófi, fallist á að stór hluti vaxtakröfu væri fyrndur. Innheimtukostnaði hafi svo allt í einu verið bætt við og ekki hægt að þoka neinu þar um þó bent væri á að ekki væri til staðar heimild til töku innheimtukostnaðar, sbr. lög nr. 95/2008, sbr. reglugerð nr. 37/2009 með síðari breytingum.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því að varnaraðili hafi ekki sent sóknaraðila innheimtuviðvörun samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008, hafi því varnaraðila eða innheimtuaðila hans, verið óheimilt að krefja sóknaraðila um innheimtukostnað að fjárhæð kr. 455.363.

Í viðbótarathugasemdum gera sóknaraðilar alvarlegar athugasemdir við málatilbúnað varnaraðila. Ítreka sóknaraðilar að þeir hafi aldrei fengið innheimtuviðvörun frá varnaraðila en þau hafi verið í samningaviðræðum við FF allt þar til þeim barst skyndilega bréf frá varnaraðila.

Sóknaraðilar segja að fyrir liggi að varnaraðili hafi lækkað kröfu sína verulega í kjölfar þess að henni hafi verið mótmælt sem rangri og hafi varnaraðili orðið að fallast á að hann væri að innheimta ranga kröfu þar sem vextir voru fyrndir að verulegu leyti. Að auki benda sóknaraðilar á að í viðræðum við varnaraðila hafi upphaflega enginn innheimtukostnaður verið inni, en þegar í ljós kom að vextir voru fyrndir að verulegu leyti hafi honum verið bætt við og geti starfsmaður varnaraðila staðfest það. Þá segja sóknaraðilar einnig að FF hafi aldrei sent þeim innheimtuviðvörun né hafi verið sýnt fram á af hálfu varnaraðila að slíkt hafi verið gert. Þá telja sóknaraðilar ekki fá staðist að varnaraðili þurfi ekki að senda viðskiptavinum FF sjálfstæða innheimtuviðvörun, enda sé varnaraðila ókunnugt um samninga einstaka viðskiptavina FF við hann.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því að honum hafi ekki verið heimilt að krefjast innheimtukostnaðar en óumdeilt er í málinu að lánið hafi verið í vanskilum frá ágúst 2009. Þá segir varnaraðili að af kvörtun sóknaraðila megi ráða að óumdeilt sé að þau hafi fengið innheimtuviðvaranir og tilkynningar frá sparisjóðnum, ekki verði því annað ráðið en að upphaflegur kröfuhafi hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 7. gr. innheimtulaga nr. 95/20008.

Varnaraðili vísar til þess að við samruna hans við FF þann 29. mars 2015 hafi varnaraðili tekið við öllum réttindum og skyldum hans. Mótmælir varnaraðili því alfarið að á honum hafi hvílt auknar skyldur að senda nýjar innheimtuviðvaranir vegna allra

lána sem varnaraðili hafði tekið yfir og voru í vanskilum. Þá telur varnaraðili ekki ljóst á hvaða lagaákvæði sóknaraðilar byggja þá málsástæðu.

Ennfremur telur varnaraðili það ótrúverðugt að sóknaraðilar hafi talið að málið væri í vinnslu- og samningaferli en um margra ára vanskil hafi verið að ræða. Að auki sé það ótrúverðugt að sóknaraðilar hafi ekki áttað sig á hvers kyns var er þeim var birt greiðsluáskorun frá varnaraðila, en var hún að sögn varnaraðila afar skýr og sundurliðuð.

Að lokum bendir varnaraðili á að í 5. mgr. 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 komi fram að hafi skuldari sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu sé heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þeirrar greinar. Segir varnaraðili að með tölvupósti lögmanns sóknaraðila til lögmanns varnaraðila sé sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfunni, sé sóknaraðila þegar af þeirri ástæðu haldlaus sú málsástæða sem þeir beri fyrir sig kröfu sinni til stuðnings.

Þá óskar varnaraðili eftir því að honum verði veitt færi á að koma að síðari athugasemdum, gefi síðari athugasemdir sóknaraðila tilefni til þess eða berist frekari gögn frá sóknaraðilum.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að kröfu innheimtukostnaðar vegna meðferðar kröfu vegna vanefnda á greiðslu skuldabréfs.

Með útgáfu veðskuldabréfs þann 4. apríl 2006 skuldbatt X sig til að greiða þá fjárhæð sem skuldabréfið hljóðaði upp á með þar tilgreindum skilmálum. Var skuldin, þar á meðal allur sá kostnaður sem af vanskilum kynni að leiða, tryggð með veði í fasteign sóknaraðila og rituðu báðir sóknaraðilar undir veðskuldabréfið að þeir væru samþykkir veðsetningunni sem þinglýstir eigendur. Óumdeilt er að lánið hafði verið í vanskilum frá árinu 2009, mátti sóknaraðilum því vera ljóst að aukinn kostnaður, þar á meðal innheimtukostnaður, gæti hlotist af vanskilunum sem tryggður væri með veði í eign þeirra.

Sóknaraðilar telja varnaraðila óheimilt að krefjast innheimtukostnaðar þar sem hann hafi ekki sent þeim innheimtuviðvörun en telja þeir skyldu hvíla á varnaraðila til að senda þeim sjálfstæða innheimtuviðvörun. Varnaraðili hefur í málinu lagt fram afrit af innheimtuviðvörunum, ítrekun á innheimtuviðvörunum og tilkynningum um lögfræðiinnheimtu dagsettar 4. desember 2009, 24. febrúar 2010, 4. febrúar 2015, 11. febrúar 2015 og 2. mars 2015, sem FF sendi sóknaraðila að fasteigninni X. Telja má að með því hafi FF uppfyllt skyldu sína samkvæmt. 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Sóknaraðilar krefjast endurgreiðslu innheimtukostnaðar og einnig málskostnaðar vegna vinnu lögmanns sóknaraðila við að halda málinu fram gagnvart nefndinni. Samkvæmt innheimtulögum og lögum um lögmenn nr. 77/1998 heyrir ágreiningur um innheimtukostnað ekki undir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin hefur jafnframt enga heimild samkvæmt samþykktum fyrir nefndina að ákvarða sóknaraðilum málskostnað í málinu. Með vísan til framangreinds er öllum kröfum sóknaraðila vísað frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 2. febrúar 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 2. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 29/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar. Málið barst úrskurðarnefndinni 16. júní 2017, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar, dagsettum 19. júní 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. september 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. janúar og 2. febrúar 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 11. maí 2007 tók félag Q í eigu sóknaraðila og A, lán hjá FF í erlendri mynt að jafnvirði u.þ.b. 50.810.000 kr. Varnaraðili hefur nú tekið við rekstri, eignum og skuldbindingum FF. Sóknaraðili og A undirrituðu lánið sem sjálfskuldar-ábyrgðaraðilar. Sóknaraðili tók lán hjá FF að fjárhæð 30.000.000 kr. með lánssamningi dagsettum 14. nóvember 2007. Fjárhæð lánsins var ráðstafað inn á reikning í eigu sóknaraðila. Þann 20. desember 2007 gaf sóknaraðili út tryggingarbréf X, að fjárhæð 23.000.000 kr. til FF. Ábyrgð sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfinu var til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem sóknaraðili, þá eða síðar, á hvaða tíma sem væri, kynni að skulda eða ábyrgjast FF, eða þeim sem eignaðist tryggingarbréfið á löglegan hátt. Tryggingarbréfið var tryggt með rekstrarveði í rekstrartækjum og á 2. veðrétti í fasteign Y. Þann 27. desember 2007 tók sóknaraðili yfirdráttarlán hjá FF, að fjárhæð 24.000.000 kr., á reikning sinn. Láninu var ráðstafað samdægurs inn á reikning Q annars vegar og félagsins Ö hins vegar vegna kaupa félaganna á stofnfjárbréfum í FF. Til tryggingar greiðslu yfirdráttarlánsins var tryggingarbréfið frá 20. desember 2007. Tryggingarbréfið frá 20. desember 2007 var sent til þinglýsingar þann 15. janúar 2008. Þann 25. febrúar 2008 tók félagið Þ yfir lán sóknaraðila, dagsett 14. nóvember 2007, með skuldskeytingu. Samdægurs gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð á láninu. Þann 27. febrúar 2008 tók Þ lán hjá FF að fjárhæð 30.000.000 kr. Hluta af láninu var ráðstafað inn á reikning sóknaraðila til uppgreiðslu yfirdráttarláns dagsettu 27. desember 2008. Þann 26. ágúst 2008 afsalaði sóknaraðili 50% hluta sínum í fasteigninni Y, til S. Í afsalinu kemur fram að áhvílandi veð á eigninni séu tryggingarbréf dagsett 12.

júní 2007 og tryggingarbréf dagsett 20. desember 2007. Þann 9. desember 2009 var gengið frá leiðréttingu á láni sóknaraðila annars vegar dagsettu 14. nóvember 2007 og láni Þ hins vegar dagsettu 27. febrúar 2008. Eftirstöðvar lánanna voru færðar yfir á nýtt lán í nafni Þ með lánssamningi dagsettum 9. desember 2009, að fjárhæð 75.000.000 kr. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánssamningnum. Þann 8. mars 2012 var Þ í kjölfar dóma Hæstaréttar þann 24. nóvember 2011, tilkynnt að lán Þ dagsett 9. desember 2009 yrði fært niður um 42.560.879 kr. vegna ólögmætrar gengistryggingar yfirdráttarláns dagsettu 27. desember 2007 og láns sóknaraðila dagsettu 14. nóvember 2007, sem Þ yfirtók þann 25. febrúar 2008.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar þann 16. júní 2017 með kröfum sem fram koma hér að neðan.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að skuldbinding hans samkvæmt tryggingarbréfi X, dagsett 20. desember 2007, að fjárhæð 23.000.000 kr. verði felld úr gildi. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að tryggingarbréfi X verði aflýst af fasteigninni Y.

Sóknaraðili byggir á því að samkomulag hafi verið milli sóknaraðila og forvera varnaraðila, þess efnis að tryggingarbréf X hafi eingöngu átt að vera til tryggingar tímabundinni yfirdráttarskuld sóknaraðila. Sóknaraðili bendir á að sá skilningur hafi jafnframt verið játaður af forvera varnaraðila, að yfirdráttarlánið hafi eingöngu verið ætlað til skamms tíma og að þinglýsing bréfsins hafi verið gerð fyrir mistök. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til yfirlýsingar fyrrverandi forstöðumanns fyrirtækjasviðs FF, dagsetta 26. apríl 2017. Vísar sóknaraðili til þess að yfirdráttarlánið hafi verið gert upp í byrjun mars 2008. Því sé sú skuld sem tryggingarbréfið hafi staðið til tryggingar á ekki lengur fyrir hendi. Sóknaraðili telur ágreiningslaust að tryggingarbréfið hafi aðeins náð til eignarhluta síns í fasteigninni Y.

Sóknaraðili byggir í öðru lagi á því að forveri varnaraðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, enda hafi hann ekki gætt hagsmuna sóknaraðila, hlutlægnisskyldu sinni og bestu framkvæmdar, sbr. 5.,8. og 18. gr. laga nr. 108/2007. Vísar sóknaraðili til þess að kynning og framkvæmd stofnfjáraukningarinnar hafi verið verulegum annmörkum háð, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 117/2011 og 118/2011. Telur sóknaraðili ljóst að fyrirsvarsmönnum forvera varnaraðila hafi ekki geta dulist við framangreinda lánveitingu og öflun tryggingarbréfs frá sóknaraðila að sala á stofnfjárbréfum fæli í sér sölu gallaðra bréfa en verði þeirra hafi verið haldið uppi með viðskiptaháttum sem samrýmdust á engan hátt skyldum sjóðsins, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bendir sóknaraðili á að hvorki skuldastaða né greiðslugeta sóknaraðila hafi verið sérstaklega könnuð.

Sóknaraðili telur að víkja beri framangreindu tryggingarbréfi til hliðar í heild eða ógilda það á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og reglna samningaréttarins um brostnar forsendur. Vísar sóknaraðili til þess að þótt um sé að ræða hefðbundið form tryggingarbréfs liggi fyrir að bréfið hafi ekki átt að standa til tryggingar öðru en yfirdrætti sóknaraðila til skamms tíma. Þá hafi verið um lið í umfangsmikilli stofnfjáraukningu forvera varnaraðila að ræða og staða aðila verið mjög ójöfn. Sóknaraðili vísar til þess að aldrei hafi staðið til þess að unnt yrði að ganga að sóknaraðila síðar meir vegna útgáfu tryggingarbréfsins. Þvert á móti hafi áhætta af lántöku, þegar yfirdráttarlán sóknaraðila væri búið að greiða, átt að takmarkast við hin keyptu stofnfjárbréf.

Sóknaraðili telur stofnfjárbréfin vera haldin galla í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, enda hafi bréfin ekki verið í samræmi við það sem lagt var upp með, sbr.

17., 18. og 21. gr. laganna. Bendir sóknaraðili á að með sölu stofnfjárbréfa hafi verulegri áhættu verið velt yfir á þá sem að kaupunum stóðu, enda hafi framtíðarhorfur sjóðsins verið mjög slæmar og bréfin orðið með öllu verðlaus.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili því að umþrætt tryggingarbréf hafi á staðið á einhvern hátt til tryggingar annarra lána eða ábyrgða sem hann gekkst í vegna lántöku Þ. Hinu sama gegni um aðrar skuldbindingar sóknaraðila. Sóknaraðili mótmælir fullyrðingum varnaraðila þess efnis að sóknaraðili hafi fyrst komið fram mótmælum mörgum árum eftir þinglýsingu tryggingarbréfsins. Vísar sóknaraðili til þess að hafa gert alvarlegar athugasemdir við forvera varnaraðila í kjölfar þinglýsingar bréfsins. Hafi forveri varnaraðila þá gefið loforð um að halda bréfinu í sinni vörslu uns yfirdráttarlán sóknaraðila hefði verið greitt, en að loknu félli það niður. Vísar sóknaraðili til þess að það hafi verið ástæða þess hve skjótt var brugðist við, umræddur yfirdráttur greiddur upp og önnur trygging hafi verið sett fyrir þeirri fjármögnum sem bjó þar að baki. Sóknaraðili telur yfirlýsingu starfsmanns ekki hafa minna vægi fyrir þær sakir að hann hafi látið af störfum, enda hafi starfsmaður komið að málinu en ekki aðrir starfsmenn. Sóknaraðili bendir á að hann hafi ekki setið í stjórn forvera varnaraðila þegar stofnfjáraukning og atvik máls áttu sér stað. Honum hafi því ekki mátt vera kunnugt um slæma stöðu forvera varnaraðila. Að auki hafi sóknaraðili tekið sæti í stjórn forvera varnaraðila löngu eftir að umþrætt tryggingarbréf var gefið út til tryggingar yfirdráttarláninu sem jafnframt var búið að greiða.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að tryggingarbréf X sé allsherjarveð sem tryggi allar skuldbindingar sóknaraðila við varnaraðila. Bendir varnaraðili á að í gögnum málsins komi hvergi fram að tryggingarbréfið hafi aðeins átt að vera til skamms tíma. Þá þurfi sérstaklega að líta til þess að yfirdráttarlán sem sóknaraðili hafði tekið í desember 2007 sé einungis tryggt með framangreindu tryggingarbréfi. Enn fremur verði að líta til þess að sóknaraðili hafi endurfjármagnað lán sitt dagsettu 14. nóvember 2007 og lán Þ dagsettu 27. febrúar 2008 með nýju láni Þ dagsettu 9. desember 2009, sem sé eingöngu tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Varnaraðili vísar til þess að ákvörðun varnaraðila um niðurfellingu lána vegna stofnfjárkaupa hafi ekki áhrif á gildi tryggingarbréfsins, enda tryggi það einnig aðrar skuldbindingar sóknaraðila við varnaraðila. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi að auki ekki lagt fram nein gögn sem styðji þá fullyrðingu að forveri varnaraðila hafi játað það vera skilning sjóðsins að tryggingarbréfið hafi aðeins verið til skamms tíma og að þinglýsing bréfsins hafi verið gerð fyrir mistök. Yfirlýsing starfsmanns sem sóknaraðili leggur fram geti ein og sér ekki haft neitt gildi.

Varnaraðili telur málsatvik bera með sér að sóknaraðili hafi sannanlega ætlað að gefa út tryggingarbréf með allsherjarverði enda liggi ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi sent beiðni um aflýsingu tryggingarbréfsins til forvera varnaraðila. Varnaraðili bendir á að á þeim tíma er sóknaraðili staðfesti gildi tryggingarbréfsins með undirritun sinni á afsal hinnar veðsettu eignar í ágúst 2008, hafi sóknaraðili starfað sem stjórnarmaður hjá forvera varnaraðila. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili sé sérfræðimenntaður. Megi því ganga út frá því að sóknaraðili þekki til megin regla kröfuréttar, um skuldbindingargildi loforða, og hafi skilning á réttaráhrifum þinglýsinga samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að ágreiningslaust sé að varnaraðili eigi aðeins veð í 50% eignarhluta sóknaraðila, enda komi skýrt fram í

tryggingarbréfinu að veðsett sé eignin Y. Vísar varnaraðili til þess að orðalagið styðji þá skýringu að veðréttinum hafi verið ætlað að ná til allrar eignarinnar, þar með hluta eiginkonu sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að engar skýringar séu fyrir því hvers vegna athugasemdir sóknaraðila við gildi tryggingarbréfsins hafi fyrst komið fram um 6 árum eftir að því var þinglýst. Engar skýringar hafi heldur gefist á því hvers vegna sóknaraðili hafi ekki hreyft við mótmælum við uppgreiðslu yfirdráttarlánsins í mars 2008 eða við sölu fasteignarinnar í ágúst 2008.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila sé skylt að fella niður og aflýsa skuldbindingu sem tryggð er með tryggingarbréfi X á 2. veðrétti á fasteigninni Y. Sóknaraðili byggir á því að tryggingarbréf X, dagsett 20. desember 2007, hafi eingöngu verið til tryggingar tímabundnu yfirdráttarláni sem greitt hafi verið upp í mars 2008. Sóknaraðili telur jafnframt að þinglýsing tryggingarbréfsins hafi verið mistök af hálfu forvera varnaraðila. Til stuðnings kröfu sinni leggur sóknaraðili fram yfirlýsingu starfsmanns dagsetta 26. apríl 2017. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað á þeim grundvelli að tryggingarbréfið standi til tryggingar öðrum skuldbindingum sóknaraðila við varnaraðila.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, Samband íslenskra sparisjóða, fyrir hönd sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra, af hálfu stjórnvalda, gerðu þann 1. nóvember 2001 með sér samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Óumdeilt er að forveri varnaraðili var bundinn af efni þessa samkomulags á þeim tíma er tryggingarbréfið var gefið út.

Af gögnum málsins er ljóst að forveri varnaraðila hafi farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 við umrædda lánveitingu. Með undirritun sóknaraðila á framangreint tryggingarbréf, dagsett 20. desember 2007, stofnaðist þannig til gildur löggerningur á milli sóknaraðila og varnaraðila. Í tryggingarbréfinu kemur fram að það standi til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem sóknaraðili, nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að skulda eða ábyrgjast FF eða þeim sem eignast bréf þetta á löglegan hátt. Í tryggingarbréfinu kemur einnig fram að veðsett sé eignin Y. Tryggingarbréfið ber ekki með sér að það hafi einungis átt að standa til tryggingar yfirdráttarskuld sóknaraðila dagsettri 27. desember 2007. Nefndin telur að yfirlýsing starfsmanns dagsett 26. apríl 2017 hafi ein og sér ekki nægilegt gildi til þess að efni séu til að fella umrætt tryggingarbréf niður. Hefur sóknaraðila þannig ekki tekist sönnun fyrir því að tryggingarbréfið hafi einungis átt að vera til skamms tíma.

Með hliðsjón af framansögðu, og með tilliti til atvika þessa máls, verður ekki fallist á það með sóknaraðila að fella beri úr gildi skuldbindingu hans samkvæmt tryggingarbréfi X, dagsettu 20. desember 2007. Ekki verður heldur fallist á það með sóknaraðila að tryggingarbréfi X verði aflýst af fasteigninni Y.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 2. febrúar 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Oddur Ólason

Ár 2018, föstudaginn 2. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 30/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. júní 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 19. júní 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 25. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 11. september 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. janúar og 2. febrúar 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 11. maí 2007 tók félag í eigu sóknaraðila og A, félagið Q lán hjá FF í erlendri mynt að jafnvirði um það bil 50.810.000 kr. Varnaraðili hefur nú tekið við rekstri, eignum og skuldbindingum FF. Sóknaraðili og A undirrituðu lánið sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar. Þann 20. desember 2007 gaf sóknaraðili út tryggingarbréf, X, að fjárhæð 23.000.000 kr. til FF. Ábyrgð sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfinu var til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem sóknaraðili, þá eða síðar, á hvaða tíma sem væri, kynni að skulda eða ábyrgjast FF, eða þeim sem eignaðist tryggingarbréfið á löglegan hátt. Tryggingarbréfið var tryggt með rekstrarveði í rekstrartækjum og á 3. veðrétti í fasteign að Y. Þann 27. desember 2007 tók sóknaraðili yfirdráttarlán hjá FF, að fjárhæð 24.000.000 kr., á reikning sinn. Láninu var ráðstafað samdægurs inn á reikning Q. annars vegar og félagsins Ö hins vegar vegna kaupa félaganna á stofnfjárbréfum í FF. Til tryggingar greiðslu yfirdráttarlánsins var tryggingarbréfið frá 20. desember 2007. Tryggingarbréfið frá 20. desember 2007 var sent til þinglýsingar þann 15. janúar 2008. Þann 18. janúar 2008 fékk S ehf. lán í formi yfirdráttarheimildar hjá FF að fjárhæð 24.000.000 kr. Lánið var tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Hluta af láninu var ráðstafað inn á reikning sóknaraðila til uppgreiðslu yfirdráttarláns dagsettu 27. desember 2008. Þann 23. febrúar 2009 gerðu sóknaraðili og B kaupmála þar sem séreign hennar var ákveðin fasteignin að Y, með öllu sem eigninni fylgdi. Í kaupmálanum var tiltekið að áhvílandi skuld á eigninni væri um það bil 24.000.000 kr. Þann 15. september 2011 var gengið frá leiðréttingu á láni Q félags sóknaraðila, dagsettu 11. maí 2007. Eftirstöðvar lánsins eftir endurútreikning

voru 78.530.753 kr. Þann 8. mars 2012 var S ehf. tilkynnt, í kjölfar dóma Hæstaréttar þann 24. nóvember 2011, að lán félagsins dagsett 18. janúar 2009 hafi verið fellt niður vegna ólögmætrar gengistryggingar lánsins. Samdægurs var S ehf. tilkynnt að inneign vegna innborgana og vaxta sem greidd hafi verið inn á lán á tékkareikningi félagsins vegna kaupa á stofnfjárbréfum í FF yrðu endurgreidd. Varnaraðili lýsti yfir skuldajöfnuði inneignarinnar á móti skuld á tékkareikningi félagsins, eftirstöðvar voru þá 96.848 kr.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar þann 16. júní 2017 með kröfum sem fram koma hér að neðan.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að skuldbinding hans samkvæmt tryggingarbréfi X, dagsett 20. desember 2007, að fjárhæð 23.000.000 kr. verði felld úr gildi. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að tryggingarbréfi X verði aflýst af fasteigninni Y.

Sóknaraðili byggir á því að samkomulag hafi verið milli sóknaraðila og forvera varnaraðila, þess efnis að tryggingarbréf X hafi eingöngu átt að vera til tryggingar tímabundinni yfirdráttarskuld sóknaraðila. Sóknaraðili bendir á að sá skilningur hafi jafnframt verið játaður af forvera varnaraðila, að yfirdráttarlánið hafi eingöngu verið ætlað til skamms tíma og að þinglýsing bréfsins hafi verið gerð fyrir mistök. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til yfirlýsingar fyrrverandi forstöðumanns fyrirtækjasviðs FF, dagsetta 26. apríl 2017. Vísar sóknaraðili til þess að yfirdráttarlánið hafi verið gert upp í lok janúar 2008. Því sé sú skuld sem tryggingarbréfið hafi staðið til tryggingar á ekki lengur fyrir hendi. Sóknaraðili telur ágreiningslaust að tryggingarbréfið hafi aðeins náð til eignarhluta síns í fasteigninni Y.

Sóknaraðili byggir í öðru lagi á því að forveri varnaraðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, enda hafi hann ekki gætt hagsmuna sóknaraðila, hlutlægnisskyldu sinni og bestu framkvæmdar, sbr. 5.,8. og 18. gr. laga nr. 108/2007. Vísar sóknaraðili til þess að kynning og framkvæmd stofnfjáraukningarinnar hafi verið verulegum annmörkum háð, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 117/2011 og 118/2011. Telur sóknaraðili ljóst að fyrirsvarsmönnum forvera varnaraðila hafi ekki geta dulist við framangreinda lánveitingu og öflun tryggingarbréfs frá sóknaraðila að sala á stofnfjárbréfum fæli í sér sölu gallaðra bréfa en verði þeirra hafi verið haldið uppi með viðskiptaháttum sem samrýmdust á engan hátt skyldum sjóðsins, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bendir sóknaraðili á að hvorki skuldastaða né greiðslugeta sóknaraðila hafi verið sérstaklega könnuð.

Sóknaraðili telur að víkja beri framangreindu tryggingarbréfi til hliðar í heild eða ógilda það á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og reglna samningaréttarins um brostnar forsendur. Vísar sóknaraðili til þess að þótt um sé að ræða hefðbundið form tryggingarbréfs liggi fyrir að bréfið hafi ekki átt að standa til tryggingar öðru en yfirdrætti sóknaraðila til skamms tíma. Þá hafi verið um lið í umfangsmikilli stofnfjáraukningu forvera varnaraðila að ræða og staða aðila verið mjög ójöfn. Sóknaraðili vísar til þess að aldrei hafi staðið til þess að unnt yrði að ganga að sóknaraðila síðar meir vegna útgáfu tryggingarbréfsins. Þvert á móti hafi áhætta af lántöku, þegar yfirdráttarlán sóknaraðila væri búið að greiða, átt að takmarkast við hin keyptu stofnfjárbréf.

Sóknaraðili telur stofnfjárbréfin vera haldin galla í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, enda hafi bréfin ekki verið í samræmi við það sem lagt var upp með, sbr. 17., 18. og 21. gr. laganna. Bendir sóknaraðili á að með sölu stofnfjárbréfa hafi

verulegri áhættu verið velt yfir á þá sem að kaupunum stóðu, enda hafi framtíðarhorfur sjóðsins verið mjög slæmar og bréfin orðið með öllu verðlaus.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili því að umþrætt tryggingarbréf hafi staðið á einhvern hátt til tryggingar láni S ehf. sem sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Hinu sama gegni um aðrar skuldbindingar sóknaraðila. Sóknaraðili mótmælir fullyrðingum varnaraðila þess efnis að sóknaraðili hafi fyrst komið fram mótmælum mörgum árum eftir þinglýsingu tryggingarbréfsins. Vísar sóknaraðili til þess að hafa gert alvarlegar athugasemdir við forvera varnaraðila í kjölfar þinglýsingar bréfsins. Hafi forveri varnaraðila þá gefið loforð um að halda bréfinu í sinni vörslu uns yfirdráttarlán sóknaraðila hefði verið greitt, en að loknu félli það niður. Vísar sóknaraðili til þess að það hafi verið ástæða þess hve skjótt var brugðist við, umræddur yfirdráttur greiddur upp og önnur trygging hafi verið sett fyrir þeirri fjármögnum sem bjó þar að baki. Sóknaraðili telur yfirlýsingu starfsmanns ekki hafa minna vægi fyrir þær sakir að hann hafi látið af störfum, enda hafi starfsmaður komið að málinu en ekki aðrir starfsmenn.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að tryggingarbréf X sé allsherjarveð sem tryggi allar skuldbindingar sóknaraðila við varnaraðila. Bendir varnaraðili á að í gögnum málsins komi hvergi fram að tryggingarbréfið hafi aðeins átt að vera til skamms tíma. Þá þurfi sérstaklega að líta til þess að ábyrgð sóknaraðila vegna láns Q dagsett 11. maí 2007 og láns S ehf. dagsett 18. janúar 2008 hafi ekki verið með neinum öðrum tryggingum en framangreindu tryggingarbréfi. Varnaraðili vísar til þess að ákvörðun varnaraðila um niðurfellingu lána vegna stofnfjárkaupa hafi ekki áhrif á gildi tryggingarbréfsins, enda tryggi það einnig aðrar skuldbindingar sóknaraðila við varnaraðila. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi að auki ekki lagt fram nein gögn sem styðji þá fullyrðingu að forveri varnaraðila hafi játað það vera skilning sjóðsins að tryggingarbréfið hafi aðeins verið til skamms tíma og að þinglýsing bréfsins hafi verið gerð fyrir mistök. Yfirlýsing starfsmanns sem sóknaraðili leggur fram geti ein og sér ekki haft neitt gildi. Þá bendir varnaraðili á að engar skýringar séu fyrir því hvers vegna athugasemdir sóknaraðila við gildi tryggingarbréfsins hafi fyrst komið fram um 6 árum eftir að því var þinglýst. Engar skýringar hafi heldur gefist á því hvers vegna sóknaraðili hafi ekki hreyft við mótmælum við uppgreiðslu yfirdráttarlánsins í janúar 2008.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að ágreiningslaust sé að varnaraðili eigi aðeins veð í 50% eignarhluta sóknaraðila, enda komi skýrt fram í tryggingarbréfinu að veðsett sé eignin Y. Vísar varnaraðili til þess að orðalagið styðji þá skýringu að veðréttinum hafi verið ætlað að ná til allrar eignarinnar, þar með hluta eiginkonu sóknaraðila.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila sé skylt að fella niður og aflýsa skuldbindingu sem tryggð er með tryggingarbréfi X á 3. veðrétti á fasteigninni Y. Sóknaraðili byggir á því að tryggingarbréf X, dagsett 20. desember 2007, hafi eingöngu verið til tryggingar tímabundnu yfirdráttarláni sem greitt hafi verið upp í lok janúar 2008. Sóknaraðili telur jafnframt að þinglýsing tryggingarbréfsins hafi verið mistök af hálfu forvera varnaraðila. Til stuðnings kröfu sinni leggur sóknaraðili fram yfirlýsingu starfsmanns dagsetta 26. apríl 2017. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði

hafnað á þeim grundvelli að tryggingarbréfið standi til tryggingar öðrum skuldbindingum sóknaraðila við varnaraðila.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, Samband íslenskra sparisjóða, fyrir hönd sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra, af hálfu stjórnvalda, gerðu þann 1. nóvember 2001 með sér samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Óumdeilt er að forveri varnaraðili var bundinn af efni þessa samkomulags á þeim tíma er tryggingarbréfið var gefið út.

Af gögnum málsins er ljóst að forveri varnaraðila hafi farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 við umrædda lánveitingu. Með undirritun sóknaraðila á framangreint tryggingarbréf, dagsett 20. desember 2007, stofnaðist þannig til gildur löggerningur á milli sóknaraðila og varnaraðila. Í tryggingarbréfinu kemur fram að það standi til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem sóknaraðili, nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að skulda eða ábyrgjast FF, eða þeim sem eignast bréf þetta á löglegan hátt. Í tryggingarbréfinu kemur einnig fram að veðsett sé eignin Y. Tryggingarbréfið ber ekki með sér að það hafi einungis átt að standa til tryggingar yfirdráttarskuld sóknaraðila dagsettri 27. desember 2007. Nefndin telur að yfirlýsing starfsmanns FF dagsett 26. apríl 2017 hafi ein og sér ekki nægilegt gildi til þess að efni séu til að fella umrætt tryggingarbréf niður. Hefur sóknaraðila þannig ekki tekist sönnun fyrir því að tryggingarbréfið hafi einungis átt að vera til skamms tíma.

Með hliðsjón af framansögðu, og með tilliti til atvika þessa máls, verður ekki fallist á það með sóknaraðila að fella beri úr gildi skuldbindingu hans samkvæmt tryggingarbréfi X, dagsettu 20. desember 2007. Ekki verður heldur fallist á það með sóknaraðila að tryggingarbréfi X verði aflýst af fasteigninni Y.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 2. febrúar 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Oddur Ólason

Ár 2018, fimmtudaginn 22. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 31/2017:**

M1 og M2 sóknaraðilar
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M1, og M2, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 21. júní 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 29. ágúst 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 3. október 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 5. október 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti, dags. 23. október 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. og 23. febrúar og 2. og 22. mars 2018.

II.
Málsatvik.

Í kjölfar efnahagshrunsins lentu sóknaraðilar í miklum greiðsluerfiðleikum og voru árið 2011 komin í veruleg vanskil við lánadrottna sína, sérstaklega gagnvart varnaraðila. Í framhaldi leituðu sóknaraðilar til umboðsmanns skuldara og sóttu um greiðsluaðlögun sem samþykkt var þann 11. janúar 2012 og komust sóknaraðilar í svokallað greiðsluskjól hjá stofnuninni þann 13. maí 2011.

Í byrjun árs 2013 leituðu sóknaraðilar til varnaraðila og óskuðu eftir aðstoð vegna greiðsluörðugleika. Í apríl sama ár óskaði starfsmaður varnaraðila eftir að afstaða yrði tekin til tillögu að sértækri skuldaaðlögun sóknaraðila. Fram kom að sóknaraðilar hafi haft um 169.000 kr. til greiðslu mánaðarlegra skulda en ekki hafi verið greitt til kröfuhafa frá árinu 2010. Þá sagði einnig að sóknaraðili M2 ætti 16% hlut í eign X en ekki væri hægt að selja eignina sökum þess að faðir sóknaraðila væri búsettur í eigninni. Fallist var á tillöguna með því skilyrði að sóknaraðilum yrði gert að greiða 3.000.000 kr. til viðbótar við 100% markaðsvirði eignar Y, þar sem þau hefðu ekki greitt af skuldum sínum sem framast hefði verið unnt, auk andvirðis 16% hlutar sóknaraðila Jóhannesar í fasteign X. Greiða átti 1.000.000 kr. við undirritun samkomulags og gerður lánssamningur um 2.000.000 kr. biðlán (nefnt refsilán) sem kæmi til greiðslu að skuldaaðlögun lokinni. Einnig var gerð krafa um að sóknaraðilar afturkölluðu umsókn sína hjá umboðsmanni skuldara.

Þann 8. júlí 2013 undirrituðu sóknaraðilar biðlán A, B og C. Sama dag undirrituðu þau einnig tryggingarbréf D, að fjárhæð 4.279.118 kr. Í kjölfarið, þann 19. júlí 2013, afturkölluðu sóknaraðilar umsókn sína hjá umboðsmanni skuldara.

Tafir urðu á frágangi tillögunnar og undirrituðu sóknaraðilar þann 11. nóvember 2013 tillögur varnaraðila að úrræði vegna greiðsluerfiðleika á grundvelli Samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, frá 22. desember 2010, (hér eftir nefnt verklagsreglurnar). Ber málsaðilum ekki saman hvort tafirnar megi rekja til háttsemi sóknaraðila eða varnaraðila. Var tillagan samþykkt af hálfu varnaraðila þann 21. nóvember 2013, fjármálafyrirtæki E 26. nóvember 2013 og fjármálafyrirtæki G 2. desember 2013. Áttu greiðslur samkvæmt samningum að hefjast 1. desember 2013.

Samkvæmt tillögunni skyldu sóknaraðilar greiða af 1. veðréttarláni um 170.000 kr. mánaðarlega, næmi sú fjárhæð um mánaðarlegri greiðslubyrði íbúðarláns, samtals að fjárhæð 32.780.628 kr. Fjárhæð íbúðarlánsins nam 90% af verðmæti eignar sóknaraðila Y og bar þeim að greiða því sem næmi mánaðarlegri greiðslugetu þeirra hjóna. Á 2. veðrétti yrði biðlán, gert með vísan til 3. og 4. mgr. 11. gr. verklagsreglnanna, samtals að fjárhæð 3.719.372 kr., en fjárhæð þess var mismunur á 100% verðmæti fasteignar sóknaraðila að Y og áðurgreinds íbúðarláns sem á hvíldi 1. veðréttur.

Við undirritun tillögunnar voru veðskuldir sóknaraðila 46.936.310 kr. og vanskil 7.619.868 kr. Verðmat Y var 36.500.000 kr. svo eftir stóðu 10.436.310 kr., þ.e. umfram 100% verðmætis eignarinnar. Samningsskuldir sóknaraðila við undirritun samningsins voru 764.102 kr. Samningurinn tilgreindi þær veðskuldir sem stóðu umfram 100% verðmætis fasteignar að Y auk samningsskulda að frádregnum kröfum sem frystar yrðu á samningstíma en kæmu til greiðslu að honum loknum að fjárhæð 7.260.412 kr.

Samkvæmt 9. lið athugasemda samningsins skyldi gefið út tryggingarbréf á eignarhluta að Y vegna samningskrafna. Skyldu biðlán gerð upp við sölu eignar, eða við lok samnings væri eignin ekki seld, og væri í því tilviki hægt að semja um skuldabréf vegna skuldar. Þá sagði að sökum þess hve lengi veðkröfur hafi verið í vanskilum hjá varnaraðila yrði gerður lánssamningur að fjárhæð 2.000.000 kr. sem kæmi til greiðslu að þremur árum liðnum.

Þann 3. desember 2013 greiddu sóknaraðilar varnaraðila 1.000.000 kr. og var tryggingarbréf, upphaflega að fjárhæð 1.920.000 kr. undirritað af sóknaraðila M2 þann 16. janúar 2014.

Þann 16. júní 2016 sendi varnaraðili sóknaraðila tölvupóst þar sem brátt kæmi að gjalddögum biðlána vegna skuldaaðlögunar og endurfjármagna þyrfti biðlánin í langtímalán. Í ágúst 2016 samþykkti varnaraðili tillögu starfsmanns bankans um „útskrift sértækrar skuldaaðlögunar“ sóknaraðila. Í tillögunni kom fram að mistök hafi átt sér stað við gerð og frágang samningsins. Gert hafi verið ráð fyrir biðláni sem væri frá 90%-100% af markaðsvirði eignar sóknaraðila að Y þannig að greiða ætti af láni sem nema myndi um 90% af markaðsvirði eignar og 10% sett í biðlán. Þrátt fyrir orðalag samnings hafi afgreiðslu málsins verið háttað þannig að sóknaraðilar greiddu af lánum sem námu 100% af markaðsvirði eignarinnar á skuldaaðlögunartímabilinu. Mælti tillagan fyrir um að biðlán A, upphaflega að fjárhæð 4.279.118 kr. skyldi fellt niður. Þá gerði tillagan ráð fyrir að biðlán B og C yrðu endurfjármögnuð ásamt áhvílandi íbúðarláni á Y miðað við núverandi kjör íbúðarlána varnaraðila. Við lok endurfjármögnunar skyldi tryggingarbréfum aflýst.

Í kjölfarið óskaði varnaraðili eftir fundi með sóknaraðilum til að fara yfir frágang við lok samnings um sértæka skuldaaðlögun og var sóknaraðilum kynnt niðurstaða samþykktarinnar 2. september 2016. Þann 16. september sama ár kannaði varnaraðili hvort vilji væri til staðar að ganga frá skjölum í samræmi við tillögur starfsmanns varnaraðila frá ágúst 2016. Svar sóknaraðila barst varnaraðila samdægurs.

Óskuðu sóknaraðilar þar eftir afritum af öllum lánum, skilmálabreytingum og tryggingarbréfum.

Þann 11. október óskar lögmaður sóknaraðila eftir því að áðurnefnt refsilán að fjárhæð 2.000.000 kr. yrði ekki innheimt, að biðlán að fjárhæð samtals 3.940.000 kr. yrðu felld niður og afskrifuð að fullu og að varnaraðili aflýsti tryggingarbréfi að fjárhæð 1.920.000 kr. þegar skuldir samkvæmt biðlánum hafi verið niðurfelldar. Svar barst frá varnaraðila þann 16. janúar 2017. Samkvæmt bréfinu myndi varnaraðili óska eftir niðurfellingu biðláns hið fyrsta og var biðlán A, upphaflega að fjárhæð 4.279.118 kr. fellt niður í mars 2017. Varnaraðili hafnaði öðrum kröfum sóknaraðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að tvö biðlán, að fjárhæð 2.000.000 kr. annars vegar og 1.920.000 kr. hins vegar, sem sóknaraðilum hafi verið gert að gefa út til varnaraðila þann 8. júlí 2013 sem hluta af samkomulagi þeirra í milli vegna sértækrar skuldaaðlögunar sóknaraðila, verði felld niður. Gera sóknaraðilar jafnframt sjálfstæða kröfu þessa efnis vegna hvers láns fyrir sig. Þá er þess einnig krafist að varnaraðila verði gert að aflétta tryggingarbréfi að fjárhæð 1.920.000 kr., útgefnu af sóknaraðila M2 þann 16. janúar 2014, af 16,67% eignarhluta hans í fasteigninni Y.

A- Um niðurfellingu biðláns C

Sóknaraðilar vísa til þess að óumdeilt sé að varnaraðili samdi skilmála samkomulagsins einhliða og hafi sóknaraðilar ekki haft um neitt að segja varðandi ráðstöfun refsilánsins eða efni samkomulagsins að öðru leyti. Telja sóknaraðilar ekki hægt að skilja þennan lið samkomulagsins öðruvísi en svo að varnaraðili telji sér heimilt að refsa þeim fyrir langvarandi vanskil við hann, vanskil sem þau telja beina afleiðingu efnahagshrunsins. Þá segja sóknaraðilar varnaraðila hafa einhliða ákveðið að draga mætti útgefin biðlán frá samningskröfum og með því breytt eðli samningskrafna í veðkröfur sem greiða ætti við lok samkomulagsins, en tryggingarbréf hafi hvílt á eign sóknaraðila sem varnaraðili gat notað til tryggingar kröfu sinnar með veði í fasteign sóknaraðila Y auk tryggingarbréfs með veði í eignarhluta M2 í fasteign að Y. Telja sóknaraðilar enga heimild til staðar í verklagsreglunum til að tryggja hagsmuni varnaraðila með þessum hætti heldur gangi það þvert á tilgang úrræðisins.

Telja sóknaraðilar varnaraðila hafa mátt vera kunnugt um markmið sértækrar skuldaaðlögunar, að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda gætu fengið lausn sinna mála þar sem eignir og skuldir væru aðlagaðar að greiðslugetu þeirra á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags. Vísa sóknaraðilar þar til 2. gr. verklagsreglnanna sem varnaraðili væri aðili að. Þá vísa sóknaraðilar jafnframt til viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða frá 3. desember 2010 varðandi markmið og tilgang úrræðisins.

Þá segja sóknaraðilar varnaraðila hafa hafnað kröfu um að falla frá innheimtu refsiláns og biðláns á þeim forsendum að sóknaraðilar hafi undirritað einkaréttarlegt samkomulag og óvíst að af samkomulaginu hefði orðið hefðu þau ekki gengið að því samkvæmt þeim skilyrðum sem sett voru fyrir undirritun. Segja sóknaraðilar afstöðu varnaraðila ekki standast með tilliti til 3. gr. verklagsreglnanna þar sem hugtakið biðlán er skilgreint. Telja sóknaraðilar tilgang biðlána, samkvæmt skilmálum verklagsreglnanna, aldrei hafa verið að gefa fjármálastofnunum tækifæri til að refsa viðskiptavinum sínum fyrir langvarandi vanskil við þær aðstæður sem uppi voru í íslensku efnahagslífi. Hafi biðlánin verið aðferð til að veita lántökum greiðslufrest vegna þess hluta fasteignalána sem stæði frá 70%-100% af markaðsvirði fasteignar sem lántakar gætu ekki staðið undir. Teldust lán sem féllu utan 100% til

samningskrafna samkvæmt 3. gr. verklagsreglnanna. Að auki telja sóknaraðilar að 4. gr. verklagsreglnanna feli í sér tæmandi talningu á því hvað skilmálar samkomulags um sértæka skuldaaðlögun, í samræmi við verklagsreglurnar, geti kveðið á um og vísa þar til eftirgjafar, lækkunar eða gjaldfrest krafna. Sé ákvæði um refsilán ekki annað en sjálftaka bankans á skaðabótum vegna vanskila sóknaraðila og sé augljóslega utan skilmála verklagsreglnanna.

Í viðbótarathugasemdum mótmæla sóknaraðilar útskýringum varnaraðila á hugtakinu biðlán og að það hafi verið notað í víðtækari skilningi en lýst er í 3. gr. verklagsreglana. Hafi varnaraðili gert það hafi hann brotið enn frekar gegn verklagsreglunum. Benda sóknaraðilar á að þó greiðsluvandi viðskiptavina LÍN hafi verið verið leystur með biðlánum gildi önnur sjónarmið um slík lán en hefðbundin viðskiptalán, sbr. lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, né hafi lánasjóðurinn verið aðili að verklagsreglunum.

Sóknaraðilar vísa einnig til 4. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 16. gr. verklagsreglana varðandi fyrirkomulag biðlána sem og 17. gr. er varðar meðferð krafna við lok tímabils. Telja sóknaraðilar að þegar þessi ákvæði séu virt í heild sé ljóst að notkun biðlána samkvæmt verklagsreglunum hafi einungis verið heimil til að fresta afborgunum af veðlánum til hagsbóta fyrir lántaka en ekki til að breyta samningskröfum í veðkröfur við lok samningstíma með útgáfu biðláns sem tryggingarbréfið stendur til tryggingar á.

Þá benda sóknaraðilar á að ekkert í verklagsreglunum heimili varnaraðila að setja skilyrði fyrir því að gert yrði samkomulag við þá um sértæka skuldaaðlögun. Kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila um greiðslu 1.000.000 kr. auk biðrefsiláns svo til samkomulagsins kæmi hafi verið óréttmætar og fallið utan þeirra athafna sem varnaraðila voru heimilar. Hafi varnaraðili þannig beitt yfirburðastöðu sinni til að neyða sóknaraðila til að greiða umrædda fjárhæð og samþykkja refsilánið. Telja sóknaraðilar úrræði sértækrar skuldaaðlögunar ekki hafa verið ætlað sem tæki fyrir fjármálafyrirtæki til að setja einhliða og ósanngjörn skilyrði fyrir því að lántakar í greiðsluerfiðleikum gætu neytt úrræðisins.

Sóknaraðilar telja að með vinnubrögðum sínum hafi varnaraðili vikið með óheimilum hætti frá skilmálum verklagsreglnanna. Varðandi skuldbindingargildi þeirra vísa sóknaraðilar til sjónarmiða um skuldbindingargildi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Margoft hafi verið staðfest í úrskurðum nefndarinnar og í niðurstöðum dómstóla, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 376/2013 og 343/2012, að aðilum samkomulagsins hafi verið skylt að fara eftir efni þess. Telja sóknaraðilar því að að varnaraðila hafi borið að fara að verklagsreglunum og verið óheimilt að víkja frá skilmálum þeirra með jafn íþyngjandi hætti og gert var.

Að lokum segja sóknaraðilar að með vinnubrögðum sínum hafi varnaraðili brotið gegn 22. gr. verklagsreglnanna er kveða á um vandaða viðskiptahætti, jafnræði í framkvæmd og heiðarlega upplýsingagjöf.

Í viðbótarathugasemdum mótmæla sóknaraðilar röksemdum varnaraðila um tómlæti sem órökstuddum. Ekki sé hægt að telja til tómlætis af þeirra hálfu að hafa ei komið með athugasemdir við frágang á samkomulagi þar sem ekki megi telja ástæðu til athugasemda fyrr en komið væri að frágangi krafna sem hefðu verið í bið á skuldaaðlögunartímanum. Hafi sóknaraðilar staðið í þeirra meiningu að biðlánin yrðu að stærstum hluta felld niður við samningslok þar sem þau hafi staðið í fullum skilum miðað við efni samkomulagsins. Þá hafi hvorki þeir né varnaraðili áttað sig strax á mistökum varðandi greiðslu af lánum af 100% verðmæti íbúðar og hafi varnaraðili fyrst fellt niður biðlán A í mars 2017.

Sóknaraðilar benda á að við gerð einkaréttarlega samningsins hafi varnaraðila borið að fara að verklagsreglunum. Sé því ekki um megin- eða viðmiðunarreglur að ræða sem hægt sé að víkja frá að vild. Líta sóknaraðilar svo á að hafi varnaraðili ekki talið sig geta samið við þá innan skilmála verklagsreglnanna hafi honum borið að tilkynna þeim þá niðurstöðu um leið og hann synjaði þeim um úrræðið, sbr. 19. gr. verklagsreglnanna. Hefðu sóknaraðilar þá átt kost á að halda áfram ferli hjá umboðsmanni skuldara. Varnaraðili hafi hins vegar boðið þeim skuldaúrræðið þrátt fyrir að fara ekki að reglum sem um það giltu. Sóknaraðilar hafi heldur ekki geta hætt við undirritun samkomulags og haldið áfram ferlinu hjá umboðsmanni skuldara þar sem varnaraðili setti sem skilyrði fyrir samkomulagi að umsókn þeirra hjá honum yrði afturkölluð. Áttu þeir þ.a.l. ekki afturkvæmt inn í það ferli.

Varðandi kröfur sóknaraðila sem varnaraðili sagðist hafa gengið að við gerð samkomulagsins, er laut að bílaeign og sölu eignarhluta í fasteign, segja sóknaraðilar að ekki hafi verið um kröfur að ræða af þeirra hálfu. Var í öðru tilvikinu um ósk að ræða sem væri öllum aðilum samkomulagsins til góða og hins vegar lausn á vandamáli sem stóð í vegi fyrir frágangi samkomulagsins.

Varðandi málsástæður varnaraðila um fyrirvaralausa undirritun sóknaraðila benda sóknaraðilar á að sökum skorts á þekkingu og skilningi á viðfangsefninu hafi þeir ekki haft forsendur til að gera fyrirvara og hafi þeim ekki verið leiðbeint með nokkrum hætti. Hafi vinnubrögð varnaraðila verið ómarkviss og ófagleg við frágang málsins sem leiddi til þess að torskilið mál varð enn illskiljanlegra. Sóknaraðilar hafi verið í góðri trú að frágangur málsins væri í samræmi við verklagsreglur og höfðu þau engar ástæður til að ætla að starfsmenn varnaraðila hafi ekki sinnt skyldum sínum.

Vegna vísana varnaraðila til meginreglna kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi loforða benda sóknaraðilar á að varnaraðili undirritaði sjálfur samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun og hafði með því skuldbundið sig til að standa að henni með ákveðnum hætti. Þar sem varnaraðili hafi ekki fylgt þeim reglum sem honum bar við framkvæmd samkomulagsins telja sóknaraðilar að undirritun þeirra vegna þeirra skjala sem um er deilt verði að meta í því ljósi. Geti varnaraðili ekki haldið undirritun sóknaraðila upp á þau þar sem hann hafi sjálfur ekki staðið við undirritun sína að verklagsreglunum sem samkomulagið byggir á.

Sóknaraðilar mótmæla röksemdum varnaraðila um heimild til kröfu eingreiðslna og útgáfu biðlána vegna vanskila einstaklinga er leita sértækrar skuldaaðlögunar þar sem vísað var til 19. gr. verklagsreglnanna og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 101/2010. Í fyrsta lagi telja sóknaraðilar ekkert koma fram í 19. gr. verklagsreglnanna sem veiti varnaraðila heimild til að nýta ákvæðið í að víkja frá efni þeirra til tryggingar aukinna fjármuna frá samningsaðila né víkki það möguleika hans til frávika frá reglunum. Kveði ákvæðið aðeins á um heimild varnaraðila til að hafna umsókn sóknaraðila við ákveðnar aðstæður. Þar sem varnaraðili hafi ekki hafnað umsókninni eigi ákvæðið ekki við um það ágreiningsefni sem uppi er.

Þá mótmæla sóknaraðilar í öðru lagi því að 1. mgr. 12. gr. og 6. gr. laga nr. 101/2010 eigi við í málinu og að litið sé til þeirra við framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Veki þessi málflutningur varnaraðila athygli í ljósi 4. gr. verklagsreglnanna. Miðað við athugasemdir varnaraðila um að litið hafi verið til framangreindra lagaákvæða við meðferð umsókna um sértæka skuldaaðlögun verði ekki annað séð en það hafi verið gert þrátt fyrir að vera óheimilt. Varnaraðili hafi þannig gengið í berhögg við verklagsreglurnar og geti þ.a.l. ekki borið þessi viðmið fyrir þig.

Í þriðja lagi benda sóknaraðilar á að varnaraðili láti að því liggja að sóknaraðilar hafi með ámælisverðum hætti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar við varnaraðila þar sem þau hafi ekki lagt til hliðar fjárhæð að 6.500.000 kr., sem rökstudd

er með vísan til áðurnefndra ákvæða í lögum nr. 101/2010. Sé fjárhæðin rökstudd með því að í apríl 2013 hafi þau samkvæmt mati bankans átt að geta lagt til hliðar 169.000 kr. mánaðarlega en enginn útreikningur lagður fram til frekari rökstuðnings. Með vísan til fyrri umfjöllunar um ákvæði laga nr. 101/2010 telja sóknaraðilar heimild skorta til beitingar ákvæðanna í þessu tilviki. Verði varnaraðila hins vegar talið heimilt að styðjast við fyrrnefnd lagaákvæði telja sóknaraðilar varnaraðila ekki hafa sýnt fram á getu sóknaraðila til að leggja til hliðar 169.000 kr. mánaðarlega frá því vanskil hófust við varnaraðila í nóvember 2010. Að auki telja sóknaraðilar útreikning varnaraðila ótrúverðugan en þeir hafi átt að vera búnir að leggja fyrir 6.000.000 kr. þegar samkomulagið var undirritað í nóvember 2013. Sé þessi útreikningur fráleitur og úr sambandi við allan veruleika í málinu sé litið til heildarvanskila sbr. lið 4 í samkomulaginu og heildarfjárhæð réttmætra frystra krafna.

Þá átelji sóknaraðilar þær ósmekklegu aðdróttanir varnaraðila að þau hafi með ámælisverðum hætti ekki staðið við sitt gagnvart varnaraðila og látið að því liggja að þau hafi með ásetningi ætlað að skapa honum tjón. Varnaraðili telji sig í góðmennsku sinni hafa gengið lengra en verklagsreglur kveði á um með hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi. Benda sóknaraðilar á að varnaraðili sé hér að hluta í raun að lýsa eðli sértækrar skuldaaðlögunar en ekki samningum af góðmennskunni einni saman. Sóknaraðilar segja varnaraðila hafa gengið lengra en verklagsreglurnar kveða á um en hafi það verið gert til hagsbóta varnaraðila. Sóknaraðilar mótmæla því að frágangur samkomulagsins hafi verið þeim til hagsbóta heldur hafi hann fyrst og fremst tryggt hagsmuni varnaraðila.

B – Um niðurfellingu biðláns B

Vegna kröfu varnaraðila um niðurgreiðslu biðláns B vísa sóknaraðilar til fyrrgreindra sjónarmiða um biðlán, skilgreiningu hugtaksins og notkunar.

Þá segja sóknaraðilar að skv. 17. gr. verklagsreglnanna hafi fjármálafyrirtæki skuldbundið sig til að fella niður eftirstöðvar samningskrafna sem féllu undir samkomulag um sértæka skuldaaðlögun stæði lántaki við greiðslur samkvæmt samningi. Hafi hluti veðkrafna verið settur á biðlán skyldu greiðslur hefjast að loknu greiðsluaðlögunartímabili. Telja sóknaraðilar að hugtakið veðkröfur, skv. skilgreiningu 3. gr. verklagsreglnanna, eigi við um kröfur samkvæmt veðlánum sem, á undirritunardegi samkomulags við varnaraðila, hafi numið sömu fjárhæð og verðmæti hinnar veðsettu fasteignar. Hafi notkun biðlána því einungis verið heimil til veitingar greiðslufrests á þeim hluta veðkrafna sem lántaki gæti ekki greitt af samkvæmt greiðslumati er samkomulag var gert. Telja sóknaraðilar þetta vekja spurningar um rétt varnaraðila til kröfu um uppgjör biðláns við lok samkomulagsins.

Sóknaraðilar benda á að samkvæmt verklagsreglunum átti fjárhæð biðlána að endurspegla þann mun sem væri á 100% verðmæti fasteignar og þeirrar lánsfjárhæðar sem lántakar gátu staðið undir á samningstímanum. Kæmu biðlán þannig einungis til greina ef mismunur væri á þeirri lánsfjárhæð sem lántaki gæti greitt af samkvæmt greiðslumati bankans og fullu markaðsvirði fasteignar. Þar sem sóknaraðilar hafi greitt sem nam 100% af markaðsvirði fasteignar að Y á samningstímanum var enginn munur á matsvirði fasteignar þeirra og þeirrar fjárhæðar sem þau greiddu sannanlega af allan gildistíma samkomulagsins. Verði því að líta svo á að varnaraðila hafi verið óheimilt að krefja þá um greiðslu biðlánsins við lok samkomulagsins.

Þá telja sóknaraðilar varnaraðila hafa misnotað yfirburðastöðu sína við gerð samkomulagsins og þrýst á sóknaraðila að undirrita samkomulag þar sem kveðið var á um veðsetningu eignarhluta M2 í fasteign að Y Eignarhlutur hans hafi ekki verið veðsettur varnaraðila er samkomulagið var gert en sóknaraðilum hafi verið gert ljóst af starfsmönnum varnaraðila að ef þau undirrituðu ekki samkomulagið með umræddu

ákvæði ásamt því að gefnu út tryggingarbréf sem þinglýst yrði á eignina kæmi ekki til neinna samninga og yrðu lán þeirra innheimt að fullu. Segja sóknaraðilar jafnframt að hafa beri í huga að varnaraðili hafi áður gert sig líklegan til að gera fjárnám í veðrétt áhvílandi á fasteign þeirra, voru þau þannig undir miklum þrýstingi að samkomulag yrði gert svo mál þeirra færi ekki í sama farveg og áður en þau hafi afturkallað umsókn sína um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara og því berskjölduð gagnvart háttsemi varnaraðila.

Sóknaraðilar mótmæla alfarið lýsingu varnaraðila á tildrögum þess að eignarhluti sóknaraðila í fasteigninni að Y var veðsettur með útgáfu tryggingabréfs og séu allar tilvísanir til samtala hans við varnaraðila tilbúningur og til marks um að varnaraðili hafi ekki staðreyndir málsins á hreinu. Þá mótmæla sóknaraðilar einnig því sem órökstuddu með hvaða hætti varnaraðili telji sig hafa gengið lengra en honum hafi borið skylda til, til hagsbóta fyrir sóknaraðila, með veðsetningu eignarinnar í stað sölu. Sóknaraðilar telja eignarhluta M2 hafi verið óseljanlegan og hafi varnaraðili tekið í honum óheimilt veð til að tryggja hagsmuni sem annars hefðu fallið niður.

C – Um bæði lán almennt

Varðandi biðlánin almennt vísa sóknaraðilar til þess að um sé að ræða samninga milli fjármálafyrirtækis með mikla sérfræðiþekkingu og hins vegar einstaklinga sem hafi verið í mun lakari samningsstöðu, en vinnubrögð varnaraðila hafi gert þeim erfiðara að átta sig á hvað gæti talist eðlilegt við vinnslu málsins. Fara sóknaraðilar fram á að biðlánin verði felld niður og vísa í því sambandi til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, enda liggi fyrir að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að byggja á þeim þar sem krafa varnaraðila um tilkomu þeirra hafi gengið í berhögg við verklagsreglurnar ásamt því að varnaraðili hafi beitt yfirburðastöðu sinni til að knýja fram útgáfu þeirra. Þá vísa sóknaraðilar jafnframt til 22. gr. verklagsreglnanna.

D – Um aflýsingu tryggingarbréfs

Verði niðurstaða úrskurðarnefndar sú að niðurfella skuli biðlán B telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi ekkert við tryggingarbréfið að gera þar sem aðrar skuldir þeirra við varnaraðila séu þegar tryggðar með veði í fasteign þeirra að X.

Telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi bætt tryggingastöðu sína gagnvart sóknaraðilum með óréttmætum hætti. Varnaraðili hafi komið fram með ósanngjörnum hætti og vísar sóknaraðili í því samhengi fyrri röksemdafærslu varðandi 1. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 og 22. gr. verklagsreglnanna.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar málatilbúnaði sóknaraðila að ógilda eigi biðlán að fjárhæð 2.000.000 kr. Segir varnaraðili samning þann er sóknaraðilar undirrituðu þann 11. nóvember 2013 hafa verið tillögu að úrræði vegna greiðsluerfiðleika sóknaraðila gerða á grundvelli samkomulags um verklagsreglur og komi það m.a. fram á samningnum sjálfum. Þá hafi sóknaraðilar undirritað samninginn fyrirvaralaust og engar athugasemdir borist frá sóknaraðilum fyrr en þremur árum eftir undirritun samningsins. Telur varnaraðili að um tómlæti sé að ræða af hálfu sóknaraðila og beri af þeim sökum að hafna öllum kröfum þeirra í málinu.

Þá byggir varnaraðili á því að um einkaréttarlegan samning hafi verið að ræða og sóknaraðilar haft kost á því að koma með athugasemdir við efni samningsins. Vísa varnaraðilar til þess að þetta megi m.a. sjá af 2. mgr. samkomulagsins þar sem sérstaklega er tekið fram að um einkaréttarlegt samkomulag sé að ræða milli lántaka og

fjármálastofnana sem byggt skuli á þar til bærum verklagsreglum. Einnig bendir varnaraðili á að sóknaraðilar hafi haft þann kost að hafna samningum við kröfuhafa og halda til streitu umsókn sinni hjá Umboðsmanni skuldara. Þá hafnar varnaraðili því með öllu að um einhliða samningsskilmála hafi verið að ræða sem sóknaraðilar hafi ekki geta haft áhrif á. Hafi sóknaraðilar m.a. sett fram kröfur við gerð samnings sem gengið var að að hluta, s.s. er varðaði bílaeign og sölu á eign að Y.

Varnaraðili byggir ennfremur á meginreglu kröfu- og samningsréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga en sóknaraðilar hafi undirritað öll skjöl fyrirvaralaust.

Varnaraðili hafnar því að sér hafi verið óheimilt að kveða á um eingreiðslu eða skilyrða útgáfu biðlána fyrir samningi á grundvelli verklagsreglnanna, hafi lántakar ekki greitt af skuldbindingum sínum sem framast var unnt eða lagt til hliðar á greiðsluaðlögunartímabili. Vísar varnaraðili í því sambandi til 19. gr. verklagsreglnanna sem segir að ákvæði laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, X. kafla a. laga um gjaldþrotaskipti og laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, er varðar atvik sem leiða til þess að hafna beri greiðsluaðlögun, skuli einnig gilda um sértæka skuldaaðlögun eins og við geti átt, sbr. þó 4. mgr. 5. gr. verklagsreglnanna. Með vísan til þess ákvæðis hafi aðilar að verklagsreglunum litið m.a. til 6. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, nánar tiltekið e-lið 2. mgr. Er þar heimild til synjunar um heimild til greiðsluaðlögunar hafi skuldari á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var framast unnt. Þá segir varnaraðili einnig hafa verið litið til 1. mgr. 12. gr. sömu laga er mælir fyrir um skyldur skuldara við greiðsluaðlögun, en skal skuldari í greiðsluaðlögun leggja til hliðar það fé sem umfram er það sem nauðsynlegt er til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða.

Varnaraðili vísar einnig til þess að sóknaraðilar hafi verið í greiðsluskjóli frá 13. maí 2011 og hafi þá ekki greitt af skuldbindingum sínum við varnaraðila í rúmt hálft ár þrátt fyrir mánaðarlega greiðslugetu fyrir um 169.000 kr. Frá því sóknaraðilar hafi hætt að greiða af íbúðarláni sínu og þar til greiðslur samkvæmt samningi við varnaraðila um sértæka skuldaaðlögun voru inntar af hendi liðu 39 mánuðir. Áttu sóknaraðilar því að hafa lagt til hliðar um 6.500.000 kr. Þegir erindi sóknaraðila fór fyrir nefnd bankans í apríl 2013 hafi þeir átt að hafa lagt fyrir um 5.000.000 kr. Hafi erindi þeirra því með réttu átt að vera hafnað. Sem viðleitni í að aðstoða sóknaraðila í greiðsluvandræðum hafi varnaraðili ákveðið að ganga til samninga gegn því að hluti þeirra fjármuna sem sóknaraðilar hefðu réttilega átt að hafa lagt fyrir yrðu greiddir til varnaraðila.

Varnaraðili telur jafnframt að þetta sýni að hann hafi reynt til hins ýtrasta að ganga til samninga við sóknaraðila vegna greiðsluvandræða þeirra. Hefði þessi leið ekki verið farin hefði komið til nauðungarsölu heimilis þeirra og frekari innheimtuaðgerða. Hafi varnaraðili þannig gengið lengra til að ná samkomulagi við sóknaraðila en verklagsreglur mæltu fyrir um. Þá telur varnaraðili samninginn hafa verið gerðan með hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi enda hafi augljós synjunarheimild um sértæka skuldaaðlögun verið uppi þegar mál sóknaraðila var afgreitt. Varnaraðili segir kröfur sínar á hendur sóknaraðila ekki einungis hafa verið lækkaðar heldur einnig greiðslubyrði krafna svo komið var í veg fyrir greiðsluþrot þeirra.

Varnaraðili hafnar því að hugtakið „biðlán“ einskorðist við skýringu 3. gr. verklagsreglnanna. Hafi hugtakið almennt verið nýtt varðandi önnur tilvik en þar er lýst, t.d. varðandi lán sem voru áhvílandi hjá þriðja aðila og fóru í bið við sértæka skuldaaðlögun, námslán hjá LÍN, o.fl.

Varnaraðili hafnar einnig að ógilda eigi biðlán að fjárhæð 1.920.000 kr. sökum þess að þeim hafi verið óheimilt að setja slík ákvæði í samning við sóknaraðila. Vísar varnaraðili í því sambandi til fyrri umfjöllunar um hugtakið biðlán.

Þá vísar varnaraðili til 12. gr. verklagsreglnanna varðandi sölu eigna. Varnaraðili segist hafa fallist á beiðni sóknaraðila um að ekki kæmi til sölu 16% hlutar sóknaraðila í fasteign að Y og samþykkt að gefið yrði út biðlán að verðmæti eignarhluta hans ásamt því að gefið yrði út tryggingarbréf að sömu fjárhæð þinglýst á eignarhlutinn. Hafi varnaraðili með því gengið lengra en verklagsreglurnar kveða á um og hafnar þ.a.l. að ógilda beri biðlánið. Þá ítrekar varnaraðili að sóknaraðilar hafi þann 11. nóvember 2013 undirritað samninginn fyrirvaralaust, en skýrt hafi verið að þessi háttur væri á málum.

Varnaraðili hafnar því einnig að ákvæði 1. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 eigi við í málinu og segir skilyrði ákvæðanna ekki uppfyllt sem og séu þau órökstudd af hálfu sóknaraðila.

Með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða hafnar varnaraðili jafnframt því að aflýsa tryggingarbréfi sem hvílir á Y, að fjárhæð 1.920.000 kr. Bendir varnaraðili á að skuldaúrlausn varnaraðila hafi byggt á því að eignir sóknaraðila yrðu fullveðsettar og hafi sóknaraðilum verið það ljóst. Komi þetta m.a. fram í almennum upplýsingum um sértæka skuldaaðlögun sem sóknaraðilar undirrituðu. Byggðu öll úrræði sem uppi voru á þessum tíma á því að laga skuldir að eignum og tekjum einstaklinga en ekkert þeirra hafi gert ráð fyrir að eignir þeirra yrðu einungis veðsettar að hluta á sama tíma og kröfuhafar felldu niður kröfur og einstaklingar sætu eftir með jákvæða eignastöðu. Myndi sú niðurstaða leiða til ósanngjarnar úrlausnar sem og stríða gegn markmiði úrræðanna.

Þá segir varnaraðili að í málatilbúnaði sóknaraðila sé ítrekað tekin fram krafa þeirra um niðurfellingu biðlána þar sem þau hafi staðið við samninginn. Í því sambandi bendir varnaraðili á 17. gr. verklagsreglnanna varðandi meðferð krafna við lok tímabils en þar segi m.a. að að loknu skuldaaðlögunartímabili skuli lántaki hefja greiðslur af þeim lánum sem voru fryst á skuldaaðlögunartímabili og getið er um í samningi um sértæka skuldaaðlögun. Teljist sóknaraðilar því hafa lokið við samninginn þegar frágangi þeirra krafna er voru í bið á skuldaaðlögunartímabili sé lokið, þ.e. þegar umræddum biðlánum hafi verið komið í greiðsluferli.

Loks segist varnaraðili hafa gengið lengra en verklagsreglur hafi gert ráð fyrir og samþykkt niðurfellingu skulda sóknaraðila hjá varnaraðila að fjárhæð um 4.900.000 kr. Hafi varnaraðili samþykkt niðurfellingu þó sóknaraðili hafi ekki uppfyllt öll skilyrði, t.a.m. greiðsluvilja þrátt fyrir að hafa greiðslugetu. Með þessu hafi varnaraðili reynt að uppfylla markmið sértækrar skuldaaðlögunar um skilvirka og varanlega lausn einstaklinga í alvarlegum skuldavanda, sbr. 2. gr. verklagsreglnanna.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að niðurfellingu tveggja biðlána að fjárhæð 2.000.000 kr. annars vegar og 1.920.000 kr. hins vegar, sem sóknaraðilum var gert að gefa út til varnaraðila sem hluta af samkomulagi þeirra í milli vegna sértækrar skuldaaðlögunar sóknaraðila. Þá er einnig deilt um hvort aflétta beri tryggingarbréfi að fjárhæð 1.920.000 kr., útgefnu af sóknaraðila M2 þann 16. janúar 2014, af 16,67% eignarhluta M2 í fasteigninni Y.

Samkomulagið milli sóknaraðila og varnaraðila byggði á Samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun sem undirritað var þann 22. desember 2010 og varnaraðili var aðili að. Í 2. gr. verklagsreglnanna segir að markmið úrræðisins sé að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn sinna

mála á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags. Þar sem um einkaréttarlegan samning er að ræða má telja að eitthvert svigrúm sé til staðar við samningagerðina varðandi efni samningsins. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir undirrituðu sóknaraðilar samkomulagið fyrirvaralaust og báru ekki upp athugasemdir fyrr en þremur árum eftir undirritun samningsins. Má því ætla að sóknaraðilar hafi samþykkt það sem hann kvað á um.

Sóknaraðilar fara fram á að biðlán C og B verði felld niður en varnaraðila hafi verið óheimilt að krefjast þeirra sökum þess að vera í andstöðu við verklagsreglurnar. Kemur fyrst til álita hvort varnaraðila hafi verið heimilt að krefja sóknaraðila um biðlán C að fjárhæð 2.000.000 kr. og nefnt er refsilán undir lið 5. í samkomulagi sóknaraðila og varnaraðila. Þó svo telja megi að verklagsreglurnar hafi ekki verið hugsaðar á þá leið að það sem ekki sé kveðið þar á um með beinum hætti sé beinlínis bannað verður að mati nefndarinnar hvorki fundin stoð í 3. gr. verklagsreglnanna, né öðrum ákvæðum þess, fyrir beitingu biðlánsins með þeim hætti sem varnaraðili gerði, þ.e. sem refsing fyrir langvarandi vanskil sóknaraðila gagnvart varnaraðila.

Varðandi kröfu um greiðslu biðláns B að fjárhæð 1.920.000 kr. verður hins vegar talið að krafan rúmist innan þeirra heimilda sem verklagsreglurnar setja, en almennt hefur verið talið heimilt að samningskröfum væri breytt í veðkröfur að samningstíma liðnum.

Sóknaraðilar vísa til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til stuðnings kröfu sinni þar sem ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að krefjast biðlánanna þar sem þau fari í bága við verklagsreglurnar og hafi varnaraðili beitt yfirburðastöðu sinni til að knýja fram útgáfu þeirra. Sem áður sagði var markmið og tilgangur sértækrar skuldaaðlögunar að einstaklingar gætu fengið varanlega lausn sinna mála þar sem skuldir og eignir séu lagaðar að greiðslugetu skuldara á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags lántaka og fjármálastofnana. Ljóst er að langur tími leið frá því sóknaraðilar hættu að greiða af skuldbindingum sínum gagnvart varnaraðila þar til greiðslur hófust samkvæmt sértækri skuldaaðlögun, eða 39 mánuðir. Varnaraðili hafði þegar samþykkt niðurfellingu skulda sóknaraðila hjá varnaraðila að fjárhæð um 4.900.000 kr. Að auki féllst varnaraðili á að sóknaraðilar fengju að reka tvær bifreiðar sem og að ekki kæmi til sölu 16% eignarhluta sóknaraðila í fasteign Y, en telja megi það til ívilnana er gangi lengra en verklagsreglurnar mæli fyrir um. Ekki verður því ætlað annað en varnaraðili hafi komið verulega til móts við greiðsluvanda sóknaraðila og komið með samkomulaginu í veg fyrir nauðungarsölu heimilis þeirra auk annarra innheimtuaðgerða.

Þó telja megi að verklagsreglur samkomulagsins um skuldaaðlögun varðandi biðlán séu ekki afdráttarlausar varðandi skilgreiningu á hugtakinu biðlán verður, þegar á heildina er litið, ekki séð að samkomulag málsaðila um sértæka skuldaaðlögun hafi leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir sóknaraðila sem telja megi í andstöðu við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Leiðir hún því hvorki til niðurfellingar fyrrnefndra biðlána né að aflétta beri tryggingarbréfi af eignarhluta sóknaraðila í fasteign Y. Að öllu virtu beri því að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M1 og M2, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 22. mars 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2018 föstudaginn 2. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 30. júní 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 6. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 8. september 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 25. september 2017 og viðbótar athugasemdir með tölvupósti 18. nóvember 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. og 23. febrúar og 2. mars 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 13. júlí 2006 gerði A heitinn, eiginmaður sóknaraðila, lánssamning við FF. Með samningnum viðurkenndi A að skulda FF 13.100.000 JPY, 64.000 EUR og 160.000 CHF, eða jafnvirði þeirra fjárhæða í íslenskum krónum. Lánið var veitt til 40 ára sem bar að endurgreiða með jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti og var fyrsti gjalddagi 20. ágúst 2006. Vextir lánsins voru tilgreindir LIBOR vextir að viðbættu föstu vaxtaálagi 3%. Til tryggingar á efndum samningsins skrifaði A undir tryggingarbréf sama dag í sömu fjárhæðum og myntum og ofangreindur lánssamningur. Sóknaraðili skrifaði einnig undir umrætt tryggingarbréf í reiti sem báru yfirskriftirnar „undirskrift maka skuldara“ og „samþykki maka þinglýsts eiganda“. Með tryggingarbréfinu voru veðsettar fasteignirnar X á 2. veðrétti og Y á 3. veðrétti. Báðum veðunum fylgdi uppfærsluréttur og eru þau nú bæði á 1. veðrétti. Tilgangur lántökunnar var að borga upp fyrri lán A og sóknaraðila frá Íbúðarlánasjóð en þau voru þrjú talsins og tryggð með 1. veðrétti í ofangreindum fasteignum.

Þann 13. september 2010 lést A og þann 17. september sama ár var sóknaraðila veitt leyfi til setu í óskiptu búi. FF var sameinaður varnaraðila árið 2011 og tók varnaraðili við réttindum og skyldum sparisjóðsins, þar á meðal umrætt lán og tryggingarbréf. Í júlí 2011 var lánið endurreiknað og fært yfir í íslenskar krónur.

Vanskil urðu fyrst á greiðslum afborgana stuttu eftir andlát A. Þann 12. mars 2015 var bréf sent til sóknaraðila frá lögfræðiinnheimtu þar sem skorað var á hana að greiða skuldina. Þann 16. mars 2017 var sóknaraðila send formleg greiðsluáskorun. Á

þeim tímapunkti var höfuðstóll skuldarinnar 37.213.536 kr. en dráttarvextir 23.980.708. kr. Að öllu meðtöldu var heildarkrafa varnaraðila upp á 61.344.100. kr. Með bréfi dagsettu 30. mars 2017 fór lögmaður sóknaraðila fram á að veðábyrgðir hennar yrðu felldar niður. Með tölvupósti dagsettum 3. apríl 2017 ítrekaði lögmaður sóknaraðila beiðni sína. Með tölvupósti dagsettum 22. júní 2017 var beiðni sóknaraðila hafnað af varnaraðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógiltur verði með úrskurði veðréttur varnaraðila í eignarhluta hennar í fasteigninni X, samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu þann 13. júlí 2006. Sóknaraðili krefst þess einnig að ógiltur verði með úrskurði veðréttur varnaraðila í eignarhluta hennar í fasteigninni Y samkvæmt sama tryggingarbréfi.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að samningur hennar við varnaraðila sé ógildanlegur á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Sóknaraðili byggir kröfu sína á þeim rökum að forveri varnaraðila hafi ekki framkvæmt greiðslumat á lántaka eins og honum var skylt að gera samkvæmt reglum samkomulags um notkun ábyrgðar á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, sem Sparisjóðurinn var aðili að. Þannig hafi forveri varnaraðila gerst brotlegur við ákvæði 3. og 4. gr. samkomulagsins og því beri að fella veðábyrgðir hennar niður á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá vísar sóknaraðili einnig til þess að forveri varnaraðila hafi notið yfirburðarstöðu í samningsgerð við sóknaraðila þar sem forveri varnaraðila var fjármálafyrirtæki og hefði því mátt gera ríkar kröfur til hans um sérfræðiþekkingu og vönduð vinnubrögð. Er slíkur aðstöðumunur líklegur til að renna frekari stoðum undir það að samningurinn sé ósanngjarn á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili byggir kröfu sína einnig á því að hún hafi einungis undirritað umrætt tryggingarbréf sem maki skuldara en ekki sem þinglýstur eigandi. Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi ekki veðsett sinn hluta hjúskapareignar þeirra, þ.e. sinn eignarhluta í ofangreindum fasteignum heldur einungis samþykkt veðsetningu maka síns eins og henni hafi verið skylt samkvæmt 60. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Sóknaraðili vekur athygli á því að á umræddu tryggingarbréfi sé ekki sýnilega gert ráð fyrir því að fleiri en einn riti undir reit með yfirskriftinni „samþykki framangreinda veðsetningu sem þinglýstur eigandi“ en sá reitur ber undirskrift A. Sóknaraðili ritaði einungis undir reit sem bar yfirskriftina „samþykki maka þinglýsts eiganda“ en óumdeilt er að eignirnar voru í óskiptri sameign sóknaraðila og A. Að því sögðu telur sóknaraðili að umrætt tryggingarbréf geti ekki tekið til hennar hluta fasteignanna þar sem samþykki til veðsetningar á eignarhlutum hennar sé ekki þar að finna. Vísar sóknaraðili í þessu samhengi til meginreglu þinglýsingarlaga um að einungis sá sem hefur til þess þinglýsta heimild, getur ráðstafað eign með löggerningi.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili þeim fullyrðingum varnaraðila að jákvætt greiðslumat hafi ekki verið ákvörðunarástæða sóknaraðila fyrir því að samþykkja veðsetninguna á eignarhlutum sínum í umræddum fasteignum. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á gögn sem styðji þær fullyrðingar. Sóknaraðili mótmælir jafnframt staðhæfingum varnaraðila um að hún hafi sýnt af sér tómlæti, sem röngum. Sóknaraðili telur að ekki hafi verið tilefni til að gera athugasemdir við tilkynningar varnaraðila sem bárust hver áramót vegna ábyrgða hennar þar sem í þeim bréfum voru vanskil tilgreind sem 0 kr. Auk þess hafi varnaraðila verið í lófa lagið að tilkynna sóknaraðila um vanskil á láninu og upplýsa hana um gjaldfallnar afborganir. Vísar sóknaraðili til þess að það hafi fyrst verið gert með

innheimtubréfi dagsettu 12. mars 2015 en fyrsta formlega greiðsluáskorun hafi borist í mars 2017.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að samkvæmt orðalagi tryggingarbréfsins sé augljóst að veðréttinum var ætlað að ná utan um eignirnar X og Y í heild sinni en ekki einungis eignarhluta A. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila og A hafi verið þetta ljóst eða mátt vera ljóst við undirritun tryggingarbréfsins. Til stuðnings málatilbúnaði sínum vísar varnaraðili til þess að umrætt lán frá FF hafi verið tekið í þeim tilgangi að endurfjármagna fyrri lán sem sóknaraðili og A höfðu í sameiningu verið skuldarar fyrir. Að auki hafi þau lán verið tryggð með veðrétti í eignarhlutum þeirra beggja í umræddum fasteignum. Þá hafi þeim mátt vera ljóst að forsenda FF fyrir útgáfu lánsins til A væri sú að honum yrði tryggður 1. veðréttur í báðum fasteignum hans svo að FF gæti fengið kröfuna að fullu greidda ef kæmi til greiðsluþrots skuldara. Varnaraðili vísar til þess að þar sem umrætt lán frá FF hafi verið veitt í þeim tilgangi að greiða upp fyrri lán, sem voru jafnframt tryggð með veðrétti í umræddum fasteignum, þá væri sóknaraðili að hagnast á óréttmætan hátt á kostnað varnaraðila ef veðréttindi varnaraðila í eignarhlutum sóknaraðila í umræddum fasteignum yrðu felld niður. Varnaraðili telur því að sóknaraðili hafi ekki mátt hafa réttmætar væntingar um að eignarhlutur hennar væri undanþeginn veðsetningunni.

Varnaraðili byggir kröfu sína einnig á því að með undirskrift sinni hafi sóknaraðili ekki einungis verið að samþykkja veðsetningu maka síns, heldur hafi hún einnig verið að samþykkja veðsetninguna á sínum eignarhlutum í fasteignunum. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi borið ábyrgð á að kynna sér efni og skilmála tryggingarbréfsins áður en hún undirritaði og beri hún hallann af því að hafa ekki gert það. Telur varnaraðili að með undirskrift sinni á tryggingarbréfið hafi sóknaraðili veitt gilt loforð um veðsetninguna og ef ætlunin hafi verið sú að undanskilja sinn eignarhluta frá veðsetningunni hefði slíkt þurft að koma skýrt fram við undirritun samningsins.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt 60. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 er hjónum óheimilt án skriflegs samþykkis hins að veðsetja heimili þeirra. Varnaraðili bendir á í því samhengi að einungis fasteignin X hafi verið skráð lögheimili þeirra þegar veðsetningin átti sér stað. Hafi því ekki verið nauðsynlegt fyrir sóknaraðila að skrifa undir tryggingarbréfið til veðsetningar á fasteigninni Y ef markmiðið hafi einungis verið að veðsetja eignarhluta A. Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila að báðar eignirnar hafi verið heimili hennar.

Varnaraðili mótmælir ekki þeirri staðhæfingu að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt á A áður en lánið var veitt. Varnaraðili tekur samt sem áður fram að samkomulagið um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 hafi ekki lagagildi, né leiði brot gegn formreglum þess sjálfkrafa til ógildingar á ábyrgðaryfirlýsingu. Vísar varnaraðili til þess að leggja þurfti heildstætt mat á allar aðstæður lánveitingar við mat á því hvort ábyrgðarlýsingu skal ógilda á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Að því sögðu telur varnaraðili umrædd atvik ekki réttlæta ógildingu ábyrgðaryfirlýsingarinnar á grundvelli 36. gr. framangreindra laga. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir að fá að sjá greiðslumat né kynna sér niðurstöður þess. Telur varnaraðili því jákvætt greiðslumat ekki hafa verið ákvörðunarástæða sóknaraðila fyrir að samþykkja veðsetningu í sínum eignarhluta fasteignanna.

Að lokum byggir varnaraðili á að krafa sóknaraðila um ógildingu veðréttarins í eignarhlutum hennar í umræddum fasteignum sé fallin niður sökum tómlætis. Bendir varnaraðili á að umrætt tryggingarbréf hafi verið undirritað af sóknaraðila þann 13. júlí 2006 en fyrstu athugasemdir um gildi ábyrgðarinnar hafi ekki verið bornar upp fyrr en 30. mars 2017. Varnaraðili vísar til þess að lánið hafi komið fram á sameiginlegri skattskýrslu sóknaraðila og A en lánið hafi síðan verið fært inn á skattskýrslu hins óskipta bús eftir andlát A. Þar að auki hafi sóknaraðili fengið senda tilkynningu frá varnaraðila um hver áramót um ábyrgðina ásamt því að fá bréf frá varnaraðila dagsett 13. mars 2014 þar sem skuldin var tilgreind. Að lokum fékk sóknaraðili og dánarbú A bréf frá lögfræðiinnheimtu dagsett 12. mars 2015 þar sem skorað var á sóknaraðila til að greiða kröfuna. Varnaraðili telur því að framangreindum atriðum virtum og í ljósi þess að greitt var inn á lánið af dánarbúi A þann 19. nóvember 2011 og 12. mars 2014 að ólíklegt sé að sóknaraðili hafi ekki vitað af skuldinni eins og sóknaraðili heldur fram. Loks mótmælir varnaraðili staðhæfingum sóknaraðila sem röngum að ekki hafi verið staðið rétt að tilkynningarskyldu gagnvart sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi móttekið mörg bréf frá bankanum út af láninu og ekki gert neinar athugasemdir við efni þeirra fyrr en 30. mars 2017.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar samkvæmt tryggingarbréfi til veðsetningar á fasteignum sóknaraðila X og Y.

Sóknaraðili fer fram á að veðrétturinn verði ógiltur. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili annars vegar til þess að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á lántaka áður en hið veðtryggða lán var veitt. Hins vegar vísar sóknaraðili til þess að veðsetningin hafi ekki tekið til hennar eignarhluta fasteignanna, þar sem hún hafi ritað undir tryggingarbréfið sem maki þinglýsts fasteignareiganda en ekki sem þinglýstur eigandi. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 er undirritað af Samtökum íslenskra sparisjóða f.h. aðildarfélaga sinna og var forveri varnaraðila eitt þessara aðildarfélaga. Bar forvera varnaraðila því að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar lánið var veitt. Hins vegar er mikilvægt við mat á því hvort brotið hefur verið gegn 36. gr. laga nr. 7/1936 að leggja heildstætt mat á öll atvik máls. Í því sambandi verður að taka tillit til þess að sóknaraðili ritaði undir yfirlýsingu í tryggingarbréfinu þar sem hún staðfesti að hún hafi kynnt sér efni tryggingarbréfsins og jafnframt hafi hún kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Einnig verður að taka tillit til þess að umrætt lán var nýtt til að greiða upp eldri lán sem tryggð voru með veði í eignarhlutum beggja hjónanna í umræddum fasteignum. Gat því sóknaraðili ekki haft réttmætar væntingar um að eignarhlutar hennar í fasteignunum yrðu undanskildir veðsetningunni. Verður þá talið að dómur Hæstaréttar nr. 255/2017 hafi fordæmisgildi í þessu máli hvað þetta varðar. Í ljósi framangreinds verður að telja að sóknaraðila hafi verið ljóst eða hefði mátt vera ljóst að veðsetningin tæki til eignanna í heild sinni og með undirskrift sinni á tryggingarbréfið væri hún að samþykkja veðsetninguna fyrir sitt leyti.

Að öllu framangreindu virtu er ekki hægt að fallast á það með sóknaraðila að nægilegur grundvöllur sé fyrir því að ógilda veðsetningu á hennar eignarhluta í umræddum fasteignum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 2. mars 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, fimmtudaginn 22. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 34/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 4. júlí 2017. Með tölvupósti nefndarinnar 10. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 25. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 25. ágúst 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 4. október 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 9. og 22. mars 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 8. október 2008 gaf félagið A, út veðskuldabréf X upphaflega að höfuðstólsfjárhæð kr. 10.000.000. Samkvæmt skuldabréfinu var fasteign í eigu sóknaraðila B, tilgreind sem veðandlag fyrir skuldinni og tekið var fram að varnaraðila sé sett fasteignin að veði ásamt fylgifé með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti. Fasteignina átti sóknaraðili með eiginmanni sínum sem fallinn er frá og situr sóknaraðili í óskiptu búi. Var veðskuldabréfið móttekið til þinglýsingar 9. október 2008 og innfært í fasteignabók þann 10. október sama ár. Samkvæmt veðbókarvo0ttorði hvílir veðskuldabréfið enn á eigninni.

Þann 17. mars 2016 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf og fór fram á að hann aflétti veðskuldabréfi X upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000, af fasteign sóknaraðila B þar sem sóknaraðili telur að ranglega hafi verið staðið að stofnun ábyrgðarinnar og skilyrðum fyrir veðsetningu hafi ekki verið fullnægt. Svar barst frá varnaraðila 15. júní 2017 sem hafnaði kröfu sóknaraðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Krafa sóknaraðila er sú að ábyrgð hennar í formi veðs í þinglýstri fasteign hennar á skuldabréfi X verði felld niður og bréfinu aflýst af fasteigninni.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hafi staðið ranglega að stofnun ábyrgðar sinnar en einsýnt sé að til hennar hafi verið stofnað í berhögg við skýr

fyrirmæli laga og sé ábyrgðin því ógildanleg. Sóknaraðili segir að veðskuldabréfið sem um ræði sé veðskuldabréf með rekstrarveði samkvæmt 24. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð. Sé þar mælt fyrir um ákveðin skilyrði fyrir stofnun veðs af þessari gerð en engu þessara skilyrða hafi verið fullnægt í tilviki sóknaraðila. Hafi varnaraðila þar af leiðandi verið ómögulegt að afla ábyrgðar hennar með þeim hætti sem gert var.

Segir sóknaraðili að af samskiptum við varnaraðila megi ráða að varnaraðili byggi rétt sinn á heimildum annarra laga sem ekki sé vísað til í veðskuldabréfinu sem hér um deilt. Varnaraðili hafi að auki með engum hætti rökstutt hvernig skilyrðum ákvæðanna sem hann vísar til á að vera fullnægt ásamt því að veita eftir á skýringar til að réttlæta ábyrgð sem telja megi ógildanlega.

Í rökstuðningi með kvörtun sinni vísar sóknaraðili til erindis hennar sem sent var varnaraðila þann 17. mars 2016. Sóknaraðili segir þar að skilmálar veðskuldabréfsins innihaldi ítrekaðar tilvísanir til laga nr. 75/1997 um samningsveð. Sé veðandlagið skilgreint í 4. gr. bréfsins þar sem segi „*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu [...] er F hér með sett að veði neðangreind fasteign, ásamt fylgifé og rekstrartækjum, sem tilheyra þeim rekstri sem fram fer á fasteigninni, sbr. 24. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti*“. Vísar sóknaraðili einnig til 6. gr. veðskuldabréfsins en þar segir: „*Þegar rekstraraðili sbr. 25. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð, veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnureksturs í huga, nær veðrétturinn í fasteigninni einnig til rekstrartækja, sem heyra rekstrinum til, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð.*“

Telur sóknaraðili því rétt að skoða grundvöll veðskuldabréfsins og veðsetningar samkvæmt 24. gr. laga um samningsveð, sem staðsettur er í III. kafla laganna undir heitinu *Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð*. Í því samhengi bendir sóknaraðili einnig á 25. gr. sömu laga þar sem hugtakið rekstraraðili er nánar skilgreint. Telur sóknaraðli framangreind ákvæði bera skýrlega með sér að standi vilji til að veðsetja fasteign sem veðandlag rekstrarveðs sé augljóst að sá er veðsetur þarf að vera rekstraraðili í skilningi aðila og fasteignin að vera útbúin, eða standa í hið minnsta, í einhverjum tengslum við viðkomandi rekstur.

Þá vísar sóknaraðili í því sambandi til ritsins *Veðréttur* eftir Þorgeir Örlygsson en þar segi „*Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. svl. gerist veðsetning rekstrartækja samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna, þar sem reksturinn fer fram. Í þessu felst m.a., að rekstur veðsala verður að hafa ákveðin lágmarkstengsl við tiltekna fasteign, en almennar viðmiðanir ráða í þeim efnum, hvað sé fasteign. Í ákvæðinu er ekki að finna leiðbeiningu um það, hversu sterk tengslin þurfa að vera, og verður niðurstaðan í þeim efnum að ráðast af mati hverju sinni. Óhjákvæmilegt er, að fasteignin sé með einhverjum hætti grundvöllur rekstrarins, t.d. þannig að reksturinn hafi þar aðstöðu sína með þeim hætti að unnt sé að segja, að reksturinn fari fram á ákveðinni fasteign eða honum sé stjórnað þaðan, fá þau tæki, sem notuð eru í rekstrinum, ákveðin tengsl við fasteignina og mynda ásamt henni ákveðna rekstrarlega og fjárhagslega heild*.“

Sóknaraðili telur engum skilyrðum fyrir veðsetningu rekstrarveðs fullnægt. Hún hafi aldrei verið rekstraraðili í skilningi laga, en sóknaraðili og maður hennar voru foreldrar fyrirsvarsmanns lántaka. Veðsetning fasteignarinnar hafi heldur ekki verið í neinum tengslum við reksturinn en um íbúðarhús sóknaraðila er að ræða, veðsetningin sé í berhögg við lagafyrirmæli og því ógildanleg sem slík.

Þá bendir sóknaraðili á að í 17. gr. veðskuldabréfsins sé vísað til þess að veðsala hafi verið kynnt efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en varnaraðili sé aðila að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Telur sóknaraðili erfitt að skilja tilvísun varnaraðila til ábyrgðamannasamkomulagsins með

öðrum hætti en svo að hann vilji að það gildi í þessum viðskiptum aðila. Segir sóknaraðili samkomulagið leggja ákveðnar skyldur á lánveitendur og gera ákveðnar kröfur til vinnubragða banka við lánveitingar er þriðji aðili veitir ábyrgð eða veð. Sé þar áskilið að greiðslumat sé framkvæmt og kynnt ásamt upplýsingabæklingi um ábyrgðir. Því hafi ekki verið sinnt er sóknaraðili og eiginmaður hennar voru fengin til að skrifa undir veðskuldabréfið. Brjóti háttsemi varnaraðila því einnig í bága við ákvæði ábyrgðamannasamkomulagsins.

Sóknaraðili telur að ofangreindar athugasemdir styðji það að umrædd ábyrgð verði ógild með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Megi samkvæmt því ákvæði víkja samningi til hliðar að hluta eða í heild teljist hann ósanngjarn eða það sé andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Skuli við matið einkum líta til efni samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningagerðina og síðar tilkominna atvika. Telur sóknaraðili einsýnt að við mat á hverjum þætti megi telja ósanngjarnt af hálfu varnaraðila að bera ábyrgðina fyrir sig. Þá segi sóknaraðili liggja fyrir að rekstrarveð var tekið í íbúðarhúsnæði ótengdra aðila án heimildar, sé það í berhögg við fyrirmæli laga og hafi varnaraðili verið sérfróður aðili samningssambandsins sem samið hafði öll skjöl.

Í viðbótarathugasemdum gerir sóknaraðili athugasemd við málflutning varnaraðila er lýtur að starfsstöð félagsins A. Haldi varnaraðili því fram að starfsstöð félagsins hafi fyrstu árin eftir stofnun félagsins verið að fasteign sóknaraðila B, en um er að ræða íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Þá segir sóknaraðili að fyrirtækið A hafi aldrei verið með starfsstöð í íbúð sinni, en frá því félagið hóf rekstur hafi það verið með starfsstöð og verslun að C. Þegar félagið var stofnað hafi hins vegar ekki legið fyrir í hvaða húsnæði rekstur þess yrði og hafi þar af leiðandi einn af stofnendum félagsins, notast við sitt lögheimili er stofnskjöl félagsins voru útbúin. Segir sóknaraðili það vel kunnugt hér á landi að þessi háttur sé hafður á við stofnun félaga þegar liggi ei fyrir hvar félagið muni hafa starfsstöð.

Að lokum segir sóknaraðili að fyrir mannleg mistök fyrirsvarsmanna félagsins hafi rétt lögheimili ekki verið skráð hjá Fyrirtækjaskrá RSK strax eftir að rekstur hófst og hafi þeir ekki áttað sig á mistökunum fyrr en um mitt ár 2014, var skráningin í kjölfarið leiðrétt. Sóknaraðili vísar því á bug sem röngu að starfsstöð félagsins A hafi nokkurn tímann verið til staðar í íbúð hennar og segir liggja í augum uppi að félag á borð við A reki ekki starfsemi eða verslun í íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að í 24. og 25. gr. laga nr. 75/1997 sé mælt fyrir um skilyrði þess að rekstrartæki verði veðsett samhliða veðsetningu fasteignar á grundvelli 16. gr. sömu laga. Feli ákvæðin í sér undantekningu frá almennu reglu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997 um bann við sjálfsvörsluveðsetningum í heildarsöfnum muna og mæli þannig aðeins fyrir um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi svo talið verði að stofnað hafi verið til rekstrarveðs með lögmætum hætti án þess að færa þurfi og tilgreina með nákvæmum hætti viðkomandi tæki í lausafjárbók hjá þinglýsingarstjóra. Þá segir varnaraðili að í sérstökum athugasemdum greinargerðar er varð að lögum nr. 75/1997 segi m.a. um 24.-27. gr. eftirfarandi: „*Ákvæðin um rekstrarveð í undirkafla B í III. kafla, þ.e. ákvæði 24.-27. gr. munu, ef að lögum verða, hafa í för með sér verulegar breytingar á gildandi íslenskum rétti um möguleika þeirra, sem atvinnurekstur stunda, til að veðsetja lausafé ósundurgreint með fasteignum.*“ Segir varnaraðili að samkvæmt

ákvæðinu sé skilyrt að fasteign sé veðsett samhliða rekstrartækjum, ellegar vísi sýslumaður skjalinu frá þinglýsingu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 528/2016.

Þá bendir varnaraðili á ákvæði II. kafla laga nr. 75/1997 og vísar til 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. varðandi eignarrétt við veðsetningu eignar og umfang veðréttar á hinni veðsettu eign. Að auki vísar varnaraðili til 19. gr. sömu laga varðandi tímamark réttarverndar veðréttar en mun það vera við þinglýsingu í fasteignabók, sbr. ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verði þó í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

Varnaraðili segir að í 4. gr. veðskuldabréfsins sem hér er deilt um sé fasteignin B tilgreind með skýrum hætti sem veðandlag og tekið fram að varnaraðila sé sett fasteignin ásamt fylgifé að veði með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti, sbr. 5. gr. veðskuldabréfsins.

Þá segir varnaraðili sóknaraðila hafa, með undirritun veðskuldabréfsins þann 8. október 2008, samþykkt án nokkurs fyrirvara ofangreinda veðsetningu sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Hafi veðskuldabréfið verið móttekið til þinglýsingar 9. október sama ár án athugasemda frá þinglýsingarstjóra og innfært í fasteignabók 10. október sama ár, án athugasemda, og hvíli veðskuldabréfið enn á eigninni samkvæmt veðbókarvottorði.

Varnaraðili vísar til þess að rekstrarveð öðlist réttarvernd þegar réttinum sé þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign. Séu ákvæði 24. og 25. gr. laga nr. 75/1997 aðeins heimildarákvæði sem heimili skuldara að veðsetja lausafjármuni samhliða veðsetningu fasteignar. Sé það skýrt með vísan til veðskuldabréfsins að fasteignin sé veðsett samkvæmt áðurnefndu veðskuldabréfi. Telur varnaraðili veðandlagið skýrt tilgreint á forsíðu veðskuldabréfsins og hafi þinglýstir eigendur undirritað bréfið til staðfestingar veðsetningarinnar.

Varnaraðili bendir á að þegar veðskuldabréfið var gefið út, þann 8. október 2008, hafi samkvæmt stofngögnum félagsins lögheimili og póstfang félagsins A verið að fasteigninni B. Þann 25. júlí 2014 hafi lögheimili og póstfangi þess verið breytt í C. Voru samþykktir félagsins uppfærðar til samræmis við breytinguna í desember sama ár. Segir varnaraðili það því ekki rétt sem fram komi í kvörtun sóknaraðila að fasteignin hafi ekki verið í neinum tengslum við rekstur félagsins en félagið hafi þar verið með skráð aðsetur og lögheimili allt frá stofnun félagsins 17. janúar 2000 til 28. júlí 2014, er skráningu var breytt í hlutafélagaskrá.

Varnaraðili telur að hvað sem öðru líði um gildi veðréttar hans í rekstrartækjum félagsins fullnægi ákvæði umrædds veðskuldabréfs öllum skilyrðum II. kafla laga nr. 75/1997 svo fasteign sóknaraðila yrði veðsett með löglegum hætti. Hafi ákvæði þinglýsingalaga nr. 39/1978 ekki staðið því í vegi að skjalinu yrði þinglýst. Hafi því verið þinglýst án athugasemda þinglýsingarstjóra og hafi hann heldur ekki séð ástæðu til að leiðrétta færsluna í fasteignabók þó svo hann hafi til þess skýra heimild, sbr. 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga. Ekki sé því hægt að fallast á með sóknaraðila að ranglega hafi verið staðið að veðsetningu fasteignar hennar.

Þá telur varnaraðili að ekki verði fallist á með sóknaraðila að tilvísun til 17. tl. veðskuldabréfsins, til þess að veðsala hafi verið kynnt efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, feli í sér vilja varnaraðila til að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga skyldi gilda í framangreindum viðskiptum. Hafi hvorki veðskuldabréfið né önnur gögn kveðið á um vilja varnaraðila þess efnis. Að lokum telur varnaraðili framangreint samkomulag ekki hafa gilt um ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila en því hafi einungis verið ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að gildi ábyrgðar í formi veðs í þinglýstri fasteign sóknaraðila á skuldabréfi X, en sóknaraðili krefst þess að lánsveðið verði fellt niður og bréfinu aflýst af fasteigninni.

Sóknaraðili telur að ranglega hafi verið staðið að stofnun lánsveðsins og fari það í berhögg við fyrirmæli laga. Veðskuldabréfið sem hér er um deilt er veðskuldabréf með rekstrarveði skv. 24. laga nr. 75/1997 um samningsveð. Af ákvæðum laga um samningsveð ásamt skrifum fræðimanna má ætla að ákveðin skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo stofnað verði til veðsetningar með þeim hætti sem hér var gert. Verði þannig talið að standi vilji til að veðsetja fasteign sem veðandlag rekstrarveðs verði fasteignin að standa í einhverjum tengslum við viðkomandi rekstur og rekstur veðsala að hafa ákveðin lágmarkstengsl við fasteignina, en óhjákvæmilegt sé að fasteignin sé með einhverjum hætti grundvöllur rekstrarins. Fasteignin sem sett var hér að veði er íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi en starfsemi A fól í sér smásölu á tölvum, jaðarbúnaði og hugbúnaði í sérverslunum. Ekki verði að mati nefndarinnar séð að fasteignin sem um ræðir sé í slíkum tengslum við reksturinn að hana megi setja að veði sem rekstrarveð skv. 24. gr. laga um samningsveð.

Hins vegar verður að skoða hvort skilyrðum laga um samningsveð hafi þó verið fullnægt er veðskuldabréfið var gefið út þann 8. október 2008. Frá stofnun félagsins A þann 17. janúar 2000 allt til 28. júlí 2014 var félagið skráð með lögheimili að fasteigninni B auk þess sem samþykktir félagsins kváðu á um að tilgangur þess væri rekstur vefsíðu, lánastarfsemi, sala auglýsinga og skyldur rekstur. Ef litið er til skráningar lögheimilis félagsins og eðli reksturs þess samkvæmt samþykktum mætti þó ætla að til staðar væru slík tengsl milli rekstursins og fasteignarinnar að skilyrðum laga um samningsveð til veðsetningar hafi, er veðskuldabréfið var útgefið, verið fullnægt. Einnig ber að hafa í huga að veðskuldabréfinu var þinglýst án athugasemda og hafi þinglýsingastjóri ekki leiðrétt skráningu síðar þó hann hafi til þess heimild, sbr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Sóknaraðili vísar í röksemdafærslu sinni til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, en samkvæmt greininni megi víkja samningi til hliðar að hluta eða í heild teljist hann ósanngjarn eða það sé andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Ábyrgð sú sem sóknaraðilar gengust í var til tryggingar á skuldum lögaðila. Tilvísun til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á því ekki við. Telja má að skýrt komi fram á veðskuldabréfinu sem um ræðir að veðsett sé varnaraðila fasteign B, og rita sóknaraðili og eiginmaður hennar undir bréfið sem þinglýstir eigendur eignarinnar. Með undirritun sinni hafi þau gefið samþykki sitt fyrir veðsetningunni. Að mati nefndarinnar megi því ekki telja skilyrði til að lánsveðið verði ógilt í fasteigninni með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Hins vegar telur nefndin að veðsetningin nái ekki til rekstrartækja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 22. mars 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl 2018, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Unnur Erla Jónsdóttir og Fura Sóley Hjálmarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 35/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 14. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 28. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 28. ágúst 2017. Nefndin sendi fyrirspurnir til varnaraðila 9. og 27. mars og og til sóknaraðila 9. mars 2018 og bárust svör og gögn frá báðum aðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 9. og 22. mars og 6. og 13. apríl 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 16. febrúar 2009 gaf sóknaraðili út skuldabréf X til FF að fjárhæð 1.233.000 kr. Lánið var verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu 332,9 stig. Lánið skyldi endurgreiðast með 120 afborgunum á 3 mánaða fresti og bar það verðtryggða kjörvexti, auk 4,5% vaxtaálags sem eru í dag samtals 8,95%. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt skuldabréfinu. Vanskil urðu á láninu og leitaði sóknaraðili í kjölfarið til Umboðsmanns skuldara þann 29. október 2010 á grundvelli laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Umsókn sóknaraðila um greiðsluaðlögun var samþykkt af Umboðsmanni skuldara og var sóknaraðili í greiðsluskjóli til 22. október 2015, sbr. 11. gr. laga nr. 101/2010.

Þann 28. desember 2015 voru eftirstöðvar skuldarinnar 2.796.977 kr. og sömdu málsaðilar um breytingu á greiðsluáætlun lánsins þann 8. janúar 2016. Breytingin var þess efnis að eftirstöðvar lánsins, auk vaxta og verðbóta, skyldu greiðast með 240 afborgunum á eins mánaða fresti og myndi fyrsti gjalddagi þessa fyrirkomulags vera 1. febrúar 2016. Vegna mistaka sem áttu sér stað af hálfu varnaraðila tók hið nýja greiðslufyrirkomulag ekki gildi fyrr en 1. júní 2017 en fram til þess tíma voru greiðslum háttað samkvæmt eldri greiðsluáætluninni. Þegar komist var upp um umrædd mistök voru þau lagfærð og hið nýja greiðslufyrirkomulag tók gildi samkvæmt samkomulagi aðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að honum verði gefinn *„lausn undan öllum skyldum vegna skuldbréfs X“*. Til vara krefst sóknaraðili þess að *„felldar verði niður 1.607.641 kr. sem m.a. var reiknuð ofan á kröfu í formi vaxta og kostnaðar á meðan krafan var í skjóli Umboðsmanns skuldara“*. Þess til viðbótar krefst sóknaraðili að vöxtum skuldabréfsins verði breytt svo að það beri 5% óverðtryggða vexti. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að krafan skuli *„endurútreiknuð til lækkunar með tilliti til sanngirnisvaxta“* og að allar fyrri innborganir á skuldabréfið verði reiknaðar og komi til frádráttar kröfuupphæðarinnar.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi gert mistök við innheimtu kröfunnar. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki tekið mið af umsaminni breytingu greiðsluáætlunar, sem átti að taka gildi þann 1. febrúar 2016. Þess í stað hafi umsamið greiðslufyrirkomulag tekið gildi 1. júní 2017 og voru afborganir hækkaðar úr um 25.000 kr. á þriggja mánaða fresti í um 32.000 kr. mánaðarlega að sögn sóknaraðila. Sóknaraðili telur að réttast hafi verið af hálfu varnaraðila að gera sér viðvart af þessari breytingu með hæfilegum fyrirvara.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að vextir af umræddu skuldabréfi séu of háir til að standast nokkurs konar sanngirnismat. Í því samhengi vísar sóknaraðili til þeirrar uppsöfnun vaxta sem hafi átt sér stað meðan mál hans var til meðferðar hjá Umboðsmanni skuldara. Sóknaraðili vísar að auki til þess honum hafi ekki verið aðgengileg gögn bankans um stöðu skuldabréfsins eða fyrri afborganir sínar.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðili verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir ekki þeirri staðhæfingu sóknaraðila að mistök hafi átt sér stað af hálfu bankans hvað varðar ofangreindar breytingar á greiðsluáætlun. Varnaraðili vísar þó til þess að sóknaraðila hefði mátt vera ljóst um þessi mistök og að sóknaraðili hafi borgað töluvert lægri fjárhæð mánaðarlega en fram kemur í greiðsluáætlun. Því telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki getað haft réttmætar væntingar til þess að greiðslufyrirkomulagið myndi halda áfram með sama hætti. Varnaraðili vísar jafnframt til þess að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna framangreindra mistaka.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um lækkun vaxta og endurútreikning lánsins með tilliti til *„sanngirnisvaxta“* vísar varnaraðili til meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda. Varnaraðili telur sig á engum tímapunkti hafa sýnt af sér háttsemi sem samræmist ekki meginreglum um góða viðskiptahætti og vönduð vinnubrögð eða ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í því samhengi bendir varnaraðili á að reynt hafi verið að koma til móts við sóknaraðila með að bjóða honum lækkun vaxta sem hann hafi ekki fallist á.

V.
Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að gildi og efni skuldabréfs X. Sóknaraðili krefst þess að framangreint skuldabréf verði fellt úr gildi. Byggir sóknaraðili á því að mistök hafi átt sér stað við innheimtu af hálfu varnaraðila. Að auki byggir sóknaraðili á því að vaxtakjör skuldabréfsins séu ósanngjörn. Varakröfur sóknaraðila varða breytingar á efni skuldabréfsins með vísan til sömu röksemda. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Ekki er ágreiningur milli aðila um að mistök hafi átt sér stað af hálfu varnaraðila, þar sem varnaraðili hafi ekki framfylgt breytingum á greiðsluáætlun eins og um var samið. Hins vegar hefur sóknaraðila ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna framangreindra mistaka. Að auki verður að telja sóknaraðila hafa verið ljóst eða mátt vera ljóst að hið umsamda greiðslufyrirkomulag hafi ekki tekið gildi samkvæmt samningi milli aðila, þar sem honum var gert að greiða mun lægri fjárhæð í 16 mánuði eftir að umrædd greiðsluáætlun hefði átt að taka gildi eins og samið var um. Sóknaraðila láðist að tilkynna þessi mistök til varnaraðila og getur því ekki borið fyrir sig að ósanngjarnt hafi verið af hálfu varnaraðila að breyta fyrirkomulagi innheimtu sinnar eftir að þeim urðu mistökin ljós. Sóknaraðili ber þá einnig fyrir sig að vextir skuldabréfsins séu of háir. Í því sambandi verður að líta til þess að við upphaf samningssambands aðila samþykkti sóknaraðili vaxtakjör skuldabréfsins. Auk þess hefur sóknaraðili ekki sett fram nein haldbær gögn til stuðnings því að umræddir vextir séu óeðlilega háir eða af hverju ekki ætti að byggja á umræddum vöxtum við uppgjör bréfsins. Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um ógildingu skuldabréfsins.

Hvað varðar varakröfu sóknaraðila, um niðurfellingu vaxta og kostnaðar skuldarinnar meðan krafan var í greiðsluskjóli, ber að líta til þess að dráttarvextir söfnuðust á kröfuna á meðan sóknaraðili leitaði greiðsluaðlögunar hjá Umboðsmanni skuldara, í samræmi við lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 kemur fram að meðan skuldari leitar greiðsluaðlögunar hjá Umboðsmanni skuldara er lánadrottni óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum. Í 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu kemur skýrt fram að ekki skuli reikna dráttarvexti á kröfur þann tíma sem greiðsludráttur verður ef skuldari heldur af lögmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar. Þar sem sóknaraðila var beinlínis óheimilt að greiða inn á kröfu varnaraðila á því tímabili sem sóknaraðili leitaði greiðsluaðlögunar verður að telja að varnaraðila hafi ekki verið heimilt að reikna á kröfuna dráttarvexti á því tímabili, sbr. Hrd. nr. 159/2017. Varnaraðila var þó heimilt að reikna á kröfuna almenna vexti samkvæmt samkomulagi aðila á umræddu tímabili, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010. Gögn málsins bera það ekki glöggt með sér hvort að dráttarvextir hafi í raun verið innheimtir á tímabili greiðsluskjóls, þótt þeir hafi samkvæmt gögnum verið reiknaðir á kröfuna. Hafi dráttarvextir verið greiddir af kröfunni verður að fallast á það með sóknaraðila að óheimilt var að innheimta dráttarvexti vegna þess tímabils er krafan var í greiðsluskjóli og að hann eigi rétt á að fá dráttarvexti á því tímabili fellda niður.

Hvað varðar varakröfur sóknaraðila um endurútreikning skuldarinnar í heild sinni í samræmi við lægri vaxtaprósentu og breytingu á vaxtakjörum skuldabréfsins. Sóknaraðili hefur ekki fært fram nein gögn eða haldbæran rökstuðning til að sýna fram á að umrædd vaxtakjör séu ósanngjörn eða hvers vegna ekki ætti að byggja útreikning kröfunnar á þeim. Að því sögðu er ekki fallist á þær varakröfur sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, um niðurfellingu dráttarvaxta á tímabilinu 29. október 2010 til 22. október 2015, meðan hann var í greiðsluskjóli. Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 13. apríl 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Unnur Erla Jónsdóttir — Fura Sóley Hjálmarsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 36/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila. Með tölvupósti nefndarinnar 14. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 30. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 1. september 2017 og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 18. september 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. og 13. apríl 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 15. apríl 2010 gáfu félögin A, og B, út tvö skuldabréf að höfuðstólsfjárhæð 16.000.000 kr. Þann 9. janúar 2012 var skilmálabreyting gerð á öðru bréfinu, var vanskilum bætt við höfuðstól og voru þann 1. janúar 2012 eftirstöðvar lánsins 16.713.399 kr. Þá var hinn 26. janúar 2012 gerð skilmálabreyting á hinu bréfinu og voru þann 1. janúar 2012 eftirstöðvar lánsins 16.760.094 kr.

Gjalddagar skuldabréfanna þann 1. desember 2012 voru ekki greiddir, samkvæmt heimild í skilmálum skuldabréfanna voru skuldabréfin gjaldfelld miðað við þann dag.

Félagið A var úrskurðað gjaldþrota þann 13. mars 2013 og voru skiptalok um hálfu ári síðar. Þá var félagið B úrskurðað gjaldþrota 4. september 2014 og voru skiptalok í lok árs 2014.

Þann 17. september 2013 var samkomulag gert um tímabundna frestun á innheimtu milli varnaraðila og B og A. Þar kom fram að eftirstöðvar skuldabréfs X er fór í vanskil 1. janúar 2012, hafi þann 6. september 2013 numið 17.530.647 kr. Að auki sagði þar að skuldabréf Y sem fór í vanskil 1. janúar 2012, hafi þann 6. september 2013 numið 17.467.605 kr.

Varnaraðili þingfesti þann 13. nóvember 2014 mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur sóknaraðila. Krafist var að stefndu yrði gert að þola að fjárnám yrði gert í fasteignum þeirra samkvæmt nánar tilgreindum tryggingarbréfum fyrir kröfum samkvæmt fyrrgreindum skuldabréfum. Annars vegar að fjárhæð 15.722.208 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. janúar 2012 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum að

upphæð 1.433.046 kr., og hinsvegar að fjárhæð 15.784.231 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. janúar 2012 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum að upphæð samtals 1.428.455 kr. Skilaði lögmaður sóknaraðila greinargerð í málinu en óskaði strax í kjölfarið eftir samningum við varnaraðila vegna málsins. Þann 4. mars 2015 var lögmanni sóknaraðila send staða málanna, var skuldabréf X þá í 19.552.887 kr. og skuldabréf Yí 20.206.186 kr.

Þann 10. apríl 2015 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila upplýsingar um að varnaraðili samþykkti að gegn greiðslu að fjárhæð 3.600.000 kr., auk kostnaðar að fjárhæð 400.000 kr., yrði útbúið nýtt lán fyrir skuldum B A, og skulda C, en skuldir hans voru einnig tryggðar með tryggingarbréfi í eignum M. Af hálfu varnaraðila kom fram að dómsmálið yrði ekki fellt niður fyrr en búið væri að undirrita ný skjöl né væri farið í að undirbúa skjölin fyrr en greiðsla að fjárhæð 4.000.000 kr. hefði borist, en hún barst varnaraðila 13. maí 2015. Óskaði lögmaður sóknaraðila eftir kvittun vegna greiðslunnar en þau mistök urðu að staða skuldarinnar samkvæmt kvittuninni miðaði við ógjaldfellda stöðu skuldarinnar í stað gjaldfelldrar.

Ný lánaskjöl voru útbúin í ágúst 2015. Þann 12. nóvember 2015 ítrekaði varnaraðili ósk sína um að skjölin væru undirrituð. Óskaði sóknaraðili þá eftir uppreiknaðri stöðu lánanna og sagði varnaraðili þann 12. nóvember 2015 hana vera 19.205.996 kr. vegna skuldabréfs X annars vegar og hins vegar 19.269.160 kr. vegna skuldabréfs Y. Að auki kom fram að endanleg staða lánanna miðaðist þó ávallt við þá dagsetningu er nýju skuldabréfin kæmu úr þinglýsingu og andvirði nýju lánanna ráðstafað inná skuldabréfin.

Þann 26. nóvember 2015 var uppgreiðslusamningur milli málsaðila undirritaður og var þar áætlað uppgreiðsluverð beggja skuldabréfa, auk skuldar C, tilgreint 37.653.319 kr. Miðaði sú staða við stöðu skuldabréfanna þann 21. ágúst 2015, er ný lánaskjöl voru útbúin.

Þann 8. janúar 2016 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila kvittanir fyrir uppgreiðslu eldri skuldabréfanna og kom þar fram að greiddar hafi verið 19.122.758 kr. vegna skuldabréfs X og 19.189.578 kr. vegna skuldabréfs Y. Voru kvittanirnar mótteknar af hálfu sóknaraðila athugasemdalaust og í kjölfarið var dómsmálið fellt niður án kostnaðar.

III.
Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að uppgreiðsluverðmæti lána hjá varnaraðila X og Y verði endurskoðað og lagfært til samræmis við þá stöðu er varnaraðili gaf upp þann 13. maí 2015. Hafi staða lánanna samkvæmt kvittun numið samtals 16.901.747 kr. vegna skuldabréfs Y, þ.e. gjaldfallin skuld að fjárhæð 5.812.780 kr. og ógjaldfallin að fjárhæð 11.088.967 kr., og samtals 16.836.993 kr. vegna skuldabréfs X, þ.e. gjaldfallin skuld að fjárhæð 5.855.400 kr. og ógjaldfallin að fjárhæð 10.981.593 kr., sbr. kvittun. Til að greiða framangreind lán voru tekin ný lán er hljóðuðu upp á 19.800.000 kr. Var uppgreiðsla á láni X samkvæmt greiðslukvittun 19.122.758 kr. og á láni Y samkvæmt kvittun 19.189.578 kr.

Krefst sóknaraðili þess að mismunurinn á uppgefnum fjárhæðum samkvæmt kvittunum þann 13. maí 2015 og uppgreiðslukvittunum þann 23. desember 2015, samtals að fjárhæð 2.287.832 kr. vegna hvors láns að frádregnum vöxtum frá 12. maí 2015 til 23. desember, verði greiddur inn á nýju lánin.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hafi synjað að lánsfjárhæðin verði lækkuð til samræmis við fyrirheit varnaraðila þar um. Segir sóknaraðili forsvarsmenn félaganna A og B hafa farið á fund lögfræðings varnaraðila í maí 2014 og gert

samkomulag varðandi greiðslu lánanna en ekki hafi tekist að standa við þá samninga. Í byrjun árs 2015 hafi lögmaður sóknaraðila svo hafið samningaviðræður við varnaraðila vegna skuldanna. Hafi á endanum samist um að greiddir yrðu 6 gjalddagar af hvoru láni og eftirstöðvum af vanskilum og höfuðstól breytt í ný lán þar sem sóknaraðilar yrðu greiðendur. Hafi skjölin verið tilbúin í lok árs 2015 og þau þá hljóðað upp á samtals 19.800.000 kr., en uppgefin staða þeirra í maí sama ár hafi hins vegar verið um 16.900.000 kr. Sóknaraðili segir að ítrekaðar athugasemdir hafi verið gerðar við fjárhæðina af hennar hálfu og óskað eftir réttri stöðu á lánunum áður en kæmi til undirritunar lánaskjalanna. Hafi þau svör fengist að mismuninum yrði ráðstafað inn á höfuðstólinn eftir undirritun skjalanna og komi það m.a. fram í tölvupósti frá starfsmanni varnaraðila þann 18. nóvember 2015.

Þá segir sóknaraðili varnaraðila hafa þrýst á undirritun þar sem frágangur yrði að klárast fyrir áramótin 2015/2016, hafi skjölin því verið undirrituð þann 23. desember 2015. Lánin hafi frá þeim tíma staðið í 19.800.000 kr. og hafi sú fjárhæð ekki verið lækkuð þrátt fyrir fyrirheit þar um. Að sögn sóknaraðila hafi á fundi fyrirsvarsmanna og lögfræðings varnaraðila verið bent á að lánsfjárhæðin væri þannig til komin að lánin hefðu verið gjaldfelld í desember 2012, hefði varnaraðili því reiknað dráttarvexti frá þeim tíma. Segir sóknaraðili þetta hafa verið í fyrsta sinn sem varnaraðili gæfi þessar skýringar. Forsvarsmenn félaganna hafi ítrekað reynt að fá uppgefna stöðu lánanna áður en skjölin voru undirrituð. Ekki hafi verið orðið við þeim beiðnum og telur sóknaraðili ljóst að ekki hefði komið til undirritunar hefði hún vitað að staða lánanna væri 19.800.000 kr.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili staðhæfingum varnaraðila að kröfur sóknaraðila byggi helst á því að varnaraðili hafi gefið fyrirheit um lækkun lánsfjárhæða. Segist sóknaraðili einfaldlega krefjast að uppgreiðsluverðmæti lánanna verði endurskoðað og lagfært til samræmis við þá stöðu er varnaraðili hafi gefið upp þann 13. maí 2015 og málsgögn beri með sér. Byggi því kröfur sóknaraðila ekki á fyrirheiti varnaraðila um lækkun lánsfjárhæða heldur á því að lánsfjárhæð á nýju láni sé leiðrétt til samræmis við upplýsingar sem gefnar voru af hálfu varnaraðila og lántaka sóknaraðila grundvallaðist á. Vísar sóknaraðili í því sambandi til þess að í uppgreiðslusamningi dagsettum 26. nóvember 2015 hafi verið gert ráð fyrir að eftirstöðvum væri ráðstafað inn á höfuðstól nýja lánsins, sbr. einnig tölvupóst frá varnaraðila dags. 12. nóvember 2015.

Þá bendir sóknaraðili á að hún hafi ítrekað fengið tölulegar upplýsingar frá varnaraðila sem séu í samræmi við kröfur hennar og voru forsenda fyrir lántökunni og vísar þar til kvittana auk tölvupóstssamskipta við varnaraðila.

Að lokum telur sóknaraðili að varnaraðili verði að bera hallann af þeim mistökum sem áttu sér stað við útgáfu kvittunar dags. 13. maí 2015. Hafi sóknaraðili ávallt staðið í þeirri trú að þær fjárhæðir sem þar komu fram væru réttar sem og voru þær forsenda fyrir lántöku hennar. Einnig hafi varnaraðili þrýst á sóknaraðila að undirrita skjöl vegna vinnslu lánsins en samkvæmt tölvupósti varnaraðila hafi varnaraðili íhugað að hverfa frá samkomulagi og halda áfram innheimtuaðgerðum myndi málið dragast enn frekar.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar því að staða láns hafi verið um 16.900.000 kr. þann 13. maí 2015 enda stemmi sú fjárhæð ekki við aðrar stöður, en staða lánanna hafi margítrekað verið gefin upp sem og að uppgreiðslusamningur hafi verið undirritaður. Þá mótmælir

varnaraðili þeirri fullyrðingu sóknaraðila að staða lánanna hafi ekki verið uppgefin áður en sóknaraðili undirritaði ný lánaskjöl og fái slík fullyrðing ekki staðist. Þvert á móti hafi varnaraðili gefið upp stöðuna þann 12. nóvember 2015 og sent lögmanni sóknaraðila en engar athugasemdir hafi verið gerðar.

Varnaraðili hafnar því að þrýst hafi verið á sóknaraðila að undirrita ný lánaskjöl. Ítreka varnaraðilar að sóknaraðili hafi notið aðstoðar lögmanns við málið bæði við samningagerð og frágang málsins. Segir varnaraðili aldrei hafa verið rætt um neina afslætti eða lækkanir lánanna heldur einungis skuldaraskipti og endurfjármögnun.

Segir varnaraðili svo virðast sem sóknaraðili byggi kröfur sínar um lækkun lánsfjárhæða á því að varnaraðili hafi gefið fyrirheit þar um. Engin gögn styðji fullyrðingar sóknaraðila en hann hafi notið aðstoðar lögmanns í málinu, telji varnaraðili því að hafna beri kröfum sóknaraðila. Ítrekað hafi komið fram af hálfu varnaraðila að kröfurnar yrðu gjaldfelldar og voru rekin dómsmál um þær fyrir héraðsdómi. Þá hafi sóknaraðili fengið sendar stöðu lánanna áður en skrifað var undir ný skuldabréf en engar athugasemdir né nokkrir fyrirvarar hafi verið gerðir við undirritun lánanna.

Telur varnaraðili sóknaraðila bera sönnunarbyrði fyrir því að loforð hafi verið gefið af hálfu varnaraðila fyrir því að við uppgreiðslu lánanna skyldi miða við ógjaldfellda stöðu. Telur varnaraðili þá sönnun ekki hafa tekist. Segir varnaraðili að þrátt fyrir mistök við gerð kvittunar dags. 13. maí 2015 hafi sóknaraðila mátt vera ljóst að staða skuldarinnar væri hærri enda hafi margoft komið fram í samskiptum aðila að lánið væri gjaldfellt. Vísar varnaraðili í því sambandi til fjölmargra gagna málsins s.s. greiðsluáskorana, tölvupósta og kvittana.

Þá bendir varnaraðili sérstaklega á að samkvæmt uppgreiðslusamningi sé staða skuldanna tilgreind 37.653.319 kr. en sóknaraðili hafi undirritað samninginn athugasemdalaust.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að uppgreiðsluverðmæti lána sem sóknaraðili var með hjá varnaraðila. Sóknaraðili fer fram á að uppgreiðsluverðmæti lána hennar hjá varnaraðila verði lagfærð og krefst þess að mismunur á uppgefnum fjárhæðum milli uppgreiðslukvittana þann 13. maí 2015 og 23. desember 2015, að frádregnum vöxtum frá 12. maí 2015 til 23. desember 2015, verði greiddur inn á nýju lánin.

Sóknaraðili kvartar yfir synjun varnaraðila um lækkun lánsfjárhæðar til samræmis við fyrirheit þar um. Vísar sóknaraðili til þess hún hafi ítrekað fengið tölulegar upplýsingar frá varnaraðila sem séu í samræmi við kröfur hennar en varnaraðili verði að bera hallann af þeim mistökum er gerð voru við útgáfu kvittunar dags. 13. maí 2015.

Ljóst er að sóknaraðili undirritaði uppgreiðslusamning vegna lánanna þann 26. nóvember 2015 án athugasemda eða fyrirvara, en telja verður að áætlað uppgreiðsluverð komi skýrt fram á samningnum. Þrátt fyrir að mistök hafi átt sér stað við útgáfu kvittunar þann 13. maí 2015 telur nefndin að sóknaraðila hafi mátt að vera ljóst hver staða skuldarinnar var, svo sem sjá mátti af öðrum gögnum og samskiptum málsaðila, s.s. tölvupóstum og kvittunum, en sóknaraðili naut aðstoðar lögmanns bæði við samningsgerð og frágang málsins. Einnig telur nefndin að sóknaraðila hafi ekki getað dulist að kröfurnar yrðu gjaldfelldar þegar kveðinn var upp úrskurður um gjaldþrot útgefanda.

Að mati nefndarinnar hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að varnaraðili hafi veitt samþykki eða loforð fyrir því að miðað yrði við ógjaldfellda stöðu lánanna, en sóknaraðili hafi með undirritun sinni skuldbundið sig til uppgreiðslu skulda samkvæmt

skilmálum samningsins. Að öllu virtu telur nefndin því að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. apríl 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 37/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila. Með tölvupósti nefndarinnar 14. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 30. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 1. september 2017 og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 18. september 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. og 13. apríl 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 15. apríl 2010 gáfu félögin A, og B, út tvö skuldabréf að höfuðstólsfjárhæð 16.000.000 kr. Þann 9. janúar 2012 var skilmálabreyting gerð á öðru bréfinu, var vanskilum bætt við höfuðstól og voru þann 1. janúar 2012 eftirstöðvar lánsins 16.713.399 kr. Þá var hinn 26. janúar 2012 gerð skilmálabreyting á hinu bréfinu og voru þann 1. janúar 2012 eftirstöðvar lánsins 16.760.094 kr.

Gjalddagar skuldabréfanna þann 1. desember 2012 voru ekki greiddir, samkvæmt heimild í skilmálum skuldabréfanna voru skuldabréfin gjaldfelld miðað við þann dag.

Félagið A var úrskurðað gjaldþrota þann 13. mars 2013 og voru skiptalok um hálfu ári síðar. Þá var félagið B úrskurðað gjaldþrota 4. september 2014 og voru skiptalok í lok árs 2014.

Þann 17. september 2013 var samkomulag gert um tímabundna frestun á innheimtu milli varnaraðila og A og B. Þar kom fram að eftirstöðvar skuldabréfs X, er fór í vanskil 1. janúar 2012, hafi þann 6. september 2013 numið 17.530.647 kr. Að auki sagði þar að skuldabréf Y, sem fór í vanskil 1. janúar 2012, hafi þann 6. september 2013 numið 17.467.605 kr.

Varnaraðili þingfesti þann 13. nóvember 2014 mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur sóknaraðila. Krafist var að stefndu yrði gert að þola að fjárnám yrði gert í fasteignum þeirra samkvæmt nánar tilgreindum tryggingarbréfum fyrir kröfum samkvæmt fyrrgreindum skuldabréfum. Annars vegar að fjárhæð 15.722.208 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. janúar 2012 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum að

upphæð 1.433.046 kr., og hinsvegar að fjárhæð 15.784.231 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. janúar 2012 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum að upphæð samtals 1.428.455 kr. Skilaði lögmaður sóknaraðila greinargerð í málinu en óskaði strax í kjölfarið eftir samningum við varnaraðila vegna málsins. Þann 4. mars 2015 var lögmanni sóknaraðila send staða málanna, var skuldabréf X þá í 19.552.887 kr. og skuldabréf Y í 20.206.186 kr.

Þann 10. apríl 2015 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila upplýsingar um að varnaraðili samþykkti að gegn greiðslu að fjárhæð 3.600.000 kr., auk kostnaðar að fjárhæð 400.000 kr., yrði útbúið nýtt lán fyrir skuldum A og B og skulda C en skuldir hans voru einnig tryggðar með tryggingarbréfi í eignum M. Af hálfu varnaraðila kom fram að dómsmálið yrði ekki fellt niður fyrr en búið væri að undirrita ný skjöl né væri farið í að undirbúa skjölin fyrr en greiðsla að fjárhæð 4.000.000 kr. hefði borist, en hún barst varnaraðila 13. maí 2015. Óskaði lögmaður sóknaraðila eftir kvittun vegna greiðslunnar en þau mistök urðu að staða skuldarinnar samkvæmt kvittuninni miðaði við ógjaldfellda stöðu skuldarinnar í stað gjaldfelldrar.

Ný lánaskjöl voru útbúin í ágúst 2015. Þann 12. nóvember 2015 ítrekaði varnaraðili ósk sína um að skjölin væru undirrituð. Óskaði sóknaraðili þá eftir uppreiknaðri stöðu lánanna og sagði varnaraðili þann 12. nóvember 2015 hana vera 19.205.996 kr. vegna skuldabréfs X annars vegar og hins vegar 19.269.160 kr. vegna skuldabréfs Y. Að auki kom fram að endanleg staða lánanna miðaðist þó ávallt við þá dagsetningu er nýju skuldabréfin kæmu úr þinglýsingu og andvirði nýju lánanna ráðstafað inná skuldabréfin.

Þann 27. nóvember 2015 var uppgreiðslusamningur milli málsaðila undirritaður og var þar áætlað uppgreiðsluverð beggja skuldabréfa, auk skuldar C, tilgreint 37.653.319 kr. Miðaði sú staða við stöðu skuldabréfanna þann 21. ágúst 2015, er ný lánskjöl voru útbúin.

Þann 8. janúar 2016 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila kvittanir fyrir uppgreiðslu eldri skuldabréfanna og kom þar fram að greiddar hafi verið 19.122.758 kr. vegna skuldabréfs X og 19.189.578 kr. vegna skuldabréfs Y. Voru kvittanirnar mótteknar af hálfu sóknaraðila athugasemdalaust og í kjölfarið var dómsmálið fellt niður án kostnaðar.

III.
Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að uppgreiðsluverðmæti lána hjá varnaraðila verði endurskoðað og lagfært til samræmis við þá stöðu er varnaraðili gaf upp þann 13. maí 2015. Hafi staða lánanna samkvæmt kvittun numið samtals 16.901.747 kr. vegna skuldabréfs Y, þ.e. gjaldfallin skuld að fjárhæð 5.812.780 kr. og ógjaldfallin að fjárhæð 11.088.967 kr., og samtals 16.836.993 kr. vegna skuldabréfs X þ.e. gjaldfallin skuld að fjárhæð 5.855.400 kr. og ógjaldfallin að fjárhæð 10.981.593 kr., sbr. kvittun. Til að greiða framangreind lán voru tekin ný lán er hljóðuðu upp á 19.800.000 kr. Var uppgreiðsla á láni X samkvæmt greiðslukvittun 19.122.758 kr. og á láni Y samkvæmt kvittun 19.189.578 kr.

Krefst sóknaraðili þess að mismunurinn á uppgefnum fjárhæðum samkvæmt kvittunum þann 13. maí 2015 og uppgreiðslukvittunum þann 23. desember 2015, samtals að fjárhæð 2.287.832 kr. vegna hvors láns að frádregnum vöxtum frá 12. maí 2015 til 23. desember, verði greiddur inn á nýju lánin.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hafi synjað að lánsfjárhæðin verði lækkuð til samræmis við fyrirheit varnaraðila þar um. Segir sóknaraðili forsvarsmenn félaganna A og B hafa farið á fund lögfræðings varnaraðila í maí 2014 og gert

samkomulag varðandi greiðslu lánanna en ekki hafi tekist að standa við þá samninga. Í byrjun árs 2015 hafi lögmaður sóknaraðila svo hafið samningaviðræður við varnaraðila vegna skuldanna. Hafi á endanum samist um að greiddir yrðu 6 gjalddagar af hvoru láni og eftirstöðvum af vanskilum og höfuðstól breytt í ný lán þar sem sóknaraðilar yrðu greiðendur. Hafi skjölin verið tilbúin í lok árs 2015 og þau þá hljóðað upp á samtals 19.800.000 kr., en uppgefin staða þeirra í maí sama ár hafi hins vegar verið um 16.900.000 kr. Sóknaraðili segir að ítrekaðar athugasemdir hafi verið gerðar við fjárhæðina af hennar hálfu og óskað eftir réttri stöðu á lánunum áður en kæmi til undirritunar lánaskjalanna. Hafi þau svör fengist að mismuninum yrði ráðstafað inn á höfuðstólinn eftir undirritun skjalanna og komi það m.a. fram í tölvupósti frá starfsmanni varnaraðila þann 18. nóvember 2015.

Þá segir sóknaraðili varnaraðila hafa þrýst á undirritun þar sem frágangur yrði að klárast fyrir áramótin 2015/2016, hafi skjölin því verið undirrituð þann 23. desember 2015. Lánin hafi frá þeim tíma staðið í 19.800.000 kr. og hafi sú fjárhæð ekki verið lækkuð þrátt fyrir fyrirheit þar um. Að sögn sóknaraðila hafi á fundi fyrirsvarsmanna og lögfræðings varnaraðila verið bent á að lánsfjárhæðin væri þannig til komin að lánin hefðu verið gjaldfelld í desember 2012, hefði varnaraðili því reiknað dráttarvexti frá þeim tíma. Segir sóknaraðili þetta hafa verið í fyrsta sinn sem varnaraðili gæfi þessar skýringar. Forsvarsmenn félaganna hafi ítrekað reynt að fá uppgefna stöðu lánanna áður en skjölin voru undirrituð. Ekki hafi verið orðið við þeim beiðnum og telur sóknaraðili ljóst að ekki hefði komið til undirritunar hefði hún vitað að staða lánanna væri 19.800.000 kr.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili staðhæfingum varnaraðila að kröfur sóknaraðila byggi helst á því að varnaraðili hafi gefið fyrirheit um lækkun lánsfjárhæða. Segist sóknaraðili einfaldlega krefjast að uppgreiðsluverðmæti lánanna verði endurskoðað og lagfært til samræmis við þá stöðu er varnaraðili hafi gefið upp þann 13. maí 2015 og málsgögn beri með sér. Byggi því kröfur sóknaraðila ekki á fyrirheiti varnaraðila um lækkun lánsfjárhæða heldur á því að lánsfjárhæð á nýju láni sé leiðrétt til samræmis við upplýsingar sem gefnar voru af hálfu varnaraðila og lántaka sóknaraðila grundvallaðist á. Vísar sóknaraðili í því sambandi til þess að í uppgreiðslusamningi dagsettum 27. nóvember 2015 hafi verið gert ráð fyrir að eftirstöðvum væri ráðstafað inn á höfuðstól nýja lánsins, sbr. einnig tölvupóst frá varnaraðila dags. 12. nóvember 2015.

Þá bendir sóknaraðili á að hún hafi ítrekað fengið tölulegar upplýsingar frá varnaraðila sem séu í samræmi við kröfur hennar og voru forsenda fyrir lántökunni og vísar þar til kvittana auk tölvupóstssamskipta við varnaraðila.

Að lokum telur sóknaraðili að varnaraðili verði að bera hallann af þeim mistökum sem áttu sér stað við útgáfu kvittunar dags. 13. maí 2015. Hafi sóknaraðili ávallt staðið í þeirri trú að þær fjárhæðir sem þar komu fram væru réttar sem og voru þær forsenda fyrir lántöku hennar. Einnig hafi varnaraðili þrýst á sóknaraðila að undirrita skjöl vegna vinnslu lánsins en samkvæmt tölvupósti varnaraðila hafi varnaraðili íhugað að hverfa frá samkomulagi og halda áfram innheimtuaðgerðum myndi málið dragast enn frekar.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar því að staða láns hafi verið um 16.900.000 kr. þann 13. maí 2015 enda stemmi sú fjárhæð ekki við aðrar stöður, en staða lánanna hafi margítrekað verið gefin upp sem og að uppgreiðslusamningur hafi verið undirritaður. Þá mótmælir

varnaraðili þeirri fullyrðingu sóknaraðila að staða lánanna hafi ekki verið uppgefin áður en sóknaraðili undirritaði ný lánaskjöl og fái slík fullyrðing ekki staðist. Þvert á móti hafi varnaraðili gefið upp stöðuna þann 12. nóvember 2015 og sent lögmanni sóknaraðila en engar athugasemdir hafi verið gerðar.

Varnaraðili hafnar því að þrýst hafi verið á sóknaraðila að undirrita ný lánaskjöl. Ítreka varnaraðilar að sóknaraðili hafi notið aðstoðar lögmanns við málið bæði við samningagerð og frágang málsins. Segir varnaraðili aldrei hafa verið rætt um neina afslætti eða lækkanir lánanna heldur einungis skuldaraskipti og endurfjármögnun.

Segir varnaraðili svo virðast sem sóknaraðili byggi kröfur sínar um lækkun lánsfjárhæða á því að varnaraðili hafi gefið fyrirheit þar um. Engin gögn styðji fullyrðingar sóknaraðila en hann hafi notið aðstoðar lögmanns í málinu, telji varnaraðili því að hafna beri kröfum sóknaraðila. Ítrekað hafi komið fram af hálfu varnaraðila að kröfurnar yrðu gjaldfelldar og voru rekin dómsmál um þær fyrir héraðsdómi. Þá hafi sóknaraðili fengið sendar stöðu lánanna áður en skrifað var undir ný skuldabréf en engar athugasemdir né nokkrir fyrirvarar hafi verið gerðir við undirritun lánanna.

Telur varnaraðili sóknaraðila bera sönnunarbyrði fyrir því að loforð hafi verið gefið af hálfu varnaraðila fyrir því að við uppgreiðslu lánanna skyldi miða við ógjaldfellda stöðu. Telur varnaraðili þá sönnun ekki hafa tekist. Segir varnaraðili að þrátt fyrir mistök við gerð kvittunar dags. 13. maí 2015 hafi sóknaraðila mátt vera ljóst að staða skuldarinnar væri hærri enda hafi margoft komið fram í samskiptum aðila að lánið væri gjaldfellt. Vísar varnaraðili í því sambandi til fjölmargra gagna málsins s.s. greiðsluáskorana, tölvupósta og kvittana.

Þá bendir varnaraðili sérstaklega á að samkvæmt uppgreiðslusamningi sé staða skuldanna tilgreind 37.653.319 kr. en sóknaraðili hafi undirritað samninginn athugasemdalaust.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að uppgreiðsluverðmæti lána sem sóknaraðili var með hjá varnaraðila. Sóknaraðili fer fram á að uppgreiðsluverðmæti lána hennar hjá varnaraðila verði lagfært og krefst þess að mismunur á uppgefnum fjárhæðum milli uppgreiðslukvittana þann 13. maí 2015 og 23. desember 2015, að frádregnum vöxtum frá 12. maí 2015 til 23. desember 2015, verði greiddur inn á nýju lánin.

Sóknaraðili kvartar yfir synjun varnaraðila um lækkun lánsfjárhæðar til samræmis við fyrirheit þar um. Vísar sóknaraðili til þess hún hafi ítrekað fengið tölulegar upplýsingar frá varnaraðila sem séu í samræmi við kröfur hennar en varnaraðili verði að bera hallann af þeim mistökum er gerð voru við útgáfu kvittunar dags. 13. maí 2015.

Ljóst er að sóknaraðili undirritaði uppgreiðslusamning vegna lánanna þann 27. nóvember 2015 án athugasemda eða fyrirvara, en telja verður að áætlað uppgreiðsluverð komi skýrt fram á samningnum. Þrátt fyrir að mistök hafi átt sér stað við útgáfu kvittunar þann 13. maí 2015 telur nefndin að sóknaraðila hafi mátt að vera ljóst hver staða skuldarinnar var, svo sem sjá mátti af öðrum gögnum og samskiptum málsaðila, s.s. tölvupóstum og kvittunum, en sóknaraðili naut aðstoðar lögmanns bæði við samningsgerð og frágang málsins. Einnig telur nefndin að sóknaraðila hafi ekki getað dulist að kröfurnar yrðu gjaldfelldar þegar kveðinn var upp úrskurður um gjaldþrot útgefanda.

Að mati nefndarinnar hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að varnaraðili hafi veitt samþykki eða loforð fyrir því að miðað yrði við ógjaldfellda stöðu lánanna, en sóknaraðili hafi með undirritun sinni skuldbundið sig til uppgreiðslu skulda samkvæmt

skilmálum samningsins. Að öllu virtu telur nefndin því að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. apríl 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2018, föstudaginn 13. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur E. Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 38/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni þann 14. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með bréfi frá nefndinni dags. 14. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 18. september 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 25. september 2017 og viðbótargögn þann 3. október 2017 og 22. janúar 2018. Viðbótarathugasemdir bárust frá sóknaraðila þann 6. febrúar 2018. Viðbótarathugasemdir bárust frá varnaraðila þann 7. febrúar 2018.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. mars og 6. og 13. apríl 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 27. október 2004 tók sóknaraðili lán hjá FF og gaf út skuldabréf X að fjárhæð 9.000.000 kr. Lánið var verðtryggt og tryggt með veði í fasteigninni A. Þann 14. janúar 2005 tók sóknaraðili lán ásamt eiginmanni sínum með útgáfu skuldabréfs Y að fjárhæð 4.000.000 kr. Sóknaraðili og eiginmaður hennar tóku síðan annað lán þann 28. september 2007 með útgáfu skuldabréfs Z að fjárhæð 8.500.000 kr. Bæði síðarnefndu skuldabréfin voru verðtryggð ásamt því að vera tryggð með veði í fasteigninni A. Bréfin voru framseld varnaraðila þann 21. október 2008. Skuldabréfin féllu í vanskil þann 1. ágúst og 1. september 2014. Þann 17. mars 2015 voru þau skráð í lögfræðiinnheimtu hjá varnaraðila. Varnaraðili fór fram á nauðungarsölu á fasteigninni A 11 þann 30. október 2015, 28. desember 2015, 21. nóvember 2016, 13. febrúar 2017 og 12. maí 2017 en í hvert sinn voru beiðnirnar afturkallaðar.

Þann 8. júní 2016 stóðu skuldir samkvæmt ofangreindum skuldabréfum sóknaraðila samtals í 47.183.724 kr. Þann 5. júní 2017 samþykkti sóknaraðili tilboð í fasteignina A upp á 46.900.000 kr. og samþykkti þá einnig að aflýsa öllum veðum af fasteigninni. Í kjölfarið lagði varnaraðili fram tillögu um fullnaðaruppgjör allra ofangreindra skuldabréfa með einni heildargreiðslu að fjárhæð 40.850.000 kr. Lögmaður sóknaraðila sagði hana samþykka þessu tilboði en sóknaraðili neitaði þó að rita undir samkomulagið. Þann 9. ágúst 2017 skrifaði sóknaraðili undir umboð og

yfirlýsingu þess efnis að fasteignarsalanum var veitt umboð til að taka við greiðslu kaupverðs fasteignarinnar A og ráðstafa þeirri fjárhæð m.a. til F. til greiðslu 40.850.000 kr. Eftir sölu fasteignarinnar og tilheyrandi uppgjör stóðu eftir 40.081 kr. af skuldabréfi Y og vildi varnaraðili samkvæmt tölvupósti til sóknaraðila dagsettum 22. janúar 2018, ganga til samkomulags við sóknaraðila um niðurfellingu þeirra eftirstöðva.

Þann 7. febrúar 2018 barst Úrskurðarnefndinni bréf frá varnaraðila þar sem fram kom að allar skuldir sóknaraðila væru greiddar og að varnaraðili hafi aflétt veðrétti sínum á eigninni A.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst *„ómerkingu allra lána sem eru með veði í A. Svo og alls kostnaðar sem komið hefur á lánin frá 2004 til dagsins í dag.“* Sóknaraðili krefst einnig skaðabóta að fjárhæð 59.900.000 kr. ásamt endurgreiðslu á öllum þeim fjármunum sem sóknaraðili hefur innt af hendi í tengslum við greiðslu af lánum til varnaraðila, þar með talið verðbætur, vexti og dráttarvexti, frá fyrsta lántökudegi til dagsins í dag. Sóknaraðili krefst að lokum *„ógildingu kauptilboðs á A og að bankinn taki á sig allan kostnað varðandi það mál.“* Í viðbótarathugasemdum sem bárust nefndinni þann 6. febrúar 2018 gerði sóknaraðili breytingar á kröfugerð sinni og krefst nú endurgreiðslu á öllum þeim greiðslum sem hún hefur innt af hendi til varnaraðila og forvera varnaraðila sem tengjast lántöku hennar, allt frá árinu 2004. Sóknaraðili krefst þá einnig skaða- eða miskabóta *„sem nema allavega 10 árslaunum mínum miðað við 600.000 kr. pr. mán. í dag“*. Að lokum krefst sóknaraðili *„uppreisn æru sinnar og nafn sitt strokað burt af öllum vanskilaskrám“*.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili og forveri varnaraðila hafi sýnt af sér vítaverða háttsemi í samskiptum og viðskiptum við sóknaraðila allt frá árinu 2004. Telur sóknaraðili sig hafa orðið fyrir ósanngjarni og lítilsvirðandi meðferð af hálfu varnaraðila og vísar sóknaraðili í því sambandi til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Vísar sóknaraðili einnig til þess að henni hafi verið illa ráðlagt af starfsmönnum forvera varnaraðila þegar hún tók lán með veð í fasteign sinni til að hefja atvinnurekstur. Þá telur sóknaraðili að samningar við bankann hafa tekið of langan tíma. Í því samhengi vísar sóknaraðili til 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem fram kemur að ef atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

Sóknaraðili vísar til þess að fimm sinnum hafi henni verið tilkynnt um nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði sínu en í hvert sinn hafi varnaraðili afturkallað beiðnirnar á þeim grundvelli að vera í samningsviðræðum við sóknaraðila. Sóknaraðili telur þessa háttsemi hafa skapað henni tjón og vísar hún í því samhengi til laga nr. 95/2008, laga nr. 57/2005, laga nr. 56/2007, laga nr. 62/1994 og laga nr. 10/1979. Sóknaraðili vísar þá til þess að hún hafi ekki fengið afhent skjöl úr höndum varnaraðila þrátt fyrir að hafa óskað eftir þeim.

Að lokum vísar sóknaraðili til þess að hún hafi ekki hlotið niðurfellingu skulda í kjölfar hrunsins eins og margir aðrir einstaklingar. Telur sóknaraðili þetta vera ólögmæta mismunun af hálfu varnaraðila. Jafnframt telur sóknaraðili alla ofangreinda háttsemi varnaraðila vera andstæða góðum viðskiptaháttum.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Varnaraðili krefst þess jafnframt að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í fyrsta lagi byggir varnaraðili kröfu sína á því að málinu ber að vísa frá nefndinni þar sem skilyrði 5. gr. samþykkta nefndarinnar um að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns sé ekki fullnægt. Vísar varnaraðili til þess að þegar hafi verið gerður kaupsamningur um sölu á veðsettu eigninni og hafi aðilar í kjölfarið verið í samskiptum um uppgjör krafnanna. Telur varnaraðili því hinu upprunalegu kvörtun til nefndarinnar ekki uppfylla 5. gr. ofangreindra samþykkta. Í viðbótarathugasemdum frá varnaraðila sem bárust nefndinni 7. febrúar 2018 tekur varnaraðili fram að kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi verið greiddar og því sé samningssambandi aðila lokið. Að því virtu telur varnaraðili að vísa eigi málinu frá á grundvelli a-liðar 3. gr. samþykkta nefndarinnar.

Í öðru lagi byggir varnaraðili kröfu sína á e-lið 6. gr. samþykkta nefndarinnar og vísar til þess að kröfugerð sóknaraðila sé svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili málið, eins og það er sett fram af sóknaraðila, í heild sinni vera svo óljóst og illa upplýst að varnaraðila sé ómögulegt að koma upp vörnum í málinu.

Að lokum vísar varnaraðili til þess að kröfur hans á hendur sóknaraðila séu réttmætar og að farið hafi verið að gildandi lögum og réttarreglum við meðferð málsins að öllu leiti. Varnaraðili telur þá einnig að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að nein skilyrði séu fyrir hendi til að knýja varnaraðila til að greiða sóknaraðila skaðabætur eða endurgreiðslur af nokkru tagi.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi skuldabréfs nr. 371812029 dagsettu 27. október 2004, skuldabréfs Y dagsettu 14. janúar 2005 og skuldabréfi Z dagsettu 28. september 2007. Jafnframt lýtur ágreiningur aðila að því hvort háttsemi varnaraðila hafi bakað sóknaraðila tjóni. Sóknaraðili krefst í fyrsta lagi endurgreiðslu á öllum fjármunum sem hún hefur látið af hendi til varnaraðila í tengslum við ofangreind skuldabréf, þ.m.t. verðbætur, vexti og dráttarvexti. Í öðru lagi krefst sóknaraðili skaðabóta úr hendi varnaraðila og í þriðja lagi krefst sóknaraðili uppreisn æru sinnar. Varnaraðili krefst frávísunar, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Starfssvið úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki er afmarkað í e lið 6. gr. samþykkta nefndarinnar, en þar segir að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Að mati nefndarinnar er kröfugerð sóknaraðila það óljós að ekki er unnt að taka hana til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt þeim viðbótargögnum sem nefndinni hefur borist frá aðilum þessa máls er ljóst að sóknaraðili hefur þegar greitt stóran hluta skuldar sinnar við varnaraðila, í kjölfar sölu sóknaraðila á fasteign sinni A. Varnaraðili hefur í kjölfarið fallið frá eftirstöðvum skuldarinnar og lýst því yfir að hann eigi enga útistandandi kröfu á hendur sóknaraðila. Að mati nefndarinnar verður jafnframt ekki með góðu móti séð hver er tölulegur grundvöllur kröfugerðar.

Að þessu virtu er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 13. apríl 2017.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur E. Jóhannesson

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur Emil Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 40/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 14. júlí 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 20. júlí 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 20. október 2017, með bréfi dags. 29. ágúst 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 23. október 2017 og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 27. október 2017.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. apríl og 11. maí 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 9. maí 2011 yfirtóku sóknaraðili og maki hennar íbúðalán samkvæmt skuldabréfi X, sem var í eigu varnaraðila. Upphafleg fjárhæð skuldabréfsins var 12.560.000 kr. og eftirstöðvar við yfirtökuna voru 18.265.362 kr. Yfirtekna skuldabréfið var með uppgreiðslugjaldi sem nam 2% af þeirri fjárhæð sem greidd var fyrir umsaminn gjalddaga.

Þann 1. júlí 2009 afnam varnaraðili uppgreiðslugjöld á íbúðarlánum til óákveðins tíma til að koma til móts við viðskiptavini sína sem vildu greiða húsnæðisskuldir sínar hraðar niður. Þann 20. desember 2012 birti varnaraðili frétt um að ofangreind undanþága frá uppgreiðslugjaldaákvæði lánasamninga myndi renna út um áramótin 2013. Sambærileg tilkynning var send til viðskiptavina varnaraðila í gegnum netbanka þeirra þann 1. febrúar 2013 en þar kom fram að ofangreind undanþága myndi renna út 15. febrúar 2013. Þann 29. september 2016 sendi maki sóknaraðila fyrirspurn til varnaraðila og spurðist fyrir um hvers vegna íbúðarlán þeirra væri með uppgreiðslugjaldi. Í kjölfar þess komu til tölvupóstsamskipti milli aðila þessa máls þar sem ekki var komist að sáttum.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fellt verði niður uppgreiðslugjald á láni frá varnaraðila samkvæmt skuldabréfi X.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi sent frá sér tilkynningu í júní 2009, þess efnis að uppgreiðslugjöld íbúðarlána yrðu felld niður til óákveðins tíma, frá og með 1. júlí sama ár. Sóknaraðili yfirtók íbúðarlán skv. skuldabréfi X þann 9. maí 2011. Vísar sóknaraðili til þess að hún hafi staðið í þeirri trú við yfirtöku lánsins að uppgreiðslugjaldið samkvæmt hinu yfirtekna skuldabréfi hafi verið fellt niður. Tekur sóknaraðili þá fram að hún hafi ekki verið viðskiptavinur varnaraðila þegar ofangreind tilkynning var gefin út og hafi hún því ekki verið þess vör að um tímabundna ráðstöfun hafi verið að ræða. Að auki vísar sóknaraðili til þess að henni hafi ekki verið tjáð af hálfu varnaraðila að um tímabundna ráðstöfun hafi verið að ræða fyrr en opinber tilkynning barst frá varnaraðila í desember 2012, þess efnis að uppgreiðslugjöldin yrðu tekin upp á ný gagnvart þeim lánasamningum sem innihéldu slík ákvæði. Telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið skylda til að upplýsa sig við yfirtöku lánasamningsins að niðurfellingin á uppgreiðslugjöldum væri einungis tímabundin.

Vísar sóknaraðili að lokum til þess að varnaraðili hafi brugðist tilkynningarskyldu sinni þar sem henni hafi ekki, í samskiptum sínum við fulltrúa varnaraðila, verið kynntur sá kostur að bera ágreiningsefni sitt undir nefnd þessa.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að á skuldaskiptaskjalinu sem sóknaraðili undirritaði þann 9. maí 2011 hafi komið fram að hinn nýi skuldari *„lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér eftirstöðvar skuldarinnar, öll ákvæði skuldabréfsins/veðskuldabréfsins og að hann undirgangist allar skuldbindingar samkvæmt því“.* Þá vísar varnaraðili til þess að í hinu yfirtekna skuldabréfi hafi komið skýrt fram að það væri með uppgreiðslugjaldi og að sóknaraðila hafi verið sú staðreynd ljós við undirritun skuldaskiptaskjalsins, enda hafi þar komið fram að efni skuldabréfsins héldist óbreytt fyrir utan breytingu á skuldara. Hvað þetta efni varðar leggur varnaraðili áherslu á þá meginreglu samningaréttar að skýra beri samninga eftir orðanna hljóðan. Varnaraðili telur sóknaraðila verða að bera hallann af því að hafa ekki kynnt sér með fullnægjandi hætti ítarlega skilmála skuldaskiptaskjalsins eða umrædda tilkynningu um tímabundna niðurfellingu uppgreiðslugjalda. Vísar varnaraðili einnig til þess að sóknaraðili hafi fengið skilaboð send í netbanka sinn þann 1. febrúar 2013 þar sem tekið var fram að umrædd undanþága frá uppgreiðsluákvæðum í lánasamningum myndi renna út þann 15. febrúar sama ár. Telur varnaraðila því sóknaraðila ekki hafa getað dulist að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða.

Hvað varðar málsástæðu sóknaraðila um að varnaraðili hafi brugðist tilkynningarskyldu sinni vísar varnaraðili til þess að í 18. kafla almennra viðskiptaskilmála varnaraðila, sem aðgengilegir eru á heimasíðu hans, sé að finna upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina gagnvart varnaraðila. Í kafla nr. 18.3 þeirra skilmála sé sérstaklega tekið fram að viðskiptavinir geti skotið ágreiningi sínum við varnaraðila til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Varnaraðili hafnar því þeirri málsástæðu sóknaraðila að hann hafi ekki fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að skuldbindingargildi uppgreiðslugjaldsákvæðis í lánasamningi sem yfirtekinn var af sóknaraðila við kaup á fasteign árið 2011. Sóknaraðili telur að fella ætti niður uppgreiðslugjald af skuldabréfinu þar sem hún hafi verið í þeirri trú við yfirtöku þess að umrætt ákvæði bréfsins væri ekki lengur í gildi.

Varnaraðili heldur því hins vegar fram að í öllum tilkynningum frá varnaraðila um umrædda niðurfellingu uppgreiðslugjalds hafi skýrlega komið fram að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Þar að auki vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili samþykkti skriflega yfirtöku skuldabréfs en í því hafi skýrlega komið fram að það innihéldi uppgreiðslugjald.

Heimild til töku gjalds vegna umframgreiðslu eða uppgreiðslu láns á rætur að rekja til áhættustýringar sem fjármálafyrirtækjum ber að viðhafa á lánasafni sínu á hverjum tíma. Gjaldið er hugsað til þessa að mæta endurfjármögnunaráhættu lánveitenda þegar vaxtastig breytist frá því viðkomandi lán var veitt. Kveðið er á um uppgreiðslugjöld í 18. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán en við upphaf samningssambands aðila þessa máls voru í gildi samnefnd lög nr. 121/1994. Samkvæmt þeim lögum var heimilt að kveða á um uppgreiðslugjald í lánasamningum og var ekki kveðið á um hvert hámark slíks gjalds gæti verið. Varnaraðila var því heimilt að kveða á um slíkt gjald í umræddu skuldabréfi og þær takmarkanir þar að lútandi sem settar voru í ný lög um neytendalán 2013 eru ekki afturvirkar. Hvað varðar málsástæðu sóknaraðila um að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að ráðstöfun varnaraðila um að fella niður uppgreiðslugjöld á lánum sínum væri einungis tímabundin verður að líta til þess að varnaraðili hafi ávallt gert skilmerkilega grein fyrir því í öllum tilkynningum sínum varðandi þetta efni að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Verður því ekki fallist á að sóknaraðili hafi haft réttmætar væntingar til þess að uppgreiðslugjald væri niður fallið. Af þeim sökum þykir ekki rétt að fella niður uppgreiðslugjald lánsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 11. maí 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Þorvaldur Emil Jóhannesson

Ár 2018, föstudaginn 22. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 41/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. ágúst 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 15. ágúst 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 19. september 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 28. desember 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. maí og 22. júní 2018.

II.
Málsatvik.

Hinn 21. maí 2007 gerðu A ehf, lánasamning til bílakaupa við forvera varnaraðila með bílasamningi X. Forveri varnaraðila lánaði A ehf. 1.167.692 kr. til kaupa á bifreið og nam lánsupphæðin tæplega 83% kaupverðs bifreiðarinnar auk stofnkostnaðar. Samningurinn kvað á um að lánsfjárhæðina skyldi endurgreiða með 84 mánaðarlegum afborgunum, fyrst 1. ágúst 2007, og var samningurinn sagður vera 100% gengistryggður.

Þann 25. ágúst 2008 yfirtók sóknaraðili réttindi og skyldur A ehf. skv. bílasamningi X og tók við umráðum yfir bifreiðinni. Staða samningsins við yfirtökuna var 1.435.213 kr.

Hinn 7. maí 2009 voru A ehf. úrskurðaðar gjaldþrota og lýsti varnaraðili kröfum í búið. Skiptum lauk 17. ágúst 2010 án þess að eignir fyndust í búinu og var félagið í kjölfarið afskráð.

Þann 16. júní 2010 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 92/2010 sem kvað á um að samningar í íslenskum krónum sem bundnir eru við gengi erlendra gjaldmiðla færu í bága við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Því væru ákvæði lánasamninga um gengistryggingu ólögleg og óskuldbindandi. Í kjölfar þess dóms og annarra samhljóða dóma sem féllu sama ár, var bílasamningur X endurreiknaður hinn 18. mars 2011. Eftir endurútreikning umrædds lánasamnings í samræmi við seðlabankavexti voru sóknaraðila endurgreiddar 118.030 kr.

Þann 13. apríl 2011 óskaði sóknaraðili eftir því við fyrrverandi skiptastjóra þb. A ehf. að staðfest yrði heimild forvera varnaraðila til að ráðstafa inneign, sem skapast

hafði við endurútreikning lánsins og hefði átt að renna til hins afskráða félags, til lækkunar á eftirstöðvum lánssamnings X.

Hinn 8. júní 2011 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna forvera varnaraðila við varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félögin sameinuðust þann 6. október 2011.

Þann 12. febrúar 2012 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 600/2011 þar sem fram kom að við endurútreikning gengistryggðra lána ætti ekki að miða við seðlabankavexti ef skuldari hefði greiðslukvittun eða fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta í liðinni tíð. Þessi niðurstaða var staðfest í dómum Hæstaréttar í málum nr. 464/2012 og 50/2013.

Eftir 1. mars 2012 greiddi sóknaraðili ekki fleiri afborganir af láni X.

Þann 1. desember 2013 sendi varnaraðili bréf til sóknaraðila þar sem fram kom að varnaraðili hafi endurútreiknað lánið aftur í samræmi við nýfallna dóma Hæstaréttar. Endurútreikningurinn var miðaður við tímabilið frá því að sóknaraðili tók yfir samninginn, hinn 25. ágúst 2008, fram að 1. júní 2010 þegar nýr höfuðstóll er reiknaður miðað við efni fullnaðarkvittana. Einnig voru leiðréttar eftirstöðvar lánasamningsins vegna greiðslna frá endurútreikningsdegi þar sem það átti við. Samkvæmt útreikningum varnaraðila voru eftirstöðvar samningsins 773.083 kr. eftir leiðréttingu.

Þann 7. febrúar 2014 sendi sóknaraðili bréf til varnaraðila þar sem gerðar voru athugasemdir við endurútreikning varnaraðila á láninu en sóknaraðili hélt því fram að taka ætti tillit til afborgana A ehf. samkvæmt fullnaðarkvittunum fram til 25. ágúst 2008. Með bréfi dags. 24. febrúar 2014 hafnaði varnaraðili kröfum sóknaraðila með vísan til 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, þar sem varnaraðili taldi A ehf. vera réttan eiganda inneignarinnar sem kom til vegna endurútreiknings lánsins fyrir tímabilið fyrir 25. ágúst 2008.

Þann 13. maí 2014 sendi Lögheimtan hf. bréf, fyrir hönd varnaraðila, þar sem kom fram að varnaraðili hefði rift umræddum lánasamningi og skoraði var á sóknaraðila að greiða eftirstöðvar samningsins, auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, alls 933.201 kr.

Þann 24. júlí 2014 sendi fyrrverandi skiptastjóri þb. A ehf. bréf til varnaraðila þar sem hann óskaði eftir því að mögulegri inneign félagsins yrði ráðstafað til lækkunar á núverandi eftirstöðvum samningsins. Hann tók þá einnig fram að yrði inneignin hærri en næmi þáverandi eftirstöðvum lánsins óskaði hann eftir því að mismunurinn yrði greiddur sóknaraðila, ásamt vöxtum.

Með bréfi dags. 28. júlí 2014 krafðist sóknaraðili þess að inneign A ehf. að fjárhæð 453.073 kr. ásamt vöxtum, samkvæmt útreikningum sóknaraðila, yrði greidd sóknaraðila eða ráðstafað til lækkunar á eftirstöðvum umrædds lánasamnings.

Þann 8. september 2014 sendi varnaraðili aðfararbeiðni til héraðsdóms Reykjavíkur og krafðist þess að bifreiðin yrði tekin úr vörslum sóknaraðila með beinni aðfaragerð. Með úrskurði héraðsdóms þann 25. júní 2015 í máli nr. A-654/2014 var kröfu varnaraðila hafnað með vísan til þess að gögn sem varnaraðili lagði fram til stuðnings á kröfu sinni á hendur sóknaraðila væru ekki nægilega skýr. Úrskurður héraðsdóms í þessu máli var síðan staðfestur af Hæstarétti í máli nr. 480/2015.

Hinn 9. ágúst 2017 hafnaði varnaraðili tilboði sóknaraðila um að ljúka máli þessu með samkomulagi og bar því sóknaraðili kvörtun sína undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 15. ágúst 2017.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að greiða sér 453.073 kr. ásamt vöxtum skv. 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af 453.073 kr. frá 25. ágúst 2008 til 1. desember 2013 og dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. ofangreindra laga af 453.073 kr. frá 1. desember til greiðsludags, auk vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga.

Til vara krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að fjárhæð eftirstöðva lánasamnings X hafi verið 212.967 kr. hinn 1. desember 2013.

Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili þess jafnframt að viðurkennt verði að varnaraðila sé óheimilt að krefjast dráttarvaxta af eftirstöðvum lánasamnings X frá 1. desember 2013.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt samningi við A ehf. um kaup á bifreiðinni hafi sóknaraðili yfirtekið allar skyldur og öll réttindi samkvæmt lánasamningi X. Sóknaraðili telur að meðal þeirra réttinda sem hann yfirtók samkvæmt umræddum samningi séu réttindi til leiðréttingar eftirstöðva samningsins miðað við afborganir samkvæmt fullnaðarkvittunum. Sóknaraðili vísar þá til þess að ekki var samið um annað endurgjald fyrir bifreiðina og ákvarðist kaupverð hennar því alfarið af eftirstöðvum lánasamningsins. Þar sem eftirstöðvar lánasamningsins voru of hátt reiknaðar telur sóknaraðili að kaupverð bifreiðarinnar hafi að sama skapi verið of hátt reiknað og að umrædd leiðrétting á eftirstöðvum samningsins feli einnig í sér leiðréttingu á umsömdu kaupverði bifreiðarinnar.

Sóknaraðili hafnar því að ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu geti haft áhrif á réttindi sín skv. lánasamningi X þar sem að umrætt ákvæði tók gildi með gildistöku breytingarlaga nr. 151/2010 en ljóst er að sóknaraðili yfirtók umræddan lánasamning 25. ágúst 2008. Sóknaraðili telur að beiting þess ákvæðis með íþyngjandi hætti í garð samningsaðila brjóti í bága við almennt bann við afturvirkni laga og feli í sér skerðingu á samningsfrelsi og samningsbundnum réttindum sóknaraðila, sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Sóknaraðili vísar þá einnig til þess að sú leiðrétting sem hann fer fram á byggist ekki á lögum nr. 38/2001, heldur dómafordæmum Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana, þ.á.m. Hrd. 600/2011. En í þeim dómi kom fram að breytingarlögum nr. 151/2010 yrði ekki beitt með afturvirkum og íþyngjandi hætti.

Hvað varðar ráðstöfun fyrrverandi skiptastjóra þb. A ehf. á inneign hins afskráða félags vísar sóknaraðili til þess að skv. meginreglu 124. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé það á valdi skiptastjóra þrotabús að taka ákvarðanir um hvernig eignum og réttindum þrotabúsins verði ráðstafað. Sóknaraðili telur einnig að þar sem hann yfirtók umræddan lánasamning eignaðist hann öll réttindi sem með honum fylgdu. Af þeim sökum myndi krafa sóknaraðila á hendur þrotabúsins, ef þrotabúinu yrði afhent umrædd inneign vegna endurútreiknings, teljast sértökukrafa skv. 109. gr. laga nr. 21/1991 og því njóta forgangs gegn öllum öðrum kröfum í búið. Þar af leiðandi telur sóknaraðili að fyrrverandi skiptastjóri þb. A ehf. hafi starfað í fullu samræmi við skyldur sínar skv. lögum þegar hann óskaði eftir því að möguleg inneign hins slitna félags yrði ráðstafað til lækkunar á eftirstöðvum samnings sóknaraðila við varnaraðila.

Að lokum hafnar sóknaraðili því að krafa varnaraðila á hendur sér á grundvelli umrædds lánasamnings beri vexti á meðan varnaraðili hefur ekki staðið skil á umþrættri inneign vegna leiðréttingar. Vísar sóknaraðili til þess að atvik þessa máls hafi gefið sóknaraðila lögmæta ástæðu til að halda eftir greiðslum, sbr. 7. gr. laga nr. 38/2001.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðili verði hafnað.

Til vara krefst varnaraðili að sóknaraðila sé óheimilt að reikna vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 á aðalkröfu sína.

Aðalkröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili aðallega til dóms Hæstaréttar í máli nr. 113/2012 sem varnaraðili telur vera skýrt fordæmi um úrlausn þess réttarágreinings sem hér um ræðir.

Hvað varðar bréf fyrrverandi skiptastjóra þb. A ehf., dags. 24. júlí 2014, þá telur varnaraðili að sóknaraðili geti ekki byggt rétt sinn á slíku bréfi þar sem tæp fjögur ár höfðu liðið frá skiptalokum og afskráningu félagsins. Í því sambandi vísar varnaraðili til þess að við skiptalok hafi skiptastjóri lokið fyrirsvari sínu fyrir hönd þrotabúsins og hafi hann því ekki verið bær til að veita yfirlýsingar fyrir hönd hins afskráða félags hinn 24. júlí 2014. Varnaraðili vísar einnig til þess að 124. gr. laga nr. 21/1991 hafi ekki þýðingu í þessu máli þar sem greinin kveður á um stjórn þrotabús þegar það er enn undir skiptum. Varnaraðili vísar þá til þess að 164. gr. framangreindra laga kveði á um með ítarlegum hætti hvernig skuli fara með eign þrotabús sem kemur í ljós eftir skiptalok, en þar kemur fram að skiptastjóra sé skylt að taka skiptin upp á ný og úthluta eigninni í samræmi við XVII. kafla laganna.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til 7. gr. laga nr. 38/2001 til stuðnings kröfu sinni um niðurfellingu dráttarvaxta frá 1. desember 2013. Varnaraðili telur að ekkert hafi verið sóknaraðila til fyrirstöðu í að greiða af láninu í samræmi við umræddan lánasamning og því eigi ákvæðið ekki við.

Varnaraðili mótmælir einnig öllum útreikningum sem sóknaraðili leggur fram og telur þá byggja á röngum og breyttum forsendum.

Varakröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar nr. 544/2014.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort sóknaraðili hafi, við yfirtöku lánasamnings X, yfirtekið rétt A ehf. til endurgreiðslu vegna endurútreiknings lánsins í kjölfar dóma Hæstaréttar sem kváðu á um ólögmæti gengistrygginga að því er varðar greiðslur er A ehf. höfðu innt af hendi fyrir skuldskeytinguna. Ágreiningslaust er að sóknaraðili fékk endurgreiðslu frá varnaraðila á grundvelli endurútreiknings á þeim greiðslum er sóknaraðili hafði innt af hendi frá þeim degi er hann yfirtók lánið. Þá er samkvæmt gögnum málsins ljóst að skiptum var lokið á A ehf. hinn 17. ágúst 2010 og félagið afskráð og skiptin höfðu ekki verið tekin upp á ný sbr. ákvæði 164. gr. laga nr. 21/2991 um gjaldþrotaskipti og fellst nefndin því á það með varnaraðila að fyrrum skiptastjóri búsins hafi ekki verið bær til að veita yfirlýsingar um ráðstöfun eigna hins afskráða félags, nema að skilyrði 164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti varðandi endurupptöku skipta og úthlutun séu fyrir hendi og eign búsins ráðstafað á þeim grundvelli.

Að því er varðar aðalkröfu sóknaraðila þá telur nefndin að samkvæmt almennum reglum kröfuréttar hafi A ehf. við skuldskeytinguna verið leystar undan skyldum sínum gagnvart varnaraðila og að sóknaraðili tók um leið tekið yfir þær skuldbindingar. Samningur um yfirtöku skulda hefur almennt ekki önnur réttaráhrif en þau sem aðilar samnings ætluðu honum. Yfirlýsing um skuldskeytingu hefur því ekki fært sóknaraðila kröfur eða réttindi sem A ehf. áttu eða kynnu að eignast á hendur varnaraðila vegna lögskipta þeirra, þ.á.m. rétt A ehf. á grundvelli ofgreiðslna er tengdust ólögmætri gengistryggingu lánsins sem átti sér stað fyrir skuldskeytinguna. Sóknaraðili telst því

ekki hafa verið sviptur fjárhagslegum réttindum sínum á afturvirkan og íþyngjandi hátt með beitingu ákvæða 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010. Vísar nefndin í þessu sambandi til Hæstaréttardóms nr. 113/2012.

Með vísan til framangreinds er kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu vegna greiðslna er inntar voru af hendi fyrir skuldskeytingu hafnað. Þá er varakröfu um niðurfellingu dráttarvaxta vegna vanefnda sóknaraðila á greiðslum á grundvelli samnings aðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er hafnað.

Reykjavík, 22. júní 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 11. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 42/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. ágúst 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 1. september 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 11. september 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 12. september 2017 og henni gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti dags. 21. september 2017 og viðbótar athugasemdir með tölvupósti 13. mars 2018.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. apríl og 11. maí 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 5. október 2004 tók sóknaraðili íbúðalán hjá varnaraðila að fjárhæð 10.000.000 kr. Lánið bar 4,20% fasta vexti og var tryggt með veði í fasteigninni A. Þann 1. febrúar 2013 gerðu aðilar þessa máls samning um sértæka skuldaaðlögun þess efnis að sóknaraðili skyldi greiða varnaraðila 68.812 kr. á mánuði í 3 ár. Allar greiðslur voru inntar af hendi samkvæmt samningi og á tilskildum tíma þar til í nóvember 2015, en varnaraðila barst engin greiðsla í byrjun þess mánaðar né í byrjun desembermánaðar. Þann 23. desember 2016 greiddi sóknaraðili varnaraðila 137.624 kr. sem samsvarar tveim mánaðargreiðslum samkvæmt samningi. Dráttarvextir söfnuðust á skuldina, að fjárhæð 1.895 kr. áður en sóknaraðili greiddi þann 23. desember en varnaraðili hefur fellt niður þá dráttarvexti.

Síðasta greiðsla samkvæmt samningnum um sértæka skuldaaðlögun greiddi sóknaraðili þann 31. desember 2015 og var þeirri fjárhæð ráðstafað inn á samning sóknaraðila þann 4. janúar 2016. Fyrsti gjalddagi lánsins, eftir að framangreindum samningi aðila um sértæka skuldaaðlögun lauk, var 15. febrúar 2016 og reiknuðust samningsvextir af láninu frá 4. janúar 2016.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst útskýringar á því hvort varnaraðili geti *„krafist vaxta áður en samningurinn er útrunninn?“.*

Í viðbótarathugasemdum sem bárust nefndinni þann 21. september 2017 krefst sóknaraðili jafnframt skýringar á því hvers vegna varnaraðili reikni vexti á afborganir lána frá og með 4.janúar 2016 og vísar til þess að greiðsluaðlögun hafi ekki lokið fyrr en 6. febrúar 2016. Þar að auki krefst sóknaraðili í viðbótarathugasemdum, endurgreiðslu á vöxtum sem reiknaðir voru afturvirkt yfir gildandi greiðsluaðlögunartímabil, auk vaxta af þeirri upphæð.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið óheimilt að reikna samningsvexti á skuld sóknaraðila á tímabilinu 4. janúar 2016 til 1. febrúar 2016, þar sem samkvæmt samningi aðila um sértæka greiðsluaðlögun hafi honum átt að ljúka 1. febrúar 2016.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst aðallega frávísunar en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings frávísunarkröfu varnaraðila vísar hann til þess að krafa sóknaraðila, eins og hún sé lögð fram við upphaf þessa máls, verði ekki metin til fjár. Telur varnaraðili því kröfu sóknaraðila ekki samræmast b-lið 6. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar og sé því ekki tæk til úrskurðar. Þar að auki vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óljós og kröfur hennar svo óskýrar að varnaraðila sé ókleift að taka til varna í málinu. Varnaraðili vísar í því sambandi til þess að engar lagatilvísanir eða málsástæður séu lagðar fram til stuðnings kröfu sóknaraðila. Varnaraðili telur að af þeim sökum beri að vísa þessu máli frá nefndinni sbr. e-liður 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

V.
Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Ágreiningur aðila lýtur að kröfu sóknaraðila þess efnis að hún fái útskýringu á því hvers vegna varnaraðili reikni vexti á afborganir lána frá og með 4.janúar 2016 þar sem greiðsluaðlögun hafi ekki lokið fyrr en 6. febrúar 2016. Sóknaraðili krefst jafnframt endurgreiðslu á vöxtum sem reiknaðir voru á tímabilið 4. janúar 2016 til 1. febrúar 2016. Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila svo óskýra og málatilbúnað hennar svo óljósan að vísa beri þessu máli frá nefndinni.

Að mati nefndarinnar er málatilbúnaður sóknaraðila það óskýr og vanreifaður að ekki verður hjá því komist að vísa málinu frá.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 11. maí 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 22. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 43/2017:**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. september 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 21. september 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi 6. október, dags. 29. september 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 13. október 2017, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti, dags. 3. janúar 2018. Með tölvupósti nefndarinnar þann 25. maí 2018 óskaði nefndin frekari upplýsinga af hendi varnaraðila. Svör varnaraðila bárust með tölvupósti, dags. 5. júní 2018.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar dags. 1. júní og 22. júní 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 27. nóvember 2008 gerir A samning, fyrir hönd B ehf., við FF um kaup á lóðinni C. Var umsamið kaupverð 2.000.000 kr. og áttu 500.000 kr. að greiðast með peningum en 1.500.000 kr. með veðskuldabréfi sem hvíla myndi á hinni seldu eign. Var samningurinn undirritaður af þáverandi yfirmanni lögfræðisviðs FF. Eftirfarandi kom einnig fram í hinum umrædda samningi: *„Kvittun fyrir umsaminni innborgun kr. 500.000.- vegna kaupa á lóðinni C.“* Þann 29. nóvember 2008 yfirtekur sóknaraðili umrætt kauptilboð/samning sem B ehf. gerði þann 27. nóvember 2008 vegna kaupa á lóðinni.

Þann 7. júlí 2008 var umrædd eign seld nauðungarsölu til FF en afsal var ekki gefið út til bankans vegna nauðungarsölunnar fyrr en 16. mars 2009. Þann 23. júní 2009 var FF tekinn til slitameðferðar með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur en umrædd kaup virðast ekki hafa gengið eftir fyrir slit bankans. Í kjölfar slitameðferðar var FF, árið 2012, sameinaður varnaraðila. Var varnaraðili síðar tekinn til slitameðferðar og lauk kröfulýsingarfresti í febrúar 2017.

Þann 31. desember 2013 tók dótturfélag Eignasafns Seðlabanka Íslands, Hilda, við öllum fyrirtækjalánum varnaraðila og svokölluðum fullnustueignum en lán einstaklinga voru flutt til FFF. Þann 17. ágúst 2016 var gerður kaupsamningur milli sóknaraðila og fasteignafélags um kaup á fasteigninni C. Var umsamið kaupverð

2.000.000 kr. og skyldi greiða með peningum við undirritun kaupsamnings 1.500.000 kr. en eftirstöður að fjárhæð 500.000 kr. skyldu greiðast með peningum eigi síðar en við útgáfu afsals þann 1. september 2016.

III.
Umkvörtunarefni.

Skilja má kröfu sóknaraðila sem svo að hann fari fram á að fá endurgreidda fjárhæð 500.000 kr. sem sóknaraðili telur sig hafa ofgreitt vegna kaupa á sumarhúsi og lóð að upphæð 2.000.000 kr.

Sóknaraðili vísar til þess að A hafi gert samning við FF um kaup á sumarhúsalóð þann 27. nóvember 2008 og hafi hann þann dag greitt innborgun að fjárhæð 500.000 kr. Sóknaraðili segir að reynt hafi verið að ganga frá samningnum í mörg ár en það ekki gengið. Þá segir sóknaraðili að þann 31. desember 2013 hafi Hilda yfirtekið allar fullnustueignir F og FFF. skuldir einstaklinga. Hafi sóknaraðili haldið áfram að reyna að ná samningi við fasteignafélagið, eða síðan 2013, og hafi verið í sambandi við marga lögmenn vegna málsins en það aldrei klárað.

Þá segir sóknaraðili að loks þann 17. ágúst 2016 hafi kaupsamningur komist á milli sóknaraðila og fjárfestingafélags um kaup á fyrrnefndri lóð þar sem sóknaraðili samþykkti að greiða samtals kr. 2.000.000 fyrir eignina, það er, 1.500.000 kr. við undirritun samnings og 500.000 kr. við útgáfu afsals þann 1. september 2016. Sóknaraðili telur að hann hafi þegar greitt þær 500.000 kr. sem um ræðir og vísar þar til greiðslu sem framkvæmd var þann 27. nóvember 2008 og greidd var til FF en fjárfestingarfélagið hafi þann 31. desember tekið við búi varnaraðila, þar á meðal öllum þeim skyldum sem varnaraðili hafði á sig tekið. Með greiðslu sinni þann 1. september 2016, að fjárhæð 500.000 kr., hafi sóknaraðili því ofgreitt þá fjárhæð m.t.t. kaupsamnings en enginn viti hvað hafi orðið um þá greiðslu sem innt var af hendi til FF þann 27. nóvember 2008.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili því að hafa ekki borið sig eftir því að láta reyna á samning þann er hann gerði við þáverandi yfirmanni lögfræðisviðs FF. Segist sóknaraðili margoft hafa talað við yfirmann lögfræðisviðs og fleiri lögfræðinga vegna málsins. Segir sóknaraðili sér sífellt hafa verið lofað að málið yrði brátt klárað. Þá telur sóknaraðili ljóst að yfirmaður lögfræðisviðs hafi tekið við innborgun hans að fjárhæð 500.000 kr. en hann ekkert fengið í staðinn. Telur sóknaraðili um þjófnað eða vörusvik að ræða ef hann fái einungis einskis nýttan pappír í stað þess fjár er hann lét af hendi.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að eignin C hafi verið seld nauðungarsölu til FF þann 7. júlí 2008 en afsal hafi ekki verið gefið út fyrir eigninni fyrr en 16. mars 2009. Bankinn var tekinn til slitameðferðar þann 23. júní 2009 en umrædd kaup sóknaraðila á eigninni virðast ekki hafa gengið eftir fyrir slit FF. Segir varnaraðili skilanefnd varnaraðila ekki þekkja til hvers vegna sú varð niðurstaðan en benda á að skjalið frá 27. nóvember 2008 beri þess frekar merki að vera drög heldur en endanlegur samþykktur kaupsamningur. Að auki segir varnaraðili að ekkert liggi fyrir í málinu um að tilvonandi kaupandi hafi borið sig eftir fullnustu samningsins.

Þá bendir varnaraðili á að slitastjórn FF birti innköllun í kjölfar úrskurðar héraðsdóms um slitameðferð félagsins en hvorki kaupandi né sóknaraðili hafi lýst kröfum á hendur slitabúinu. Segir varnaraðili að hafi verið fyrir hendi krafa hafi hún fallið niður vegna vanlýsingar á árinu 2009.

Varnaraðili segir að í kjölfar slitameðferðar hafi FF verið sameinaður varnaraðila árið 2012. Þá hafi varnaraðili síðar verið tekinn til slitameðferðar skv. lögum um hlutafélagalög nr. 2/1995 og hafi kröfulýsingarfresti lokið í febrúar 2017. Varnaraðili segir sóknaraðila ekki hafa lýst kröfu í slitabúið, sé því einnig um vanlýsingu að ræða hafi sóknaraðili átt kröfu á hendur varnaraðila. Með tilliti til þessa telur varnaraðili að slitabúið geti ekki talist aðili þessa máls eða borið ábyrgð á kröfu sóknaraðila lögum samkvæmt. Bendir varnaraðili einnig á að án efa komi framangreindu til viðbótar til athugunar meginreglur um tómlæti og lög um fyrningu krafna.

Varnaraðili bendir að lokum á að sóknaraðili virðist ekki hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, þó svo talið yrði að um gildan kaupsamning hafi verið að ræða árið 2008. Segir varnaraðili að samkvæmt kvörtun sóknaraðila hafi fasteignafélagið gert kaupsamning um ofangreinda fasteign að sömu fjárhæð og fyrri samningur kvað á um eftir að sóknaraðili lýsti því yfir að hann hygðist kæra félagið til Fjármálaeftirlitsins. Telur varnaraðili ekki hægt að skilja framangreint með öðrum hætti en að sóknaraðili telji samninginn gerðan með forsögu málsins í huga. Hafi fyrri samningur kveðið á um að kaupandi gæfi út skuldabréf að fjárhæð kr. 1.500.000 með 9,25% vöxtum. Sé lánsfjárhæð reiknuð til kaupsamningsdags, 17. ágúst 2016, og tillit tekið til verðlagsbreytinga sé fjárhæðin kr. 2.074.802. Segir varnaraðili mismuninn því vera kr. 574.802, eða hærri en því sem nemur innágreiðslu kaupanda árið 2008. Þá segir varnaraðili ekki litið til vaxtagreiðslu af skuldabréfinu né af innágreiðslunni, væri það gert væri mismunurinn enn hærri. Telur varnaraðili því sóknaraðila vart geta haldið því fram að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, miðað við stöðu sóknaraðila nú, hefði upphaflegur samningur verið gildur og efndur af báðum aðilum. Hins vegar mætti halda því fram að meintur kaupsamningur frá 2008 hefði náð fram að ganga, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að greiðslu að fjárhæð 500.000 kr. sem sóknaraðili telur sig hafa ofgreitt vegna kaupa á lóðinni C.

Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir virðist greiðslan sem deilt er um hafa verið innt af hendi til FF þann 27. nóvember 2008 en ekki var gengið frá kaupsamningi vegna eignarinnar fyrr en 17. ágúst 2016.

Þann 25. maí 2018 óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum frá skilanefnd varnaraðila varðandi hvort umþrætt greiðsla að fjárhæð 500.000 kr. hafi verið greidd inn á reikning FF og þá hvert eða í hvað sú greiðsla hafi farið. Staðfesting á móttöku fyrirspurnarinnar barst nefndinni þann 5. júní 2018. Sagði skilanefnd varnaraðila að fyrirspurn hafi verið send um málið en óvíst hvort gögn varðandi upplýsingarnar lægju fyrir þar sem langt væri um liðið frá því greiðslan hafi verið innt af hendi sem og hafi FF og varnaraðili verið teknir til slitameðferðar. Nefndin telur þó að afdrif greiðslunnar hafi ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

Ljóst er að FF var tekinn til slitameðferðar þann 23. júní 2009 en umrædd kaup á eigninni C virðast ekki hafa gengið í gegn fyrir slit bankans. Eftir slitin var FF sameinaður varnaraðila en varnaraðili var síðar tekinn til slitameðferðar. Í kjölfar úrskurðar héraðsdóms um slitameðferð FF birti slitastjórn bankans innköllun en ekki verður séð að upphaflegur kaupandi né sóknaraðili hafi lýst kröfu á hendur slitabúinu. Þá lýsti sóknaraðili ekki kröfu í slitabú varnaraðila en kröfulýsingarfresti lauk í febrúar 2017. Sóknaraðila hefur þar af leiðandi í tvígang fyrirfarist að lýsa kröfu sinni. Í ljósi þessa telur nefndin að ekki verði annað séð en krafa sóknaraðila sé niður fallin vegna vanlýsingar.

Að auki bendir nefndin á að hafa ber í huga reglur laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda fjögur ár en fyrningu kröfunnar virðist ekki hafa verið slitið með tilliti til 14.-19. gr. fyrningarlaga. Þá bendir nefndin á að þann 17. ágúst 2016 hafi kaupsamningur verið gerður um umrædda eign milli sóknaraðila og fjárfestingafélags. Samþykkti sóknaraðili þar að greiða samtals 2.000.000 kr. fyrir eignina, þ.e. 1.500.000 kr. við undirritun samningsins og 500.000 kr. við útgáfu afsals. Við gerð samningsins 2016 virðist sóknaraðili ekki hafa haldið kröfu sinni til haga en telja verður hann þurfa að bera hallann af því. Að öllu virtu telur nefndin því að hafna beri kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 22. júní 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, fimmtudaginn 26. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 45/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. október 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 17. október 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 20. október 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar samdægurs og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með tölvupósti 20. október 2017 og viðbótarathugasemdir með tölvupósti 27. október 2017.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. apríl 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 20. febrúar 2008 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf X til forvera varnaraðila sem hljóðaði upp á 2.275.000 kr. Lánið bar 12,40% vexti og var tryggt með 5. veðrétt í fasteign sóknaraðila A. Þann 19. febrúar 2008 var gefið út skjal vegna ábyrgðarmanns fjárskuldbindinga þar sem B gekk í sjálfskuldarábyrgð fyrir ofangreindu veðskuldabréfi sóknaraðila. Í því skjali kom fram að meiri en helmingur lánsfjárins yrði ráðstafað til greiðslu á skuldum greiðanda. Með skjalinu óskaði ábyrgðarmaður eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði metin og benti niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Þann 29. mars 2015 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna forvera varnaraðila við varnaraðila á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðarbirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tók samruninn formlega gildi sama dag. Varnaraðili tók yfir öllum réttindum og skyldum forvera varnaraðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að *„ath. verði hvernig var háttað skuldabreytingu, t.d. greiðslumat vegna beggja aðila“*. Í kröfugerð sóknaraðila er einnig tekið fram *„að ekki hafi verið rétt að þessu staðið“*, *„gæti hafa verið fyrnt?“* og *„lán sem tekið var 2008? 2.275.000 er orðið tæplega 6.000.000,= hefði hún ekki átt að fá leiðréttingu á sínum tíma.“*.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila sem bárust nefndinni þann 20. október 2017 vísar sóknaraðili til þess að hún vilji fá lánið fellt niður eða lækkað verulega.

Kröfum sínum til stuðnings vísar sóknaraðili til þess hún telji *„að þetta lán hafi verið tekið 2004-5 því hafi verið skuldbreytt 2007.“*

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila sem bárust nefndinni þann 25. október 2007 vísar sóknaraðili til þess að hún hafi verið atvinnulaus og í endurhæfingu eftir veikindi þegar umrætt lán var veitt og því hafi forveri varnaraðila aldrei átt að veita sér lánið.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að í 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2008 kemur fram hvers konar mál nefndin fjallar ekki um. Varnaraðili vísar sérstaklega í b-lið og e-lið 6. gr. samþykkta nefndarinnar, en í b-lið kemur fram að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metinn til fjár. Í e-lið sömu greinar kemur fram að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfu aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Þá vísar varnaraðili til þess að kröfugerð sóknaraðila sé svo óskýr að ómögulegt sé fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu, auk þess sem úrskurðarnefndinni sé ómögulegt að orða niðurstöðu sína í samræmi við kröfugerðina.

V.
Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Ágreiningur aðila snýr að gildi og upphæð veðskuldabréfs X sem sóknaraðili gaf út til forvera varnaraðila árið 2008 og hefur síðan þá verið yfirtekið af varnaraðila.

Kröfugerð sóknaraðila er óljós og illa upplýst auk þess sem kröfur hennar eru óskýrar. Þar að auki færir sóknaraðili ekki fram nein rök eða gögn til stuðnings málatilbúnaði sínum. Með vísan til framangreinds verður ekki komist hjá því að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til ákvæða 6. gr. samþykkta nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 26. apríl 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 31. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Fura Sóley Hjálmarsdóttir og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 48/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. október 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 30. október 2017, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 30. nóvember 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar 1. desember 2017 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi, dags. 25. apríl 2018.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. júní, 17., 24. og 31. ágúst 2017.

II.
Málsatvik.

Þann 13. júlí 2004 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf í erlendum myntum til forvera varnaraðila að fjárhæð 53.400 USD, 52.600 CHF, 77.800 EUR, og 2.317.000 JPY. Skuldabréfið var í tryggt með veði í fasteigninni H og skyldi endurgreiðast á 15 árum. Skuldabréfið bar LIBOR-vexti auk 1,30% fasts vaxtaálags. Samkvæmt efni skuldabréfsins var vaxtaálag þess breytilegt og hafði lánveitandi rétt til að breyta því þann 8. ágúst 2009 og síðan á 5 ára fresti eftir það. Lánveitandanum bar þó að tilkynna skuldara um fyrirhugaða breytingu á vaxtaálagi bréfsins með 30 daga fyrirvara.

Veðskuldabréfinu var myntbreytt 18. júlí 2007 og skilmálum þess breytt 17. nóvember 2008, 14. desember 2009 og 25. maí 2010. Með skilmálabreytingunni þann 17. nóvember 2008 var kveðið á um að lánveitandi mætti breyta vaxtaálagi skuldabréfsins árlega, í stað þess að það væri heimilt á 5 ára fresti. Þar að auki var samningsbundinn fyrirvari skuldara vegna fyrirhugaðar vaxtabreytingar lánveitanda styttur niður í 15 bankadaga.

Þann 14. október 2013 tilkynnti varnaraðila sóknaraðila um hækkun vaxtaálags skuldabréfsins um 3,6%, sú breyting tók gildi 24. október sama ár. Þann 10. desember 2013 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um lækkun á föstu vaxtaálagi skuldabréfsins um 0,9%, sú breyting tók gildi afturvirkt og gilti frá 8. nóvember 2013. Þann 28. janúar 2015 sendi lögmaður sóknaraðila bréf til varnaraðila þar sem framangreindum vaxtahækkunum var mótmælt og óskað var eftir að vextirnir yrðu lækkaðar að nýju. Varnaraðili svaraði bréfi lögmanns sóknaraðila með tölvupósti þann 30. janúar 2015 þar sem beiðni hans um vaxtalækkun var hafnað. Þann 17. ágúst 2015 tilkynnti varnaraðili

sóknaraðila aftur um breytingu á vaxtaálagi skuldabréfsins, var vaxtaálagið þá hækkað um 2%. Sú breyting tók gildi þann 8. nóvember 2015. Eftir breytingu vaxtakjara skuldabréfsins þann 8. nóvember 2015 ber veðskuldabréfið 6% vaxtaálag.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst *„leiðréttingar v/ hækkunar vaxtaálags sem var 1,3% og var hækkað í 6% án rökfærslu“*. Sóknaraðili krefst einnig lækkunar á höfuðstóli skuldabréfsins. Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila, sem bárust með bréfi dagsettu 25. apríl 2018, kom fram nánari skýring á kröfum hans. Samkvæmt því krefst sóknaraðili að vaxtaálag umrædds skuldabréfs verði fast 1,3% og jafnframt að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt skv. lögum að breyta vaxtakjörum skuldabréfsins. Til vara krefst sóknaraðili að fallist verði á að hann sé óbundinn af skilmálabreytingu varnaraðila sem heimilaði varnaraðila að breyta hinu fasta vaxtaálagi skuldabréfsins. Til þrautavara krefst sóknaraðili að hann sé með öllu óbundinn af þeim vaxtabreytingum sem varnaraðili tilkynnti sóknaraðila án tilskilins fyrirvara.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi undirritað skilmálabreytingu á umræddu skuldabréfi í þeirri trú að hún myndi gera honum auðveldara með að standa skil á greiðslum af bréfinu en í raun hafi hún orðið til þess að greiðslubyrði hans af láninu margfaldaðist. Sóknaraðili bendir einnig á að skilmálabreytingin hafi gefið varnaraðila mun frjálsari hendur varðandi endurskoðun vaxtakjara skuldabréfsins en hvergi kom fram í skilmálabreytingunni né í tilkynningunum frá varnaraðila um hækkun vaxtaálags rökstuðningur eða skýringar á ástæðum vaxtahækkana. Þar að auki vísar sóknaraðili til þess að í hinu upprunalega skuldabréfi er tekið fram að sóknaraðili skuli greiða fast vaxtaálag, þetta gaf sóknaraðila tilefni til að halda að vaxtaálagið væri óbreytilegt og er ákvæðið því villandi fyrir viðskiptavini.

Sóknaraðili telur að það samræmist ekki reglum um góða viðskiptahætti að lánveitandi hækki einhliða vexti skuldabréfs án þess að tilefni slíkrar hækkunar sé tilgreint. Í því samhengi vísar sóknaraðili í dóm Hæstaréttar nr. 623/2016. Að mati sóknaraðila hefði varnaraðili átt að upplýsa sóknaraðila, strax í upphafi viðskipta, við hvaða aðstæður vextir á skuldabréfi hans geti breyst. Því til stuðnings vísast sérstaklega til 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 þar sem fjallað er um góða viðskiptahætti og venjur. Einnig vísar sóknaraðili til 2. tl. 4. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 672/2017 þar sem fram kemur að fjármálafyrirtæki skuli tryggja að viðskiptavini séu veittar allar nauðsynlegar upplýsingar er varða viðskiptasambandið, bæði á meðan á sambandinu stendur og eftir að því lýkur. Að sama skapi vísar sóknaraðili til 5. tl. 4. gr. framangreindra reglna sem fjalla um skyldur fjármálafyrirtækis til að veita viðskiptavini viðeigandi ráðgjöf.

Sóknaraðili vísar til þess að tvær fyrri breytingar á vaxtaálagi skuldabréfsins, frá 14. október og 10. desember 2013, uppfylltu ekki þau skilyrði sem varnaraðili áskildi sjálfur um að tilkynning um breytingu á vöxtum yrði að berast lántaka með 15 daga fyrirvara. Af þeim sökum falli þær sjálfkrafa úr gildi og ofgreiddir vextir skuli ganga inn á höfuðstól skuldabréfsins. Sóknaraðili heldur einnig fram að hækkun vaxtaálags á skuldabréfi frá 1,3% í 6% á umræddu tímabili sé algjörlega úr hófi og án tilefnis.

Með vísan til alls framangreinds telur sóknaraðili ákvæði veðskuldabréfsins og skilmálabreytingarinnar frá 17. nóvember 2008 ósanngjarna í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga. Sóknaraðili vísar sérstaklega til ákvæðis í 2. mgr. 36. gr. samningalaga þar sem kemur fram að við mat á því hvort samningur sé ósanngjarn, skuli líta til efni samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Í þessu samhengi bendir sóknaraðili á að

töluverður aðstöðumunur hafi verið á samningsaðilum við gerð lánasamningsins þar sem varnaraðili er fjármálafyrirtæki en sóknaraðili er góðgerðarfélag sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða. Að lokum bendir sóknaraðili á að hann samþykkti skilmálabreytingu skuldabréfsins þann 17. nóvember 2008 sér til hagsbóta vegna hækkandi gengis þeirra gjaldmiðla sem lánið byggðist á en varnaraðili þurrkaði út allar slíkar hagsbætur með umræddum vaxtahækkunum.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að í upprunalegu kröfugerð sóknaraðila fer hann fram á lækkun höfuðstóls skuldabréfsins og lækkun á vöxtum skuldabréfsins án þess að tilgreina nákvæmlega upphæð þeirrar lækkunar sem hann krefst. Varnaraðili telur því kröfu sóknaraðili svo óskýra að vísa eigi henni frá nefndinni á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar.

Hvað varðar varakröfu varnaraðila þá er ekki fallist á það af hans hálfu að hækkun vaxtaálags skuldabréfsins hafi verið ólögmæt eða óhófleg. Varnaraðili vísar til þess að vaxtahækkunin byggði á skýrum skilmálum skuldabréfsins og ákvæðum skilmálabreytingarinnar sem sóknaraðili undirritaði þann 17. nóvember 2008. Breytingunni á skilmálum skuldabréfsins var ætlað að stemma stigu við sveiflukenndu vaxtaumhverfi sambærilegra lána á umræddum tíma. Varnaraðili bendir á að breytingar á vaxtaálagi skuldabréfsins voru í samræmi við kjör sambærilegra lána á þeim tímum sem endurskoðun fór fram. Varnaraðili telur því að hækkun vaxtaálagsins hafi verið lögmæt og innan eðlilegra marka. Hvað varðar lögmæti lánsins þá vísar varnaraðili til þess að umrætt skuldabréf hefur verið metið lögmætt erlent lán í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar í dómum nr. 50/2012 og 524/2011.

Hvað varðar málsástæðu sóknaraðila um að varnaraðili hafi eignast kröfuna á hendur sóknaraðila á 30-50% virði höfuðstóls kröfunnar þá er þeirri fullyrðingu mótmælt og alfarið hafnað af hálfu varnaraðila. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki fært fram neinar sönnur né gögn sem styðja við þá fullyrðingu og þar að auki sér varnaraðili ekki að slíkt gæti haft áhrif á skuldbindingu sóknaraðila samkvæmt skuldabréfinu.

Að lokum telur varnaraðili ekkert hafa komið fram í máli sóknaraðila sem sýnir fram á að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér góða viðskiptahætti eða vönduð vinnubrögð í samræmi við gildandi meginreglur og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að hækkun á vaxtaálagi skuldabréfs sem gefið var út af sóknaraðila til forvera varnaraðila þann 13. júlí 2004.

Sóknaraðili gerði á fyrri stigum almenna kröfu um höfuðstólslækkun en á síðari stigum féll hann frá þeirri kröfu og krefst þess aðallega að vaxtaálag skuldabréfsins verði lækkað niður í 1,3% eins og hinn upprunalegi samningur kvað á um. Varnaraðili krefst aðallega frávísunar, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Ekki verður fallist á frávísunarkröfu varnaraðila enda tók hún til upprunalegrar kröfugerðar sóknaraðila varðandi almenna höfuðstólslækkun. Að mati nefndarinnar er aðalkrafa sóknaraðila um lækkun vaxtaálags til samræmis við upprunalegan samning aðila skýr og auðskiljanleg og því tæk til úrskurðar. Af þeirri ástæðu verður ekki fallist á

með varnaraðila að vísa máli þessu frá nefndinni á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar.

Aðalkrafa sóknaraðila er því sú að ógilda beri hækkun á vaxtaálagi í samræmi við skilmálabreytingu sem sóknaraðili skrifaði undir þann 17. nóvember 2008 þar sem hún sé ósanngjörn í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt orðalagi ákvæðis um heimild til hækkunar á vaxtaálagi í umræddu skuldabréfi eru engar hömlur á því hversu langt lánveitandi má ganga við hækkun vaxtaálags bréfsins. Sé skuldari ósáttur við hækkunina virðist eina úrræði hans að greiða upp lánið. Er hins vegar í umræddum skilmálum að finna heimild til handa skuldara til uppgreiðslu skuldabréfsins án sérstaks uppgreiðslugjalds sætti hann sig ekki við ákvörðun lánveitanda um hækkun vaxtaálags.

Þegar meta þarf hvort aðili geti borið fyrir sig 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og hvort samningur sé óhóflega ósanngjarn þarf meðal annars að hafa samningsstöðu aðila að leiðarljósi. Varnaraðili er stórt fjármálafyrirtæki með margra ára reynslu af lánveitingum og fjármálastarfsemi en sóknaraðili er einkahlutafélag sem samkvæmt samþykktum sínum hefur það markmið að starfa að mannúðarmálum, almannaheill og hjálparstarfi, rekstri fasteigna, útleigu, lánastarfsemi og öðrum skyldum rekstri. Þrátt fyrir þennan aðstöðumun verður ekki talið að það atriði eitt og sér leiði til þess að beiting ákvæðis 2. mgr. 36. gr. til ógildingar á samningsákvæði eigi við af þeim sökum.

Erfitt er að fullyrða nákvæmlega hversu mikil aukning á vaxtaálagi þarf að vera til að hún teljist ósanngjörn á grundvelli 36. gr. samningalaga en telja verður að hækkun fasts vaxtaálags á skuldabréfi líkt og hér um ræðir verði að vera í takt við almenna þróun vaxtaumhverfis á landinu til að teljast sanngjörn og hófleg. Samkvæmt veðskuldabréfinu sem hér er um deilt skyldu vextir taka mið af 1 mánaða LIBOR/EURIBOR vöxtum eins og þeir væru á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði á hverjum gjalddaga fyrir sig. Að auki skyldi greiða fast vaxtaálag 1,30%. Ef litið er á þróun LIBOR/EURIBOR vaxta og breytingu á samanlögðum vöxtum skuldabréfsins má sjá að frá útgáfu skuldabréfsins hafa samanlagðir vextir ekki breyst úr takt við þróun vaxta á þessum árum.

Þegar litið er á þróun vaxta á Íslandi á síðustu árum þá er ljóst að lánakjör hafa tekið miklum breytingum á árunum frá því að sóknaraðili gaf fyrst út umrætt skuldabréf.

Hvað varðar tilkynningar varnaraðila til sóknaraðila, dagsettar 14. október og 10. desember 2013, um breytingu á vaxtaálagi skuldabréfsins þá er ljóst að þær tilkynningar uppfylltu ekki skilyrði skilmála skuldabréfsins varðandi tímafrest. Í seinna tilvikinu er raunar um lækkun á vaxtaálagi að ræða sem er ívilnandi fyrir sóknaraðila. Í 3. gr. skilmálabreytingarinnar dagsett 17. nóvember 2008 kemur fram að endurskoðunardagur vaxtaálags skuldabréfsins sé 8. nóvember ár hvert. Þar kemur einnig fram að varnaraðili skuli tilkynna sóknaraðila um fyrirhugaða vaxtabreytingu 15 bankadögum áður en hún skuli taka gildi. Ljóst er að breytingar á vaxtaálagi getur ekki tekið gildi með öðrum hætti en samningur aðila gerir ráð fyrir og ber því að leiðrétta álag vaxta með hliðsjón af því.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 er að finna málsatvik sem eru sambærileg og í máli þessu að því undanskildu að í því tilviki var um að ræða neytendalán og áttu því ákvæði laga um neytendalán nr. 121/1994 við. Í málinu taldi Hæstiréttur að lánveitandi hafi gerst brotlegur við ákvæði laga um neytendalán þar sem skuldabréf hafi falið í sér breytilega vexti og hefði því borið skylda til þess að tilgreina í skuldabréfinu við hvaða aðstæður mætti beita þeirri heimild að hækka vexti. Taldi Hæstiréttur að þeim áskilnaði hefði ekki verið fullnægt í þessu tilviki þar sem ákvæði skuldabréfsins hefði einungis snúið að aðferð til að hrinda í framkvæmd breytingu á vöxtum en ekki tilefninu

til að taka ákvörðun um hana. Að mati Hæstaréttar breytti engu í þessu sambandi að lántaki hefði getað vikist undan breytingunni með því að greiða upp skuld sína án sérstaks kostnaðar, enda hefði lántaki átt rétt á því að lánveitandi stæði fyrir sitt leyfi við lögmæta skilmála gagnkvæms lánasamnings þeirra. Í því máli sem hér um ræðir er lántaki ekki neytandi og eiga því ákvæði laga um neytendalán ekki við. Verður því ekki séð að sú ákvörðun að hækka vexti, án þess að tilgreina aðstæður í skuldabréfi eða færa fram rök fyrir slíkum hækkunum, teljist ólögmæt miðað við gildandi löggjöf þegar í hlut eiga lögaðilar líkt og í þessu tilviki.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður ekki séð að sú vaxtahækkun sem framkvæmd var af hálfu varnaraðila hafi verið ólögmæt eða með þeim hætti að hún gæti talist úr hófi miðað við vaxtastig á markaði á þeim tíma og því ósanngjörn í skilningi 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Með vísan til þess er kröfum sóknaraðila hafnað. Það er mat nefndarinnar að ekki hafi verið staðið með réttum hætti við tilkynningafrestinn á vaxtabreytingum í ofangreindum tilvikum og ber því að leiðrétta gildistöku vaxtabreytinganna þannig að þær taki gildi 15 bankadögum eftir dagsetningu tilkynninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. ágúst 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Fura Sóley Hjálmarsdóttir — Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2018, föstudaginn 1. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hrannar Már Gunnarsson, Oddur Ólason og Þorvaldur Emil Jóhannesson.

Fyrir er tekið **mál nr. 51/2017:**

M sóknaraðili
gegn
F fjármálafyrirtæki

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. nóvember 2017, með kvörtun sóknaraðila, dags. 20. nóvember 2017. Með bréfi nefndarinnar, dags. 23. nóvember, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 13. desember 2017. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 15. desember 2017, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með tölvupósti, dags. 8. janúar 2018.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 1. júní 2018.

II.
Málsatvik.

Þann 17. nóvember 2005 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf að fjárhæð 4.500.000 kr. til FF. Skuldabréfið var tryggt með veði í A.

Þann 2. febrúar 2010 var gerð skilmálabreyting á ofangreindu veðskuldabréfi þar sem gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð 125.610 kr. var bætt við eftirstöðvar lánsins og var nýr höfuðstóll tiltekinn 5.284.867 kr. Þá var skuldara veitt heimild til að greiða þrjá gjalddaga að lágmarki 30.000 kr. inn á lánið á hverjum gjalddaga og skyldu áfallnir vextir leggjast við höfuðstól lánsins á gjalddaga og endurgreiðast með sama hætti og höfuðstóll þess.

Þann 15. júní 2012 var gerð önnur skilmálabreyting vegna vanskila á ofangreindu veðskuldabréfi. Var gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð 1.171.246 kr. bætt við eftirstöðvar lánsins og var nýr höfuðstóll þess tiltekinn 6.242.503 kr.

Þann 23. janúar 2014 var sóknaraðila sent bréf þar sem hún var upplýst um að lán sem áður voru hjá FF hefðu verið færð til varnaraðila.

Sóknaraðili kvartaði til nefndarinnar þann 24. mars 2014 og beindi kvörtun sinni að FFF sbr. mál nr. 45/2014. Með úrskurði nefndarinnar þann 11. júlí 2014 var kröfu sóknaraðila vísað frá, meðal annars á grundvelli þess að ekki hafi verið ráðið að sóknaraðili hafi borið kröfu sína upp við FFF eða forvera hans. Með kvörtun sinni dags. 22 nóvember 2017 beinir sóknaraðili nú kröfum sínum að varnaraðila.

III.
Umkvörtunarefni.

Undir liðnum „Kröfur“ í kvörtun til nefndarinnar segir: *„Ég er ósátt við lögfræðikostnað og innheimtuþóknun um kr. 1.200.000.“* Má skilja kröfu sóknaraðila sem svo að hún krefjist þess að lögfræðikostnaður og innheimtuþóknun að fjárhæð um 1.200.000 kr. verði felldur niður. Í fylgigögnum er varða athugasemdir vegna lánsins virðist sóknaraðili breyta kröfugerð sinni á þann hátt að hún fari fram á lækkun kröfu að upphæð 1.620.000 kr., engan lögfræðikostnað auk leiðréttingu vaxta frá vaxtahækkun á láninu.

Sóknaraðili segist ósátt við lögfræðikostnað og innheimtuþóknun að fjárhæð um 1.200.000 kr. Hún hafi greitt um 60.000 kr. af láninu í ágúst 2010 en fram að þeim tíma hafi lánið verið í skilum. Segir sóknaraðili að samkvæmt símtali við FF hafi verið fallist á að hún greiddi lægri upphæð í einhvern tíma. Hafi næsti gjalddagi, í september 2010, þá verið um 39.000 kr. Eftir greiðslu þeirrar afborgunar hafi sóknaraðila verið bent á að tala við varnaraðila sem væri kominn með lánið til sín.

Sóknaraðili segir að á þeim tíma sem hún hafi reynt að ná samkomulagi við varnaraðila hafi hún greitt um 590.679 kr. Segist sóknaraðili í tvígang hafa skrifað undir skilmálabreytingar vegna lánsins. Þann 15. júní 2012 hafi hún þó ekki haft annarra kosta völ en að skrifa undir nýtt lán því lánið hafi verið komið í 6.242.503 kr., fastir vextir verið 6,55% og vaxtaskoðun fyrirhuguð eftir 5 ár. Þá segir sóknaraðili lánið hafa staðið í um 5.200.000 kr. þegar hún lenti í greiðsluerfiðleikum.

Sóknaraðili segist hafa átt mörg samtöl símleiðis við varnaraðila auk tölvupóstsamskipta. Segir hún varnaraðila engan vilja sýna til að semja um lánið, en umrætt lán sé eina lánið sem hvílir á eigninni. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt símtali við varnaraðila hafi henni verið tjáð að varnaraðili fengi meira fyrir eignina með því að láta hana fara á uppboð heldur en að semja við sóknaraðila. Hafi sóknaraðila brugðið við þessi svör, en það eina sem henni stóð til boða var að borga inn á lánið í um 3 mánuði og sjá síðar til. Hafi þetta gengið með þessum hætti í þó nokkurn tíma. Segist sóknaraðili því einan hafa haft þann kost, eftir fjölda símtala og tölvupósta, að skrifa undir lánið.

Sóknaraðili bendir á að skrifað hafi verið undir lánið 15. júní 2012 en það hafi ekki verið vottað, skjalið hafi því verið vottað án hennar vitundar og vill sóknaraðili að það verið skoðað. Kveðst hún hafa vonast til þess að þegar lánið færi frá varnaraðila gæti hún fengið réttláta upphæð á eftirstöðvar.

Í viðbótarathugasemdum gerir sóknaraðili athugasemd við að lánið fari frá FF til varnaraðila en ekki hafi verið hægt að vera í sambandi við neinn hjá varnaraðila, hafi þeir því getað hámarkað kröfuna að vild.

Þá gerir sóknaraðili athugasemdir við að vextir á láninu hafi verið að breytast. Vísar sóknaraðili til þess að dómur hafi fallið um óleyfilega hækkun á vöxtum þar sem vaxtahækkun hafi ekki verið tilgreind á láninu við endurskoðun á láni. Telur sóknaraðili að vextir og annar kostnaður sé ekki réttur í höndum varnaraðila og óskar hún eftir að það mál verði skoðað, sjá megi að hún hafi greitt af láninu en allur þessi kostnaður samt sem áður komið til.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því að krafa sóknaraðila fullnægi ekki áskilnaði um skýrleika, sbr. e-lið 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um

viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá segir varnaraðili að í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 45/2014 hafi niðurstaða nefndarinnar verið sú að vísa kröfu sóknaraðila frá. Hafi sú niðurstaða m.a. verið byggð á óskýrleika kröfugerðar sóknaraðila m.a. varðandi forsendur kröfunnar og útreikninga á lögfræðikostnaði sem sóknaraðili telji varnaraðila innheimta. Telur varnaraðili að þrátt fyrir fyrrgreinda niðurstöðu nefndarinnar hafi sóknaraðili í engu skýrt kröfugerð sína eða útreikninga á frekari hátt en áður var gert eða lagt fram önnur gögn er gætu varpað ljósi á kröfugerð sóknaraðila og forsendur hennar.

Þá vísar varnaraðili til 5. gr. samþykkta nefndarinnar. Segir varnaraðili að frá því að skilmálabreyting hafi verið gerð þann 15. júní 2012 verði ekki séð að sóknaraðili hafi verið í samskiptum við FF eða varnaraðila en sá fyrrnefndi hafi sameinast varnaraðila um áramótin 2013/2014. Segir varnaraðili að sóknaraðili virðist því ekki hafa gert skýra kröfu um endurgreiðslu innheimtukostnaðar vegna innheimtu á framangreindu veðskuldabréfi til varnaraðila. Að auki áréttar varnaraðili að erfitt sé að skýra kröfugerð sóknaraðila í kvörtuninni sem slíka eða að hverju krafan beinist nákvæmlega. Telji varnaraðili því rétt að vísa beri kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til athugasemda FFF dags. 25. apríl 2014, sbr. mál nr. 45/2014. Þá segir varnaraðili, með fyrirvara um skýrleika kröfu sóknaraðila, FFF gera grein fyrir að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, sem jafnframt liggi fyrir í þessu máli, hafi fjárhæð vanskila við skuldbreytingu þann 12. júní 2012 numið 1.171.246 kr. Telur varnaraðili sóknaraðila ekki virðast gera greinarmun á gjaldföllnum afborgunum, vöxtum, verðbótum og dráttarvöxtum annars vegar og innheimtukostnaði hins vegar. Hafi FFF lagt fram upplýsingar, er fylgdu með sem gögn í þessu máli, er tilgreindu innheimtukostnað hafa verið 115.000 kr. og þar af útlagðan kostnað 65.000 kr. Þá segir varnaraðili að sóknaraðili hafi í engu rengt framangreindar upplýsingar FFF né lagt fram aðrar upplýsingar. Sé krafa sóknaraðila því efnislega röng, þ.e. ef hún snúi að lögfræði- og innheimtukostnaði sem slíkum.

Ennfremur bendir varnaraðili á meginreglur um tómlæti og fyrningu. Segir varnaraðili svo virðast sem sóknaraðili hafi ekki haft samband við varnaraðila vegna málsins frá því hann hafi undirritað framangreinda skilmálabreytingu þann 12. júní 2012.

Að lokum vísar varnaraðili til þess að F hafi verið tekinn til slitameðferðar skv. lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Innköllun hafi verið gefin út í desember 2016 og hafi kröfulýsingarfresti lokið í febrúar 2017. Segir varnaraðili sóknaraðila ekki hafa lýst kröfu á hendur varnaraðila. Hafi sóknaraðili átt kröfu á hendur honum hafi hún fallið niður sökum vanlýsingar í samræmi við 118. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Í ljósi framangreinds telji varnaraðili því að hafna beri kröfum sóknaraðila.

V.
Niðurstaða.

Í 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Telja verður kröfugerð sóknaraðila óskýra að því leyti að ekki hefur verið gerð nægileg grein fyrir því hver grundvöllur kröfugerðar sóknaraðila sé né megi heldur telja ljóst hver kröfugerðin sé. Skilja má kröfu sóknaraðila samkvæmt kvörtunareyðublaði sem svo að hún krefjist þess að allur lögfræði- og innheimtukostnaður u.þ.b. 1.200.000 kr. verði felldur niður en samkvæmt málsgögnum virðist sóknaraðili fara fram á lækkun

kröfu að upphæð 1.620.000 kr., niðurfellingu lögfræðikostnaðar auk leiðréttingu vaxta frá vaxtahækkun á láninu.

Ekki verður heldur af málatilbúnaði sóknaraðila eða framlögðum gögnum ráðið á hverju hún byggir framangreinda kröfu og útreikning á lögfræði- og innheimtukostnaði sem hún telur að varnaraðili sé að innheimta. Af þeim innheimtubréfum, sem sóknaraðili hefur lagt fram, verður ekki séð að þessi krafa hafi verið sett fram. Í því samhengi bendir nefndin einnig á að samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 og lögum um lögmenn nr. 77/1998 heyrir ágreiningur um innheimtukostnað ekki undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili telur einnig að leiðrétta eigi vexti af láninu en vísar ekki í skilmála sem leiða til slíks. Af hálfu varnaraðila hefur ekki verið sýnt fram á hvaða rök hafi legið að baki ákvarðana um breytingar á vöxtum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 623/2016. Svo hægt sé að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um leiðréttingu vaxta telur nefndin nauðsynlegt að fá annaðhvort í hendur skýra og glögglega fram setta útreikninga á því sem sóknaraðili telur vera rétta stöðu lánsins og kröfugerð sem byggir á þeim útreikningum, eða skýra, rökstudda kröfu um að einhver tiltekin atriði í útreikningi varnaraðila verði reiknuð með öðrum hætti en gert er.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 1. júní 2018.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson — Hrannar Már Gunnarsson

Oddur Ólason — Þorvaldur Emil Jóhannesson